

JÓN KARL HELGASON

Hetjan og höfundurinn

Hvað eiga Gunnar á Hlíðarenda og Halldór Laxness sameiginlegt? Hver er staða þeirra í íslenskri þjóðarvitund og hvernig er sambandi þeirra háttað?

Í *Hetjuni* og *höfundinum* fjallar Jón Karl Helgason um viðhorf íslensku þjóðarinnar til Íslendingasagna, einkum vaxandi áhuga fólks á Njálssögu sem listaverki mikilhefs en óþekktis höfundar. Sjónum er meðal annars beint að aldralöngum „réttarhöldum“ íslenskra skálda og fræðimanna yfir Hallgerði langbrók og vitnisburði alþýðufólks um fornsagnalestur á kvöldvökum. Einn kafli bókarinnar er helgaður draumleiðslum og skyggmílysingum þar sem þekktar Njálupersónur víðra skoðanir sínar og í öðrum er staldrað við nafngiftir gatna í Reykjavík, höggmyndir og peningaseðla sem tengjast bókmenntaarfinum með áþreifanlegum hætti. Ítarleg umfjöllun er um umdeilda fornritauðgáfu Halldórs Laxness á fimmta áratugi aldarinnar, en í niðurlagi verksins eru Nóbelsverðlaun Halldórs túlkuð í ljósi þeirrar hugmyndar að höfundurinn hafi leyst hetjuna af hólmum sem aðalpersóna íslenskrar menningarsögu.

Af mikilli hugkvæmni tengir höfundur hér saman menningarsögulega þætti úr mörgum og gjörólíkum áttum og lítur þá frá nýju og jafnframt bráðskemmtilegu sjónarhorni. Að baki býr löngun til að skilja betur glímu okkar Íslendinga, fyrr og nú, við brothætta sjálfsmynd

ISBN: 9979-3-1648-9



9 9789979 316480

• HEIMSKRINGLA •

HÁSKÓLAFORLAG MÁLS OG MENNINGAR

JÓN KARL HELGASON

Hetjan og höfundurinn

Brot úr íslenskri menningarsögu



JÓN KARL HELGASON

Hetjan og höfundurinn



Jón Karl Helgason

Hetjan og höfundurinn

Brot úr íslenskri menningarsögu



HEIMSKRINGLA
Háskólaforlag Mál- og menningar

Bók þessi er tileinkuð
föður mínum, sem ólst upp við Njálsgötu,
móður minni, sem ólst upp við Bergþórugötu,
og bróður mínum, Hannesi Snorra.

Efni

Inngangur: Saga til næsta bæjar	7
1. Hinn barbaríski heili	15
<i>Hreystiríkir kappar</i>	20
<i>Síðferðilegar dæmisögur</i>	30
<i>Gullöld Íslendinga</i>	35
<i>Satt eða logið?</i>	41
4. Réttarhöldin yfir Hallgerði langbrók	51
<i>Málarekstur</i>	55
<i>Gæðransókn</i>	63
<i>Dómsorð</i>	69
3. Skyggniir spekingar	77
<i>Dráummaður ír Mörk</i>	80
<i>Bergþórshvöll hinn eilífi</i>	92
<i>Títraunafélagið Njáll</i>	102
„Svo lengi má sjóða . . .“	110
4. Djarfasti aðili íslenska skólans	115
5. Réttarhöldin yfir Halldóri Laxness	133
<i>Fyrri þáttur: Lög</i>	136
<i>Síðari þáttur: Ólög</i>	155
6. Snorrabraut – Kjarvalsstaðir	169
<i>Söguslöðir á mölinni</i>	174
<i>Heftan svýr heim</i>	185
<i>Gullfetur krónunnar</i>	197

© Jón Karl Helgason, 1998
Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í
heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Bókin er samin með styrk frá Rannsóknarráði Íslands.

Ritstjórn Heimskringlu: Ólöf Eldjárn
Kápa: Erlingur Páll Ingvarsson
Mýnd á kápu: Úr spílum Tryggva Magnússonar,
aðlögun teikningar gerð af Bjarna Hínrikssyni
með góðfúslegu leyfi réttahafta.

Setning: JKH


Umbrót: Mál og menning
Prentvinnsla: AIT Scandbook, Svíþjóð

ISBN 9979-3-1648-9

INNGANGUR

Saga til næsta bæjar

7. Og var það gott hjónaband? <i>Fögur er hlíðin</i> <i>Höfundurinn sem söguþetta</i>	209 212 218
Viðauki: Reisubókakorn Ragnars í Smára	225
Þakkir	233
Afrannálgreinar	235
Myndir og textar í römmum	250
Heimildir	252
Nafnaskrá	263



Náin kynnir mín af strauunum í íslensku þjóðlífi birra mér skýr tákni risavax-
innar framfærðarmennningar og skal ég nefna hér þessi: Herjuskapur íslenskra
togarafískimanna, hinar stórkostlegu framfarir í ræktun landsins og enn stór-
kostlegri áætlunir, virkjun fossanna, sem framkvæmdarlega séð er að eins
spurning um fá ár, samvinnustefnan, sem er að gegnsýra þjóðina, ljóð Einars
Benediktssonar, grundvallarlínurnar í heimspeli Helga Péturss, myndlist Ein-
ars Jónssonar, hið yfirpersónulega í örfámýndum Ásgríms Jónssonar, hinar
dulrænu baksýnir í raunseismyndum Kjarvals, hetjuandi sá, er lýsir sér í
meðferð Jóns Leifs á íslenskum tónhugtökum o.s.frv.

Fyrir utan þessi einströku dæmi vegur ekki hvað síst í spá minni um glesta
framfærðarmenningu staðreynd sú, hve unglingsleg vaxtarvitund ríkir með
þjóðinni yfirleitt. [...] Í hverju ungu, íslensku brjósti ríkir yndislegur grunur
þess, að eitthvað mikið og undursamlegt sé í vændum.

Halldór Laxness (1928)

Mér er sagt, að til sé flokkur manna, sem kosið hafi sér það hlutverk að greiða
braut nýjum heimslausnara, hvenær sem honum þóknadist að fæðast. Þetta er
fögur hugsjón, og svo mætti þeir menn vel hugsa, sem íslenskum bókmentum
unna. Þeir eiga að búa undir komu snillingsins: fá honum í hendur hreina,
aðuga og tamda tungu, innræta honum frá barnasku lotningu fyrir listinni
og hlutverki hennar; um fram alt gefa honum hæfilega erfðeika að berjast við
og ríkulega viðurkenningu, ef hann stenzí raunina.

Sigurður Nordal (1925)

VIÐ SUÐURVEGG GAMLA kirkjugarðsins í Reykjavík stendur afsteypa af Úti-
legumanni Einars Jónssonar. Á daginn nýtur hún marghátraðrar dagsbirtunnar
en þegar rökkvar þaðast hún blindandi hvítum flóðljósum.

Halldór Laxness talar fallega um þetta líkneski í stuttri blaðgrein árið 1943,
þar sem hann segir vafasamt „hvort nokkur íslenskur myndhöggvari hefur enn
gert verk sem er eins stórt hugsað eða sálfræðilega sterkt“. Hann kveður högg-
mynd Einars flytja Íslendingum það sama og krossfestingarmynd eftir El Greco
flytji Spánverjum og hnýtir við til skýringar: „Kjarni íslensks harmleiks, örög
einbúans, birtist í Útilegumanninum á jafn veglegan hátt og í ýmsum bestu
skáldverkum íslenskum í rituðu máli, t.d. Grettis sögu og Fjalla-Eyvindi.“¹

Halldór hefði hægast getað bært *Sjálfstæðu fólki* við þessa uppráningu en
eins og fram kemur í einni endurminningabók skáldsins eru áhugaverð tengsl
á milli Útilegumannsins og Bjarts í Sumarhúsum. Eftir að hafa rakið matgra
ára glámu sína við að koma skáldsögunni um Bjart saman rifjar Halldór upp
artík úr æsku sinni:

En hér er tími til kominn að gera lokajátningu um reynslu, sem upptáfl mig í
bernsku og kynni að bera í sér frumglæði heilabrota minna um kotunginn frá
öndverðu. Það er sagan um fyrstu líkneskjuna sem hreif mig á ævinni, þegar ég
stóð líklega sjö ára gamall í fordyri Íslandsbanka andspænis myndinni af útilegu-
manninum eftir Einar Jónsson – já í hvítu gísi; og hafði ekki einusinni verið
strokið burt rykið. Hvað sem ég kynni að segja um Einar Jónsson að öðru leyti,
og það fer eftir því hvernig á mér liggur, sínusinni hvað, þá er þessi mynd af
manninum sem kemur ofanaf fjöllum með barn sitt í fanginu og konu sína dauða
á bakinu, stafrinn sinn og hundinn, enn hin sama opinberun – og áskorun – og
þegar ég sá hana fyrst.²

Líkt og til að innsigla þessi tengsl lét Halldór prenta teikningu af sryttu Einars
á kápu annars bindis *Sjálfstæðs fólks*.³

Í blaðagreininni um Útilegumanninn leggur Halldór til að stytta verði streypt úr virðulegu efni, líkt og áður hafði verið gert við höggmyndir Einars Jónssonar af Ingólfi Arnarsyni, Jónasi Hallgrímssyni og Jóni Sigurðssyni, og komið fyrir „á fögnum stað í höfuðborginni, – helst á Skólavörðuhæðinni eða einhverstaðar þar sem sér til fjalla“ (s. 167). Þessi ósk rættist að nokkru leyti þegar eirafsteypan af Útilegumanninum var sett upp á grágrýsklöpp sína árið 1964. Hins vegar er ekki víst að skáldið sætti sig við staðsetningu hennar á gatnamótum Suðurgötu og Hringbrautar. Húsin í nágrenninu, trjágróðurinn innan kirkjugarðsins og grenilundurinn austan við takmarka nú orðið það útsýni sem þarna er til fjalla. Þessi heimkynni styttnar í borgarlandslaginu kalla því á nýja túlkun á „örlofum einbúans“.

Vöxtur þéttbýlis á fyrri hluta aldarinnar er einhver afdrifarkasta breyting sem orðið hefur á íslensku samfélagi frá landnámi. Afsteypan af stytta Einars Jónssonar við Hringbrautina er sem mynd af þessari breytingu – hér mæst sveitasamfélagið og borgarmenningin. Útilegumaðurinn, íslenski kotbóndinn, hefur yfirgefið söguslóðir dreifbýlisins. Hann stendur við eina af breiðgötum Reykjavíkur, bílarnir streyma framhjá úr báðum áttum, það þarf að sæta lagi til að komast yfir á gangstéttina hinum megin. Tilkomumikill tvífari Grettis, Fjalla-Eyvindar og Bjarts á að vísu eftir að skila byrði sinni í kirkjugarðinn en hefur ljóslega sett stefnuna suður á Mela. Hann á pantað herbergi á Hótel Sögu.

Hvað hefur markverðast borið við í íslenski menningarsögu á síðari tímum? Með hvaða hætti hefur skilningur Íslendinga á bókmenntaarfi þjóðarinnar mótað af byggðaröskun, efnahagsbróun og pólitískum sviptingum okkar aldar? Hvernig hafa nýjar kynslóðir menntamanna og listamanna tekist á við þennan arf og notað hann til að skilgreina íslenska menningu og stöðu sína innan hennar? Þessar yfirgripsmiklu spurningar mynda rammann utan um þær myndir eða brot sem radast saman í þessari bók.

Verkið er ávöxtur rannsóknna minna á viðtökum Njáls sögu – þeim marghátuðu hugmyndum, ritum og menningarafurðum sem rekja má til þessarar víðfrægu Íslendingasögu.⁴ Upphaflega var ætlunin að kortleggja í einu verki

Njáluhefðina hér á landi og erlendis og fjalla þá jöfnum höndum um útgáfur og þýðingar, leikrit, barnabækur, ljóð og skáldsögur sem byggjast á Njálu, svo og þær ólíku fagurfræðilegu og pólitísku hugmyndir sem menn hafa viljað tjá með fulltungi sögunnar. Fjótlega varð mér hins vegar ljóst að vert væri að kanna sérstaklega táknrænt hlutverk Njálu í íslensku samfélagi, einkum þær breytingar sem orðið hafa á rótrórninni túlkun Íslendinga á henni og Íslendingasögum almennt á þessari öld.

Hefð er fyrir því að lýsa þessum breytingum út frá skrifum innlendra og erlendra fræðimanna með hugtökunum *sagnfesta* og *bókfesta*, en þau fela að einhverju marki í sér meintar andstæður sagnfræði og skáldskapar. Fyrir á tímum hafi menn almennt lesið sögunar sem sagnfræðilegar heimildir um líf Íslendinga á fyrstu öldum Íslandsbyggðar, enda talið þær ávöxt munnlegrar sagnageymdar (sagnfestukenningin). Á síðustu hundráð árum hafa menn í aukum mæli litið á sögunar sem verk einstakra höfundar sem hafi vissulega unnið úr eldri heimildum, munnlegum og skriflegum, en haft það meginmarkmið að skapa heildstæð bókmenntaverk (bókfestukenningin).⁵ Enda þótt rannsóknir mínar á Njálu staðfestu þessa mynd í meginatriðum er áherslan hér á eftir ekki lögð á innbyrðis skoðanaskipti fræðimanna. Þau verða fremur sett í samband við viðhorf íslensks almennings til Íslendingasagna, að því marki sem slíkt viðhorf liggja á lausu, og þá stöðu sem þessar bókmenntir hafa öðlast, bæði á opinberum vettvangi (t.a.m. í borgarlandslaginu) og í verkum íslenskra listamanna.

Eins og merkja má á titli bókarinnar eru lykilhugtökin í umfjöllun minni *hetjan* og *höfundurinn*. Með hetjuni vísa ég öðru fremur til persóna fornsagna, einkum þeirra kappar sem íslenskir lesendur hafa dáð um aldaradrir vegna líkamsburða eða andlegs atgevnis. Höfundarhugtakið ber að taka með ögn meiri fyrirvara. Það vísar í senn til hinna dularfullu höfunda fornsagnanna og þeirra höfunda (s.s. skálda, myndlistarmanna, fræðimanna, tónsmíða og jafnvel sjónmálamanna) sem hafa mótað íslenska menningu nútímans. Meginmarkmið mitt er að lýsa með hvaða hætti höfundurinn tekur í rauninni við af hetjuni sem aðalpersóna menningarsögunnar. Með hliðsjón af líkneskinu af Útilegumanninum má orða þetta þannig að Einar Jónsson hafi með verki sínu

– sem að mati Halldórs Laxness er í senn „stórt hugsað og sálfræðilega sterkt“
 – steypt Gretti sterka og margvíslegum tvíförum hans af stallinum en lagt grunn að sínu eigin orðspori sem listamanns („höfundar“).

Líklega á þó enginn eins drjúgan þátt í þessu „valdaráni“ og Halldór sjálfur. Með vissum hætti hefur skáldið frá Laxnesi tekið þá stöðu sem hetjan frá Hlíðarenda hafði áður í vitund íslensku þjóðarinnar. Til að lýsa þessari þróun verður athyglinni meðal annars beint að skrifum Halldórs um fornþókmennningar og útgáfu hans á *Brennurnjálssögu* og fleiri Íslendingasögum á fimmta áratug þessarar aldar. Þau umsvif eru sett í sambengi við kenningar hins svonefnda *íslenska skóla* í fornsagnatranssóknunum, einkum skrif Sigurðar Notdal og Einaris Ólafssonar. Jafnframt er fjallað um þá miklu opinberu andstöðu sem útgáfustarf Halldórs mætti en höfuðandstæðingur hans á þessum vettvangi var annar áhrifárfur „höfundur“ okkar aldar, Jónas Jónsson frá Hríflu. Marghátuð átök þeirra Halldórs og Jónasar snerust öðrum þræði um yfirráðin yfir bókmenntaarfinum og þar með yfir íslensku þjóðinni.

Sagan af hetjunni og höfundinum er ekki sögð í eitt skipi fyrir öll í þessari bók. Hún er fremur sögð aftur og aftur, með ólíkum heimildum. Í fyrsta kafla er byggt á vitnisburði alþýðufólks um gildi fornsagnanna í daglegu lífi seint á síðustu og snemma á þessari öld, í öðrum kafla verða „réttarhöld“ íslenskra skálda og fræðimanna yfir Hallgerði langbrók sviðsett, og þriðji kafli er helgaður draumliðslum og skyggniýsingu þar sem persónur Njálu koma við sögu. Í fjórða kafla eru skrif Halldórs Laxness um fornritin tengd skrifum fræðimanna en í fimmta kafla er leitað í *Alþingistíðindi* og dómskjöl til að varpa ljósi á þær deilur sem fornritaútgáfa Halldórs vakti. Nafngiftir ganna í Reykjavík, stytta af Snorra Sturlusyni í Reykholti og íslenskir peningaseðlar eru meðal þeirra ólíku heimilda sem til umræðu eru í sjötta kafla, en þeim er ætlað að sýna hve umfangsmikil færslan frá hetjunni til höfundarins virðist vera. Í sjöunda kafla er efni bókarinnar dregið saman með hliðsjón af úrvarpslestri Halldórs á „Gunnarshólma“ Jónasar Hallgrímssonar, en þar á nafntogaðasta hetja fornritanna fáheyrt stefnumót við tvo áhrifarfrikustu höfunda íslenskrar bókmenntasögu.

Hetjan og höfundurinn geymir fráleitt allan sannleikann um þáttaskil íslenskrar menningarsögu á þessari öld. Bókin fæst við afmarkað mynstur sem

fróðlegt væri að rannsaka nánar á fleiri sviðum, t.d. í íslenskri byggingarlist, tónlist og myndlist,⁶ en hún gefur jafnframt einfaldaða mynd af floknum og illskiljanlegum veruleika. Að baki býr löngunin til að skilja betur glímu okkar Íslendinga við eigin sjálfsmynd. Mér virðist að hetjan og höfundurinn hafi hvort með sínum hætti átt þátt í að skapa þjóðinni farveg eða markmið á níjándu og tuttugustu öld. Fyrri takmarkið, það sem tengdist hetjunni, var efnahagslegt og pólitískt sjálfstæði en hið síðara, sem tengist höfundinum, blómlegt mennta- og menningarlíf. Nú þegar Íslendingar virðast hafa höndlað bæði þessi keppikefli er ekki úr vegi að líta um öxl og spyrja jafnframt hvort við eigum ennþá einhver sameiginleg stefnumið. Með hvaða hætti viljum við sem nú lifum svara hinni sigildu spurningu: Til hvers er Ísland?

1. KAFLI

Hinn barbaríski heili



ÍSLENDINGA SÖGUR

6

Bardagi við Rangá.

»Kotur féll þá dauður niður.
Enn er þetta sér Egill faðir hans,
hleypr hann at Gunnari, ok
höggur til hans. Gunnar leggir
í móti atgeirnnum, ok kom á
Egil miðjan. Gunnar vegur hann
upp á atgeirninum ok kastar honum
um út á Rangá.«

Njáls saga.

ÁRÍÐ 1945 BIRTI Halldór Laxness ritgerð í *Tímariti Máls og menningar* undir titlinum „Minnisgreinar um fornsögu“, en hún geymir athugasemdir hans um íslenskar fornþókmennir, „einkum með stuðningi við hina almennustu þeirra og víðfragustu, Brennunjalssögu“. Í inngangi segist Halldór hafa hripað þessar nótur niður í vasabók og að vissulega hefðu þær farið í ruslið ef ritstjóri tímaritsins, sem þá var Kristinn E. Andrésson, hefði ekki falast eftir þeim. Höfundurinn biður sérfróða menn um að fyrst ekki við eða finnst að hann „sé að kássast uppá annarra manna jóssur“ en segir sér til málsbóta að sem íslenskur rithöfundur geti hann „ekki lifað án þess að vera síhugsandi um hinar gömlu bækur“!

Halldór hafði reyndar hugsað óvenju mikið um íslensku fornritin það sem af var áratugnum. Árið 1941 gaf hann út *Laxdæla sögu*, ári síðar *Hrafnkötlu* og sama ár og hann birti minnisgreinarnar kom *Brennunjalssaga* út undir hans ritstjórn. Í kjölfarið fylgdu útgáfur á *Grettissögu* og *Alexandersögu*, en það setti tölundum á þeim tíma að þessi rit skyldu prentuð með nútímastafsetningu. Jafnframt vann Halldór að sköpun *Íslandsklukkunnar*, sem út kom í þremur bindum á árunum 1943 til 1946, en hún tengist fornritunum meðal annars í gegnum eina af höfuðpersónum verkisins, Arnas Arnæus. Hann er skáldegt afþrígði Halldórs af fræðimanninum og handritasafaranum Árna Magnússyni (1663–1730) og stígur fram á sviðið í þriðja kafla skáldsögunnar, rótandi í rykugum rúmbotni hjá móður Jóns Hreggviðssonar þar sem í ljós koma sex kálfskinnsblið úr sjálfri Skáldu.

Íslandsklukkan á það sameiginlegt með minnisgreinum skáldsins að fást öðrum þræði við viðhorf fyrri tíma Íslendinga til bókmenntarfsins. Jón Hreggviðsson er ekki fyrr búinn að fá Arnas og fóruneyti inn á kofagólf á Rein en hann fer að vegsama forna kappi; í kotinu séu að vísu aðeins fáar bækur og

enginn á heimilinu almennilega læs nema móðir sín, en sjálfur kunnir hann eftir henni:

[. . .] allar nauðsynlegar sögur og rímur auk forna ætta, taldi sig kominn af Háraldi hildirönn Danakonungi að lángfedtatali. Hann sagði að sér liði aldrei úr minni jafni ágætir fornmennt og Gunnar á Hlíðarenda, Pontus kóngur og Örvardur, sem voru tólf álnir á hæð og urðu þrjú hundruð vetra gamlir ef ekki kom neit fyrir þá, og æturu hann slíka bók mundi hann óðar senda hana kónginum og greifinum gefins til sannindamerkis að hér á Íslandi hafi þó einusinni verið til fólk. Hinsvegar taldi hann það ekki vera fyrir iðrunarleysi sem Íslendingar voru nú fallnir í volæði, því hvenær iðraðist Gunnar á Hlíðarenda? Aldrei.²

Í þessum fáu línum gefur Halldór einkar glöggar vísendingar um hvaða gildi fornritin kunna að hafa haft fyrir alþýðumann á borð við Jón Hreggviðsson á fyrri tíð. Í fyrsta lagi hafi þau gefið honum glestar fyrirmyndir, í öðru lagi góftugt ætterni og í þriðja lagi horfna gullöld sem hægt var að hugga sig við andspænis eynd samtímans. Að baki þessu þrennu virðist liggja óbilandi trú á sannleiksgildi fornþóknemntanna, þrátt fyrir oft og tíðum fjarstæðukenndan vitnisburð þeirra.

Halldór tekur sömu atriði upp í minnisgreinum sínum. Í niðurlagi þeirra segir hann að þjóðin hafi gegnum „myrkur lángra alda“ beinlínis nærst á fornsögnum. „Þessi gjöf var fjöregg hennar, líf hennar í dauðanum. Trúin á hetjuna sem bregður sér hvorki við sár né bana og kann ekki að láta yfirbugast, þessi manndómstrú var okkar líf“ (s. 65). Og enn fremur: „Á þeim tímum sem niðurlægning okkar var dýpst kandi fornsagan að við værum hetjur og kynbornir menn. Forsagan var okkar óvinnanleg borg og það er hennar verk að við erum sjálfstæð þjóð í dag“ (s. 66). Hins vegar vill Halldór að hin sjálfstæða íslenska þjóð láti nú af landlægrí trú sinni á sannleiksgildi sagnanna, enda er einn höfuðtilgangur hans með minnisgreinum að sýna fram á að þær séu listræn skáldverk en ekki sagnfræði. Í því augnamiði ræðir hann sérstaklega muninn á þessu tvennu og grefst fyrir um ástæður þess að Íslendingar hafi löngum trúað frásögn Njálu og annarra fornsagna:

Gildi skáldverks fer ekki hvað síst eftir því hve heill, óháður og sjálfbjarga heimur það er, þess umkomið, sjálfstæður veruleiki, að bergnema svo hlustandann að

hann efist ekki á stund flutningsins að „satt“ sé sagt; það er leyndardómur sefjunarinnar. Að þessu leyti er sagnlist gagnstæð sagnfræði. Hinn frumstæði barbaríski eða hálfbarbaríski heili getur ekki gert uppámilli þess sem er sagnfræðilega rétt og hins sem er í listrænum skilningi áhrifamikil; og hann sefst ekki aðeins af listaverkinu á stund flutningsins, heldur losnar ekki undan sefjuninni uppfrá því, líður illa eða reiðist ef einhver ber bríður á „sannfræði“ listaverksins við hann síðar; verður einginn endi á þeim skrýtnu röksemdum sem hann ber fram til að „sanna“ listaverkið. [. . .] Þetta er einnig afstaða barnsins gagnvart list. (s. 45–46)

Það er þungt og hnitmiðað högg sem Halldór veitir hér skoðanasystkinum Jóni Hreggviðssonar. Við sjáum fyrir okkur kynslóðir íslenskra fornsagnaunnenda með hinn barbaríska (eða a.m.k. hálfbarbaríska) heila undir höfuðkúpunni. Og skáldið spyr: Er ekki kominn tími til að láta af þessum barnskap og víðurkenna að á bak við frásagnir fornsagnanna stóðu merkir rithöfundar (þroskaðir heilar) sem kunnu öðrum betur þá list að semja sefjandi sögu?

Halldór Laxness var ekki fyrstur Íslendinga til að draga í efa að fornritin segðu satt og rétt frá. Líkt og rætt verður um í síðari köflum höfðu íslenskir fræðimenn á borð við Björn M. Ólsen, Sigurð Nordal og Einar Ólaf Sveinsson verið við þetta heygarðshorn á næstu árum og áratugum á undan. En það sem gerir atlögu Halldórs sérstaklega áhugaverða er sú staða sem nafn hans og höfundarverk hafa öðlast í bókmenntasögunni síðan hann hripaði niður minnisgreinar sínar. Með vissum hætti hefur rit safn hans, þar með talin *Íslandsklukkan*, lagt undir sig það hillupláss sem Íslendingasögur höfðu áður í öndvegi íslenskra bókaskápa. Undir lok þessa kafla verður litið til rannsóknna sem virðast staðfesta þessi umskipti en höfuðmarkmið mitt á næstu blaðsíðum er að gæmga hvernig mynd Halldórs af fornsagnaunnandanum Jóni Hreggviðssyni kemur heim og saman við sögulegar heimildir.

Nú hefur nokkuð verið gert af því að rannsaka samnefni íslenskrar alþýðu við fornsögurnar á fyrri öldum. Dæmi um skemmtilega tilraun á því sviði er grein danska mannfæðingsins Kirsten Hastrup um „hefð“ Grettis sögu, en þar er fjallað um hvernig breytilegar hugmyndir Íslendinga um útlegð og útilegu-menn, og þar með samfélag og menningu, hafa mótað ímynd Grettis Ásmundarsonar hér á landi.³ Líkt og í grein Hastrup verður hér einkum vélað um eina Íslendingasögu og eins og í minnisgreinum Halldórs er sú leið valin að fjalla

um þá „almennustu og víðfrægustu“, það er Njáls sögu. Slík afmörkun í efnisvali byggist á þeirri forsendu að margt það sem segja megi um þessa einu sögu gefi sterka vísbendingu um mat þjóðarinnar á því safni verka sem ýmist er kennt við Íslendingasögur, fornsögur, fornrit, eða fornan bókmenntaarf.

Heimildir um viðtökur Íslendinga á Njáls sögu fyrir á tímum eru af ýmsum toga. Má þar nefna fjölmörg handrit sögunnar, fjölbreyttan kveðskap sem saminn hefur verið út frá henni, söguspeki og skáldskaparfræði fyrir alda, svo og rannsóknir á lestrarvinnunni og lestrarvenjum almennings.⁴ Af þessum heimildaflokkum sækir ég mest í Njáluljóðin; þau eru raunar kjölfestan í næsta kafla sem helgaður er Hallgerði langbrók. Grundvöllur umræðunnar í þessum kafla eru hins vegar heimildir úr safni þjóðháttræðilidar Þjóðminjasafns sem lítið hafa verið nýttar í umfjöllun um fornbókmenntirnar. Hér er átt við skriflegan vitnisburð rveggja hópa Íslendinga um eigið upplendi og mikilvægi Íslendingasagna í því sambandi. Um er að ræða einstaklinga sem fæddust annars vegar á tímabilinu 1850–1900 og hins vegar á tímabilinu 1900–1930. Fyrri hópurinn svaraði spurningum sem danski lýðháskólakennarinn Holger Kjær lagði fyrir Íslendinga á þriðja áratugi aldarinnar í tengslum við rannsóknir sínar á íslenski heimafræðslu.⁵ Síðari hópurinn svaraði spurningaskrá um daglegt líf í dreifbýli og þéttbýli á tuttugustu öld sem þjóðháttræðilin sendi til heimildamanna sinna árið 1994.⁶ Svör þessa fólks gefa vísbendingu um þær breytingar sem orðið hafa á viðhorfum almennings á Íslandi til Íslendingasagna á síðastliðnum hundráð árum.

Hreystiríkir kappar

Jón Hreggviðsson ber mikið traust til Gunnars á Hlíðarenda og telur hann meðal þeirra ágætu formanna sem „urðu tólf álnir á hæð og þrjú hundruð vetra gamlir“. Halldór Laxness túlkar þessa hugsun þannig í minnisgreinum sínum að trúin „á heytuna sem bregður sér hvorki við sár né bana“ hafi haldið lífinu í þjóðinni um „myrkar“ aldir Íslandssögunnar. Vandalítið er að finna vitnisburð úr eldri Njáluljóðum sem ýtir undir þessa túlkun, en áður en lengra er haldið vil ég slá einn varnagla.

Í grein um hlurverk slúðurs í Íslendingasögum hefur Helga Kress bent á að

frásagnarháttur þessara bókmennta sé ekki jafn hlutlægur og menn hafa löngum talið. Íslendingasögur, segir Helga, „eru að mjög miklu leyti paródískar, þær eru tal um tal, *sögusagur*“.⁷ Þetta einkenni birtist meðal annars í fjölmörgum tilvísunum sagnanna í almannaróm, slúðri persóna hver um aðra og um ræðum og mati á þeim tíðindum sem gerst hafa eða eiga eftir að gerast innan viðkomandi frásagnar. Helga bætir við að slúðrið sé kvenleg orðræða sem ógni bæði hetjuhugsjón sagnanna og sæmdarhugtaki, og því sé reynt að þagga það niður og bæla.

Meðal þeirra dæma sem Helga tilfærir er frásögn Njálu af því þegar förurkonur heimsækja dyngju Hallgerðar Höskuldsdóttur á Hlíðarenda og taka að „slúðra“ um fólkíð á Bergþórhvoli. Talið berst að þeim sið Njáls að láta aka skarni á hóla til að fá betri töðu og furðar Hallgerður sig á að hann skuli ekki taka upp sömu aðferð við sig sjálfan: „Það mun eg til finna er satt er, [. . .] er hann lét eigi aka í skegg sér að hann væri sem aðrir karlmenn og köllum hann nú karl hinn skegglausa en sonu hans taðskegglinga“ (44. kafli).⁸ Þiður Hallgerður Sigmund Lambason, sem þarna er viðstaddur, að yrkja um þetta tilsvartitt og verður hann við því. Gunnar Hámondarson hefur hins vegar legið á hleri og gengur inn í þann mund er kona hans þakkar Sigmundi niðvísurnar:

Gunnar var reiður mjög og mælti til Sigmundar: „Heimskur maður ert þú og óráðhollur. Þú hrópar sonu Njáls og sjálfan hann er þó er mest vert en slíkt sem þú hefir áður af gert við þá og mun þetta vera þinn bani. En ef nokkur maður hermír þessi orð þá skal sá í brautu verða og hafa þó reiði mína.“ En svo var þeim öllum ótti mikill að honum að engi þorði þessi orð að herma. Síðan gekk hann í braut. (44. kafli)

Helga Kress túlkar athafnir Gunnars þannig að þar stigi fram „fulltrúi karlveldis og bókmenntastofnunar“, sá sem þaggar niður í slúðrinu. Hún bendir jafnframt á að ritskoðun húsbóndans sé svo áhrifarík að vísur Sigmundar séu ekki gefnar upp í sögunni: „Eru þær og aðeins til í „apókrýffi“ getð hennar og prentaðar aftanmáls í útgáfu *Íslenskra fornrita*“ (s. 141).⁹

Niðurstaða greinar Helgu er að frásögn Íslendingasagna hafi orðið til „í togstreitunni milli hins karllega og kvenlega, festunnar og flæðisins, leyfilegrar og óleyfilegrar orðræðu“ (s. 156). Og hér kemur að varnaglanum sem fyrr var

nefndur. Vel má hugsa sér að svipuð togstreita hafi einkennit viðhorf almennings til þessara bókmennta á fyrri öldum; að þá hafi mátt heyra glósur lesenda um skeggleysi Njáls engu síður en loftrullur um vopnfími Gunnars á Hlíðar-enda. En sé sú raunin, þá hefur hin „óleyflega“ orðræða – sem grefur undan herjuskap og karlmennsku – að mestu glatast, verið þöggð niður og tæpast komist á bók. Einn gildasti þátturinn í viðtökum Íslendinga á Njálu, öld fram af öld, virðist eiga upptök sín í setningum sem þessari, úr sögunni sjálfri: „Víg Gunnars spurðist og mæltist illa fyrir um allar sveitir og var hann mörgum mönnum mjög harmdauði“ (77. kafli).

Ljósasti votturinn um aðdáun fornsagnunnenda á herjuskapnum er sá fjöldi kvæða, ríma og vísa frá fyrri tíð sem sækir innblástur í Njáls sögu. Raunar bendir allt til að þessi kveðskaparhefð sé eldri en sagan sjálf; kaflinn sem fjallar um víg Gunnars segir okkur að hetjuleg vörn bóndans á Hlíðarenda hafi orðið íslenskum skáldum að viðfangsefni áður en sú Njála sem við þekkjum um var fyrst skráð, undir lok þrettándu aldar.¹⁰ Í handritum sögunnar er lýsingunni á falli Gunnars jafnan fylgt eftir með eftirfarandi vísu sem eignuð er Þorkeli Elfaraskáldi:

Spurðum vér hve varðist
vígmoðr kjalar slöða
glæðstýrandi geiri,
Gunnar, fyrir Kjöl sunnan.
Sóknryrir vann sára
sextán víðar mána
hríðar herðimeíða
hauðrímens en tvo dauða. (77. kafli)

Einstaka handrit Njálu geymir að auki áþekka vísu eftir Þormóð Ólafsson sem talinn er hafa verið uppi á fjórtándu öld, en þar segir að enginn maður á Íslandi hafi verið frægari í heiðnum sið en Gunnar sem felt hafi tvo menn en sært sextán; lof hans sé verðskuldað.¹¹

Þann anda sem ríkir í þessum rveimur dróttkvæðu vísu fínum við einnig í svonefndum kappakvæðum, nema hvað þar var nefndur og vegsamaður hver kappinn af öðrum, oft hinn sundurlausasti hópur. Til dæmis má taka vísa-

flokk eftir Bergstein Þorvaldsson sem talinn er hafa verið uppi um miðbik sextándu aldar. Flokkurinn er alls 28 erindi og einn sá elsti sinnar tegundar þar sem hetjum úr Njálu er hampað. Eru það þeir Kári Sölmundarson og Skarphéðinn Njálsson sem verða þessa heiðurs aðnjótandi, ásamt Bæringi fagra, Göngu-Hrólfí, Rollant, Hálfðáni Hringssyni og ýmsum fleiri persónum sem Íslendingar þekktu vel úr sögum og rímum. Vísa Bergsteins um Kára minnst flótra hans úr brennunni og hefnda sem í kjölfarið fylgdu: „frá önduðum komst undan, / eld tendra hérlendir, / fyrir brenda beztu frændur / bændur í helju sendi“.¹²

Sambærilegt dæmi frá áriþánu öld er vísan „Um Remmeggu Skarphéðins“ eftir Pál Vídalín, þar sem karlmannlegri hörku hetjunnar er ekki aðeins miðlað með orðum heldur orðanna hljóðan. Maður verður ósjálfrátt grimmilegur á svíp við það eitt að flytja kvæðið.

Brand, Skarphéðins hendur
hristu, furðu byrstan,
reynd fjandmanna randir
Remm-eggja nam hremma,
reiðin gjarða gríður
gein þrátt að haus beinum,
fjóri, frægð og æru
fargaði brynju vargur.¹³

Svo enn sé hlaupið yfir tvær aldir má vitna í „Rímu um Íslandskappa“ eftir Kára S. Sölmundarson, íbúa við Njálsgötu í Reykjavík. Ríman er varðveitt á Landsbókasafni Íslands í handriti sem Kári skrifaði árið 1931. Hún er tæp áttatíu erindi og ber öll einkenni hefðbundinna kappakvæða; jafnan er eitt erindi helgað hverjum kappa og komast fjórar persónur Njáls sögu á blað. Gunnar á Hlíðarenda er þarna nefndur „hraustur mögur“, Skarphéðinn Njálsson er sagður „hreysturíkur“, Kára Sölmundarsyni er hrósað fyrir fimleik í bardögum og Þorgeir skorargeir Holta-Þórisson sagður hafa kunnað að þræða „frægðar spor“: „kaskur þessi kvistur randa / kenni nafnið þar af skor“.¹⁴

Vert að vekja athygli á að kvæðin sem hér hafa verið nefnd eru öll eftir karla. Reyndar hefur varðveist eitt kappakvæði eftir konu frá fyrri öldum þar sem

Njálupersónur koma við sögu. Höfundurinn er Steinunn Finnsdóttir sem fæddist laust fyrir miðja sautjándu öld og er „fyrsta nafngreinda konan í íslenskt bókmenntasögu sem mikið liggur eftir af kveðskap“.¹⁵ Af kveðskap Steinunnar hafa varðveist tvær rímur og allmörg vikivakakvæði og ferskeytlur, auk kappkvæðisins. Það síðastnefnda virðist í fljótu bragði hefðbundið; í hverju erindi er einum kappi eða fleiri gerð skil en viðlag kvæðisins hljómar svo: „Ég sá þá ríða / ríddarana þrjá / þeir vilja mínum fundinum ná.“¹⁶ Vesteinn Ólason vitnar til þessa viðlags í greinargóðri umfjöllun um gildi fornsagnanna fyrir íslenska alþýðu á fyrri öldum og dregur af því þá ályktun að íslenskar konur hafi löngum látið sig „dreyma“ um hetjur sagnanna.¹⁷ Enda þótt benda megi á yngri heimildir sem styrkja slíka ályktun (sjá rammagrein), er hún umdeilanleg í tilvikli Steinunnar. Í fyrsta lagi finnst sama viðlag í fleiri kappkvæðum frá svipuðum tíma, sem eignuð eru karlskaldum.¹⁸ Virðist allt eins mega túlka viðlagið svo að það sé ort fyrir munn karlhetju sem býr sig undir bardaga við „ríddarana þrjá“. Í öðru lagi hefur Bergljót Soffía Kristjánsdóttir bent á hvernig umfjöllun Steinunnar um einstaka fornsagnakappa í kvæðinu einkennist af skopi, háði og jafnvel meinhæðni.¹⁹

Ef við hugum að þeim erindum í kvæðinu sem fást við persónur úr Njálu þá vekur athygli að Steinunn heldur sig í nokkurri fjarlægð frá mestu köppunum;

Eftirlætishetjan

Vér Íslendingar eigum enga þjóðhetju, er barist hefir með sverði eða byssu fyrir fósturjörð vora, frelsi hennar, sjálfstæði eða réttindi. Jón Arason verður vist fremur að telja trúarhetju en sjálfstæðishetju, ef hann er heitjunafrnsins moglegur. En vér eigum, að minsta kosti, eina eftirlætishetju, Gunnar á Hliðarenda. Með honum hefir sá hluti íslenskrar æsku, er les fornsögur vorar, barist og varist á draumþingum, sveiflað með honum sverðinu, skotið með honum af boganum, heyrnt syngja í atgeimnum, fagnað sigrum hans og harmað fall hans. Sjötug kona sagði mér fyrir skömmu, að hún hefði á unga aldri elskað hann.

Sigurður Guðmundsson (1918)

þegar hún hrósar þeim talar hún til að mynda ekki frá eigin brjósti heldur vísar í almennaróm: „Heyrðist engin hetja skár / hefði lag að stríða“ (s. 120), segir um Gunnar og ennfremur: „*Skarphéðins* er hreystihönd / hælt að fornu og nýju“ (s. 121). Síðastan nefnir Steinunn Flosa Þórðarson sem komist hafi „í kærleiks mál“ við Kára Sölmundarson. Niðurlag þess erindis, líkt og niðurlag Njálu, leggur ekki áherslu á hetjuskapinn heldur fyrirgefninguna: „Hann forlét þar hefnd og þrjál, / þá heimti dauðinn burt hans sál / frá heimsins þrá“ (s. 122).

Svo vikið sé nánar að yfirliti Vesteins Ólasonar þá sýnist honum að sú áhersla á hetjuskapinn, sem hér hefur verið til umræðu, hafi gegnt vissu samfélagslegu hlutverki meðal þjóðarinnar, ekki síst á tímabilinu frá því um 1300 og fram að síðaskiptum. Á þessum tíma hafi hetjudýrkunin „haft gildi til að stappa stáli í karla, ekki eingöngu þegar höfðingjar þurftu á liðsmönnum að halda heldur einnig og enn frekar í þeim átökum við náttúruöflin sem voru daglegt brauð alþýðunnar“.²⁰ Jón Hreggviðsson er skáldlegur persónugervingur þessarar kenningar, en hve vel á hún við um þann hóp Íslendinga sem fæddist á síðari hluta níjándu aldar og svaraði spurningum Holgers Kjær um uppeldi og menntun í íslenska sveitasamfélaginu? Af mörgum þeirra bréfa sem bárust Kjær má álykta að fornsögurnar hafi haldið áfram að stappa stálinu í menn (og jafnvel konur líka) vel fram yfir síðaskiptin. Karlmaður (f. 1889) úr Austur-Barðastrandarsýslu rifjar upp vönsælasta lesefnið á kvöldvökum í æsku sinni og metur áhrifin á þessa lund:

Það, sem helst var lesið voru sögurnar fornu um íslenskar hetjur og hreystimenn, rímurnar voru ríddarasögur um djarfá kapp og fagar konur. [...] Og ég veit að sögurnar um Gunnar, Egil og Gretti hafa orðið mörgum íslenskum manni orkulind. Og ég veit að sögurnar um Bergþóru, Helgu jarlsdóttur og Auði konu Gísla Súrssonar hafa verið fyrirmynd margri ágætri konu. (HK 45:407)²¹

Annar karlmaður úr Suður-Þíngeyjarsýslu (f. 1852) segir að kynnin af „gullaldar-bókmenntunum“ hafi vafalítið vakið „hetjuhug og dáðalöngun“ hjá að minnsta kosti sumum (HK 12:108). Þriðji karlmaðurinn (f. 1857) sem ættraður er úr Árnessýslu hefur svipaða sögu að segja en bætir við: „EKKI held ég að bardagahugurinn í sögunum hafi spíllt okkur [...] en hann jók okkur kapp og

metnað við störf okkar, þau voru barátra og jafnan til sigurs að vinna“ (HK 13:121).

Þegar á heildina er litið virðist þó sem hreinrækuð heitjudyrtkun byggð á forritunum hafi blómstrað einna best í leikjum barna og unglinga á þessum tíma. Maður úr Norður-Þingeyjarsýslu (f. 1892) segir að lítið hafi verið um leikföng í æsku sinni um síðustu aldamót en stundum hafi þó hágir menn tálgað „bæði manna og dýralíkneski úr birki eða öðrum víði. [. . .] Trémennina nefndu börnin svo ýmsum nöfnum, einkum úr fornsögnum og léku með þeim ýmsa atburði úr sögunum“ (HK 35:319–20). Einnig hefur verið algengt að strákarnir brygðu sér í hlutverk fornkappa þegar þeir áttust við. Maður úr Austur-Húnavatnssýslu (f. 1898) skrifar um slíkan leik: „Þá var einn Gunnar á Hlíðarenda, annar Grettir, þriðji Skarphéðinn, o.s.frv. Hver hafði sitt „sverð“, sem raunar var nú hrífuskafsbrot. Sigurinn var í því fólginum að geta brotið „sverðið“ fyrir andstæðingnum“ (HK 24:199). Eins og fram kemur hjá manni úr Árnassýslu (f. 1865) var þó undir hælinn lagt hvernig skipaðist í hlutverk: „voru það ekki sist fornaldarhejurnar og höfðingjarnir úr Íslendingasögum og öðrum sögum og æfinýrum, og jafnvel púkarnir og Kölski sjálfur, sem við lékum, og reyndum að stæla íþróttir þeirra og afreksverk“ (HK 5:43). Hann hnýtir við að sumar hejurnar hafi verið verðari efturbreytni en aðrar og tekur fram að krakkarnir hafi leikið Kölska og féлага þeim til háðungar og sports.

Svo skemmtilega vill til að í Njáls sögu má finna lýsingu sem geymir frumdrögin að þessari leikjahefð íslenskra barna. Hróttur Herjólfsson hefur átt í málaferlum eftir skilnað þeirra Unnar Marðardóttur. Kemur hann ásamt Höskuldi bróður sínum að Lundi í Reykjadal þar sem Þjóstólfur Bjarnarson býr. Þar leika sveinar tveir á gólfi og er mæt ein hjá þeim:

Annar þeirra mæli: „Eg skal þér Mörður vera og stefna þér af konunni og finna það til foráttu að þú hafir eigi sorðið hana.“ Annar svaraði: „Eg skal þér Hróttur vera. Tel eg þig af allri fjárheimtuinni ef þú þorir eigi að berjast við mig.“ Þetta mæltu þeir nokkurum sinnum. Þá gerðist hlátur mikill af heimamönnum. (8. kafli)

Höskuldur reiðist þegar hann sér drengina leika þennan skopleik um Hrótt og

Mörð og slær annan sveininn. Hróttur kallar þann stutta hins vegar til sín, gefur honum gullhring og biður hann að „leita á engan mann síðan“ (8. kafli). Heitir drengurinn því. Helga Kress fjallar um þessa lýsingu í áður nefndri grein um slúður í Íslendingasögum, enda birtist þarna sama togstreita heitjuhugsjórnar og paróðlu og í frásögninni af förukonunum í dyngju Hallgerðar. Hlutverkaleikir barna ýttu því ekki endilega undir hefðbundna heitjudyrtkun. Að visu hef ég ekki rekist á aðrar heimildir sem greina frá því að börn hafi spottað heijur Njálu með líkum hætti og greint er frá í sögunni. Frásögn Borgfirðingsins Kristleifs Þorsteinssonar (f. 1861) af hinum vitra forystusauð Geitlandsgrána eða Klukkugrána staðfestir þó að daglegt líf barna og vitnisburður fornsagnanna hafi fléttast saman með fjölbreyttum hætti á síðari hluta níjándu aldar. Minnst Kristleifur þess að bræður sínir hafi kallað „sauð þennan Njálu, að líkindum sökum þess, að hann hefur verið greindarlegur á svip“.²²

Þegar kemur fram á tuttugustu öld má hins vegar sjá ýmis merki þess að hefðbundin heitjudyrtkun tengd fornsagnaköppum sé á undanhaldi. Þær breytingar sem þarna verða koma meðal annars fram þegar svörin við spurningum Holgers Kjær eru borin saman við svörin við spurningalista Þjóðháttræðilidar Þjóðminjafansins frá 1994. Í síðarnefndu svörunum má að visu enn finna ýmis kunnugleg viðhorf. Karlmaður úr Norður-Ísafjarðarsýslu (f. 1908), sem kveðst hafa byrjað að lesa Íslendingasögurnar átta ára, svarar spurningunni um áhrif þessara bókmennta þannig að þær hafi líklega leitt „til einhverrar heitjudyrtkunar en jafnframt hvöttu þær til heitdarleika og orðheldni“ (ÞÞ 11403).²³ Nokkrir heimildamenn minnst líka hlutverkaleikjanna með velþóknun. Í öðrum svörum kemur hins vegar fram að heitjudyrtkunin er í auknum mæli tengd neikvæðum hugmyndum. Konu úr Vestur-Ísafjarðarsýslu (f. 1920), sem víðurkennir áhrif sagnanna á hlutverkaleikina, þykir til að mynda nauðsynlegt að ræða sérstaklega um ofbeldið sem þarna var á ferðinni og braut í bága við trúarlegt uppeldi: „En einhvers staðar kom það frá, að við börðumst með spjórtum og sá var drepinn sem datt í bardaga. Við vorum allavega Gunnar á Hlíðarenda, Grettir o.fl.“ Hún vill þó ekki ganga svo langt að fordæma sögurnar: „Ég held að við hefðum barist þó engar bardagasögur væru lesnar“ (ÞÞ 11298). Kynsystir hennar úr Reykjavík (f. 1913) skrifar aftur á móti: „Ég las

aldrrei fornsögu, mér þótti þær ljótar og leiðinlegar“, og talar hún fyrir munn fleiri kvenna (ÞÞ 11251).

Ætla má að þarna komi fram kynjámunur í viðhorfi til fornkappanna fremur en merki um eiginlega breytingu á viðhorfum til fornritanna. Slíka ályktun mætti rökstyðja með vitnisburði konu af Snæfellsnesi (f. 1906) sem segir að fornsögurnar hafi mótað lífsviðhorf bræðra sinna en ekki sitt eigið (ÞÞ 11359). Á hinn bóginn er athyglisvert hve margir karlar í þessum hópi segja að fornsögurnar hafi engin áhrif haft á lífsviðhorf sín og taka nokkrir þeirra undir með þeim konum sem segja sögurnar leiðinlegar og lítt uppbyggilegt lesefni. Maður af Ströndum (f. 1905) orðar þetta svo: „Ég hafði ekki mikið gaman af að heyrja Íslendingasögu lesnar. Ég átti bágt með að botna [í] öllum þeim ættarflækjum sem þar eru, og fékk fljótlega andstyggð á öllum þeim manndráp-um sem þar eru“ (ÞÞ 11323). Reykvíkingur einn (f. 1921) svarar spurningunni um áhrif sagnanna með því að vekja athygli á öðru lesefni: „Ég tel að barna- blaðið *Æskan* hafi haft mjög góð áhrif á mig“ (ÞÞ 11487). Loks má vitna í karlmann úr Austur-Húnavatnssýslu (f. 1927) sem víðurkennir hæpnar hliðar- verkanir fornsagnalesturs en sýur þær samt ekki: „Ég tók mér kappna þeirra til fyrirmyndar, t.d. Gunnar á Hlíðarenda og Kára Sölmundarson. Enn þýkir mér Gunnar fallett nafn. [...] Ég tel að Íslendingasögurnar hafi hert mig í lífsbar- áttunni, gert mig að betri Íslendingi, en kannski harðari í skapi“ (ÞÞ 11930). Hér, eins og víðar í þessum kafla, ber þó að hafa í huga að þótt heimildamenn séu að ræða um barnæsku sína er vitnisburðurinn skrifaður niður mörgum áratugum síðar; ummæli þeirra litast vafalítið af þeim viðhorfsbreytingum til fornritanna sem orðið hafa í millitíðinni.

Svo vikið sé aftur að kveðskaparhefðinni, þá fækkar óneitanlega hreinrækt- uðum heitjukvæðum um Njálupersónur efir því sem nær dregur samtímanum. Ef tímasetja á umskiptin sem verða hjá skáldunum mætti setja þau einhvers staðar á milli þess er Hannes Hafstein birti kvæði sitt „Skarphéðinn í brenn- unni“ árið 1882 og Steinn Steinarr svaraði með ljóði með sama titli árið 1937. Enda þótt Hannes tilheyrði hópi raunsæisskálda, sem gagnrýndu fornaldar- dýrkun eldri skálda,²⁴ fann hann holdgervingu karlmennskunnar í myndinni af Skarphéðni á ögurstundu:

„Vitið að Hjeðinn
hita þolir“,
kempan kvað,
og kyrtli sinn
losaði hægt
frá loðnu brjósti,
brenndi þar kross
með brandi sínum.

Beit svo á kampinn, og krosslagði armana,
kallmennskuró sló um ennið og hvarmana.
Ljómandi kringum hann logarnir kvikuðu
ljósgeslar fagnandi á honum blikuðu.²⁵

Steinn Steinarr dregur upp aðra mynd, án þess að víkja stórlega frá vitnisburði sögunnar:

Það er lýgi, sem sagt er.
Ég leitaði úrgöngu,
ég leitaði úrgöngu í mátrvana skelfingu
deyjandi manns.

En leiðin var lokuð.

Og ég heyrði ykkur hvísla:
Látum hann farast.
Hvað sakar það okkur?
Hvað getum við að því gert?

Hamingjan hjálpi ykkur!
Hefði ég sloppið.²⁶

Með óbeinum hætti lýsir kvæðið ekki bara endalokum Skarphéðins Njálssonar heldur heitjudyrtkunarnar sem slíkrar í íslenskum bókmenntum. Líkt og Vé- steinn Ólason bendir á í fyrrnefndu yfirliti sínu vó Halldór Laxness að þeirri dýrkun í *Sjálfssæðu fólki*, sem gefin var út í tveimur bindum árin 1934 og 1935 – sagan hefur hinn íróníska undirtitil *Hetjusaga* – og sérstaklega að heitjudyrtk- un fornritanna í *Gerplu* sem út kom árið 1952.²⁷ Eftir það var „leiðin lokuð“.

Siðferðilegar dæmisögur

En bíðum við, hér er aðeins hálf sagan sögð. Ekki voru allar söguhetjur fornritanna kappar, eða man nokkur til þess að Njáli á Bergþórshvoli hafi verið hampað fyrir vígfini og hetjudáðir? Meðfram karlmannlegri hetjudýrkun blómstraði önnur hefð í viðtökum á fornsögum, þar sem víðtækari menntunar- og siðferðisjónarmið voru lögð til grundvallar. Í bókinni *Sagnaskemmtun Íslendinga* rekur Hermann Pálsson ýmis dæmi úr íslenskum ritum frá þrettándu og fjórtándu öld sem gefa til kynna að þessi hefð sé jafn gömul sögunum sjálfum.²⁸ Hvað Njálu snertir virðist mér þó heppilegt að staldra fyrst við þau rit Arngríms Jónssonar lærða (1568–1648) sem hann skrifaði á latínu í því augnamiði að auka veg Íslands meðal evrópskra lærdómsmanna.

Elst þessara bóka er *Brevís commentarius de Islandia* (*Stutt greinargerð um Ísland*) sem út kom í Kaupmannahöfn árið 1593, en henni var ætlað að fletta ofan af „villukenningum“ erlendra sextándu aldar manna sem fjallað höfðu um landið í ritum sínum. Skiptust *Brevís* í tvo meginhluta. Í þeim fyrri er fjallað um staðhætti og náttúru hér á landi og í þeim síðari um íbúana. Hefst síðari hlutinn á yfirliti um trú Íslendinga þar sem gefið er í skyn að hér á landi hafi kristnin blómgastrétt og hreinni en víða annars staðar á miðöldum, „minna menguð af páfarúareitri en hún varð síðar þegar sóttmengað súrdeig páfastólins færðist í aukana og hin smitandi sýki hans braust út og dreifði eitri sínu yfir alla jörðina.“²⁹ Helsta sönnun Arngríms fyrir þessari ómenguðu kristni Íslendinga er vitnisburður Njálu, einkum persónulýsing Njáls á Bergþórshvoli:

Fóstrurjörð vor átri einnig meðal margra annarra manna nokkum, einstaklega guðhræddan, sem hét Njáll. Hann var uppi um árið 1000 og bjó á jörðinni eða benum Bergþórshvoli í Landeyjasókn á Íslandi. Hafði hann til að bera frábæran skilning og reynslu á öllum manlegum efnum og þótti spakur að viti og ráðsnjall. Og þó að stjórnláusar deilur geisðu á Íslandi á öld þeirri er hann lifði á, þar eð íbúunum var eiginlega ekki haldið í skefjum af neinu æðra stjórnmaldi, þá tók hann ekki þátt í neinum flokkadeilum, en mjög margar deilur jafnaði hann með gætni sinni, hyggjuviti og kostgæfni. Aldrei beitti hann óbeldi, og varð heldur ekki fyrir óbeldi af öðrum, nema síðasta daginn sem hann lifði, svo kappsamlega forðaðist hann allar róstur og deilur, enda hjálpaði hann vel öðrum er það vildu til þess að forðast þær eða losna út úr þeim. [...] 100 samsærismenn

sátu um bæ hans og vildu hefna vígs, er sonur hans hafði unnið, þó án hans vitundar, og óvinir hans báru hvaðanæva eld að bænum og hann sá dauðann yfirvofandi, þá sagði hann: Enginn má sköpum renna; þetta verður að Guðs vilja. Annars set ég alla mína von og allt mitt traust á Krist, og treysti því, að þó að þessi vor hrörtlegi líkami sæti afdrifnum alls dauðlegs holds og verði logum óvinanna að bráð, þá muni þó Guð ekki láta okkur (hann talar hér um sig og konu sína) brenna líka í eilífum eldi. Með þessi orð á vörum lét hann líf sitt í eldslognum árið 1010 ásamt konu sinni og syni sínum, er vígið hafði unnið; voru þessi orð hans samboðin hverju Guðs barni og sýndu að sál hans naut æðstu huggunar í bitru dauðastríðinu.

Þessu hef ég skoðað hér inn til þess að sýna fram á hversvegna ég hef komist á þá skoðun að þegar í byrjun þess tíma, er stefna Krists [...] komst á hjá oss, hafi hugir manna ekki verið svo blekkir og sokknir niður í villumyrkur eins og þeir voru nú fyrir skömmu, stuttu fyrir þann tíma sem vér nú lifum á. (s. 55–56)

Enda þótt taka verði tillit til þess að Arngrímur sé hér að fegra fortíð þjóðarinnar fyrir fordómafullum útlendingum eru viss atriði, sem hann leggur áherslu á, eins konar leiðarstef í umfjöllun síðari tíma manna um Njálu.

Í upphafi skulum við huga að túlkun Arngríms á hinum kristna Njáli sem virðist vera mótmælendatrúar, langt á undan sinni samtíð (a.m.k. er hann ekki sokkinn „niður í villumyrkur“ kaþólskunnar). Jafnhliða því að litast af heiðnum um hetju- og hefndaranda, hefur Njála þá sérstöðu að vera meðal heimilda okkar um kristnitökuna. Í sögunni takast heiðin og kristin víðhorf ennfremur á, sérstaklega í síðari hlutanum, en líkt og Steinunn Finnsdóttir vakti athygli á í áður nefndu kappkvæði lýkur frásögninni á kristilegri fyrirgefningu og sáttum. Ljósasta dæmið um slíka kristilega útleggingu í Njálukvæðskap er þó líklega kvæði sautjándu aldar skáldsins séra Bjarna Gissurarsonar í Þingmúla, „Um göfugmennni nokkur í Njálu“. Ólíkt því sem tókast í hefðbundnum kappkvæðum ber Bjarni einkum lof á þær persónur sögunnar sem taka kristna trú. Fyrsta erindið fjallar um Njál og er líkt og rímuð útgáfa af kaflanum úr

Spekiríkur trú tók
talinn bezta mannaval
hollur vinum hér Njáll
í heillaráðum óveill;

Brevís

held ég víst ef vor öld
 væri af slíkum fortrík
 að soddan gáfum sanngæddir
 sómi vorum kristindóm.³⁰

Aðrar Njálupersónur sem séra Bjarni hefur velþóknun á eru Síðu-Hallur, Snorri goði, Gestur Oddleifsson, Hjalti Skeggjason og Gissur Teitsson. Gunnar á Hliðarenda segir presturinn hins vegar hafa dáíð of fljótt til að fá „hreina trúargrein“. Jónas Hallgrímsson bætti að nokkru leyti úr þessum veikleika hetjunnar í hinu þekkra kvæði „Gunnarshólma“ sem fyrst birtist á prenti árið 1838, en þar lýsir Gunnar hliðinni sinni fögru eins og sannkristnum manni semir: „Hjer vil eg una æfi minnar daga / alla, sem *guð* mjer sendir.“³¹ Sá flokkur heimilda sem fjallað verður um í þriðja kafla þessarar bókar snýst að meira eða minna leyti um átrúnað Njálupersóna, en það eru textar sem byggjast á draumum og skyggnilýsingum.

Þegar gluggað er í svör heimildamanna Holgers Kjær í þessu samhengi er ekki að merkja að vangaveltur um heiðinn og kristinn anda komi þar beinlínis við sögu. Reyndar var sjaldnast um einhverja blinda „heiðna“ herjuðyrkun að ræða; söguhetjurnar vitðast þvert á móti hafa verið efniviður í skoðanaskipti meðal fólks um rétta og ranga breytni. Karlmaður úr Austur-Húnavatnssýslu (f. 1861) lýsir hvernig slíkar umræður voru eðlilegur hluti af kvöldvökunni í hans ungdæmi:

Vár lestrinum ofrast fylgt með áhuga af eldri og yngri, og er hlé varð á lestrinum ræddu menn um efnid; urðu þá alloft skiptar skoðanir manna, og þegar um sögur var að ræða, héldu menn á víxl með söguhetjunum; sumir jafnvel afsókuðu bresti og illverk, er unnin voru í sögunni, og reyndu að færa rök fyrir því, að svona hlaut að fara, en aðrir mæltu á móti, og urðu um þetta stundum allheitur umræður. Þessar umræður urðu til þess að glæða og skerpa skilning okkar barnanna á lyndiseinkunnum sögupersónanna, og hvernig þær ófu örlagaþráð sinn til frama og upphæðar, láns og gengis, eða til vansa og hrösunar, falls og smánar, til lífs eða dauða. Brann oft hjartað í brjósti mér, og augu mín fylltu oft, ýmist gleði- eða sorgar-tárum. (HK 1:5–6)

Karlmaður úr Norður-Pingeyjarsýslu (f. 1883) hefur svipaða sögu að segja af slíkum málfundum heimilisfólks:

Þá var hver sögupersóna, sem um var rætt, athuguð svo nákvæmlega sem fóng voru á. Allra upplýsinga leitað, sem fáanlegar voru. Gáfur, skaplyndi og mannkostir hennar krufið og vegið. Menn reyndu að gera sér ljóst af hverju óhöpp þeirra og óhyggileg breytni stafaði; hvort orsakirnar lægju í eðli mannsins, vitsmunaskorti og skapbrestum, eða slæmum utan að komandi áhrifum, illu uppeldi, samneyti við vonda menn o.s.frv. Á sama hátt var gæfan rakin til orsaka. [. . .] Hin staðgöða sögupþekking leiddi af sér mikla mannþekkingu, – góðga athugun og mat á gáfna- og skapferlisþáttum mannsálarinnar. (HK 28: 251–52).

Þessar umræður, sem margir heimildamanna Kjær minnst á, hafa verið til þess fallnar að rækta meðal æskunnar þau einkenni bóndans á Bergþórshvoli sem Arngrímur lærði mat svo mikils, „frábæran skilning og reynslu á öllum mannlegum efnum“. Þess er einnig getið að börnin hafi í hlurverkaleikjum sínum metið sögupersónur á þann mælikvarða sem séra Bjarni Gissurarson mundar í Njálukvæði sínu. Karlmaður úr Norður-Pingeyjarsýslu (f. 1854) skrifar: „Okkur strákana langaði mjög til að líkjast söguhetjunum sem drengskap sýndu. Við virtum þær hetjur mest sem gáfu mótsiðumönnum sínum líff og vorum að leika þær“ (HK 19: 166).

Sú mynd sem hét hefur verið dregin upp kemur heim og saman við umfjöllun Sigurðar Gylfa Magnússonar sagnfræðings um siðferðilegar fyrirmyndir íslenskra barna á níjándu öld. Sigurður, sem styðst sérstaklega við vitnisburð sjálfsævisagna um þetta tímabil, telur að þótt boðskapur kirkjunnar hafi verið gildur þáttur í menningu sveitasamfélagsins þá hafi hann hvorki verið auðskjál-anlegur né aðlaðandi í hugum barna sem kynntust honum af húsléstrum. Kirkjan og kenningar hennar hafi þvert á móti verið „enn einn hlekkurinn í þeirri keðju sem njörvaði börn niður og hefti þau tilfinningalega“, en meðal annarra slíkra hlekkja nefnir Sigurður óheyrilegt vinnuálag og yfirþyrmandi nálægð dauðans. Í sjálfsævisögum frá síðari hluta níjándu aldar komi fram að börnin snúi sér „í æ ríkari mæli til fornþókmennanna í leit að leiðsögn og fyrirmyndum. Þær bjóða upp á fyrirmyndir sem varða leið þeirra frá degi til dags, fyrirmyndir sem leggja drög að því með hvaða hætti þeim beri að takast á við hversdagslífið“.³² Í framhaldi af þessari lýsingu má vitna til orða karlmanns úr Árnassýslu (f. 1857) sem segir „biblíusögur“ ekki hafa verið kenndar í sínu ungdæmi. Hins vegar hafi hann stundum lesið upphátt fyrir heimilis-

„Nú skal ég lesa“

Ég var að lesa fyrir fólkið Njálssögu í fyrsta sinn og var 5 eða 6 ára. Ég sat á rúmi hjá vinnumanni og þuldi, því að ég var orðinn vel læs. Allt gekk vel, þangað til ég kom að því, er Þórður litli svaraði fostru sinni Bergþóru, að hann vildi heldur deyja með henni, en skilja við hana og Njal. Þá urðu tilfinningar minar heldur ráðríkar. Ég kastaði bókinni frá mér og sagði með gráti í kverkum. „Ég les þetta ekki lengur“, og skældi svo upp úr. Vinnuáðurinn tók bókina og las, þangað til Kári tók til hefndanna. Þá sagði ég: „Lofaðu mér nú að fá bókina. Nú skal ég lesa“, og svo las ég og las. Þetta atvik er svo ljóst í minni minni enn, eins og það hefði átt sér stað í dag. Enginn álasaði mér fyrir viðkvæmmina.

Karlmáður úr Norður-Múlasýslu (f. 1853)

menn í Gamla testamentinu, „en ekki nema sögubækurnar; til skemmtunar var það, og hvorki held ég að mér né áheyrendum hafi komið til hugar, að það væri guðsorð. Ég bar Davíð saman við Gunnar á Hlíðarenda og Samson við Gretti okkar, og þótti Gretti þó miklu skemmilegri, þó að Samson kynni að hafa verið ennþá strekari“ (HK 13:113).

Þegar liður fram að aldamótum verða breytingar á þessu sviði. Fjölbreyttara lesefni er á boðstólum og fólk les meira í einrúmi en áður. Í því sambandi hefur Gísli Ágúst Gunnlaugsson sagnfræðingur bent á hvaða byltingu steinólulampinn olli þegar hann fór að berast hingað til lands um og eftir 1870: „Með tilkomu bættrar lýsingar, nýrrar húsaagerðar sem tryggði fólki meira einkalíf en áður og lestrarfélaga sem bættu aðstöðu fólks til að nálgast bækur og annað lesefni, urðu guðsorð og fornsögur undir í samkeppni við nýtt veraldlegt lesefni.“³³ Á turtugustu öld áttu breyttir þjóðfélagshættir og ný tækni, svo sem tillkoma úrvarpsins, eftir að útrýma kvöldvokulestrum. Nokkrir heimildarmanna Kjærs hafa orð á þessum breytingum. Máður úr Suður-Þingeyjarsýslu (f. 1852) skrifar í heimsósmástíl árið 1924: „[. . .] lestur gullaldarrita okkar er nær því horfinn. Varta nokkur unglíngur þekkir nú Íslendingasögurnar t.d. en „reyfara“ og neðanmálssögur lesa menn gráðuglega að kalla má. Mál okkar og menning hefur lifað í gömlu bókmenntunum en með vanrækslu þeirra er þjóðinni hættu bliin“ (HK 12:109).

Svörin við spurningaskrá Þjóðminjasafns um daglegt líf á fyrri hluta aldarinnar virðast staðfesta minnkandi ítök fornsagnanna. Um tveir af hverjum þremur heimildamönnum segja sögurnar hafa haft engin eða óljós áhrif á lífsviðhorf sín og jafnaldra sinna. Hínir telja sig til undantekninga og eru sér gjarnan meðvitaðir um að sumir telji Íslendingasögurnar vafasamar ofbeldisfrásagnir. Máður úr Norður-Ísafjarðarsýslu (f. 1917), sem kveðst hafa byrjað að lesa Íslendingasögur um 10 ára aldur, skrifar:

Þetta voru spennusögur okkar á þessum tíma, atburðarásin hélt huga mínum fongnum við lesturinn. Vígaferli og blóðugir bardagar voru æsilegir atburðir. Hetjan, sigurvegarinn, sveipaðist frægðarljóma. Ofast var hún líka drengur góður en ekki illvirki, að því er sagan greindi frá. Ég minnst þess ekki að mig tæki nokkurn tíma sárt til þeirra, er biðu lægri hlut, voru brytjaðir í spað eða hlutu örkuml af sárum sínum. Ég hugsaði víst heldur aldrei til þeirra sem efur lifðu, kvenna, barna eða aldraðra foreldra. Ég efaðist ekki um sanngildi sagnanna, þóttist skilja að þar væri sagt satt og rétt frá í öllum greinum. Það sem skildi á milli *mannvís* á söguöld og *manndráps* á okkar tíð áleit ég vera önnur trúarbrögð og siðgæðislögmál. Líklega fengið þá hugmynd frá mér eldra og vitrara fólki. (ÞÞ 12262)

Annar karlmaður úr Norður-Ísafjarðarsýslu (f. 1916) gefur til kynna að dýrkun þeirra drengjanna á köppum og spakari, kristilegri hetjum hafi verið í einhvers konar jafnvægi: „Við vildum allir líkjast hetjunum, Gunnari á Hlíðarenda, Skarphéðni og fleiri köppum. Auðvitað var lítið upp til Njáls, Síðu-Halls, Þorgeirs Ljósvetningagoða“ (ÞÞ 11299). Þau atriði sem heimildamenn Þjóðminjasafnsins fæddir á tímabilinu 1900–1930 leggja hvað mesta áherslu á í mati sínu á áhrifum og gildi Íslendingasagna gefa hins vegar tilefni til að hverfa aftur til Arngríms lærða.

Gullöld Íslendinga

Jakob Benediktsson, sem gefið hefur út og þýtt rit Arngríms Jónssonar lærða og fjallað ítarlega um þau, telur að þau marki tímamót þar sem tími goðaveldisins sé þar í fyrsta sinn skilinn og skilgreindur sem gullöldin í lífi þjóðarinnar. Við höfum þegar séð hvernig Arngrímur lýsir þessum tíma í *Brevís* sem trúar-

legri gullöld, fyrir tíma hinnar spilltu kaþólsku, en þessi skoðun birtist enn ljósar í þekktasta riti Arngríms, *Crymogea sive rerum Islandicarum libri III* (*Crymogea eða saga Íslands í þremur bóköm*), sem fyrst kom út í Hamborg árið 1609. Íslendingasögur eru þar meðal helstu heimilda Arngríms um sögu Íslands á fyrri tíð. Jakob Benediktsson segir um áhrif ritsins hér á landi:

Í samþjöppuðu yfirliti hafði Arngrímur ekki aðeins dregið fram forsögu Íslendinga heldur og lýst þjóðveldisöld sem glæsilegu heitjutímabili, sett íslenska höfðingja jafnfætis erlendum tignarmönnum og skipað sögu Íslendinga á bekk með sagnaritum frægra þjóða. Á því getur naumast leikið vafi að íslenskum lesendum *Crymogez* hefur verið allt að því opinberum að hægt væri að skrifa sögu Íslendinga á þennan hátt.³⁴

En jafnframt því að lýsa þeirri reisu og velmegun sem einkenndi mannlíf hér á landi förðum harmar Arngrímur að nú sé af sem áður var. Til dæmis víkur hann að kornrækt fornanna og rifar þá upp tvö arvik úr Njálu því til sannindamerkis: „Gunnar nokkur á Hliðarenda var særður á kinn af fjandmanni sínum meðan hann var að sá; á sama hátt var Höskuldur Hvítanessgodi dreppinn við sáningu.“ Við þetta hnytur Arngrímur athugasemd um stöðu mála í samtímanum: „Heyrt hef ég að allt fram á þennan dag reyni nokkrir sunnlenskir bændur akuryrkju en með minni árangri, þar sem jarðvegi og veðráttu hefur farið hnignandi á liðnum öldum frá fyrri gæðum. Ef til vill á minni áhugi og vandvirkni bænda hér líka sök.“³⁵

Yngri þræði þessarar gullaldarhugsunar má finna í ýmsum þeirra kvæða sem þegar hefur verið vitnað til. Séra Bjarni Gissurarson nefndi sitt kvæði „Um göfugmenni nokkur í Njálu“ og harmaði þar að gáfur Njáls væru ekki á hverju strái á saujuöndu öldinni. Algengara virðist þó að þeir sem líta á sögútíma Íslendingasagna sem horfna gullöld fari að dæmi Arngríms og beri bágborið efnahagslíf, náttúrufar og almennt hokur samtímamanna sinna saman við reisu fyrri tíðar. Hér mætti vísa til kvæða eins og „Aldarháttar“ Hallgríms Péturssonar („Ísland má sanna, / það átti völ manna / þá allt stóð í blóma“) og „Íslands“ Eggerts Ólafssonar („Bygð er orðin eyða, / úldnar blóm í kös“).³⁶ En af eiginlegum Njálukvæðskap eru vísur Bjarna Thorarensen um Fljótshlíð, frá árinu 1821, einna athyglisverðastar:

Nú er flag
Fljótshlíð orðin,
íturvæn
er áður þótti,
í fjalla-aur
fætur hyljast,
á grænum fyr
sem grundum stöðu.
Gunnar hárn
af haugi litur
slóðir, fagar fyr,
fölar orðnar,
og iðrast nú
að aptur hvarf,
að beta bein
blá við hrjóstur.³⁷

Matthías Johannessen hefur bent á að þetta kvæði Bjarna sé undanfari „Gunnars-hólma“ Jónasar Hallgrímssonar og þess anda sem einkenndi frælsisbaráttu þjóðarinnar á nítjándu öld.³⁸ Á þeim tíma er gullöldin forna í auknum mæli skilgreind sem pólitísk gullöld sjálfstæðra Íslendinga, frjálsræðis hetjanna góðu eins og Jónas kallar þær í „Íslandi“, upphafskvæði fyrsta árgangs tímaritsins *Fjölnis*.³⁹

Á síðari árum hafa ýmsir fræðimenn lagt áherslu á hvernig þær hugmyndir sem hér um ræðir áttu uppsprettu sína í hugsjónum upplýsingarinnar og í þýskri þjóðernisrímantík, ekki síst áhrifaríkum kenningum Jóhanns Gottfrieds Herder um þjóðaranda. Í umfjöllun um rætur íslenskrar þjóðernisstefnu rekur Ragnheiður Kristjánisdóttir hvernig máflunngurinn þróadist frá Eggerti Ólafssyni sem „saknaði forntrar og glæstrar fortíðar þjóðar sem var þjökud af eynd og dugleysi“ – en gerði þó enga kröfu um aukna þátttöku þegnanna í stjórn landsins – til Fjölnismanna, þeirra Tómasar Sæmundssonar, Jónasar Hallgrímssonar, Konráðs Gíslasonar og Brynjólfs Péturssonar sem vildu endur-reisa Alþingi á Þingvöllum og endurvekjá þannig „gömul menningarverðmæti sem fólu í sér anda þjóðarinnar og þar með framtíð hennar“. ⁴⁰ Hugmyndin um sjálfsforræði Íslendinga hafi svo birst fullmótuð í skrifum Jóns Sigurðssonar sem hafi reynst jarðbundnari, raunsærri og hagsýnni þjóðernissinni en þeir Fjölnismenn. Að mati Jóns, segir Ragnheiður, „er ekkert vit í því að taka upp ytri háttsemi fornanna eins og Tómas mæli með þegar hann leggji til að Íslendingar taki upp hina fornu alþingisskipan. Og hann spyr: Hver yrði Njáll að viti þótt hann klæddi sig eins og Njáll?“ (s. 158).

Líkt og Sveinn Yngvi Egilsson minnir á í nýlegri grein voru fleiri en Jón Sigurðsson gagnrýnir á aðdáun Fjölnismanna á fornöldinni. Tilfærir hann skrif Eiríks Sverrissonar sýslumanns í því sambandi, en í ritdómi um fyrsta árgang

Fjölnis kallar Eiríkur „Ísland“ Jónasar „Grafskrift yfir Ísland“ og bendir á að forfeðurnir hafi ekki verið þeir fyrirmyndarmenn sem Fjölnismenn vilji vera láta. Sveinn Yngvi telur að hét talist tvær ólíkar kynslóðir við, „önnur ung og rómantísk sem vill breytingar og lítur aftur til frægðar fornaldar; hin eldri, íhaldssamari og kannski raunsærri sem finnst að sér vegið með hinum forna samanburði“. ⁴¹ Ástráður Eysteinnsson, sem einnig hefur fjallað um menningar-átökin í kringum útgáfu *Fjölnis*, telur ótvítt að sú rómantíska sögulega sýn sem við finnum í kvæðum Jónasar og skrifum Fjölnismanna hafi haft betur og mótað bókmenntaskilning þjóðarinnar fram á þennan dag. Fyrsta hefti *Fjölnis* sé „til marks um að komin er í gang öflug bókmenntasöguleg vél“ sem hafnar því að fortíðin og nútíðin séu tvö aðskilin söguskeið; hin glæstra veröld sögualdarinnar „býr í einskonar messíönsku andartaki sem getur opinberast skyndilega eins og væri svipt burt álagaslæðu“. ⁴²

Þessu til skýringar er ekki úr vegi að draga fram alþýðufyrirlestura sagnfræðingsins Jóns Jónssonar Aðils sem komu út árin 1903 og 1906 undir titlum *Íslenskt þjóðerni* og *Gullöld Íslendinga*. Jón segir í formála síðarnefnda ritins að hann hugsi sér að það megi nota „sem eins konar leiðarvísi og handbók við fornsögurnar“. ⁴³ Skiptust bókin í fimm þætti; í þeim fyrsta er fjallað um þjóðfélagslíf sögualdarinnar, í öðrum þætti um andlegt líf, þriðji þátturinn er helgaður atvinnu- og viðskiptalífi, sá fjórði ytri lífskjörum og sá fimmti heimilislífi. Á öllum þessum sviðum hefur líf forfeðranna staðið í blóma að mati Jóns, en það er táknað hvernig hann lýkur síðasta þætti bókarnnar á umfjöllun um erfisdrykkjur til forna:

Í erfunum var fyrst og fremst drukkið *minni* hins látna, og jafnframt tóku menn oft upp *heistrenningar*, eða stígu á stökk og strengdu þess heit, að vinna eitthvert ákveðið þrekvirki til ágætis sér og hreysti, og er þetta fagur siður og þýðingarmikill í þessu sambandi. Þá rækja menn bezt minning hinna látnu, er þeir taka þá sér til fyrirmyndar í öllu fögru og hefja merki þeirra hátt á framsóknarbrautinni. *Míning fæðranna er framhviöt niðjanna.* (s. 432)

Í ljósi þessara orða verður *Gullöld Íslendinga* ein allsherjar erfisdrykkja eftir forfeðurna; lesendum er ætlað að stíga á stökk og strengja þess heit að hefja

merki fornsagnahejanna hátt á framsóknarbrautinni, þannig að tuttugasta öldin megi verða ný gullöld í lífi þjóðarinnar.

Sama herhvöt lá til grundvallar *Íslensku þjóðerni*. Þar rekur Jón sögu Íslands frá upphafi byggðar fram yfir miðja níjándu öld og skiptir þeirri sögu í fjögur tímabil: sjálfsstjórnar- eða þroskatímabilið (930–1262) þegar forníslenskar bókmenntir voru „fegursti og glæsilegasti votturinn um þroska Íslendinga“, ⁴⁴ hniðunartímabilið (1262–1550), niðurlægingartímabilið (1550–1750) þegar dönsk stjórnvöld og einokunarkaupmenn reyndu „að hnekka sjálfstæði þjóðarinnar, bæði í *efnalegu*, *stjórnarfrarslegu* og *andlegu* tilliti“ (s. 123), og loks endurreisnartímabilið (1750–1900) sem er tími sjálfsræðisbaráttu og þjóðlegrar vakningar. Eins og Ingi Sigurðsson hefur bent á býr hér að baki greinilegrar löggengiskenning þar sem gert er ráð fyrir hringrás sögunnar, sambærilegri sólagangi og hringrás árstíðanna í náttúrunni. ⁴⁵ Hugmyndin um samruna fornar gullaldar og nánustu framtíðar þjóðarinnar – hið messíönska andartak – einkennir alla umfjöllun Jóns í *Íslensku þjóðerni* og er meitluð í eftirfarandi setningu: „*Það sem þjóðin áður var, það getur hún að vonum aftur orðið*“ (s. 256).

Enda þótt ætla megi að óslitinn þráður liggja á milli kvæða Jónasar Hallgrímssonar og rita Jóns Jónssonar Aðils benda gögn Þjóðminjasafnsins til þess að þær gullaldarhugmyndir sem hér um ræðir hafi ekki náð verulegri fötfestu meðal almennings fyrr en á fyrri hluta þessarar aldar. Þegar vitnisburður heimildamanna Holgers Kjær er kannaður vekur athygli hve fáir þeirra tengja lestur Íslendingasagna á síðari hluta níjándu aldar við gullöld og sjálfsræðisþrá. Tveir þeirra vísa reyndar til sagnanna sem „gullaldarrita okkar“ en þeir skilgreina ekki sérstaklega hvers konar gullöld sögunnar framkalla í huga þeirra. Eini heimildamaður Kjærts sem það getir er karlmaður (f. 1857) sem minnst uppeldis síns í Árnessýslu á þessa leið:

Fegurð náttúrunnar, þar sem tengd eru saman tign og þokki, blíða og hörkur, ýmist yndisleg eða hrikaleg, heillaði okkur og herti, kveikti í okkur ást til áthaganna og landsins, enda ómuðu okkur títt í eyrum ljóð skáldanna, er við unnum mjög. Sögulesturinn bar að sama brunni og ófstr saman við raddir náttúrunnar. Beint fyrir augum okkar gnæði Þríhyrningur, Fljótslíðarfjöllin og Eytjafjallajökull og minntu á Gunnar og Njál, og þá um leið á fornöldina með

frelsið og frægðina og þá líka andstæðuna, nútíðina, með ánaud og vesaldóm. (HK 13:121)

Þessu viðhorfi vex hins vegar fiskur um hrygg þegar líður á tuttugustu öld, enda var það samofíð skipulagðri sögukennslu í skólum þar sem rit eftir Jón Jónsson Aðils og fleiri þjóðernissinnaða sagnfræðinga voru meðal kennslu-efnis.⁴⁶ Þeim heimildamönnum Þjóðminjasafns, sem á annað borð viðurkenna uppbyggileg áhrif Íslendingasagna, verður tíðrætt um tengsl þjóðernismetnaðar og hinnar glæstu fortíðar. Ólíkt skáldum fyrri alda og heimildamanninum úr Árnassýslu ræða menn hins vegar ekki lengur um vesaldóm samtíðar sinnar í samamburði við gullöldina. Maður úr Reykjavík (f. 1914) svarar spurningunni um áhrif Íslendingasagna á lífsviðhorf sín þannig: „Já, áreiðanlega. Fyrst og fremst stolt yfir að vera Íslendingur, vera jafnvígi hvers sem var, drengskapur“ (ÞÞ 11250). Annar karlmaður úr Reykjavík (f. 1916) segist að vísu ekki hafa lesið sögurnar sjálfur í æsku en faðir sinn hafi ætíð verið með einhverja Íslendingasögu á náttborðinu; „sagði [hann] mér mikið af þessum sögum, og það hafði áhrif á mig. Það getði mig að miklum Íslendingi og Dana hatara!“. Sami maður bætir við að hann hafi ungar lært mörg ljóð utanbókar og var „Gunnarshólmi“ Jónasar þeirra á meðal (ÞÞ 11406). Fjölpættasti vitnisburðurinn af þessu tagi kemur frá manni úr Mýrasýslu (f. 1924) sem kveðst meðal annars hafa fengið fyrirmyndir að vopnum sem þeir strákarnir smíðuðu úr pappa-spjöldum af myndum úr *Gullöld Íslendinga*:

Áhrif á lífsviðhorf mitt? Það veit ég svei mér ekki. Mér finnst alltaf ég vera Íslendingur og ekkert annað, ekki einu sinni Evrópumaður fremur en bara jarðarbúi, en er það vegna þeirra, eða hvers. Ég hugsa að það sé alveg eins óbeint frá þeim komið, frá frelsisbaráttu og ungmennafélagshugsunarhætti. Ég hafði eins og börnum er títt, gaman af bardagasögum og baradagaleikur komu af sjálfu sér. En ég held ekki að það hafi neitt mótað mig, ég hef alltaf verið friðsöm heybrók. [...] Áhrif [þessara bókmennta] voru á allt þjóðfélagið með þeim hætti að þær voru brunnur tungunnar og réttlættu það að vera að basla við að vera þjóð. Þetta virðist mér vera svar þunnt í roði, en ég get ekki betur. (ÞÞ 11872)

Hér erum við farin að nálgast það sjónarmið sem Halldór Laxness víðræði í minnisgreinum sínum um fornsögurnar og vitnað var til í upphafi þessa kafla;

Haldór kvað það vera fornsögnum að þakka að við værum „sjálfstæð þjóð í dag“.

Satt eða logið?

Að baki gullaldarviðhorfinu, sem hér hefur verið reifað, þjó að jafnaði sú skoðun „hins barbaríska heila“ að Íslendingasögurnar væru í megindrátum ábyggilegar sagnfræðilegar heimildir; að líf þjóðarinnar hefði í raun og sannleika verið jafn glæsilegt í fornöld og sögurnar lýsa. Þessi trú, sem Halldór Laxness barðist ötullega gegn, virðist hafa verið útbreidd meðal Íslendinga, alþýðufólks jafnt sem fræðimanna, frá fyrstu tíð og fram á þessa öld. Þó þykir mér líklegt að alltaf hafi verið uppi gagnrýnir efasemdarnir; þekktastur þeirra er áður nefndur Árni Magnússon, en honum þótti sem höfundar Íslendingasagnanna væru ófróðir um söguleg efni, vankunnandi um tímatal og mikluðu gjarnan mannkosti Íslendinga í sögunum, „eins og þeir væri öllum Nationibus fremur. Framar öðrum hefur Njálssögu Author verið blygðunarlaus þar í“.⁴⁷ Skrifari Árna til margra ára, Jón Ólafsson frá Grunnavík, var á svipaðri skoðun. Þegar Halldór Brynjólfsson biskup bað hann árið 1749 að velja einhverja Íslendingasögu til prentunar, bæði á frummálinu og í danskri þýðingu, var Njáls saga reyndar meðal þeirra sjö sagna sem Jóni þótti óhætt að gefa út á íslensku „vegna lagaferilsins (sem þó er manifeste skrifaður út úr Grágás). Sáðverks getur þar. Manndómsins gjörningar ýmsra, einkum Kára, og mörg merkileg exempla eru þar“.⁴⁸ Hins vegar þótti Jóni ekki taka því að þýða söguna, enda sagði hann hana vera lygilega og ýkta.

En það er ekki að sjá að heimildamenn Kjars hafi efasemdir af þessu tagi. Maður úr Suður-Þingeyjarsýslu (f. 1852) mælir fyrir munni þeirra flestra þegar hann segir að á kvöldvökum á sínu æskuheimili hafi mest verið lesnar Íslendingasögur, Fornaldarsögur Norðurlanda, Noregskonunga sögur „og fleira sagnfræðilegt“ (HK 12:107). Sum svörin gefa þó til kynna að almenningur hafi ekki einungis litið á sögurnar sem þrönga sagnfræði tiltekinnna staðreynda heldur almenn fjölfraeðirit. Maður úr Norður-Þingeyjarsýslu (f. 1883) segist þannig hafa kynnst landinu af fornsögnum „t.d. þar sem lýst var ferðum manna. Þetta var fyrsta landafræði þekking mín“ (HK 28:248–49). Meðal

heimildamanna þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns er kona úr Vestur-Barðastrandarsýslu (f. 1920) sem tekur undir þessi orð: „Dæmi: Markarfiót. Hvar er það á landinu. Álit þennan lestur yfirlitit góðan undirbúning undir nám“ (ÞÞ 11582). Kynsystir hennar úr Rangárvallasýslu (f. 1905) ræðir sérstaklega um sína héradssögu í þessu sambandi: „Ég lifði mig alveg inni Njálu. Það eru fáar bækur eins og hún, svo sönn, engin látalæti, maður bara lifir þetta og horfir á“ (ÞÞ 11405).

Þegar kemur fram á þessa öld má svo greina ýmis merki þess að Íslendingasögurnar verða hluti af opinberu menntakerfi þjóðarinnar. Þær breytast smám saman úr fræðandi afþreyingu í námsefni sem kunna þarf skil á þegar gengið er til prófa. Karlmaður uppallinn í Reykjavík (f. 1916) segir eftirfarandi sögu:

Valgerður systir mín var í Kvennaskólanum og var að lesa undir próf. Eggert fósturbróðir okkar var bóndi uppi á Mýrum, greindur og vel lesinn. Hann gisti hjá okkur í Bankastræti. Hann spyr Völu hvað hún sé að lesa. Hún segist vera að lesa Njálu, og það sé nú ekki skemmtilegt. Þá segist hann skuli segja henni söguna, það sé miklu léttara fyrir hana. Hún þáði þetta góða boð, og síðan segist hún kunna Njálu. Og á prófinu sló hún sér upp á Njálunni! (ÞÞ 11406)

Annar heimildamaður Þjóðminjasafns, karlmaður úr Austur-Barðastrandarsýslu (f. 1930), telur að fornsögurnar hafi almennt ekki verið lesnar af börnum í sínu ungdæmi, enda hafi þau talið sig vita „aðalatriðin um menn og málefni fornaldar, af lestri Íslands sögu Jónasar“. Sjálfur segist hann þó hafa verið búinn að þrælast í gegnum Njálu og fleiri sögur fyrir 10 ára aldur „sumpart af áhuga, en líka til að verða mér ekki til skammar innan um fólk sem kunnir okkar gömlu fræði út og inn, og skírskoraði til þess seint og snemma. Slíkt geta var leið til álitsauka!“ (ÞÞ 11472). Í þessum vitnisburði eru að minnsta kosti tvö atriði sem vert er að höggva eftir:

Í fyrsta lagi er dregið á áhrifaríka kennslubók Jónasar Jónssonar frá Hriflu, *Íslandsögu handa börnum*, sem út kom í fyrsta skipi árið 1915 og var notuð til sagnfræðikennslu í íslenska skólakerfinu allt fram á síðasta áratug. Bókin er að vissu leyti einfölduð gerð af ritum Jóns Jónssonar Aðils; Íslendingasögur eru helstu heimildir Jónasar um „söguöldina“ sem fær þá einkunn að hafa verið „óvanalega viðburðarík, en ekki að sama skapi friðsæl. Aldrei hefir verið á

Íslandi jafnmikið af framúrskarandi mönnum, körlum og konum, eins og þá, en helst til sjaldan fór þá saman gæfa og gervileiki“. Þykir Jónasi þetta tímabil því í senn „aðdátunarvert og raunalegt“. ⁴⁹ Hann sáir engum efasemdum um sögulegt gildi sagnanna meðal ungra lesenda sinna; drjúgur hluti verksins eru æviágrip helstu forsnagnpersóna, lík þeim sem finna má í *Grymogæu* Arngríms lærða. Skiptir Jónas persónunum í afreksmenn, kvenskörungur, spekinga, góða menn og skáld, og eru helstu persónur úr Njálu í þremur fyrstu flokkunum. Jónas vitnar líka beint í sögurnar á stöku stað, „til að venja börnin við að lesa þær og meta að verðleikum“ (s. 3). Gunnar Karlsson hefur fjallað um bók Jónasar sem dæmi um „vekjandi sögu“ er ætlað var það hlutverk „að vekja þjóðernisfírningu ungra þegna“, en Gunnar bendir einnig á að söguskoðun Jónasar einkennist af mótsagnakenndri einstaklingshyggju og stjórndýrkun. Í öðru orðinu dýrkar Jónas framtak og vilja einstaklinga, en í hinu rekur hann ill örlög þjóðarinnar til tregðu slíkra einstaklinga til að lúta sterku skipulagsvaldi. ⁵⁰

Í öðru lagi benda orð Austur-Barðstrandingsins um þá sem kunna „okkar gömlu fræði út og inn“ til vissra átaka um hvernig best sé að miðla bókmenntarfinum til ungu kynslóðarinnar. Í því sambandi má vitna í mann úr Norður-Þingeyjarsýslu (f. 1883) sem skrifaði Holger Kjær árið 1929 að lestrur fornsagna á kvöldvökum níjándu aldar og umræðurnar sem á eftir fylgdu hefðu séð til þess að unglingar þess tíma fengu „staðgóða sögu- og mannþekkingu, gagnólíka „ágrípaldóm“ þeim, sem nú tíðkast mest í barnaskólum“ (HK 28:251). Hér virðist áreksurinn vera milli íhaldssamrar eldri kynslóðar alþýðu-fólks og yngri kynslóðar menntamanna sem móta skólastefnuna.

Annars konar vott um slíkan áreksstur má merkja í skrifum þeirra íslensku fræðimanna sem leyfðu sér að efast um sagnfræðilegt gildi Íslendingasagna á fyrri hluta aldarinnar. Brautryðjandi á því sviði var Björn M. Ólsen, fyrsti kennarinn í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Í fyrirlestrum sem hann flutti yfir nemendum sínum á öðrum áratug aldarinnar nálgadist hann sögurnar at sem bókmenntaverk fremur en sagnfræðirit; en gat þess jafnhliða að sumum landa sinna þætti „það ganga næst guðlasti að efast um sögulegt gildi sagna vorra. Þeim finst sögurnar setja niður, ef þar stendur ekki alt eins og stafur á bók“. ⁵¹ Nemandi Björns, Sigurður Guðmundsson síðar skólameistari á Akur-

eyri, fann fyrir sama þrýstingi árið 1918 þegar hann flurti opinberan fyrirlestur um hina *skáláúðu* söguhefju Gunnar á Hlíðarenda. Lýsti Sigurður viðtökum áheyraenda svo: „Líkaði ýmsum illa, sumum stórilla. [. . .] Tvent var það einkum, er hneykslun olli: að eg talaði ekki virðulega um Gunnar á Hlíðarenda og leyfði mér að rengja fornsögur vorar.“⁵²

Viðbrögðin sem fyrirlestur Sigurðar vakti rifja upp dæmi Helgu Kress sem tilfært var snemma í þessum kafla um áttók hetjumyndar og paródíu í Njálu. Líkt og Gunnar á Hlíðarenda brást ókvæða við þegar Njáll og synir hans voru hafðir að sporti í dýngju Hallgerðar, þannig bregst alþýða manna við þegar farið er efast um og skekkja þá fögru mynd sem Njála dregur upp af Gunnari. Eftir því sem á öldina leið fjölgaði engu að síður þeim Íslendingum sem töldu Íslendingasögur hæpna sagnfræði. Þessi þróun virðist vera samtengd því gengishruni hetjunnar sem fyrir var nefnt. Þannig segir kona úr Vestur-Ísafjarðarsýslu (f. 1920) Íslendingasögurnar vera „skáldaðar ofbeldissögur, engum til gagns og hafa enga þýðingu fyrir mig“ (ÞÞ 11362).

Sú mynd sem hér hefur verið dregin upp er vitanlega einfölduð; hún miðast við þá megindrætti sem ég tel gagnast sem bakgrunn þeirrar umræðu sem fylgir í næstu köflum. Þessu til áréttingar skal bent á að hluti heimildamanna Holgers Kjær nefndi ekki Íslendingasögur eða önnur fornrit sem mikilvægasta þáttinn í sagnaneyslu sinni á níjándu öld. Eins og áður er getið voru húsléstrar, þar sem lesið var úr Biblíunni, postillum og öðrum trúarlegum ritum, mikilvægur þáttur í andlegu lífi fólks til sveita allt fram á tuttugustu öld.⁵³ Í máli margra kemur ennifremur fram að fólk las það sem það komst yfir og gerði ef til vill ekki stóran greinarmun á því hvort frásögnin snerist um fall Gunnars á Hlíðar-enda eða Búastríðin í Suður-Afríku, klækjabröð Njáls á Alþingi á Þingvöllum eða málfloftning Benedikts Sveinssonar á Alþingi í Reykjavík. Karlmaður úr Suður-Þíngeyjarsýslu (f. 1893) skrifar: „Húsbóndinn las hátt fyrir fólkið, ef eitthvað var til að lesa, en bókakostur var lítill, nema þegar kennarinn var hjá okkur. Hafði hann venjulega eitthvað til að lesa, gömul vikublöð eða Alþingis-tíðindi, ef ekki annað, fólkið varð öllu fegið.“ (HK 63:606–607). Meðal þess lesefnis sem margir nefna eru *Þúsund og ein nótt*, þjóðsögur Jóns Árnasonar og skáldsögur Jóns Thoroddsen, en nýjar og nýútkomnar bækur virðast jafnan

hafa notið sérstakra vinsælda. Hnýtílegt lesefni gat jafnvel komið erlendis frá. Karlmaður úr Suður-Þíngeyjarsýslu (f. 1888) greinir frá því að amma sín hafi kennt sér að lesa: „Einkum man eg eftir því, hvað hún glæddi fróðleiksýsn og eftirtekt mína með því að lesa sjálf fyrir mig skriflur og skemmtisögur í dönskum myndablöðum („Nordsjernen“ og „Familie-Journal“) sem hún fékk að láni í kaupstúrinu Húsavík.“ (HK 63:548). Þá er ljóst af vitnisburði þessara

Þórður Káráson

Bergþórshvöll logandi blasir við sýn,
blossinn við himininn dimmbláa skín.

Njáll þar og Bergþóra bíða með ró,
þeim boðin var útganga, en neituðu þó.

Drengur þar staddur við afa síns arm,
öruggur hallast að speking síns barm.

Horfir hann forviða eldsglæður á,
alvara og staðfesta skín af hans brá.

Gellur þá rödd ein við glymjandi há:

„Gakk, litli drengur, út voðanum frá.“

Með alvöru sveinninn þá anzar og tær:

„Ó, afi, mig langar að vera hjá þér.“

„Gakktu út, vinur minn,“ Bergþóra bað.

Barnið þó ei vildi samþykkja það.

„Gráttu' ekki, amma mín,“ gegndi hann skjótt,

„ég get ekki skilið við ykkur í nótt.“

Heill sé þér, Þórður, því hrein var þín dyggð,

hrein var þín saklausa, barnslega tryggð.

Með hugrekki leiðst þú hið logandi bal.

Nú lifir þín minning í barnanna sal.

Ingibjörg Benediktsdóttir (1938)

heimildamanna að konur héldu lífandi munnlegri þjóðsagnaherð sem lagði gjarnan áherslu á önnur gildi og hugmyndir en hinar blóði drifnu fornsögur (enda var hún í mörgum tilvikum litin hornauga af húsbóndavaldinu).

Heimildamenn Þjóðminjafnsins hafa svipaða sögu að segja. Margir þeirra telja að annað lesefni en Íslendingasögur hafi mótað sig í uppeldinu, ekki síst ævintýri, ýmsar barnabækur og skáldverk nútímahöfundna. Maður úr Vestr-Baðastrandarsýslu (f. 1917) segir: „Það var lítið lesið af Íslendingasögum, mér hefur alltaf þótt þær leiðinlegar, ég fór snemma að lesa skáldsögur, eftir Laxness, Gunnar G[unnarson], Jón Trausta, Kristm[ann] og fleiri“ (þþ 11315). Og þó er eins og Njála skipi sérstakan sess, jafnvel meðal þeirra sem gefa lítið fyrir Íslendingasögurnar almenn. Kona úr Reykjavík (f. 1914) sem þykir sögurnar leiðinlegar bætir við að hún hafi lesið Njálssögu á sínum yngri árum, „mér fannst gaman að lesa hana“ (þþ 11327). Í heild sinni eru viðbrögð Íslendinga við þessari viðfrægu sögu raunar of fjölbreytileg til að hægja sé að kortleggja þau með einföldum hætti eftir því hvenær og hvar lesendur eru fæddir og hvers kyns þeir eru. Ljóð Ingibjargar Benediktsdóttur um Þórð Kárason, sem birtist í ljóðabókinni *Frá afálul – til Aðalstrætis* árið 1938, er til áminningar um það. Þar er sonur Kára Sölmundarsonar vegaamaður fyrir það hugrekki og þá tryggð sem hann sýndi þegar hann kaus að fara með öfa sínum og ömmu í Njálss-brennu (sjá rammagrein).

Eftir því sem líður á þessa bók munum við þó vonandi öðlast skýrari mynd af þeim viðhorfsbreytingum sem reykja má sérstaklega til flurnings stórs hluta þjóðarinnar frá afdöllum til Aðalstrætis og annarra gatna höfuðborgarinnar. Leitast verður við að varpa ljósi á hvernig íslenskir menntamenn sem fæddir eru um og eftir aldamótin glímdu við bókmenntaafinn og endurskilgreindu hefðbundnið inntak hans og söguhetjur. Eins og ég vék að í upphafi þessa kafla, var Halldór Laxness þar framfarlega í flokki. Athyglisverðar hugleiðingar hans frá árinu 1939 geyma til að mynda hólmgöngu hans við Gunnar á Hlíðarendna, þá „skáldsögupersónu [. . .] sem verið hefur einkar ássæl í landi og átt ekki lítinn þátt í að skapa okkur mynd af sjálfum okkur – eða villa okkur sýn um sjálfa okkur“. Halldór lítur á persónulýsingu Gunnars „sem sígilt dæmi um íslenskan raunseisskort“:

Skáld Njálu gerir Gunnar bónda í íslenskum dal, „hann bjó að Hlíðarendna“. Vegna stöðu hans í sögunni treystir höfundur sér ekki til að gera hann goðorðsmann né höfðingja, ekki einu sinni ætstóran mann, hann er aðeins venjulegur íslenskur miðlungsbóndi austur í Fljótshlíð, og hefur enn ekki framazt utan síns héraðs, þegar byrjað er að lýsa ágætum hans. Þess vegna hlýtur maður að reka upp stór augu við lýsingu þessa bóndamanns. Til að samhæfa hann hlurverki sínu í sögunni, færir höfundur hann í búning, sem birtir erlendir tizkumyndir samtíðarinnar [. . .]. Þannig er fjöldinn af glæsimeinum okkar sígildu bókmennta ópersónulegar riddaramangerðir, sóttar í franskari fyrirmyndir þátímans, og hafa aldrei átt skylt við íslenskt líf; þær samsvara því, að í nútímaskáldsögu íslenskrí væri flugkappi eða karlstjarna úr Hollywood látin búa búi sínu á venjulegum íslenskum dalabæ. Ástsældir þessara manngerða meðal voru faldar í því, að þær birta íslenskan óskadraum; okkur skortir hæfleiða til að taka veruleikann hagkvæmum tókum [. . .].⁵⁴

Á þeim áratugum sem í hönd fóru rénuðu vinsældir slíkra „fransætraðra“ manngerða meðal þjóðarinnar, og hinn íslenski óskadraumur öðlaðist nýtt viðfang. Til að gefa hugmynd um þær breytingar sem áttu sér stað á þessum vettvangi er fróðlegt að glugga í niðurstöður könnunar sem Richard F. Tomason gerði á lestri og bókaútgáfu og ýmsum tengdum viðhorfum meðal almennings hér á landi árið 1971. Lagði hann spurningalista fyrir 100 manns á aldrinum tuttugu og eins árs til sjötugs. Í ljós kom að Íslendingar virtust miklir lestrarhestar á alþjóðlegan mælikvarða og ágætlega heima í bókmenntasöggunni; um níu af hverjum tíu gátu nafngreint a.m.k. fimm lífandi og fimm látna íslenska rithöfundna án þess að hika (þekking á erlendum höfundum var mun bágbornari). Níu af hverjum tíu nefndu Halldór Laxness þegar spurt var um lífandi höfunda, í næsta sæti var nafn Gunnars Gunnarssonar sem einn af hverjum tveimur nafngreindi. Af látnum höfundum voru þeir Davíð Stefánson, Jónas Hallgrímsson og Matthías Jochumsson ofiast nefndir, eða í um helmingi tilvikna.⁵⁵

Það kom Tomasson hins vegar nokkuð á óvart að fornsögurnar virtust ekki jafn ofarlega í huga íslensku þjóðarinnar. Aðeins einn af þeim hundrað sem tóku þátt í könnuninni nefndi einhverja fornsögu meðal rveggja síðustu bóka sem hann hefði lesið. Þá áttu æði margir í stökustu vandræðum þegar kom að því að tilgreina í hvaða fornsögu Helga hin fagra létu til sín taka. Aðeins ártján

af hundraði vissu að hún væri persóna í Gunnlaugs sögu. Helmingi fleiri vissu að Guðrún Ósvífursdóttur væri persóna í Laxdælu, þríf af hverjum fjórum gátu sagt til um að Gunnar á Hlíðarenda væri hetja í Njáls sögu og áttatíu og sex af hundraði að frá Gretti væri sagt í Grettis sögu. Best var útkoman þegar spurt var um Njal á Bergþórshvoli en þó voru níu í hópnun sem ekki vissu að hann væri söguhetja Njálu.

Áður en kom að þessum spurningum hafði Tomasson reyndar innt viðmælingu sína eftir því hvaða tveimur lífandi og hvaða tveimur látnum Íslendingum þeir bæru mesta virðingu fyrir. Umfalsverður hluti hópsins var ekki reiðubúinn að svara þessum spurningum en niðurstaðan var þó óvítætt sú að rithöfundar og listamenn væru hátt skrifaðir hjá þjóðinni. Af látnum Íslendingum voru stjórnmálaskörungrarnir Jón Sigurðsson, Bjarni Benediktsson og Ólafur Thors að vísu í þremur efstu sætunum en fyrir neðan þá máttu meðal annarra finna skáldin Hallgrím Pétursson, Davíð Stefánsson, Jónas Hallgrímsson, Hannes Hafstein, Einar Benediktsson, Snorri Sturluson og Stein Steinarr, ásamt Einari Jónssyni myndhöggvara. Lítið fór fyrir fornsagnahetjum á þessum lista. Tveir nefndu að vísu Leif Eiríksson og einn Gunnar á Hlíðarenda en þar með er það upptalið. Þegar kom að lífandi mönnum voru rithöfundar og listamenn áfram áberandi. Í níunda til tólfta sæti sátu meðal annarra Sigurður Nordal og myndhöggvararnir Ásmundur Sveinsson og Ríkarður Jónsson. Skáldið Gunnar Gunnarsson var í sjötta til sjöunda sæti (ásamt Geir Hallgrímssyni borgarstjóra), en í þriðja til fjórða sæti sat Jóhannes Kjjarval listmálari (við hlið Sigurbjörns Einarssonar biskups). Í öðru sæti var forseti Íslands, Kristján Eldjárn, en á toppnum trónaði Halldór Laxness. Þrjátíu og fjögur prósent þeirra sem svöruðu nefndu nafn hans (s. 143–45). Rétt er að velja athygli á að konur komust ekki á blað í þessari könnun, en nánar verður vikið að stöðu kvenna í þessum mikla karlaheimi í næsta kafla.

Enda þótt rannsókn Richards Tomasson geti vart talist vísindaleg og úrtakið sé lítið bendir niðurstaða hans til þess að árið 1971 hafi höfundurinn tekið við af hejgunni sem höfuðpersóna menningarsögunnar. Og árið 1987 fer ekki á milli mála hvaða höfundur er í aðalhlutverki í þeirri sögu. Hinn 23. apríl það ár ávarpar forseti Íslands, frá Vigdís Finnbogadóttir, Halldór Laxness á hátið í Þjóðleikhúsinu í tilefni af 85 ára afmæli skáldsins. Vigdís rifjar þá upp sögubrot

úr *Íslandsklekunni* þar sem Arnas Arnæus líkir sannleikanum við „fjall í Kínninni fyrir norðan, sem heitir Bakrángi ef maður sér austaná það, Ógaungufjall ef maður stendur fyrir vestan það, en utanaf Skjálfaða kalla sjófarendur það Galta“.⁵⁶ Vigdísí þykir eins og Halldór Laxness sé þarna lífandi kominn; hann hafi bæði kennt okkur að sjá sannleikann úr mörgum áttum en einnig hafi hann sjálfur:


[. . .] dálitinn svip af íslenskum fjöllum. Ekki aðeins Ógöngufjalli, Bakranga og Galta heldur einnig ýmsum öðrum. Eins og þau gnæfir hann yfir og við dæmst að honum – frá mörgum sjónarhornum. Eins og þau er hann kvikur – við fyrstu sýn fastur fyrir og óbreytilegur en við nánari kynni kvikur af innblæstri, líklegur til alls.⁵⁷

Vigdís spyr síðan hvaða íslenskt fjall Halldór minni mest á – er það Herðubreið, Hekla, Esjan, Móskaðshnjúkar, Drápuhlíðarfjall, Snæfellsjökull? – en niðurstaða hennar er að hann minni á þau öll en þó öðrum fremur á Helgafell, fjallið þar sem „geta ræst óskirnar þrjátíu ef menn hafa til að bera þá einbeitingu og aga sem þarf til að nálgast þær með virðingu og ganga hljóðir upp“. Þannig fjall segir Vigdís Halldór hafa verið sér og sinni kynslóð: „Fjallið sem unnið hefur til tignarheitisins FJALLIÐ EINA.“

Í niðurlagi ávarpsins hnykkir Vigdís á þessum samruna Halldórs og íslenskrar náttúru þegar hún þakkar honum fyrir að hafa kennt Íslendingum að horfa nýjum augum á landið. En hún þakkar honum enn fremur fyrir að hafa kennt þeim að sjá drottningu í hverri konu, „hvort sem hún heitir Salka Valka, Ástra Sóllilja, Snæfríður, Uglá, Úa [. . .] Sókrates í íslenskum afdalakörtlum og organistum“ og auk það orðstír þjóðarinnar erlendis. Síðan segir hún: „Þú hefur gefið okkur mikið, því þú hefur gefið okkur mynd okkar sjálfra. Þú hefur opnað augu okkar fyrir því hver við erum.“ Samkvæmt þessum vitnisburði forseta Íslands falla margbrotin mynd Halldórs Laxness, ásjónur íslenskra fjalladrottninga og sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar saman í eitt líkneski, þær eru ólíkar hliðar eins og sama fyrirbæris. Orð Halldórs sjálfs um að Gunnar á Hlíðarenda hafi skapað okkur mynd af sjálfum okkur – eða villt okkur sýn um sjálf okkur – virðast fallin úr gildi.

2. KAFLI

Réttarhöldin yfir Hallgerði langbrók



Brjefspjald

24/12 '28.

Bestu jólaóslur
frá möggu og hefa.
Ófundar þín
Helgi Gunnar af
því, sem þema
er að grast, og því,
sem á eftir þar?

Helgi Gunnar, Rík



Herra

frá Þórtarson

Heimaskólanum.

400

MANNI VERÐUR ÓSJÁLFRÁTT hugsað til sögunnar af stráknum og Búkollu: Gunnar Hámundarson á í vök að verjast, óvinir hans hafa undið þakið af skálanum á Hlíðarenda og einum þeirra auðnast að höggva í sundur bogastreng herjunnar – Gunnar mælir þá til konu sinnar, Hallgerðar Höskuldsdóttur:

„Fá mér leppa tvo úr hári þínu og snúðu þið móðir mín saman til bogastrengs mér.“ „Liggur þér nokkuð við?“ segir hún. „Líf mitt liggur við.“ segir hann, „Því að þeir munu mig aldrei fá sóttan meðan eg kem boganum við.“ „Þá skal eg nú.“ segir hún, „muna þér kínnhestinn og hirði eg aldrei hvort þú verð þig lengur eða skemur.“ „Hefir hver til síns ágetis nokkuð.“ segir Gunnar, „og skal þig þessa eigi lengi biðja.“ Rannveig mælti: „Illa fer þér og mun þín skömm lengi uppi.“ (77. kafli)

Í næstu málsgrein er Gunnar drepinn.

Rannveig, sem þarna kemur við sögu, er móðir Gunnars og er ekki ofsagt að ummæli hennar um tengdadótturina hafi reynst áhrifSORð. Fáar kvenpersónur íslenskra bókmennta hafa verið jafn illa þokkaðar af þjóðinni og Hallgerður langbrók. Helstu heimildir um óvinsældir hennar eru vísur og bálkar frá fyrri öldum en eins og Matthías Johannessen rekur í riti sínu *Njála í íslenskum skáldskap* eru ádeilukvæðin um Hallgerði einkum frá tímabilinu 1700 til 1850.¹ Sé gluggað í þennan kveðskap má finna ýmis meitluð fúkyrði um húsfreyjuuna á Hlíðarenda. Þannig telur Þorvaldur Magnússon að Hallgerður sé „dygðarlaus og lyndissár“² höfundur vísu sem varðveitt er í einu pappírshandriti sögunnar gefur henni einkunnina „eintræðis-meinskæð“³ og séra Sigurður Ketilsson á Skeggjastöðum yrkir: „Hallgerður, full flærðar, / fól versta, ól lesti“⁴. Þessa andúð má vafalítið rekja til þeirrar hefðbundnu herjudýrkunar er fjallað var um í síðasta kafli, enda virðist neikvætt mat skáldanna á Hallgerði standa í öfugu hlutfalli við aðdáun þeirra á Gunnari á Hlíðarenda. Gunnar er

fulltrúi fullkominnar karlmennsku – eftirlætishetja Þjóðarinnar um aldaradur – en Hallgerður verður holdtrekja alls hins versta í kvæðlinu; fláráð, lostafull og jafnvel göldrótt. Pappírshandrit af Njálu frá átjándu öld geymir til að myndast erindi þar sem Hallgerður er hrakrytt fyrir að hafa ginnst hetjuna og borið ábyrgð á falli hennar.⁵ Ekki er heiftin minni í löngu kvæði sem séra Gunnar Pálsson þar um Gunnar. Ekki er heiftin minni í löngu kvæði sem séra Gunnar Pálsson yrkir um nafna sinn frá Hlíðarenda, líklega laust fyrir 1740. Þar talar klerkurinn um Hallgerði sem geðstírða þútu og fagurskinnu flagð sem hafi verið „fjandans tryllt af galdri“ og hann harmar að Gunnar skuli dreginn til ásta af henni: „Heldur skyldi hún í spað / hrófnun gefin þá.“⁶

Frá níjtjándu öld rekumst við meðal annars á Hallgerðarvísur eftir Gísla Konráðsson, en að mati Marthíasar Johannessen eru þær einhver þyngsti dómur sem íslenskt skáld hefur kveðið upp yfir Hallgerði. Gísli telur hana hiklaust „meður verstu kvinnum“ og segir um ráðahag þeirra Gunnars:

Gefinn þegar gribbu var
Gunnar listahvatur,
heita mátti um hana þar
hundi ofgefinn matur.

Rétt að vitni sögu syng
sögðu frá því vífi.
Seinast varð með svívirðing
sek í Gunnars lífi.⁷

Af tuttugustu aldar skáldum sem senda Hallgerði tóninn má nefna Guðmund Gunnarsson frá Tindum, en árið 1940 birtist eftir hann kvæði um hjónin á Hlíðarenda. Hallgerður er þar kölluð „fórað mesta og flagð“ en Gunnari er hampað: „Þjörg og fossar bergmálar / og brim við rætur landsins / svarta háðung Hallgerðar, / heiður afreksmannsins.“⁸

En Hallgerður á líka sína málsvara meðal skálda. Þar standa tveir menn í fylkingarþjósti: Brynjólfur Halldórsson prófastur á Kirkjubæ, sem orti a.m.k. tvö kvæði um Hallgerði á fyrri hluta átjándu aldar, og rímnskáldið Sigurður Breiðfjörð sem hélt uppi vörnum öld síðar. Séra Brynjólfur vill að Hallgerður njóti sannmælis og bendir á, í kristilegum anda fyrirgefningar og umburðar-

lyndis, að enginn hafi verið „svo allrar æru / án, og hlaðin smánum, / að ei mætti meður / manndyggð nokkur kannast“, ef vel væri að gætt.⁹ Sigurður tekur upp þráðinn í kvæðinu „Hallgerður langbrók“ sem birtist fyrst opinberlega árið 1839:

Nú má taka *Njálu* bók,
og nýja rannsókn gera;
löstum ekki *Löngu brók*,
látum svona vera!

Látum hennar líffernið
lítið á í tómi;
kannske einhvör vakni við,
og vægi hennar dómi.

Hún þó væri hefndagjörn,
og hjartað nokkuð baldið,
flestu held eg finnst vörn,
ef fallega á er haldið.¹⁰

Umræða Gísla Konráðssonar og Sigurðar Breiðfjörð um sekt, vörn og dóma bendir til að kvæði íslenskra skálda um Hallgerði séu í raun hluti aldalangra réttarhalda í máli hennar. Þar skiptast menn í verjendur og sækjendur en í kvíðlómi situr Þjóðin. Auk þess að vera þversnið bókmenntasögunnar, gefa þessi rímuðu skoðanaskipti okkur færi á að sannreyna þá kenningu um hetjuna og höfundinn sem lögð voru drög að í síðasta kafla. Ætla má að breytingar á viðhorfum Íslendinga til Gunnars á Hlíðarenda og annarra kappá séu samofnar mati þeirra á Hallgerði og meintri sekt hennar. Þá er ekki síður forvitnilegt að kanna hvort og hvernig vaxandi áhugi fólks, einkum þó fræðimanna og -kvenna, á höfundni Njálu hefur mótað málareksturinn á síðari áratugum.

Málarekstur

Fyrsta atriðið í máli ákærvaldsins gegn Hallgerði snýst um víg Þorvalds Ósvífurssonar, fyrsta eiginmanns hennar. Enda þótt Hallgerður vegi hann ekki sjálf, heldur Þjóstólfur fóstri hennar, telja ýmsir hana bera ábyrgð á vektkaðin-

um. Þeirra á meðal eru persónur í Njálu. Þannig ræður Hrítur, föðurbróðir Hallgerðar, Höskuldi að bæta Ósvífi sonarmissinn með þeim rökum að náði sé nef augum. Þegar Höskuldur biður Hrút að gera um málið jatar hann og segir: „[...] mun eg ekki hlífa þér í gerðinni því að ef satt skal tala þá hefir dóttir þín ráðið honum banann“ (12. kafli). Þórarinn Óleifsson tekur undir þennan dóm þegar Glúmur bróðir hans vill ganga að eiga Hallgerði. Loks kennir Bergþóra Skarphéindsdóttir Hallgerði um dráp Þorvalds í veislu að Bergþórshvoli, eins og vikið verður að hér á eftir. Meðal íslenskra skálda sem eru á sama máli og þau Hrítur, Þórarinn og Bergþóra er Lýður Jónsson á Skipaskaga en í kvæði hans um Hallgerði frá árinu 1826 segir um Þorvald: „Þennan gengu eymdir á / að Hallgerðar ráði. / Heiman fylgdi seggur sá / sem honum bana náði.“¹¹

Verjendur Hallgerðar staldra fyrst við hjónaband þeirra Þorvalds og benda á yrkir svo um ráðahaginn: „Hallgerður gullhærða, / góðættað fljóð, mætti / ofkúgun, ýð þegar / auðsvipti nauðgíftist.“¹² Sigurður Breiðfjörð slær á sömu strengi í kvæði sínu um Hallgerði: „Þorvaldur til bónoðs brá, / blóma rós að fanga; / nauðug mátti mærin þá, / með þeim biðli ganga“ (s. 12). Forvinnilegt er að bera orðin „gullhærða“ og „blóma rós“ úr kvæðum þeirra Brynjólfs og Sigurðar saman við kenninguna „þingjð forsílfraða“ sem Hallgerður fær í fyrirnefndu kvæði Lýðs á Skipaskaga. Loks má vitna í kvæði um Hallgerði eftir Óskar Magnússon frá árinu 1938 þar sem Höskuldur er víttur fyrir að hafa „selt“ dóttur sína með þessum hætti: „Því var ekki að undra þótt illa færi / er æskan fékk holundarsár, / og hamingju meyjjar og blíðu var blótrað / á blótstalla valda og fjár.“¹³

Í öðru lagi benda verjendur Hallgerðar á að Þorvaldur hafi beitt konu sína ofbeldi. Aðdragandanum er svo lýst í sögunni:

Hallgerður var fengsöm og stórlynd enda kallaði hún til alls þess er aðrir áttu í nánd og hafði allt í sukki. En er voraði var þar búskortur og skorti bæði mjöl og skreið. Hallgerður kom að máli við Þorvald og ræddi: „Eigi munt þú þurfa að sitja til alls því bæði þarf í búíð mjöl og skreið.“ Þorvaldur mælti: „Ekki fékk eg nú minna til bús en vant var og entist þá allt á sumar fram.“ Hallgerður mælti: „Ekki fer eg að því þó að þú hafir svelt þig til fjár og fadir þinn.“ Þá reiddist Þorvaldur og laust hana í andlituð svo að blæddi og gekk síðan í braut [...]. (11. kafli)

Skömmu síðar kemur Þjóstólfur til Hallgerðar og spyr hví hún sé svo illa leikin. Hallgerður segir honum það og bætir við: „[...] stóðst þú mér þá fjarri ef þér þætti nokkuð undir um mig“ (11. kafli). Þjóstólfur kveðst þá ætla að hefna þessa og stendur við það.

Í ljósi þessarar frásagnar leggur séra Brynjólfur Halldórsson sig eftir að skýra hvaða hvatir ráði gjörðum Hallgerðar; „von er þó vanæru / víst gilda sízt þyldi / hvímléiðum beim brúður, / bezt minnug hests kinnar.“ Sigurður Breiðfjörð rekur samskipti þeirra hjóna nákvæmar og bendir meðal annars á að Hallgerður hafi aldrei beðið Þjóstólf um að ráða bónda sinn af dögum:

Skort hún varð að þola þá,
því ei sæma vildi,
að vinnufólkið henni hjá,
horoð verða skylði.

Beiddi hún því bónda sinn,
bús að afla forða;
henni gaf hann högg á kinn,
og hafði slæmt til orða.

Þjóstólfur á Váldu vann,
við þá komst í færi;
en aldrei bað hún um það hann,
ánger mest þó bæri. (s. 12–13)

Dauði annars eiginmanns Hallgerðar, Glúms Óleifssonar, hefur ekki orðið sérstrakt tilefni ásakana á hendur henni. Forleikurinn er þó furðu líkur þeim sem er að vígi Þorvalds; Þjóstólfur kemur að Hallgerði grátandi eftir að Glúmur hefur drepit til hennar hendi. Munurinn er sá að Hallgerður harnar ósætti þeirra Glúms og bannar Þjóstólfi að hafast nokkuð að, en hann lætur ekki segjast. Verjendur Hallgerðar gera sér mat úr þessu hjónabandi, enda sýnir það hina ákærðu í jákvæðu ljósi. Séra Brynjólfur Halldórsson tekur upp eftir sögunni að hún hafi unnað vel þessum eiginmanni sínum og Sigurður Breiðfjörð kemst svo skáldlega að orði að sambúð þeirra Glúms hafi verið „yndis sumardagur“ á ævi Hallgerðar (s.13). Skáldin tvö benda einnig á að Hallgerður sendir föstra sinn rակleidis til Hríuts, föðurbróður síns, eftir víg Glúms og gerir

Hrútur sér lítið fyrir og drepur Þjóstrólf þegar hann hefur kynnt sér málavexti. Séra Brynjólfur segir að Hallgerður hafi „ráðkænut“ ráðið Þjóstrólfi bana með þessum hætti en Sigurður Breiðfjörð orðar sömu hugsun svo: „Hefndir framdi fóstra á / fljóð, og réði bana; / þessa væri þörf að gá / þeim, er niða hana“ (s. 13). Athyglisvert er að verjendur Hallgerðar „eigna“ henni þetta víg með svipuðum rökum og ákærendur hennar beita þegar þeir saka hana um að bera ábyrgð á dauða Þorvalds. Til samanburðar má minna á kvæðið „Þjóstrólf“ eftir Grím Thomsen, þar sem getð er tilraun til að skilja hvað að baki bjó þegar Þjóstrólfur réð Glúm af dögum. Í þessu kvæði er fóstri Hallgerðar aðeins einn af mörgum feigum karlmönnum sem leggja ást á hana.¹⁴

Næstu stórvíðburðir sem tengjast Hallgerði eru svonefnd húskarlavíg en þau hefjast eftir að hún hefur gift Gunnari á Hliðarenda og sendir Kol, verkstjóra sinn, að drepa húskarl Njáls og Bergþóru, Svart að nafni. Gunnar bætir Njáli Svart en Bergþóru þykir ekki nóg að gert og sendir annan heimamann sinn til að veða Kol. Þannig gengur þetta um hríð og liggur fjöldi vaskra manna í valnum áður en þeim húsfreyjum þykir nóg að gert. Flestir ákærendur Hallgerðar kenna henni um húskarlavígin en gera lítið úr sök Bergþóru. Í áður-nefndu Hallgerðankvæði segir Lýður Jónsson frá Skipaskaga að Hallgerður hafi espað menn til víga og átt upptök ófriðar: „Við Bergþóru vakti jag, / var hún þó kvendið spaka; / óvinsældar ár og dag / átti klípu staka.“ Svipaða afstöðu tekur Vestur-Íslendingurinn Magnús Markússon árið 1924 í kvæðinu „Gunnar á Hliðarenda“: „Hallgerður á Hliðarenda / harðráð þórti, flá og köld, / marga drengi lét hún lenda / lágt í mold til Heljar senda, / víðræk urðu vígafjöld.“¹⁵

Hjá Magnúsi kemur ágætlega fram hvernig Hallgerður getur í raun talist *famme fatale* íslenskrar bókmenntahefðar. Í huga margra karlskáldanna, ekki síst þeirra sem yrkja á síðari hluta nírtjándu aldar og á fyrri hluta þeirrar tuttugustu, virðist hún vera ómótstæðilegur kvendjölfull sem banvænt er að leggja lag sitt við. Þannig lýsir Grímur Thomsen henni í „Gunnars-rímu“ sinni: „skapforn, / fögur sýnum, beggja blends, / ung norm“.¹⁶ Jakob Thorarensen ytkir í svipuðum anda í kvæðinu „Hallgerðarhaddur“: „Hún björtust var kvenna, / með brosin hlý; / en bjarttöfrum hennar / fólst voðinn í.“¹⁷ Bergþóra, til samanburðar, er vel þokkuð af þeim skáldum sem um hana yrkja á þessu

„Hann átti vonda konu“

Gunnar var milkill maður og sterkur, allra manna vígfmastur og íþróttamaður hinn mesti. Á yngri árum var hann erlendis og framaðist mjög í þeirri ferð. Gunnar var einnig góður maður og tryggur, en hann átti vonda konu, er var fríð sýnum og hjét Hallgerður langbrók. Af hennar völdum komst hann í langvinnar deilur og vígafarli. [...] Þeir Gunnar og Njáll voru hinir mestu vinir, en þó voru þeir í mörgu ólífri. Njáll var eigi íþróttamaður eins og Gunnar, en hann var hinn mesti spekingur og gófugmenni. Kona Njáls hjét Bergþóra, kvenskörungur hinn mesti, trygg og drenglynd, en nokkuð skaphörð.

Bogi Th. Melsted, *ur kennslubók í Íslandsögu (1907)*

tímabili; hún er hin tryggja eiginkona sem fylgir bónda sínum í eldinn með þeim fleygu orðum: „Eg var ung gefin Njáli og hefi eg því heitið honum að eitt skyldi ganga yfir okkur bæði“ (129. kafli). Grímur Thomsen umorðar þessa einu setningu í þremur erindum (alls 24 línur) í kvæði sínu „Íslenskar konur frá söguöldinni“. Húsfreyjan á Bergþórshvoli segir þar að líf án Njáls yrði ósköp vesælt: „Vil eg ei, sem ösp á hóli / angaslitin, greinabrotin, / standa' uppi ein á auðu bóli, / yndisvana, mátrarprotin [. . .]“.¹⁸ Bergþóra er látin slá á erótískari strengi í ljóði Jóhanns Frímanns þegar hún rifjar upp að sér hafi ofi áður þótt notalegt að krjúpa við eldinn og draga „með Njáli á höfuð sér feldinn“. Segist hún í heitu báli Njálsbrennu hátta „örugg með æskubrosi, / því ung var eg gefin Njáli“.¹⁹ Andlát hennar er Gretari Fells innblástur hliðstæðra hugleiðinga í kvæðinu „Bergþóra undir banafeldi“:

Þá varstu, Bergþóra, bezt og mest,
er bóndanum fylgdirdu í eldinn,
og yfir margan þú breiddir brest,
er breiddirdu yfir þig feldinn!

Á örlagastund hélt ástun þín
og andlegur þróttur velli.
Þinn banafeldur var brúðarlín
og bjartari hverju pelli!²⁰

Á hinn bóginn er athyglisvert að hlutfallslega fá kvæði hafa verið ort sérstaklega um Bergþóru; þrátt fyrir eldheita ást sína til Njáls hefur hún greinilega ekki sama eggjandi aðdráttaraf á íslensk karlskald og húsfreyjan á Hlíðarenda.

En snúum aftur að húskarlavígum. Málsvörn Hallgerðar gagnvart ásökunum um um ábyrgð á því langdregna blóðbaði byggist á þeirri óvirkingu sem henni er sýnd í fyrsta skipti sem hún heimsekir hjónin á Bergþórshvoli. Þau Gunnar eru þar gestkomandi þegar Helga, son Njáls, ber að garði ásamt konu sinni Þórhöllu:

Þú gekk Bergþóra að pallinum og Þórhalla með henni og mælti Bergþóra til Hallgerðar: „Þú skalt þoka fyrir konu þessi.“ Hún svarar: „Hvergi mun eg þoka því að engi hornkerling vil eg vera.“ „Eg skal hét ráða,“ sagði Bergþóra. Síðan settist Þórhalla niður. Bergþóra gekk að borðinu með handlaugar. Hallgerður tók höndina Bergþóru og mælti: „Ekki er þó kosta munur með ykkur Njáli. Þú hefir karnagl á hverjum fingri en hann er skegglaus.“ „Satt er það,“ sagði Bergþóra, „en hvortgi okkurt gefur það öðru að sök. En eigi var skegglaus Þorvaldur bóndi þinn og réðst þú þó honum bana.“ „Fyrir lítið kemur mér,“ segir Hallgerður, „að eiga þann mann er vaskastur er á Íslandi ef þú hefnir eigi þessa Gunnar.“ Hann spratt upp og steig fram yfir borðið og mælti: „Heim mun eg fara og er það maklegast að þú sennir við heimamenn þína en eigi í annarra manna húbýlum enda á eg Njáli marga sæmd að launa og mun eg ekki vera eggjanarfíll þitt.“ Síðan fóru þau heim. (35. kafli)

Sigurður Breiðfjörð ræðir þessi samskipti ítarlega í Hallgerðarkvæði sínu, en bendir þó fyrst á hvernig Njáll hafi spilt „sæmdarorði“ Hallgerðar þegar Gunnar sagði honum fyrst af samdrætti þeirra. Hallgerður hafi í raun aldrei verið velkomin á Bergþórshvol:

Bergþórshvol, þá veislan var
veitt með litlu hóli,
Hallgerður var hrakin þar
hæversk burt af stóli.

Bergþóra með brigslin vest
beisku hreiði sinni;
Gunnar sjálfur mælti mest
móti konu sinni.

Margt svo fleira milli bar
menja fyrir láðum;
báðar voru beisklyndar,
og beittu hrekkja ráðum.

Mjög er vant að meta, hvað
mest hvör hreiði þínu;
hvörugri var heiður að
hátralagi sínu.

Enda þótt Sigurður dragi þarna fram sök allra aðila, er niðurstaða hans sú að húsfreyjan á Bergþórshvoli hafi átt upptökin: „*Bergþóra* nam byrja þó / brögðin heiptar stinnu, / þegar úr sæti sínu dró / sæmdar bóndans kvinnu“ (s.14).

Eitt alvarlegasta ákæruatriðið í máli Hallgerðar virðist snúast um aðild hennar að ostþjófnæði. Aðdragandinn er sá að þröngt er í búi á Hlíðarenda og leitar Gunnar þá eftir því að kaupa mat og hey af Otkatli Skarfsýni í Kirkjubæ. Otkell hefur ekki áhuga á slíkum viðskiptum en býður Gunnari að kaupa af sér þrælinn Melkólf. Gunnar gerir það og fer á brott við svo búið. Ekki vitum við hvað Hallgerði þykir um þessi viðskipti en næst þegar Gunnar ríður til þings sendir hún Melkólf til Kirkjubæjar í vafasömum erindagjörðum: „Þú skalt stela þaðan mat á tvo hesta og hafa smjör og ost en þú skalt leggja eld í útibúrið og munu allir ætla að af vangeymslu hafi orðið en engi mun ætla að stolið hafi verið“ (48. kafli). Þrælinn er tregur til en lætur undan hótunum Hallgerðar, rænir búrið á Kirkjubæ og brennir það síðan. Gunnar verður mjög reiður þegar hann kemst að raun um hvað hefur gerst. Gerir hann tilraun til að bæta Otkatli skaðann en án árangurs. Fara samskipti þeirra svo að Gunnar drepur Otkel og menn hans. Þeir atburðir og fleiri deilur, sem Hallgerður á ekki þátt í, leiða að lokum til vígs Gunnars.

Ýmis skáld hafa núið Hallgerði um nasir að hafa lagt á ráðin um ferð Melkólfs til Kirkjubæjar. Séra Sigurður Ketilsson segir að Hallgerður sé „kostsljónvust, ostþjófur“ og Gísli Konráðsson yrkir í svipuðum anda: „Fólsk og stolt var faldarún, / fylgdist öll að vömmín. / Þar að auki þjófsk var hún; / það var meiri skömmín.“²¹ En nú bregður svo við að fátt er um varnir meðal helstu stuðningsmanna Hallgerðar. Séra Brynjólfur Halldórsson segir þannig: „Á lesti

þótti Langbrók gjörn, / er lífs varð margra skaði, / flestu má þó finna vörn / að fráteknum þjófnæði.“ Sigurður Breiðfjörð er einnig ósáttur við aðild Hallgerðar að þjófnáðinum en hann beinir athyglinni hins vegar að þeim viðbrögðum sem Gunnar sýnir við þetta tækifæri. Við skulum byrja á því að rifja upp vitnisburð Njálu:

Nú ríða menn heim af þingi og ríðu margir til Hlíðarenda. Hallgerður bar mat á borð og kom innar ostur og smjör. Gunnar vissi slíks matar þar ekki von og spurði Hallgerði hvaðan það kæmi. „Þaðan sem þú mátt vel eta,“ segir hún, „enda er það ekki karla að annast um matreiðu.“ Gunnar reiddist og mælti: „Illa er þá ef eg er þjófsnautur“ og lýstur hana kinnhest. Hún kvaðst þann hest muna skyldu og launa ef hún mætti. (48. kafli)

Sigurði þykir sem Gunnar hefði getað gegnt Hallgerði „með hægri orðum“ frammi fyrir gestunum:

Grimd hans yfir borðum brann,
en betur mundi farið,
í einrúmi ef hefði hann
hana sneypst og barið.

Högg og smán þar hrepi sprund,
horfði á gesta líðið;
það var von í þúngri lund
þetta hefði sviðið. (s. 14–15)

Rímnaskáldið er með öðrum orðum ekki að mæla gegn heimilisofbeldinu; hann bendir einungis á að það hefði verið æskilegra að halda því leyndu fyrir gestum. Sigurður virðist telja Hallgerði hafa brotið illa af sér með því að láta ræna búið í Kirkjubæ og þar með átt kinnhestinn skilinn.²² Svipaðs viðhorfs gætir í kvæði Gretars Fells, „Kinnhestinum“ frá árinu 1946, en þar spyr skáldið meðal annars: „Ætli að mundi ei sérhver kona, / jafnvel skírð og kennð við Krist, / ef hún væri ei einhver rola, / illa bóndans kinnhest þola – / í gesta sinna víðurvist?“²³

Enda þótt Gretar lýsi málavöxtum frá sjónarhóli Hallgerðar og áfelli Gunnar fyrir tímasetningu kinnhestsins þá ver hann ekki ostþjófnáðinn sjálf-an. Það gerir Jón Mýrdal hins vegar í kvæðinu „Hallgerður í búrinu“ frá 1873,

en þar er þjófnáðurinn réttlættur með hliðsjón af matarskortri á Hlíðarenda og getuleysi Gunnars í samskiptum við Okkel. Hallgerður hefur orðið: „Svelta má jeg nú heima hjer, / já hungur liggur fyrir mjer, / og hörmung allra handa; / aflarögðin ei ganga greitt, / Gunnar skeitir um ekki neitt, / ein má jeg í því standa.“²⁴ Hallgerði Jóns Mýrdal þykir einnig sárt að hjónin á Bergþórshvoli skuli lifa í allsnægtrum og er skapi næst að stela matföngum frá Njáli. Hún fellur þó frá þeirri hugmynd í síðasta erindi kvæðisins: „En það jeg aldrei framkvæmt fæ, / finn líka að í Kirkjubæ, / nauðsyn er nú að fara. / Stela þar mat en brenna búr, / borga Ortkeli svörin klúr / og illt við hann ekkert spara“ (s. 99–100).

Eins og kom fram í upphafi þessa kafla launar Hallgerður Gunnari kinnhestinn þegar hún neitar honum um hár í bogastreng. Kinnhesturinn og dauði Gunnars eru því nátengdir viðburðir í huga flestra sem um þá yrkja. Hér má nefna til dæmis eitt elstra Njálukvæði sem varðveitt er, fornan sagnadans um hjónin á Hlíðarenda. Þar er einungis fengist við þessi tvö atvik sögunnar og mikið lagt upp úr því hve fallega Gunnar hafi beðið frú sína um lokkinn: „Ljáu mér hár þitt fina / í bogastrengi mína. // Ljáu mér hár þitt góða, / nú stár mitt líf í voða. // Ljáu mér hár þitt, laukana, / nú liggur mitt lífið á.“²⁵ Hallgerður neitar þessari beiðni með því að minna Gunnar á kinnhestinn en viðlag kvæðisins – „Betur unni Brynhildur Hringi“ – gefur til kynna að höfundur hafi ekki þótt hún elska mann sinn nægjanlega. Það er sláandi að þera beiðni Gunnars í sagnadansinum saman við þá mynd sem Sigurður Breiðfjörð gefur af þessu síðasta samtali þeirra hjóna í Hallgerðarkvæði sínu: „Boginn þegar brostinn er, / býður hann fljóði sínu / fylulega: *fá þú mér / flíksu úr hári þínu*“ (s. 15). Meira að segja kostgripurinn Búkolla hefði átt bágt með að játa svo durgslegri beiðni.

Geðrannsókn

Við erum nú nokkru nær um það hvernig íslensk skáld rökræddu um persónu Hallgerðar Höskuldadóttur á átíjándu, nírtíjándu og fram á miðja tuttugustu öld, en ætla má að þessi umræða endurspegli að einhverju leyti þau skoðanaskipti sem fylgdu gjarnan í kjölfar upplesturs á fornritunum í íslenskum baðstofum fyrr á tímum. Kveðskaparhefðin kemur a.m.k. vel heim og saman við þá

lýsingu sem vínað var til í síðasta kafla: „[. . .] er hlé varð á lestrinum ræddu menn um efnið; urðu þá alloft skiptar skoðanir manna, og þegar um sögur var að ræða, héldu menn á víxl með söguhejnum“ (HK 1:5). Umfang Hallgerðar, arkivæðanna gefur vísbendingu um hve mikilvæg persóna Hallgerður er í íslenskrí bókmenntasögu. Raunar má færa viss rök að því að hún, fremur en bóndi hennar, sé aðalpersónan í fyrri hluta Njálu þar sem við fáum skýra mynd af henni á undan öðrum lykilpersónum og fylgjumst með henni í tveimur hjónaböndum áður en vikið er að persónu Gunnars og þar með aðdragandanum að þriðja hjónabandi hennar. Mikill meirihluti þeirra skálda sem að henni dregst allt fram yfir síðustu aldamót lítur hins vegar á hana sem andhvetju, eiturtnák í paradís hetjuskaparins.

Líkt og í umfjöllun minni um hetjudytkunina í síðasta kafla er ástæða til að vekja athygli á að málareksturinn hefur til þessa einskorðast við karlmenn, enda lítið sem ekkert varðveitt af eldra efni um Hallgerði eftir kynsystur hennar. Þær konur sem láta sig málið opinberlega varða á þessari öld eru hins vegar undan- tekningalítið á bandi Hallgerðar; þær hafa dýpkað þann málflutning sem séra Brynjólfur Halldórsson, Sigurður Breiðfjörð og fácin önnur karlskald höfðu uppi á átjándu og níjándu öld. Hér má nefna til dæmis ljóðið „Hefnd Hallgerðar“ frá 1941, en þar nálgast Guðfinna Jónsdóttir frá Hömrum frásögnina af vígi Gunnars með svipuðum hætti og Sigurður í kvæði sínu. Kinnhesturinn er dropinn sem fyllir mælinn hjá Hallgerði og réttlætir viðbrögð hennar við beiðni Gunnars um hárlökkinn:

En vegur hans og virðing hennar
voru ei sömu lögum fellid.
Kappa þeim hún þola mátti
þungan kinnhest, smáð og hrellid.
Allt, sem mjúkt í brjósti bærdist,
brann þá kvíkt við hægán eld.²⁶

Svipuð afstaða kemur fram í ljóðinu „Kinnhestur“ eftir Guðrínu Árnadóttur frá árinu 1949 – „ef þér sviður högg af vinar hendi, / þá hverfa rök“ – en kveikja ljóðsins virðist vera almennt viðhorf samtímans (væntanlega karlmanna fremur en kvenna) til Hallgerðar: „enn í dag ei annað þykir sæma / en einum rómi hennar gjörðir dæma.“²⁷

Eins og flestir aðrir verjendur leggja þær Guðfinna og Guðrún sig fram um að lesa á milli línanna í sögunni og skýra hvaða tilfinningar eða hvatir búa að baki gjörðum Hallgerðar. Jón Mýrdal fór þá leið á níjándu öld að yrkja fyrir munn kvenhetjunnar og það sama gerir Rósa B. Blöndals í kvæðinu „Eintal Hallgerðar Höskuldsdóttur“ frá árinu 1933. Hallgerður situr úti við á mildri morgunstund, væntanlega á efri árum, og les lífsbók sína. Rifjar hún meðal annars upp að í æsku hafi henni verið sagðar sögur af fornum víkingum, sögur sem hafi kennt henni „að hrópa“ á hefnd, / því heitjulund er engin rög, / en sá varð smár í orði og efnid, / sem aldrei þekkti víkings lög“.²⁸ Í þessu erindi bendir Rósa á að margt það sem menn hafi fordæmt í fari Hallgerðar séu viðurkennd einkenni hinnar sígildu karlhetju. Megináherslan í kvæðinu er þó lögð á tvö fyrstu hjónabönd Hallgerðar, sem áföllist föður sinn fyrir að hafa gefið sig Þorvaldi: „Hann beygði stolttrar dóttur dug, / hann dró mitt vald í hendur sér. / Það vakti fyrsta haturs hug / og hefndarþorsta í brjósti mér.“ Þykir Hallgerði sem Höskuldur hafi drýgt „sálarmorð“ með því að kúga sig á þennan hátt, þá aðeins fimmtán ára gamla (s. 74–75).

Þessi hefð, að lesa á milli línanna í Njálu, er reyndar einnig sterk í ýmsum lausamálstextum. Má í því sambandi minna á nýlega bók Rósu, *Leyndar ástir í Njálu*, þar sem athyglin beinist sérstaklega að hranalegri framkomu hjónanna á Bergþórhvoli í garð Hallgerðar. Leiðir Rósa getum að því að þau Njáll og Bergþóra hafi haft hug á að eignast Gunnar á Hliðarenda fyrir tengdason og því kunnað Hallgerði liular þakkir fyrir að ginna hetjuna í hjónaband.²⁹ Þeir verjendur hennar sem fylgja þessari innsæishefð sækja þó besta efnivið sinn til fyrstu myndarinnar sem Njála bregður upp af Hallgerði. Hríútur, föðurbróðir hennar, er í heimsókn í Hjarðarholt:

Höskuldur árti sér dóttur er Hallgerður hét. Hún lék sér á gólfi við aðrar meyar.
Hún var frið sýnum og mikil vexti og hárið svo fagurt sem silki og svo mikið að það tók ofan á belti. Höskuldur kallar á hana: „Far þú hingað til mín,“ sagði hann. Hún gekk þegar til hans. Hann tók undir hókuna og kysssti hana. Síðan gekk hún í braut. Þá ræddi Höskuldur til Hríúts: „Hversu líst þér á mey þessa, þykir þér eigi fögur vera?“ Hríútur þagði við. Höskuldur talaði til annað sinn. Hríútur svaraði þá: „Ærið fögur er mér sjá og munu margir þess gjalda. En hit veit eg eigi hvaðan þjófsaugu eru komin í ætir vorar.“ Þá reiddist Höskuldur og var fát um með þeim bræðrum nokkura hríð. (1. kafli)

Meðal íslenskra kvenskálda sem leggja út af þessari lýsingu er Guðrún Jóhannsdóttir, en í kvæði eftir hana frá árinu 1940 hefur Hallgerður orðið:

Beiskja er yfir bernsku minni,
blóðug und í vitundinni
ekki gleymist einu sinni.
Augun skær við þjófsmál kennd,
fyrsta eiturorin send.
Þessi orð af þungum mætti,
þau voru inn í hugann brennd.³⁰

Guðrún lýsir hér ábyrgðinni á skapferli Hallgerðar og framkomu á fullorðinsárum á hendur Hróti. Það sama gerir Vilborg Dagbjartsdóttir í ljóði frá árinu 1992 sem ber titilinn „Þjófsaugun“, nema hvað þar er skyggnst dýpra og fundin hugsanleg skýring á því *af hverju* augnaráð Hallgerðar er flóttalegt þegar faðir hennar kyssir hana fyrir framan Hróti. Ástæðan er meðal annars sú að Hrótur hefur gefið henni andstyggilega flík, „langbrók“.³¹

Í kvæðum Guðrúnar og Vilborgar byggist málsvörn Hallgerðar á sálrænum forsendum; látið er að því liggja að persónuleiki og lífshlaup kvenheijunnar móttist af tilteknu arviki úr æsku hennar. Sá höfundur sem gengið hefur einna lengst í þessa átt er þó hvorki ljóðskáld né kona heldur lækurinn Óttar Guðmundsson, en hann „analísar“ Hallgerði og fleiri samferðamenn hennar í kaflanum „Þekkt kynlífsvandamál úr Íslendingasögum“ í *Íslensku kynlífsbókinni* sem út kom árið 1990. Ólíkt kvenskáldunum leggur Óttar ekki mesta áherslu á þátt Hróts í persónumótun Hallgerðar heldur samband hennar við föður sinn og Þjóstölf:

Hallgerður virðist ákafllega órugg stúlka sem þráir ástúð föður síns, en fær hana ekki. Hún telur að sér hafi verið hafnað af honum, þegar hann gefur hana Þorvaldi. Hún virðist leita á náðir Þjóstölfis, þegar faðir hennar sýnit henni ekki þá blíðu sem hún óskar eftir. Margir fræðimenn hafa túlkað orðaskipti Þjóstölfis og Glúms og órúlega sterkar tilfínningar Hallgerðar og Þjóstölfis sem svo að kynferðislegt samband hafi verið milli þeirra. Slík samskipti milli hennar og föstru hennar hafa fyllt hana enn frekara óryggi, spennu og sektarkennd.³²

Læknirinn skýrir framkomu Hallgerðar með þessari sektarkennd sem hafi magnast eftir að Þjóstölfur var dreppinn og sett mark sitt á hjónaband þeirra Gunnars.

Þjófsaugun

Hann færði öllum gjafir
þegar hann kom – líka krókkunum

Móðir hennar tók við gjöfunum
og útdældi þeim

Allir voru ánægðir með sinn hlut
Nema hún

sem fékk andstyggilega flík
eitthvað sem karlinum hafði áskotnast
í utlöndum fyrir löngu

Eingin hertlend stúlka gengi í slíkri dlu

Krakkarnir stungu saman nefjum

Láfi flissaði:
Gerða fékk langbrók!

Móðir hennar hastaði á þau
en of seint

orðið hékk í loftinu
og myndi hér eftir loða við hana
eins og slímugur kóngulóarvefur

Hvað hún hataði karlfjandann

Þarna sat hann á tali við föður hennar
hvímandi flóttalega út undan sér
litlum rauðspregdum glyrnum

Hún fann kámuft augnaráð hans hvíla á sér
hvert sem hún snéri

Nú kallaði faðir hennar

Vilborg Dagbjartsdóttir (1992)

Hann mælir með því að hjónin á Hlíðarenda læri að tjá sig um eigin tilfinningar og sýna hvort öðru nærgætni og innileika: „Gunnar verður að skilja að Hallgerður þarf á honum að halda og hann verður því að sýna henni fullan stuðning og taka afsöðu með henni“ (s. 181–82).

Umræða Ótrars er til marks um hvernig viðhorf og orðræða hvers tíma móta afstöðuna til Hallgerðar og annarra persóna Njálu. Á átjándu öld er hún sökuð um galdra en við lok þeirrar tuttugustu virðist liggja beinast við að kanna fyrst hvort hún hafi verið misnotuð af föður sínum eða frænda og kenna henni síðan „að tjá sig um tilfinningar sínar“. Sagan af breytilegum viðhorfum Íslendinga til Hallgerðar er þannig þráður í íslenskrí hugmyndasögu; fordæmingin sem hún mátti þola um aldir var annars vegar tengd dálæti (karl)mannna á Gunnari og þeirri hejnumynd sem hann var fulltrúi fyrir og hins vegar fastmótuðum hugmyndum (karlveldis)samfélagsins um stöðu og skyldur kvenna, ekki síst innan hjónabandsins. Sú uppreisn æru sem Hallgerður hefur fengið á síðari tímum tengist fallandi gengi hejunnar, sem rætt var um í síðasta kafla, kröfum um aukin réttindi kvenna og síðast en ekki síst því að raddir íslenskra kvenrit höfunda hafa farið að hjjóma opinberlega. Ég hef ekki enn rekist á ljóð eftir konu sem lýsir yfir sekt Hallgerðar. Og það sem meira er um vert; svo virðist sem íslensk karlskáld hafi að mestu hætt að hreyta í hana ónotum eftir að Guðmundur Gunnarsson frá Tindum kallaði hana „forað mesta og flagð“ árið 1940. Þau vatnaskil sem orðið hafa í opinberum viðhorfum til kvenmyndar Njálu koma óbeint fram í kvæði Ágústínu Jónsdóttur, „Voða“ frá árinu 1994 þar sem vísað er til fleygra orða Bergþóru í Njálsbrennu:³³

Vildi
ég væri
ekki
konan
sem ung var
gefin

Nýleg greinaskrif í kvenfrelisritmaritinu *Væru* gefa þó til kynna að hefðbundnar Hallgerðardeilur eigi ennþá framtíð fyrir sér. Kveikja umræðunnar var grein

eftir Kolfinnu Baldvinsdóttur sem bar titilinn: „Vár Hallgerður langbrók fyrsti íslenski feministinn?“ Kolfinna ræðir þar um þann dóm sem karlveldið hefur fellt yfir Hallgerði en fer að dæmi Guðrúnar Árnadóttur og fleiri kvenskálda og snýr vörn í sókn:

Það skín í gegn hve heimskur Gunnar var. Sjálfur hafði hann drepð á annað hundrad manns, fyrir meiri völd, en var samt alltaf að væla yfir því, ekki mikil karlmennska það. Hallgerður beitti hins vegar klókindum, til þess eins að verja sinn eigin rétt. Gunnar var pikkaður út til að vera körlum fordæmi. Hann var gerður að heju á kostnað Hallgerðar. Ef hann væri uppi í dag myndi hann æfa handbolta eða vera dýravörður í Ömmu Lú en Hallgerðunum fer sífellt fjölgandi og þær láta ekki kalla sig frekjur, þær eru feministar.³⁴

Í næsta tölublaði *Væru* birtist svar Gísla Ásgeirssonar kennara. Honum þykir lítið til greinar Kolfinnu koma (hann líkir henni við skólaritgerð), segir málflutninginn einkennast af rangfærslum og svarar lið fyrir lið sumum röksemdum um Kolfinnu. Hún svarar Gísla fullum hálsi á sömu opnu; skoðanaskipti þeirra bergmála Hallgerðarkvæði fyrir og síðar, nema hvað Kolfinna vegur æði djarflega að þeirri hejmyrkun sem Gunnar á Hlíðarenda naut um aldir.³⁵

Standa réttarhöldin yfir Hallgerði Höskuldsdóttur þá enn yfir í vitund íslensku þjóðarinnar án þess að endanlegur dómur hafi fallið? Áður en þeirri spurningu verður svarað er nauðsynlegt að kanna með hvaða hætti færslan frá hejgunni til höfundarins, sem reifið var í lok síðasta kafla, hefur haft áhrif á málflutninginn.

Dómsorð

Ljóst er að vaxandi efasemdir manna um sagnfræðilegt gildi Njáls sögu og fleiri Íslendingasagna tengdust Hallgerðardeilum snemma, eða strax í títtnefndu Hallgerðarkvæði Sigurðar Breiðfjörð frá árinu 1839. Sigurður brýtur þar blað í Njálukveðskap þegar hann losar Hallgerði undan ábyrgð á dauða Gunnars á þeirri forsendu að frásögn sögunnar af bogastrengnum geti ekki verið sannleik-anum samkvæm. Hann nefnir tvenns konar rök máli sínu til stuðnings: Í fyrsta lagi sé mannhár ekki gott efni í bogastrengi, í öðru lagi hefði Gunnar getað nælt sér í það sem hann vanhagaði um:

Eg um það í efa geng,
aðsóknin þó biði,
að brúðir hefðu bogastreng
búið til af liði.

Hefði Gunnari hlíta þótt
höfuðs snúið reifi,
lokkinn mundi hann sjálfur sótt
og sýslað fátt um leyfi.

Niðurstaða skáldsins er að handritum Njálu sé ekki treystandi í þessu efni, einhver andskoti Hallgerðar hafi vélað þarna um eftir að sagan var fyrst skráð: „Af þessu og öðru þykir hætt, / því í sagna kveríð / einhvört hafi inni bætt, / sem illgjarn hefir verið“ (s. 15).

Áþekkar efasemdir um vitnisburð Njáluhandrita gera vart við sig í erindi sem Einar Hjortleifsson, síðar Kvaran, flutti um konur í Íslendingasögum í upphafi aldarinnar, nema hvað þar er það frásögn sögunnar af þjófsaugunum sem Einar þykir ótrúverðug; „við getum gengið að því vísu, að það sé munn- mæla-tilbúningur síðari tíma. Hróttur var alt of mikið ljúfmenni og trúðmenni til þess að láta sér slíkt um munn fara um saklaust barnið – þó að hann hefði eitthvað séð.“³⁶ Magnús Sigurðsson, sem birti ítarlega málsvörn Hallgerðar í *Tímartiti Þjóðræknisfélags Íslendinga* árið 1931, er sama sinnis og Einar hvað þetta snertir en hann efast ennfremur um fleiri atriði sem varpa skugga á minningu húsfréyjunnar á Hlíðarenda, t.a.m. frásögnina af ostþjófnáðinum alræmda. Rekur Magnús öll slík atriði í sögunni til óvandaðra slúðurbera sem fengið hafi bjagaða mynd af rás viðburða frá öfundarfólki Hallgerðar, ekki síst heimilisfólki á Bergþórshvoli. Þessi bjagaða mynd hafi orðið hluti hinnar munnlegu sagnahéðar og síðar hins ritaða texta Njálu.³⁷

Það sem einkennir þó Sigurð, Einar, Magnús og fleiri höfundar frá þessu tímabili – þeirra á meðal er Hermann Jónasson sem fjallað verður um í næsta kafla – er að þrátt fyrir efasemdir um einstök atriði frásagnarinnar eru þeir sannfærðir um að þeir atburðir sem þar er greint frá hafi í megindráttum átt sér stað. Matthías Johannessson vakti athygli á þessu einkenni í bók sinni um *Njálu í íslenskum skáldskap* árið 1958 og bætti við að ekkert kvæði væri til, „þar sem

sagt er, að sagan sé heilaspuni og skáldskapur“.³⁸ Slíkar hugmyndir höfðu hins vegar verið viðraðar í óbundnu máli fyrir miðja öldina, þeirra á meðal af þeim Halldóri Laxness og Einari Ólafi Sveinssyni, óvefngjanlegum Njálusérfræðingi þjóðarinnar. Því er vert að spyjja með hvaða hætti þessir tveir menn nálguðust Hallgerðardeilur.

Þeirri spurningu er fljótsvarað í tilviki Halldórs; hann tekur einfaldlega ekki þátt í þjarkinu. Þess í stað afgreiðir hann þá siðferðilegu umræðuhéð, er réttarhöldin yfir Hallgerði tilheyra, sem barnalega rökleysu. Þetta gerir hann í fyrrnefndum „Minnisgreinum um fornsögur“ á þeirri forsendu að orlagatrúin sé höfuðkjarni íslenskra fornrita, persónur sagnanna hafi ekki frjálsan vilja og því sé ekki hægt að „dæma“ þær fyrir það sem þær gera:

Ef vér tókum Brennunjalssögu, [...] þá sjáum vér fljótt hve fjarri það er skáldinu að gæða persónur sínar hinu guðfræðilega frjálsræði, kunnu úr Fyrstu Mósebók, til að velja hið góða og hafna hinu illa [...]. Siðferðilegir dómar um Njáluper-sónur verða barnalegir og hlægilegir. Maðurinn hlýtur eingin himnesk laun fyrir sín góðu verk og hann er ekki ábyrgur hermdarvetka sinna gagnvart æðri mættar-völdum, verk hans voru kosin honum, ásköpuð, og eingi má sköpum renna.³⁹

Til frekari staðfestingar bendir Halldór á að vitrir menn sjái fyrir alla helstu atburði sögunnar, áheyrandi hennar sé því beygður undir þá kenningu „að eingu verði breytt af þeim hlutum sem fram skulu koma, [...] frá þeirri stund er Hróttur sér þjófsaugu í Hallgerði lángbrók úngri heima að Höskuldsstöðum uns höfuð hins síðasta brennumanns, þeirra er kallaðir voru í draumi Flosa, nefndi tíu og fauk af bolnum í silfurkaupum suðrá Bretlandi“ (s. 38).

Einar Ólafur Sveinsson fer áþekka leið og Halldór í sinni umfjöllun – hann bendir á að túlkendur fyrri tíma séu fullbarnalegir í túlkun á sögunni þar sem þeim lást að meta hana sem höfundarverk. Í kafla um Hallgerði í bók sinni *Á Njálshúð*, sem út kom árið 1943, segir Einar Ólafur meðal annars:

Á síðastliðinni öld og fram að síðustu heimssyrjöld smábreyddist út, einkum meðal vitrari og góðviljaðri manna, sá hugsunarháttur, sem kemur fram í hinum alkunnu frönsku orðum: *Tout comprendre est tout pardonner*, að skilja allt er að fyrirgefa allt. [...] Menn gerðust fúsir að skilja og fyrirgefa og afsaka. [...] Tíðarandinn veitir þeim mönnum byr undir báða vængi, sem voru sama sinnis

um Hallgerði og Sigurður Breiðfjörð. Ofi verður gangur málsins á þessa leið: Fyrst er löngunin til að hreinsa hana, sýkna hana. Frá því sjónarmiði er sagan lesin og allt lagt út á betra veg, leitað allra afsakana, sem fínanlegar eru, þar með t. d. uppeldi, umhverfi, samkvæmt hinni vanalega náttúralistisku aðferð. Þetta er nú allt gott og blessað. En svo þegar sagan sýnir andstæðan skilning á einhverju arvíki, er meira kapp lagt á að laga skýringuna á því eftir fyrirframskoðuninni heldur en hana eftir skilningi sögunnar, og ef það tekst ekki, er sagan óðarra sökuð um grunnfáran og rangan skilning [...].⁴⁰

Einar Ólafur vísar í þessu sambandi til áhrifafrákrar ritgerðar eftir norska skáldið Hans E. Kinck um Hallgerði frá 1916 og kveður hana hafa mótað margt það sem skrifað hafi verið um persónur Njálu síðan,⁴¹ en ofangreind lýsing fellur m.a. einkar vel að aðurnefndri grein Magnúsar Sigurðssonar. Sjálfur segir Einar Ólafur útilokað að öðlast nokkra mynd af Hallgerði bak við heimildirnar; lesandinn verði fremur að nálgast texta sögunnar „eins og lækni, sem reynir að öðlast sem réttasta skoðun á sjúklingi og lætur ekki sínar villa sig“ (s. 101).

Við höfum séð með hvaða hætti Óttar Guðmundsson fylgdi þessum ráðleggingum í *Íslensku kynlífisbókinni*, en frumdrögin að sjúkdómsgreiningu hans má e.t.v. finna í *Á Njálsbúð*. Líkt og fleiri staldrar Einar Ólafur við frásögnina af þjófsaugunum og fullyrðir að lýsingin á fundi þeirra Hróts og Hallgerðar feli í sér „innri sannindi“ um blendið ættirni og uppeldi stúlkunnar. Hann fjallar einnig um áhrif Höskuldss og Þjóstölfss á skapferli Hallgerðar; sá fyrirnefndi hafi æst upp stórlæti hennar með eftirlæti sínu en sá síðarnefndi ortkað á „Stranda-mannaþáttinn“ í skapi hennar. Niðurstaðan er á þá leið að Hallgerður hafi að vísu ekki verið „gjálfr kona eða daðurgjörn“, en eins konar dekurrofa: „Hún venst á að fá hverja ósk sína uppfyllta og láta eftir hverri löngun sinni“ (s. 103). Nú gæti einhver freistast til að bera þessi ummæli saman við elstu Hallgerðar-kvæðin, en þá verður að gæta að því hvernig Einar Ólafur er í gjörvallri bók sinni að gegjast yfir öxlina á hinum ókunna höfundi Njálu. Hann ræðir ekki um Hallgerði sem raunverulega, sögulega persónu heldur sem vel gerða per-sónulýsingu og það er á þeirri forsendu sem hann fullyrðir að við verðum að meta frásögn Njálu eins og hún er – „mannlífsmyndina, listaverkið“ (s. 100).

Til að varpa frekara ljósi á þennan mun á afströðu Einars Ólafs og skáldanna

Skerjála fornsögunnar

Á einum bæ í dalnum sá ég mynd af Hallgerði langbrók uppá þili, dregna upp með blýanti. Að minstakosti stóð nafn þessarar alsherjar skerjálu fornsögunnar undir figúrumyndinni. Konan var alsektki fríð sýnum; í rauninni líkust mynd af blökkukonunni Júlíu Paströnu sem var látin sýngja um allan heim af því hún hafði stórt skegg auk þess sem hún var dvergur. En handgerð mynd hreif mig svo við fyrstu sýn að þær fáu prentuðu myndir eða litprentuðu sem við áttum féllu gersamlega í áliti hjá mér; handgerð strík í blýantsteikningu foru langt með að gerbreyta afstöðu minni til sjónarheims. Uppúr þessu fór ég að reka augun í önnur listaverk sem kanski hefðu dulist mér hefði ég ekki verið vakinn til listrænnar meðvitundar af Hallgerði langbrók alias Júlíu Paströnu. [...] Eftir að ég sá ljótu myndina af Hallgerði langbrók sem ólærður maður hafði gert, vildi ég óður og uppvægur fara að teikna sjálfur; ég hlaut að geta það einsog þessi kall, ef ekki betur;

Halldór Laxness, Í túninu heima (1975)

sem ortu um Hallgerði er tímabært að kynna til sögunnar grein sem Helga Kress birti árið 1977 um karlmennsku og kvenhatur í Njálu. Í upphafi vísar Helga til þeirra orða Einars Ólafs í *Á Njálsbúð* að Njáls saga sé karlmannarit, en þá ályktun dragi hann af „ómildi“ höfundar í garð kvenna. Helga segir þetta hárrétta ályktun en telur að Einar Ólafur láist að skoða þessa ómildi í tengslum við hugmyndaheim verksins í heild. Slik athugun leiði í ljós að afstaða sögunnar til kvenna standi í beinu sambandi við karlmennskuhugtak hennar, „og að í þessu felst einn meginþáttur í hugmyndafræði verksins og stjórnanndi afl í framvindu þess“.⁴²

Viðkomandi ummæli Einars Ólafs eru í kaffa sem fjallar um mann lýsingar sögunnar og spretta að nokkru leyti af samanburði á Njálu og Laxdælu. Fyrri athugasemdin er hluti af svohljóðandi efnisgrein:

Njáls saga er karlmannna rit. Ekki svo að skilja, að höfundur hugsar sér engar konur meðal áheyrenda, fjarrí því. En hún er skrifuð með sjónarmiði karla, í henni birtist skilningsleysi karls á konu – og líka skilningur: svo að það er ekki alveg víst

nema það standist á, hvað vinnst og hvað tapast. Sagan á ekki til mildi Laxdælu og nærfærni í garð kvenna. Höfundur Njálu er frekar sáttegnar maður, en sagan nefnir þó aðeins eina konu, sem letur ófriðar.⁴³

Siðari athugasemdin er einnig hluti af efnisgrein þar sem Einar Ólafur gefur höfundu Njálu lyndiseinkunn:

Þó að kvenþjóðin þærist eiga nokkrar sakir á hendur höfundi sögunnar fyrir ómildi hans, þætti mér ekki ólíklegt, að þær sakir yrðu gefnar upp, þegar hún ihugar, hve stórfélldar og glæsilegar og merkilegar myndir af konum hann hefur gert í myndaverki sínu. (s. 87)

Með þessum orðum er ekki lengur verið að veita og meta sekt eða sakleysi Hallgerðar langbrókar. Máli hennar hefur í raun verið vísað frá og ný réttarhöld hafist; hinn stefndi er höfundur Njálu og ákæruefnið kvenhatur.

Einar Ólafur vill veita hinum ákærða sakaruppgjöf en Helga Kress er ekki á sama máli. Í grein sinni fer hún í saumana á karlmennskuhugtaki Njálu og því samfélagi sem sagan lýsir, en hún segir það birtast meðal annars í því hve háðulegt þyki þegar menn séu kenndir við „kvenlega“ eiginleika. Á hinn bóginn sé konum fundið það til foráttu að gera of mikið úr kynferði sínu. Í því sambandi rekur Helga hvernig fegurð Hallgerðar sé til umræðu í sögunni, en um leið sé fegurðin löstuð. „Ærið fögur er mær sjá og munu margir þess gjalda“, segir Hrútur við Höskuld bróður sinn í fyrsta sinn sem hann sér Hallgerði. Síðustu ummælin um hana í sögunni á hins vegar Skarphéðinn Njálsson sem hitir hana heima við á Grjóta nokkru eftir víg Gunnars. Hefur þá verið gefið í skyn, með tilvísun til sögusagna, að hún sé frilla Hirapps, eins mesta illmennis sögunnar.


Þeir Skarphéðinn ganga að neðan og gekk hann fyrstur, þá Kári, þá Höskuldur, þá Grímur, þá Helgi. En er þeir koma að dýrunum féllust þeim allar kveðjur er fyrir voru. Þá mælti Skarphéðinn: „Allir séum vér velkominir.“ Hallgerður stóð í anddyrinu og hafði ralað hljótt við Hrapp. Hún mælti: „Það mun engi mæla sá er fyrir er að þér séuð velkominir.“ Skarphéðinn mælti: „Ekki munu mega orð þín því að þú ert annaðhvort hornkerling eða púta.“ „Goldin skulu þér þessi orð áður þú ferð heim,“ segir Hallgerður. (91. kafli)

Helga Kress segir að orð Skarphéðins – sem sum karlskáldin taka upp eftir honum í kvæðum sínum – sýni „ekki aðeins höfundarafstöðuna til Hallgerðar, heldur einnig til þess að vera „púta“.⁴⁴ Þarna, líkt og í viðurnefni Hallgerðar, „langbrók“, megi greina „á táknrænan hátt og í hnotskurn, þau hugmyndafræðilegu viðhorf sem stjórna sögunni, og að kvenhatur Njálu er ranghverfan á karlmennsku hennar og heitjuhugsjón“ (s. 313). Helga gefur, með öðrum orðum, ekki mikið fyrir þær „stórfélldu og glæsilegu og merkilegu myndir“ sem Einar Ólafur telur Njáluhöfund hafa gert af konum í verki sínu.

Skarphéðinn og Hallgerður á hlaðinu á Grjóta, karlskáld og kvenskáld sem yrkja um Hallgerði á ólíkum tímum, Einar Ólafur Sveinsson og Helga Kress á akri fræðanna – í vissu tilliti virðist ekkert hafa breyst. Og þó blasir við að þau síðastnefndu hafi leitt aldalangt karkið um flagðið/fórnarlambið/feministann á Hlíðarenda inn á nýjar brautir. Jafnvel hér hefur höfundurinn tekið við af (and)hetjunni.

3. KAFLI

Skyggnir spekingar



Skýring á myndinni:

Kristján Kristjánsson Winnipeg, Manitoba, dáinn fyrir nokkrum árum (bróðir Björns Kristjánssonar alþingismanns), sendi mynd af sér til myndatöku miðils, og kom þetta fólk fram með mynd hans ásamt konu hans og tengdamóður. Þær þekkti ég vel; gætu myndir þeirra varla verið líkari þeim en þær eru.

Myndin á bak við er sagt að sé af Gunnari Hámundarsyni á Hlíðarenda, og hin til vinstri af Grími á Mosfelli. Vinir mínir hafa staðfest það, að þetta séu myndir af þeim, en eru búinir að gleyma hverjir ungu mennirnir voru. Kristján Kristjánsson kannaðist samt við þá.

Úr Bréfum frá Ingu III (1950)

EINAR ÓLAFUR SVEINSSON hefur rit sitt, *Á Njálshúð*, á lýsingu á Þingvöllum; fyrst eins og þeir líta út í samtímanum – „Rústir. Hleðsla halfsokkin í jörð“ – en síðan skoðar hann landslagið með þeim augum sem Njáls saga getur gefið lesendum sínum: „Minningar liðinna alda eru ekki lengur dauðir stafir á gamalli bók, rústin er ekki lengur sokkin grjóthrúga. Búðirnar standa um allt þingið eins og forðum, milli þeirra ganga menn og konur [. . .].“¹ Í kjölfarið lýsir hann þeirri stemningu sem kann að hafa skapast þarna um þingtímann á fyrri tíð og leiðir fram nokkrar helstu persónur Njálu: „Á þessum stað stóð hinn mikli spekingur, Njáll á Bergþórshvoli, hofði sínum skyggju augum á manngúa þingsins, skörpum augum, sem stundum ljómuðu af velvild og hjartahlýju, yljúðust af góðu gamni, stundum voru hörð og köld eins og stál, en stundum döpruðust af hugarkvöl“ (s. 3).

Lýsing Einaris Ólafs er innblásin og áhrifarík en eins og hendi sé veifað rýfur hann sefjunarblæjuna, bendir lesanda sínum á að þótt þessar sýnir virðist vera raunveruleikinn sjálfur þá hafi hann verið einhvern veginn allt öðruvísi. Fram á sviðið leiðir hann nýja höfuðpersónu, hinn nafnlausu höfund sögunnar, sem gengur milli búðanna á Þingvöllum og horfir yfir þingsaðinn af efri barmi Almagnagjár: „Sól skein á völlum, gola þaut í laufi, grasið gekk í bylgjum á þaki bóndans á Þingvelli – það var sama sól og nú. Hugurinn reikaði aftur, og tíminn varð villtur í sólskininu. Þriggja alda gamlir atburðir risu upp fyrir hugarsjónnum hans“ (s. 4).

Það er leikið skemmtilega með hugmyndina um skyggniáfu í þessum upphafskafla *Á Njálshúð*. Einar Ólafur dregur upp mynd af þremur skyggnum babúskudúkkum: Innst er Njáll sem sér fram í tímann, utan um hann hvelfist höfundurinn og sú hugarsýn hans af fortíðinni sem við köllum Njálu, og yst eru lesendur þess texta, þeirra á meðal Einar Ólafur sjálfur, sem líka eru eins konar sjáendur:

Ef til vill er Njálsbúð líkt farið og gröf Hamlets; að vísu er hér gömul búð, en mundi ekki nafnið stafa frá miklu listaverki, sem var svo máttugt, að menn sáu allt, sem þar var sagt frá, og urðu að finna því stað? Frá þessu listaverki, Brennu-Njáls sögu, eru allar hugarsýnir okkar hér runnar. Allt, sem draumspakir menn og sjáendur síðari tíma hafa séð úr sögunni: þeir hafa ekki vitað, hve djúpt áhrif hún hafði haft á þá. Jafnvel vísindamenn hefur hún gert að börnum. (s. 4)

Líkt og í umræðunni um Hallgerði langbrók hér að framan er fróðlegt að bera þessi orð Einars Ólafs saman við skilgreiningu Halldórs Laxness á hinum barbaríska heila sem vitnað var til í upphafi fyrsta kafla. Fræðimaðurinn er óneitanlega varkárari í máli en skáldið þegar kemur að því að andæfa „barnalegum“ lestri Íslendinga á sögunni, en í báðum tilvikum kveður við föðurlagan tón.

Það forvitnilegasta við lýsingu Einars Ólafs er þó að ummælin um „draumspaka menn og sjáendur síðari tíma“ eru ekki hreinreктаð myndmál, eins og ætla mætti við fyrstu sýn. Einar Ólafur er hér að vísa til sérstakrar hefðar í viðtökum á Njáls sögu sem kenna má við dulreina skynjun. Í þessum kafla verða kynntar nokkrar af helstu afurðum þessarar hefðar og skyggst eftir því hvernig þær falla að þeirri mynd sem við höfum þegar fengið af heitunni og höfundinum.²

Draummaður úr Mörk

Mörg dæmi um yfirmáturlega atburði er að finna í Njálu sjálfri. Njáll er forvitri, atgeir Gunnars á Hliðarenda syngur fyrir bardaga, Ámundi hinn blindi Höskuldsson endurheimtir sjónina stundarkorn og verður fær um að hefna föður síns. Þá gerast ýmis undur í tengslum við Brjánsbardaga. Áhrifaríkustu frásagnirnar af þessu tagi snerta þó líklega dauða vinanna, Njáls og Gunnars. Eftir Njálsbrennu þykja „stór jarregn í vera“ að líkamar hjónanna á Bergþórs-hvoli og Þórðar Kárasonar, dóttursonar þeirra, skuli vera svo gott sem óbrunnir (132. kafli). Gunnar kemur ekki síður á óvart eftir andlátíð þegar Skarphéðinn Njálsson og Högni Gunnarsson leggja leið sína að haugi hans: „Tunglskín var bjart en stundum dró fyrir. Þeim sýndist haugurinn opin og hafði Gunnar snúist í hauginum og sá í mót tunglinu. [...] Þeir sáu að Gunnar var kátlegur

og með gleðibragði miklu“ (78. kafli). Lætur Gunnar sig ekki muna um að yrkja vísu við þetta tækifæri.

Yngri vitnisburður um að Gunnar á Hliðarenda birtist eftirlifendum tengist rímu af Gunnari frá saujiánda öld. Í bók sinni um Jón Ólafsson úr Grunnavík fjallar Jón Helgason meðal annars um mannanafnatal Jóns sem varðveitt er í tveimur handritum og birtur hann þar eftirfarandi frásögn sem Grunnavíkurlingur Jón hefur skrifað uranmáls í öðru handritinu, til hliðar við nafnið Gunnar:

Þá Þorvaldur á Sauðanesi í Vöðlusýslu var að kveða rímur af Gunnari á Hliðarenda og hönum þótti sagan eigi vel útskýra hans skipnað og yfirlitu, vitraðist Gunnar honum á milli svefnis og vöku. Þá kvað Þorvaldur þessa vísu, sem hann ljét standa í rímunni; hún hljóðar so: Andlitsfagur, augnablár, / ásían fegurðin vaði, / rjetnefjaður, með rauðgult há, / rósir í kinnum hafði.³

Það verður reyndar að segjast eins og er að vísan bætir ekki miklu við lýsingu Njálu á Gunnari, en þar segir: „Hann var vænn að yfirliti og ljóslitaður, rétt nefið og hafði upp í framanvert, bláeygur og snareyгур og rjóður í kinnum, hárið mikið, gult, og fór vel“ (19. kafli).

Umtalsverðari viðbót við söguna kom hins vegar í leitirnar í febrúarmánuði 1912, en þá flutti Hermann Jónasson erindi í Reykjavík sem byggðust á sérkennilegum draumförum hans undanfarna áratugi. Erindin voru gefin út um haustið undir titlinum *Draumar*. Hermann var um þetta leyri hálfsextugur og bjó að fjölbreyttri lífsreynslu. Hann hafði lokið búfræðiprófi frá bændaskólunum á Hólum, stundað framhaldsnám í sömu grein í Kaupmannahöfn, stofnað og ritstýrt *Búnaðarritinu*, kennt við alþýðuskólann í Hléskógum og gegnt skólastjórastarfi búnaðarskólans á Hólum. Meðal áhugamála hans á þeim árum voru bættr aðferðir við slátrun og verkun á saltkjöti. Um hríð var hann ráðsmaður Hholdsveikraspítalans í Laugarnesi og sat ennfremur á Alþingi þar sem hann barðist meðal annars fyrir því að þegnskylduvinna yrði tekin upp hér á landi. Hermann Jónasson var með öðrum orðum þjóðkunnur maður þótt ef til vill hafi verið farið að halla undan fæti hjá honum árið 1912.⁴

Hermann hefur erindi sín á að biðja áheyrendur afsökunar á því að hann muni aðallega tala um sjálfan sig en viðfangsefnið bjóði ekki upp á annað. Hann segist fyrst og fremst ætla að ræða um einn sérstakan draum sem hann

skýrist mynd gestsins – hann „virtist kominn á sextugsaldur, fríður sýnum, góðmannlegur og drengilegur, alvarlegur og raunalegur á svip“ (s. 41) – og óvenjulegur uppruni:

Lagði hann ríkt á við mig, að eg yrði að vera rólegur og athugull, og mætti eg alls eigi verða hræddur. Eg sagði honum, að engin hættu væri á því, enda sæi hann enga hræðlu eða óróa á mér, þótt eg vissi, að nú ætti eg tal við dauðan mann. Hann kvað það rétt vera, en að eg vissi það eigi, að hann væri búinn að liggja í mold hátt á níundu öld. En eg skyldi ekki láta mér bregða að heldur. Eg kvað mér þykja því meira varið í að heyra frásögur hans, sem hann hefði verið lengur dauður. (s. 42)

Tilsvár Hermanns ber vott um að hann hafi ekki verið neinn veifiskati. Sú er þó ekki ástæða þess að draummaður vitjar hans heldur hitt að hann segist vita að Hermann hafi miklar mætur á Njáls sögu og sé henni kunnugur. „Ennfremur sagði hann, að eg tengdi margt í henni, og benti hann á allmörg atriði, sem eg hirði eigi að telja upp, er hann sagði, að eg hefði rétt fyrir mér. En mig vantaði að vita, hvað væri hið sanna“ (s. 42–43). Markmið hins aldráða gests er sem sagt að skýra Hermanni frá því hvað í Njálu sé satt og hvað logið.

Eins og ég ræddi um í fyrsta kafla mátu Íslendingar Njáls sögu og aðrar Íslendingasögur fyrir á tímum út frá sannleiksgildi þeirra. Það var þó ekki þar með sagt að allir hefðu alltaf trúað öllu sem í sögunni stóð. Í fyrsta kafla voru dæmi tekin af raunsæjum efasemdum Árna Magnússonar handritasafnara og Jóns Ólafssonar úr Grunnnavík og í kaflanum um Hallgerði langbrók bættust Sigurður Breiðfjörð og Einar Hjörleifsson Kvaran í þeirra hóp. En þótt þeir síðarnefndu trúðu ekki tilteknum atriðum Njálu voru þeir jafn sannfærðir um að handan við hina varðveittu frásögn mætti greina hina einu sönnu sögu, atburðina eins og þeir gerðust í raun og veru á sínum tíma. Hermann Jónsson fyllir þennan flokk hóflegra efasemdanna. Munurinn á fullyrðingum þeirra Sigurðar og Einars annars vegar og draumi Hermanns hins vegar er sá að Hermann er ekki að draga ályktanir út frá því sem teljast má sennilegt innan samhengis sögunnar eða samkvæmt lögmálum veruleikans. Hann hefur fyrir sér vitnisburð sjónarvortar, manns sem kveðst hafa þekkt persónur Njáls sögu af eigin raun:

dreymdi 19 árum fyrir en til að sanna áreiðanleika þess draums þykir honum nauðsynlegt að greina frá eldri draumum sínum. Á daginn kemur að Hermanni hefur frá því hann fyrst man eftir sér verið mjög betdreyminn og raunar litlu minni forvitri en sjálfur Njáll: „Bæri eitthvað sérstakt við næsta dag, gat eg vanalega sagt það fyrir. Og þrásinnis gat eg sagt að morgni, að þessi eða hinn kæmi um daginn og segði þessar og þessar fréttir, og gekk það eftir.“⁵ Þegar liður fram á unglingsár gætur Hermann sauðfénaðar öllum stundum og taka draumar hans þá að snúast mest um fjárgæymsluna og tíðarfarið og koma að góðu haldi. „Fyrir hvassviðri: söng eða hávaða, en fyrir hláku: litil hey eða hey eða margt fé. Fyrir hvassviðri: söng eða hávaða, en fyrir hláku: litil hey eða heyþrot, blóð eða vín“ (s. 5). Á þessu tímabili dreymir hann líka fyrir því hvar týndar ær er að finna og segir hann áhrifaríka sögu af því þegar hann, rétt um 11 ára aldur, gengur fálkælður í svefni út í norðanhrið og skafrenningi til að bjarga ánni Kolu úr moldargjótu sem fenn hefur yfir. Í annað skipti dreymir hann fyrir því hvernig hann megi sjálfur bjargast úr lífsháska, nylátmir menn vitja hans ennfremur og stundum líka þeir sem eru feigir.

Draumurinn sem viðkemur Njálu beið hins vegar skólastjóratiðar Hermanns að Hólum. Þar gerist það nálægt áramótunum 1892–93 að hann dreymir að til sín komi maður og greini sér frá því að ær í fjárhúsi sé að drepastrúr bráðafári og ennfremur hvernig eigi að lækna hana. Lýsing gestsins á veikindum skepnunnar stendur heima og lækning sú sem hann fyrirskipar ber tilætlaðan árangur. Tveimur dögum síðar vitjar sami maður Hermanns aftur: „Alt ber eins við. Eg þyktist heyra gengið inn í herbergið og að horninu að rúmgaflinum bak við höfðalagið. Komumaður spyr, hvort eg vaki. Eg segist hafa sofð, enda muni skamt liðið nætur, en eg hafi losað svefninn þegar hann kom inn“ (s. 40). Í þetta skipti er erindið ekki að bjarga sauðfé heldur segist draummaður þurfa að ræða „mjög langt, markvert og alvarlegt mál“ (s. 40); kveðst hann hafa birst Hermanni tveimur nótrum fyrir til þess að sannfæra hann um að orð sín væru ábyggileg.

Ekki er annað hægt en að dást að stigmögnun í sviðsetningu Hermanns á þessum atburði. Líkt og í lýsingu Njálu á fundi Skarphéðins og Högna við haugbúiann á Hlíðarenda er tungl á lofti þegar næturgesturinn kemur, „en þó eigi í fyllingu. Loft var alskýjað, en þó víða léttskýjað“ (s. 41). Smátt og smátt

Engum manni mun þó hafa gengið nær en mér örlög þeirra Skarphéðins og Höskulds, og svo brennan á Bergþórshvoli. Allir voru jafnkærir vinir mínir, og eg þeim jafnbundinn. Getur þú því skilið, að mér sé mjög ant um, að sagan sé rétt sögð og rétt skilin. Þótt langt sé nú frá líðið, virðist mér eg geta grátið enn blóðugum tárur, þegar eg hugsa til allra þeirra hörmulegu atburða. (s. 49)

Hermann dregur þá ályktun af þessum orðum að draummaður hans sé enginn annar en Ketill Sigfússon úr Mörk. Samkvæmt Njáls sögu var Ketill tengdasonur Njáls á Bergþórshvoli en jafnframt einn brennumanna þar sem hann átti harma að hefna við Njálssyni eftir að þeir höfðu drepið Þránín Sigfússon, bróður Ketils, og Höskuld Hvítanesgoða, en hann var sonur Þráins og jafnframt fóstursonur Ketils og síðar Njáls.

En hvað vill Ketill leiðrétta? Hann byrjar á að nefna nokkur atriði sem hann segist vita að Hermann áltíu ríng en sé þó rétt skýrt frá í sögunni. Meðal þeirra er hin umdeilda persónulýsing Hallgerðar og frásögnin af því þegar Þórður Káráson ferst með afa sínum og ömmu í Njálsbrennu. Á hinn bóginn sé mynd sögunnar af Höskuldi Hvítanesgoða fjari lagi, en fyrir því eru bókmennta sögulegar ástæður, að sögn Ketils. Sú Njáls saga sem síðari tíma menn þekki hafi verið samsett úr þremur eldri sögum – Gunnars sögu Hámundarsonar, Höskulds sögu Hvítanesgoða og Brennunar-Njáls sögu – sem allar byggðust á sönnum munnlegum frásögnum. Af þeim hafi Gunnars saga og Brennunar-Njáls saga varðveist nær óskemmdar en af Höskulds sögu hafi síðari hlutinn glatast. Þegar sögunum var steipt saman hafi reynst nauðsynlegt að skálda inn í og breyta ýmsu í þeim öllum, til að samræmi fengist. Og Ketill kann þeim sem það afrekaði litlar þakkir: „Sá, sem vann mest að þessu, var svo óvandaður, að brjála þannig ýmsum sannindum sögunnar. [. . .] Á hann því óþökk allra skilið og verðskuldar að nafn hans gleymist“ (s. 46).

Rétt er að geta þess að fræðimenn höfðu fram að þessum tíma deilt töluvert um það hvernig Njáls saga og ýmsar aðrar Íslendingasögur væru samsettar. Meðal helstu hugmynda um þetta efni var viðaukakenningin sem Einar Ólafur Sveinsson kallar svo og skilgreinir þannig „að allar Íslendingasögur séu meira og minna breyttar í afritum, varla sé nokkur saga til í frummynd sinni“.⁶ Það mun hafa verið Guðbrandur Vigfússon sem einna fyrstur hélt því fram, árið 1878, að varðveitt gerð Njálu væri samsett úr tveimur eldri sögum, Gunnars

sögu og Njáls sögu. Ýmsir fræðimenn tóku undir þetta viðhorf á næstu árum og áratugum en sumum sýndist að auki að frásagnir Njálu af kristnitökunni, Brjánsbardaga og jafnvel fleiri atburðum hefðu verið til sem sérstakar sögur eða þættir. Þá hafði einnig komið fram það viðhorf að Gunnars saga hefði aldrei verið til sem sjálfstæð saga heldur einungis þrjónuð framan við eldri sögu af Njáli. Rökinn fyrir þessum kenningum byggðust á samanburði á stíl einstakra hluta sögunnar og innra ósamræmi í tímatali og frásögn. Finnur Jónsson hafði talið upp fjölda slíkra atriða í bókmenntasögu sinni árið 1898 og í riti sínu um Njálu sem út kom árið 1904. Hann benti meðal annars á að sögð væru deili á sumum persónum oftar en einu sinni.

Draummaður Hermanns Jónassonar fer ekki ólíka leið og Finnur þegar hann færir rök fyrir tilvist sjálfstæðrar Höskulds sögu. Hann vekur athygli á að lýsing Njálu á Merði Valgarðssyni sé í mörgum atriðum ósennileg, til að mynda verði „sum klækjarað Marðar [. . .] að gerast þegar hann er barn að aldri“ (s. 47). Mesta áherslu leggur hann hins vegar á að persónulýsing Höskulds sé úr lausu lofti gripin og þá sér í lagi frásögnin af vígi Hvítanesgoðans. Hún er svohljóðandi í Njálu:

Skarphéðinn lagðist ekki niður um kveldið og ekki bræður hans né Kári. Þessa nótt hina sömu kom Mórður ofanverða. Tóku þeir þá vopn sín Njálssynir og Kári og riðu í braut. Þeir fóru þar til er þeir komu í Ossabæ og biðu þar hjá garði nokkurum. Væður var gott og sól upp komin. [. . .] Í þenna tíma vaknaði Höskuldur Hvítanesgoði. Hann fór í klæði sín og tók yfir sig skikkjuna Flosanaut. Hann tók kornkippu og sverð í aðra hönd og fer til gerðisins og sáir niður korninu. Þeir Skarphéðinn höfðu það mælt með sér að þeir skyldu allir á honum vinna. Skarphéðinn spratt upp undan garðinum. En er Höskuldur sá hann vildi hann undan snúa. Þá hljóp Skarphéðinn að honum og mælti: „Hirð eigi þú að hopa á hæl, Hvítanesgoðinn“ og höggur til hans og kom í höfuðið og féll Höskuldur á knéin. Hann mælti þetta við er hann féll: „Guð hjálpi mér en fyrirgefi yður.“ Hljópu þeir þá að honum allir og unnu á honum. (110.–111. kafli)

Draummaður gefur lítið fyrir þennan kafla, segir fráleitt að Höskuldi þyki varið í að vera gerður að dýrlingi sem lagt hafi á flotta undan Skarphéðni „og beðið fyrir sér og öðrum, er hann fékk banasárið. Nei, kristna trúin var þá ung, og hafði enn ekkert bolmagn á móti víkingsæðlinu hjá kappsfullum ofurhuga, eins

og Höskuldur var“ (s. 81). Þá segir hann að Skarphéðinn hafi ekki verið vanur að höggva svo slæga með Rimmugýgi í höfuð manna að þeir fengju ekki þegar bana.

Athugasemdir af þessu tagi eiga að varpa ljósi á hvað í varðveitri gerð Njálu sé upprunalegt og hvað sé uppspuni. Ketill úr Mörk lætur þó ekki þar við sitja heldur þylur hann Höskulds sögu Hvítanesgoða frá orði til orðs. Sagan tekur að sögn Hermanns um sjórar klukkustundir í flutningi draumnóttina að Hólum, en í þeirri gerð sem hann fellir inn í fyrirlestur sinn og prentar í *Draumum* er hún um 30 síður að lengd. Þessi texti er einkar skemmtilegur aflestrar og raunar fremur trúverðug viðbót við þá Njáls sögu sem við þekkjum.

Of langt mál yrði að greina frá öllum þeim atriðum þar sem frásögn Ketils bregður út af vitnisburði Njálu. Til sögunnar koma nýjar persónur, þar á meðal rógberinn Kjarvalur og ungur fóstri Skarphéðins, og nýir en þó kunnuglegir atburðir. Þannig er frá því sagt að hestur Njáls drepur niður fæti – líkt og hestur Gunnars á Hliðarenda við Gunnarshólma – með þeim afleiðingum að Njáll verður undir skepnunni og meiðist nokkuð. Sýnist honum fallið vera visbending um væntanlega áreksra þeirra Skarphéðins og Höskulds. Í allri frásögninni birtist Höskuldur sem kappsfullur ungur höfðingi og hann fellur einnig sem slíkur. Svo hljóðar lýsing Höskulds sögu á dauða hans:

Um nóttina ríðu þeir Njálssýnir og Kári og Mórður að Vörsabæ og biðu hjá garði við akurinn. Höskuldur kom snemma morguns á akurinn. Hann hafði yfir sér skikkjuna Flosanaut. Vopn sín bar hann í annarri hendi, en kornkippu í hinni. Þá spratt Skarphéðinn upp undan garðinum og mælti: „Nú skulum vér lúka málum vorum, Höskuldur“. „Vel er það“, svaraði Höskuldur, „og er eg þess albúinn“. Tekur hann þá vopn sín, og börðust þeir djarflega, og var Höskuldur hinn vígfimasti; eigi skifti þó mörgum höggum áður en Skarphéðinn höggur í höfuð Höskuldi með öxinni Rimmugýgi, svo að í heila stöð. Féll Höskuldur þegar dauður niður. (s. 79–80)

Endursögninni á Höskulds sögu lýkur með þessu vígi en í síðari fyrirlesturum sínum, þar sem Hermann fjallaði um eitt og annað sem tengdist Njáldraumum og fleiri draumum, skýrir hann frá því að samhlíða frásögn Ketils hafi hann séð ljóslifandi fyrir sér þá atburði sem greint var frá: „Draummaður minn stýrir áhrifunum með sögu sinni: en þar sem samtöl gerast, er eins og hann hverfi

eyranu, en þeir, sem talast við, komi í hans stað. Eg get því, nær sem eg vil, kallað mynd þeirra fram og heyrð samtál þeirra“ (s. 94–95). Til skýringar segir Hermann m.a. aftur frá hölmögngu þeirra Skarphéðins og Höskulds en í þetta skipti ekki með orðum Ketils heldur út frá þeirri „draumsjón“ sem fylgdi frásögninni:

Poka var í lofti og hægur og svalur norðan-andvari. Verjur höfðu þeir eigi aðrar en handbjargar og hjálma, en á þeim voru engar hjálmgírur. [...] Um fjöggra feta bil var milli þeirra. Skarphéðinn sneri til norðurs, og hafði hann hægri fót nær feti framar en hinn. Eigi haggadi hann þeirri stöðu fremur en bjargfastur væri. Hann horfði stöðugt í augu Höskuldi. Eg þóttist standa 10–12 fetum í vestr frá Skarphéðni. – Höskuldur sneri í suður og var hann kvikari en hinn. [...] Þegar þeir höfðu barist um sjöttung stundar, stefnir Skarphéðinn öxinni á vinstri öxl Höskulds og síðan utan á vinstri upphandlegg. Auðsætt var, að þessi högg voru eigi ráðin til bana. Þá brá öxinni sem leiftri beint fyrir andlit Höskulds, og því næst með svo miklum fimleik og hraða, að varla gat auga fest, ofan í höfuð hans og nam í heila staðar. Féll Höskuldur þegar dauður, en blóðið fossaði úr undinni. (s. 121–22)

Í srað hins hefðbundna sagnastíls Ketils einkennist þessi lýsing af smásmugulegri nákvæmni („fjöggra feta bil“, „sneri til norðurs“, „sjöttung stundar“) sem hentað geti í vísindaskýrslu eða kvikmyndahandriti. Að þessu leyri bregða erindi Hermanns í senn upp fornlegri og nútímalegri mynd af þeim þáttum Njálu sem til umfjöllunar eru.

Áður en draumleiðslan tekur enda biður Ketill Hermann um að gera frásögn Höskulds sögu öðrum kunna, „svo að eigi sé af sumum trúað röngum uppspuna, en af öðrum sé öll sagan rengd, af því að þeir finna, að sumt hlýtur að vera rangt í henni“ (s. 80). Hann gerir Hermann einnig ljóst að margir fyrri drauma hans hafi verið undirbúningur fyrir þennan, en svo virðist sem Ketill tilhefvi hópi framliðinna manna sem eru áfram um að leiðrétta varðveittan vitnisburð Njálu. Segir Ketill að „þeir“ hafi unnið lengi að þessu markmiði en á þeim tíma sem liðið hafi frá því sagan var skráð, „eigi fundið nema tvo menn, er tilrök væri að reyna við, en hvorugur þeirra dugði. Það eru nú liðin full 200 ár frá dauða hins síðara, og höfum vér á þeim tíma þó engan fundið fyr en þig. Á þét höfum vér byggt alt vort traust í þessu efni“ (s. 88).

Hve sterkur var hann?

Þá segir, að Gunnar var *mikill maður vexti og sterkur*. Hér er um tvo eiginleika að ræða, sem báðir eru í eðli sínu mælanlegir. Vér vitum undir eins nokkuð um líkamsstærð mannsins, þegar vér heyrum, að hann sé mikill vexti, því að vér höfum í huganum myndir af mönnum af ýmsum stærðum. [...] En nákvæma vitneskju um stærð mannsins fáum vér ekki með slíku handahófsmati og flokkun, sem á því er bygð, heldur með mælingu. Vér vissum meira um vöxt Gunnars, ef vér hefðum líkamsmál hans eftir nýjustu reglum mannfæðinnar í cm og mm, eins og Guðm. Hannesson hefur verið að mæla menn nú í háskólanum. Þær líkamsmælingar eru svo nákvæmar og margbrotnar, að myndasmíður, sem hefði slíkt mál af Gunnari, gæti mótað líkneskju hans í réttum hlutföllum. Um styrkleikann er líkt að segja. Kralta manns má mæla, og sérstök áhöld eru nú til að mæla handstyrk manna, fótastyrk og bakstyrk, í kílógrömmum. Þó sagan segi, að Gunnar væri sterkur, þá vitum vér ekki, hve sterkur hann var, hvort t.d. hann var sterkari en Sigurjón Pétursson eða Jóhannes Jónsson. Það gætum vér vitað, ef söguhöf. hefði sagt oss átak hans í kg.

Guðmundur Finnþogason, úr grein um mannlysingar (1925)

Ekki verður annað sagt en Hermann hafi staðið vel undir þessu trausti draumannsins. Fyrirlestrar hans vöktu umtalsverða athygli þegar þeir voru fluttir og eins þegar þeir voru gefnir út. Voru þeir endurprentaðir tvisvar, árin 1921 og 1937. Þegar litið er í ritdóma sem birtust um *Drauma* Hermanns vekur athygli hve jákvæðir þeir eru. Enda þótt gagnrýnendur leggi mismikinn trúnað á sannfræði frásagnarinnar þykir þeim bókinn skemmtileg aflestrar og allrar athygli verð. Þannig segir í ritfregni í *Sunnanfara* að óvíst sé hvort draumar hans séu sannir eða lognir, en þeir sem fáist við „dulspeki“ megi gjarnan gefa Hermann og draumum hans auga til að meta hvort eitthvað sé að marka þá: „Hermann er einkar ritfær og fer vel með málið, svo að mesta yndi er að lesa bókina. En séu draumar hans lognir er Hermann líka gott skáld, sem þá list ætti að temja sér meira en orðið er.“⁷ Svipaða umsógn fær bókinn hjá Björgu Þ.

Blöndal í *Eimreiðinni*, enda þótt hún telji Njáludrauminn léttan á metunum, „bæði vegna hins einkennilega ástands höf. og vegna þess, hve langt var um liðið, er höf. færði drauminn í letur“.⁸

Einar Hjörleifsson Kvaran skrifar allitarlega um bókina í *Ísaföld*. Hann vekur athygli á því að helsti „sálarfræðingur þjóðarinnar, dr. phil. Guðmundur Finnþogason,“ riti eftirmála ritsins og prófessor Haraldur Nielssson skrifi inn- gang og viðbæti við erindin og sjái að nokkru um útgáfuna. Bókin sé þannig „sungin sæmilega úr hlaði af hálfu mentamannanna“ og fagnar Einar því að höfundur geti gefið hana út „án þess að eiga á hættu nokkrar ofsóknir eða illmæll.“⁹ Sjálfur telur Einar að bókinn fái góðar viðtökur hjá almenningi, enda sé þetta eitt af þeim ritum sem allir menn á landinu verði að lesa. Það sé aftur á móti skaði að Hermann skuli ekki geta lagt fram vottfestar sannanir á forspár-draumum sínum og því hvermig þeir rættust. „Með því hefði að öllum líkindum fengist vísindalegt heimildarrit, sem frægt hefði orðið um allan heim.“ Hvað viðkemur Njáludraumnum tekur Einar fram að sér þyki ólíklegt að Ketill úr Mörk eða aðrir Njálu-menn hafi verið þar við riðni, þeim standi líklega á sama um hvort við höfum réttar eða rangar hugmyndir um það sem gerðist með þeim efni; það sé til dæmis ljóst að frásögn draumanns af vígi Höskulds sé miklu sennilegri en hliðstræð frásögn í Njálu.

Enn er að geta umfjöllunar um drauma Hermanns norðan heiða. Fijótlega eftir að bókinn kom út skrifaði þjóðskáldið Matthías Jochumsson grein í *Norðurland* þar sem hann segir rit Hermanns stórmerkilegan og nýjan viðburð í bókmenntum vorum „enda talandi tákni vorra tíma (með „6. skynvitið“ og „4. rúmálið“ auk alls spíritismans)“.¹⁰ Ekki er ljóst hve mikilli kaldhæðni Mat-thías blandar í umfjöllun sína en það býr ljóslega eitthvað að baki þegar hann bendir á að Hermann sé af alþýðu manna talinn skörungur nálega í hvívetna, „meiri skörungur, en svari til framkvæmda hans eða auðnugengis“. Matthías kveðst sjálfur hafa skyggnst svoltið í draumfræði og er hann því óhræddur við að segja kost og löst á einstökum draumum. Þegar kemur að Njáludraumnum er hann, líkt og Einar Hjörleifsson Kvaran, fullur efasemd en telur samt sem áður að sjálfur Höskuldspátturinn sé ekki aðeins sennilegur heldur bæti „yfir-

leitt stórum sambengi Njálu“. Aftur á móti þykir Matthíasi skrifíð að draummaður hafi ekki getið um „hinar bersýnilegu ýkjur og öfgar Gunnars sögu [. . .] og brennumannasögunnar“.

Eða skyldi það hafa verið satt, að Kári hafi (hefndarlaust) stráðrepið alla Sigfríðsonu og nálega alla aðra fyrimenn brennumnar? Skyldi sagan um Kára og Björn vera sönn saga? og skyldi loks Kári hafa samt orðið sýkn[.] engin ættrvíg eða eftirmál orðið, og þau Kári og Hildigunnur orðið hjón? Slíku trúir nú enginn sannur fræðimaður. Landnáma, sem eflaust er langáreiðanlegust allra fornsgagna, bendir mjög til þess, hve söguþefni Njálu hafi snemma lent í sundurlausum munnumælasögum, er smásaman urðu valið verkefni í höndum alþýðusagnamanna, alt til þess er einhverjir snillingar á 12. og 13. öld höfðu lokið við það meistaraverk, er nú ber nafnið Njála. Að svo stórkostlegt söguþefni, hafi snemma fylt hugi manna, er sízt að undra, og hlaut þá þjóðsögubærinn eða skáldsagna meðferðin að fæðast af sjálfu sér. [. . .] Að draummaðurinn enga bendingu gaf í þessa átt, er mikill skaði.

Matthías slær þó botninn í þessar vangaveltur með þeim orðum að við vitum alltof lítið um vitund vora til að rengja drauma Hermanns. „Megum vér ekki þegja og þakka?“ spyr hann og óskar að lokum höfundi til hamingju með ritið. Þær viðtökur sem hér hafa verið raktar staðfesta að *Draummar* Hermanns Jónassonar hafi vakið ýmsa til umhugsunar, bæði um eðli og gildi drauma og um tilurð Íslendingasagna. Bókin er ennifremur einstök heimild um ítök Njáls sögu í þjóðarsálinni upp úr síðustu aldamótum, þegar los virðist vera að komast á trú Íslendinga á sannleiksgildi sögunnar. Draummaður reynir að eyða vissum efasemdum um vitnisburð Njálu, hann staðfestir aðrar og gerir þar nauðsynlegar „endurbætur“, en um leið ber hann óbeint vitni um að órúlegustu kaflar sögunnar gætu vel hafa gerst. Reynsla Hermanns draumnóttina á Hólum er a.m.k. ekkert ósennilegri en margt af því sem lesa má í Njálu um draumfariir, forspár og fyrirboða. Margir íslenskir menntamenn, þeirra á meðal Einar Hjörleifsson Kvaran, höfðu brennandi áhuga á slíkum dulrænum efnum og tóku því bókinni fagnandi. Matthías Jochumsson, sem slær úr og í, er hins vegar fulltrúi þeirra fágurfræðilegu viðhorfa sem áttu vaxandi fylgi að fagna á áratugunum sem í hönd fóru; ummæli hans um skáldsagnablæ sögunnar og snillingana sem

settu saman þetta meistaraverk vísa fram til skrífa Halldórs Laxness og Einars Ólafs Sveinssonar um Njálu.

Það sem segir þó mesta sögu um stöðu Hermanns Jónassonar innan Njálu-hefðarinnar er að Einar Ólafur skuli ræða um drauma hans í doktorsritgerð sinni, *Um Njálu* frá árinu 1933, en til hennar var vitnað hér að framan í sambandi við viðaukakenninguna. Eftir að hafa fjallað um rök íslenskra og erlendra málsvara þessarar kenningar snýr Einar Ólafur sér að hugmyndinni um sérstaka Höskulds sögu: „Rétt þykir á þessum stað að geta hugmynda þeirra um tilorðningu sögunnar, sem birtast í *Draumum* Hermanns Jónassonar (1912), enda þótt þær séu ekki studdar rökum í bókinni. Máli skiptir ekki fyrir oss búningur þeirra né upphafsmaður sá, sem vera á, heldur aðeins skoðanirnar sjálfar“ (s. 11). Rekur Einar Ólafur hugmyndir draummannsins stuttlega og tekur síðar í verki sínu eindregna afstöðu gegn þeim, líkt og gegn öðrum viðaukakenningum:

Þessi skoðun er alls kostar ósennileg. Saga Brennu-Njáls og sona hans er mér óhugsandi, nema þar sé sagt frá öllum skiptum þeirra feðga við Höskuld og Þráin, sem Njála segir frá. Frásögu um víg Höskulds Hvítanessgoða verður að fylgja frásaga um hefnd eftir hann: Njálsbrenna; frá vígi Höskulds verður ekki sagt sögulega, nema greint sé frá öllum aðdraganda þess. Efni *Höskulds sögu og *Brennu-Njáls sögu hefði þannig verið hið sama. Nú vottar hér hvergi fyrir tvöfaldrí frásögn, hvergi fyrir því, að heimildir Njálu hafi verið svo auðugar, að nokkur vandi hafi verið með að fara af þeim sökum, ekkert, sem bendir á sérstaka *Höskulds sögu. Kenningin um tilveru hennar býðst því til skýringar, þar sem engar skýringar er þörf. (s. 220–21)

Ekkí voru allir sáttir við að Einar Ólafur skyldi telja skoðanir draummannsins þess verðar að þeim væri svarað í doktorsritgerð. Finnur Jónsson skrifar í eins konar ritdómi um *Um Njálu*: „En hrapalegt má það þykja, að taka nokkurt tillit til draumótanna hans Hermanns; til þeirra er vísað á 2. stöðum (eða 3. þó). Þetta er beinlínis blettur á vísindalegri jafngóðri bók sem hún annars er.“¹¹ Hér eru að minnsta kosti tvær skýringar til reiðu. Eins og þegar hefur verið gefið í skyn er líklegt að hugmyndirnar í *Draumum* Hermanns hafi verið það vel þekktar og jafnvel svo áhrifaríkar að Einar Ólafur hafi séð sig

knúinn til að taka tillit til þeirra. Í þá átt bendir efturfarandi athugasemd í riti hans: „Menn hafa á síðari tímum grunað söguitarann um græsku, þegar hann segir frá rögi Marðar og hlutdeild í vígi Hóskulds; virðist sú alda einkum runnin frá Draumum Hermanns Jónassonar“ (s. 180).

Önnur hugsanleg skýring á því að Einar Ólafur skuli telja „kenningar“ draummanns með kenningum annarra viðaukamanna er að hann hafi talið allar viðaukakenningar byggðar á eins konar draumstýni. Þannig bendir hann á að ekki sé eitt blaðslitur eftir af hinum fornu týndu sögum sem Njála á að hafa verið samin upp úr. „Hafa þær nokkurn tíma verið til? Er ekki kenningin um þær einber rómantík?“ spyr Einar Ólafur í doktorsritgerð sinni (s. 13). Og í formála fyrir útgáfu sinni á sögunni árið 1954 segir hann í sama anda: „Gleym-ið ekki að Brennu-Njáls saga er til en hinar hugsuðu sögur ekki. Þó að kynlegt sé er mörgum manni svo sem hann gleymi því sem til er og varðveitt, vegna áhuga á hugmyndum sínum, draumórnum sínum.“¹² Hér gæti Einar Ólafur verið að vísa til drauma Hermanns og draga kenningar ýmissa eldri fræðimanna, þar á meðal Finns Jónssonar, í vafasaman dilk með þeim. Andspænis hugmyndum allra slíkra draumóranna teflir hann þeirri meginkenningu sinni, eins og hún er orðuð í formála *Um Njálu*, að „Njáls saga sé ein listarheild, sköpuð af einum manni á ákveðinni stund og stað“ (s. V).

Bergþórshvöll hinn eilífi

Skömmu eftir að Matthías Jochumsson birti dóm sinn um *Drauma* Hermanns Jónassonar haustið 1912, skrifaði St. D. grein í *Norðra* þar sem fundið var að umfjöllun Matthíasar. Einkum var því andmælt að draummaðurinn dularfulli ætti eitthvað skylt við miðla andatrúarmanna. Að dómi greinarhöfundar hafði Hermann einfaldlega verið „sáþjáður af svefnleysi“ og farið að hugsa um Njálu eina andvökunórtina; „þegar loks svefnmókið sigur á hann, þykir honum sem sér sé sagt („Ketill í Mörk“) hvernig alt þetta hefði gengið til. [. . .] En það var andi *sjálfs hans*, sem skapaði þetta alt saman, en ekki andi þess manns, sem er dauður fyrir 900 árum síðan.“¹³

Það þarf hins vegar ekki að koma á óvart að gagnrýnendur hafi tengt drauma Hermanns áhuga Íslendinga á spíritisma sem var umtalsverður og vaxandi hér

á landi á fyrstu áratugum aldarinnar. Einar Hjörleifsson Kvaran var meðal frumkvöðla á þeim vettvangi; hann var formaður Tilraunafélagsins svonefnda sem stofnað var í Reykjavík árið 1905 í þeim tilgangi að stunda sálarrannsóknir, en meðal þeirra mörgu sem tóku þátt í störfum félagsins á fyrstu árunum var sagnfræðingurinn Jón Jónsson Aðils, sem fjallað var um í fyrsta kafla, og hollvinir Hermanns Jónassonar, þeir Haraldur Níelsson og Guðmundur Finnbogason.¹⁴ Í nýlegri bók um starf Tilraunafélagsins og uppgang spíritismans á Íslandi greina Bjarni Guðmarsson og Páll Ásgeir Ásgeirsson frá því að meðal framliðinna gesta á fundum félagsins veturinn 1907 til 1908 hafi verið tvær söguhetjur Íslendingasagna, þeir Kjartan Ólafsson og Grettir Ásmundarson, en ekki geta þeir þess að Ketill úr Mörk eða aðrar persónur úr Njálu hafi komið fram þar eða á öðrum álíka samkomum.¹⁵ Þær voru þó fráleitt dauðar úr öllum æðum.

Árið 1930 kom út á Akureyri ritið *Ljóð og Ræður: Þáttur í köllum íslenskra manna og kvenna frá eilífja landinu*. Útgáfu önnuðust vesturísíslensk hjón, Jóhannes og Guðlaug Frímenn í Winnipeg. Í formála útskýrir Jóhannes að bókin geymi erindi eftir ýmsa höfundu sem samin hafi verið með sérstóku tilliti til Alþingishátíðarinnar og var upphaflega stefnt að því að þau yrðu lesin upp á hátíðinni sjálfri á Þingvöllum. Af ýmsum orsökum hafi sá kostur þó verið valinn að gefa erindin út með þeirri ósk að lesendur, ungir jafnt sem aldnir, hugleiddu efni þeirra í næði. Á eftir formálanum fylgir listi yfir ræðumenn bókarinnar en meðal þeirra eru Jesús (sem hefur víðurnefnið „meistarinn mikli“), Guðmundur Arason biskup, dönsku konungarnir Kristján IX. og Friðrik VIII., formennirnir Úlfjótur, Egill Skallagrímsson, Snorri Sturluson og Bolli Bollason, og nírtjándu og tuttugustu aldar mennirnir Matthías Jochumsson, Jón Sigurðsson, Hannes Hafstein og Haraldur Níelsson. Njála á þarna einnig nokkra fulltrúa, þar á meðal þau Bergþóru, Njál, Kára og Gunnar á Hlíðarendu.

Jóhannes tekur fram að aðalkafla ritisins hafi verið skráður við viðtalsborð eða „talsstöð“ þeirra hjóna á árunum 1928 til 1929. Þá þegar hafi þau haft nokkra reynslu í þessum málum, „og af því hún var ekki öll á einn veg, þá var það að *meistarinn mikli* byrjaði á því, að gefa fólki leyfi hingað síðari hluta sumarsins 1928.“¹⁶ Fljótlega eftir að sambandið komst á hafi sálmnar fyrir handan mynd-

að með sér félagskap sem kallaðist ýmist Sálurvörn eða Vörn og var hann áfram undir verndarvæng meistarans. Jóhannes segir að markmiðið með sambandi þeirra hjóna við önnur lífsvið sé ekki að leita að hversdagslegu masi og smáðómum heldur að sjálfum sannleikanum. „Okkur voru þarfari fá orð frá göfugum mönnum í þjónustu Guðs, en fullir belgir af orðum frá þeim, sem hugsa ekki um að efla ríki Guðs, eða kunna engar réttar aðferðir til þess“ (s. 9).

Hér er sleginn sá tónn sem hljómar í *Ljóðum og Ræðum*. Flest erindin og kvæðin í bókinni eru rík af blessunarorðum, bæði til handa Jóhannesi og Guðlaugu, sem og Íslandi og íbúum þess. Niðurlagið á erindi Jóns Sigurðssonar forseta gefur hugmynd um þá þjóðræknishvöt sem rísjandi er meðal félaga Sálurvarnar í tilefni Alþingishátíðarinnar: „Lengi lifi Íslands sæmd og staðfastur áhugi fyrir öllu því, sem þjóðinni er fyrir beztu. Vökum og biðjum góðan Guð um styrk til alls þess, sem rétt og göfugt er“ (s. 115). Sami andi einkennandi vissulega hátíðina sjálfa sumarið 1930, þar sem biskup Íslands, danski konungurinn og lögsögumaðurinn Úlfjótur (Haraldur Björnsson leikari fór með hlutverk hans) voru meðal þeirra mörgu sem stigu á stökk. Þar tók einnig fulltrúi Vestur-Íslendinga, Jónas A. Sigurðsson, til máls og lauk hann ræðu sinni á orðum sem getu allt eins hafa borist fyrir milligöngu Sálurvarnar: „En þú, sem hófst Ísland úr undirdjúpi úthafsins og settir það útvörð norrænnar menningar, vernda það, faðir, blessa börn þess, mál þeirra og menning alla, unz þú gefur mönnum nýjan himin og nýja jörð.“¹⁷ Í þessu samhengi má velta vöngum yfir því hvort þeir burtkölluðu Íslendingar sem eiga erindi í *Ljóðum og Ræðum* séu ekki táknrænir tvífarar brottfluttra Íslendinga í Vesturheimi.

Þegar hugað er að erindum Njálupersóna í bókinni þá veldur það óneitanlega nokkrum vonbrigðum hvað þau bæta litlu við þekkingu okkar á sögunni. Bergþóra verður fyrst til að heimsækja Vörn, hinn 4. ágúst 1929. Hún kveðst vera nýkomin frá bústað sínum „í heiminum“, þar sem hún hafi látið fyrirberast með manni sínum elskulegum og trúlyndum sonum (s. 82). Er hún guði þakklát fyrir að hugarfar manna og kvenna hafi breyst eftir að jarðvist hennar lauk. Einnig getur hún þess að tungumálið hafi breyst, en segir að þau „hin gömlu“ leggi sig eftir málbreytingunni (s. 83). Erindi hennar virðist þó fyrst og fremst vera að boða komu Njals, sem heimsækir Sálurvörn þremur dögum síðar. Hann hefur erindi sitt á því að rífa upp jarðneskan dauða sinn og ræðir

í véfréttastíl um þau ólíku örlog sem hafi beðið sín annars vegar og böðla sinna hins vegar; „vann stærri synd þeim, er frömdu, en þær kvalir, sem öll við liðum“ (s. 91). Njáll segist ekki nefna þetta til að hreykja sér heldur „aðeins til að sýna, að eigi kafnaði í reyk minni mitt, þó öllu kunnnum öðru að gleyma, sem þá var daglegt á leið manns“ (s. 91). Hann beinir síðan orðum sínum til Íslands, sem hann kveðst hafa skýrar tilfinningar til, ekki síst þar sem menn ætli nú að minnast fyrsta Alþingis á Þingvöllum, „er háð var á því ári, sem eg fæddist“ (s. 92). Biður hann landi og þjóð blessunar, heitir á menn að varast útlenskt smjaður og segist vonast til að komandi kynslóðir fái öruggari fræðslu um framhaldslífið en raunin hafi verið til þessa.

Líða nú tvær vikur þar til næsta Njálupersóna lætur til sín heyra. Er það Kári Sölmundarson, öðru nafni Berðlu-Kári. Ekki hefur hann lagt sig jafn vel eftir málbreytingunni og hjónin frá Bergþórshvoli en vel mælist honum engu að sður: „Ek á nú vädina, er vogað er með. Á dráttinn, ef játar á mál mitt. Þá má Berðlu-Kári gjalla í fyrsta skifti frá burtför sinni úr holdinu“ (s. 96). Erindi Kára sjallar öðrum þræði um sambönd hjóna. Hann dásamar hjónaband Njals og Bergþóru og minnir á að fyrrum hafi menn valið kvonfang sitt með því að gá að trúmennsku foreldra og yfirliti kvenna. „Tállaut reyndist ávalt það. Kyn það, er gott reyndist, kom af hinum góðu konum. Eigi tálvarningur þá alt vitið tók, sem ukkar tíð er full af“ (s. 96). Kári tekur þó fram að þessi dómur eigi ekki við um þau Jóhannes og Guðlaugu Frímenn: „Ukkar samlíf er alveg sérstakt á allan máta“ (s. 97). Að endingu mælist hann til þess að fá að koma oftar og þakkar fyrir „meðferðina“ á máli sínu.

Stömmu síðar setur Njáll sig aftur í samband við Vörn, nú í fylgd með Þorgeiri Ljósveitingagóða, en það er ekki fyrir en í desembermánuði að Gunnar á Hlíðarenda lætur til sín heyra. Erindi hans ber titilinn „Stáli varíð land“ og er innblásin hvatningarræða til Íslendinga: „Þú kæra þjóð, leystu vandamál þín öll af hendi svo, að síðar þurfir þú ekki að falla djúpt í myrku, svefn og kvöl sálar þinnar, fyrir ranga dóma. Legðu veginn fyrir óbornu ættkvíslirnar [. . .]“ (s. 138–39). En Gunnar segir einnig svoltíð af sjálfum sér. Hann minnir á að hann hafi kosið sér „hvíluna heima“ þegar út skyldi halda; holdið hafi því hvílst í íslenskrí mold en sjálfur vitji hann nú ætlandsins í nýjum líkama (s. 138). Lokaorðum sínum beinir hann til Guðlaugar Frímenn sem virðist hafa reynt

honum betur en Hallgerður langbrók: „Áður en eg fer, vil eg þakka þér kona góð fyrir mig. Þú neitadիր métt ekki um strenginn á bogann. Guð blessi þig. Svo fer eg í nafni Guðs heim til mín afur. Eg er á stórum hnetti, sem orð er gefið fyrir gæði. *Ukutu* er nafnið, og þýðir hið eilífa gæða land“ (s. 139).

Vel má myndast sér að áhugamenn um Njálu hefðu viljað fregna nánar af viðhorfi Gunnars til Hallgerðar og framhaldslífi hans á hnettinum Ukutu. Þeir þurftu hins vegar að biðja til ársins 1932 áður af því yrði. Þá kom út í Winnipeg í Kanada annað bindi ritraðar sem bar titilinn *Bref frá Ingu* og tengdist Jóhannesi og Guðlaugu Frímann með óbeinum hætti. Útgefandi þessara bóka var Vestrur-Íslendingurinn Soffíanas Thorkelsson, en Inga sem bækurnar eru kenndar við var berklaveik systurdóttir hans, Ingvaldur Jónsdóttir, frá Potleifsstöðum í Skagafirði. Í fyrsta bindi bréfanna, sem út kom árið 1931, birtir Soffíanas annars vegar bréf frá Ingu sem honum höfðu borist með pósti frá Vífilsstöðum síðasta árið sem hún lifði, og hins vegar „bréf“ sem honum höfðu borist frá Ingu í gegnum Sálurvörn. Fyrirnefndu bréfin eru einströk heimild um erfða baráttu ungrar konu við berklasjúkdóminni; heimildagildi þeirra síðarnefndu er umdeilanlegt en í þeim greinir Inga frá reynslu sinni í handanheimum og þeim möguleikum sem eru á sambandi milli lifandi fólks og framlíðinna.

Soffíanas tekur fram í fyrsta bindinu að þar birtist aðeins lítil hluti bréfa Ingu að handan, fleiri bækur kunni að fylgja í kjölfarið.¹⁸ Og sú varð raunin. Annað bindið kom út eins og áður sagði árið 1932 og þriðja bindið árið 1950. Þessi bindi eru að því leyti frábrugðin því fyrsta að þau eru, auk bréfa frá Ingu, birt bréf eða erindi frá ýmsum öðrum sem höfðu samband við Sálurvörn í Winnipeg á árunum 1931 til 1934. Og það er kunnuglegur hópur. Í öðru bindinu eru meðal annars erindi frá Njáli og Bergþóru, Síðu-Halli, Gunnari Hámundarsyni, Unni djúpaðu [svo], Höskuldi Hvítanesgoða, Agli Skalla-grímssyni, Kjartani Ólafssyni og Gunnlaugi ormstungu, en þau eru þarna í góðum félagskap Þórhalls biskups Bjarnasonar, Skúla Magnússonar landfógeta og fleiri látna Íslendinga. Í þriðja bindinu hafa Skarphéðinn Njálsson, Mart-einn Lúter, Hannes Finnsson biskup, Grímur Thomsen, Björn M. Ólsen og Hrafnkell Freygoði slegist í hópinn ásamt mörgum fleirum, þar á meðal nafnkunnum Vestur-Íslendingum.

Ef við höldum okkur við bréf frá Njálupersónum er skemmst frá því að segja að þær eru ræðnari um eigin hagi og fortíð í *Brefum frá Ingu* en í *Ljóðum og Ræðum*. Njáll og Bergþóra greina til að mynda frá því að þau búi nú á Bergþórshvoli hinum eilífa og nærast þar á angan ilmjurta sem vaxa umhverfis húsið. Þarna ríkir eilíft góðviðri, hjónin standa fyrir brensamkomum og biðja guð um styrk til að geta verið menn eins og hann vill að þau séu. Þegar talið berst að efirmálum Njálsbrennu segir Njáll meðal annars: „Nú vegnar okkur öllum vel, sem brennd vorum, og hefir ekkert okkar í myrkur komið“ (II, s. 96). Njáll víkur öllu nákvæmar að „eftirmálum“ Njálsbrennu en í *Ljóðum og ræð-*

um:

Við urðum öll hissa, er við risum úr rústunum og gátum hreifst [svo]. Fyrstu lífseinkenni, sem við urðum vör við voru þau að augu okkar apnuðust [svo] og við sáu óskuhrúguna umhverfis okkur og hálfpartinn sárnaði okkur. Komu þá til okkar menn af okkar ættstofni, sem áður voru farnir inn í eilífa landið, buðu þeir okkur velkominn [svo] í hinn síðari heim.

Efir nokkur augnablik fengum við okkur nýja líkama; hann er ekki aðfenginn, heldur er hann okkar eigin sálarhjúpur, sem með manni hefir fylgst alt fyrra lífið, þótt menn með jarðneskri sjón hafi enn ekki getað séð hann.

Við urðum létt eins og litlir fuglar og lyftumst upp á vængjum okkar, höndum og fótum. Þó kom okkur orka til hjálpar, sem flýrti förlinni til hins eilífa hnattar, er við flurtumst til og höfum haldið til á síðan. Orka frá vorum hnetti er stöðugt send út til niðja okkar á jörðinni, þeim til notkunar þegar til hinna síðari lífssviða kemur. Niðurröðunin á öllu í okkar heimi er þannig, að enginn nýkominn skilur neitt í henni. Þessari orku sem eg nefndi, er stýrt af æðsta kerleikskrafti, sem þekkir þörf hinna nýdánna á því að þeim sé hjálpað aleiðis til hinna eilífu bústaða. (II, s. 98–99)

Þessi lýsing bætir óneitanlega við frásögn Njálss sögu sem skilur við óbrunna líkama þeirra Njálss og Bergþóru í brunarústunum á Bergþórshvoli.

Hallur frá Síðu, sem á erindi í þriðja bindinu, hefur svipaða sögu og Njáll að segja af sínu ferðalagi til eilífa landsins, en hann lýsir einnig eigin húsakynnum þar efra og lífi fólks á fleiri hnöttrum en Ukutu sem hann hefur meðal annars heimsótt í fylgd Gunnars frá Hlíðarenda (III, s. 198–205). Hjá Gunnari hafa þau umskipti helst orðið að Hallgerður langbrók er ekki lengur eigin kona hans. Þess í stað býr hann nú með Unni djúpaðu og nærskyldum sem

Orðsending frá Njali á Bergþórshvoli

Deyr fé, deyja frændur, deyr sjálft hið sama,
en orstir deyr aldrei.

Í brennuni logaði, þá beit ég á jaxl,
þvílíkt basl.

Ég veit ekki hvernig ég tak þetta tók,
en truflaður var ég lengi, er kvöl hjá mér jök,
ég skil það ei ennþá, skelfing og neyð,
er skalf ég undir feldinum þeim.

En það var ei til þess að mikla menn af,
þó þeir hafi margir flækt út í það haf,
en brennan var Njali til bólvunar enn,
en bjargað hafa því margir vitrir menn.

En ágrípið var herna eitthvað um það,
ef þig gætuð sent um það staf, skrifað á blað,
hvað vitlaust það væri að vorkenna þeim,
sem vitandi fara í annan heim.

Ég bið herna til bænnanna skara,
að bendi þeir öðrum aldrei að fara
í þvílíkt bál, er brenndi allt vit
og rændi allt mitt mannlega glit,
ég kem herna til þess að leiftrín mín lýsi.

Hve ljómandi eru þessir heimar að ég þá alla þrasi.

Ég gleð mig því vel eftir svöðunnar sár
og svona eftir þessi mörg liðnu ár.

Hann er nú að hverfa hann Njáll gamli á Nupi
nú vil ég að þið höfðunum drjúpi.

Helga S. Bjarnadóttir, Raddir frá öðrum heimi (1962)

franskyldum ættingjum, alls 200 manns, í stóru húsi uppi á hárrí hæð, ekki langt frá Bergþórshvoli hinum eilífa. Gunnar hefur tekið upp góða og guðlega síði. Segist hann hafa langað til að bæta líf sitt eftir að hann kom yfir á eilífa landið: „Tök eg mig því til og gerði upp teikningana við sjálfan mig viðvíkjandi mínu fyrri lífi; fann eg það, að á því voru stórar mistellur, er eg hafði af sjálfsdáðum stofnað mér í“ (II, s. 111). Hér er eins og frelsaður drykkjumaður

sé að gera játningu sína en hjá Gunnari snýst málið um að taka kristna afstöðu fram yfir þá heiðnu. Þau Unnur standa nú fyrir bænahaldi og fundum á heimilinu, snæða við langborð eins og forðum var háttur og hlýða reglulega á fyrirlestra sem menn af æðri lífssviðum flytja þeim. Gunnar segir í óspurðum fréttum að samfarir þeirra hjóna séu góðar: „Þegar eg hefi lítið að gera, þá er eg hjá Unni minni. Enginn talar um það þótt hjón og elskendur séu saman sér til ánægju“ (III, s. 149).

Óneitanlega kallast ýmislegt í þessum erindum á við Njáluhöfðina, eins og henni hefur lýst í tveimur síðustu köflum. Ólíkt *Draumum* Hermanns Jónasonar, þar sem reynt er að staðfesta hina hefðbundnu hetjumynd sögunnar, standa erindi Sálavarnar í sambandi við þá kristilegu orðræðu sem í fyrsta kafla var rakin aftur til *Brevis Arngríms* lærða. En hér er ekki nóg með að Njáll sé fyrirmynd sannkristinna manna heldur gengur vígamaðurinn Gunnar nú einnig á guðs vegum. Með sínum frumlega hætti reyna *Ljóð og Ræður* og *Bref frá Ingu* þannig að eyða þeirri spennu sem er á milli heiðinna og kristinna viðhorfa, ekki bara í Íslendingasögnum sjálfum, heldur í viðtökum þeirra í aldanna rás. Bergþóra gengur raunar svo langt í þessa átt að þegar Soffanías segist á einum sambandsfundinum vera fyrir löngu hættur að lesa fornsögurnar ansar hún: „Það er rétt gert af þér. Enginn ætti að spilla sálarlífi sínu með lestri þeirra“ (II, s. 97). Jafnframt þakkar hún honum fyrir að gefa út ritverk þeirra sem búa fyrir handan, en á milli línanna má lesa að þau séu öllu uppbyggilegri lesning en fornritin.

Erindi Njálupersónanna tengjast einnig þeim vangaveltum um samband kynjanna sem Njál's saga hefur vakið seint og snemma. Við höfum þegar öðlast nokkra mynd af lífi fyrirmyndarhjónonna Bergþóru og Njál's, og Gunnars og Unnar á Ukutu, en ljóst er að fyrra hjónaband Gunnars í Fljótshlíðinni er ekki sett á sömu hilla af meðlimum Sálavarnar. Þegar talið berst að Hallgerði vísar Gunnar til hennar sem þeirrar er neitaði honum um hárlökkinn forðum. Soffanías spyr hetjuna þá hvort sagan sú sé sönn:

Já, hún er sönn, vinur minn. Eg hefi aldrei vitað neit um hennar sál síðan hún fór úr hinum fyrra heimi. Það eru vondu verkin og hugsanirnar sem þau spretta af, er mæta manni svo illilega að endaðri brautinni þar. Guð finnur hina sönnu rót til illverkanna, sem framin eru að undirlögðu ráði. Já, meira að segja oft með

undirhyggju og slæð; eg lofa guð fyrir það, að hafa losnað við slíka drós [. . .].
(II, s. 112–13)

Samkvæmt þessum vitnisburði hafa æðri dómamar fellt gamalkunnan dóm yfir Hallgerði; meira að segja í eilífa landinu er hún gerð hornreka.

Spurningin sem kallar fram þetta svar Gunnars gefur til kynna að Soffanías hafi sjálfur haft vissar efasemdir um vitnisburð Njálu. Hann spyr Gunnar af þeim sökum almennt um sannleiksgildi varðveittra frásagna af hetjunni á Hlíðarenda og segir Gunnar í fullri hógvæð þær vera sannar en ýktar: „Eg var sagður fimur, en þann fimleik met eg nú alls ekkert. Líkami minn er sá sami að útliti og áður, þegar eg var ungur maður í fyrra heiminum, því eg hefi ekkert spilt af neinum vöndum verkum“ (II, s. 117). Hér má greina viss tengsl við málflokkning þeirra efasemdarmanna sem lagfæra vitnisburð Njálu með einum eða öðrum hætti en trúa því samt að hún hafi átt sér stað. Örviræð sérstæða þeirra texta sem berast okkur í gegnum talstöð Sálavarnar felst hins vegar í því að útrýma óþægilegum persónueinkennum eða persónum í spánnýju framhaldi sögunnar og nema frumtextann að nokkru leyti úr gildi, þar sem hann er sagður vis til að spilla sálarlífi nútímamanna.

Lesendur hafa væntanlega skynjað að stíll erindanna í *Bréfum til Ingu* er mun liprari en stíll erindanna í *Ljóðum og Ræðum*. Má af því ætla að formmönnum hafi fleygt fram í nútíðarmálinu á þeim tveimur til þremur árum sem liðu milli heimsókna þeirra til Sálavarnar. Vafalaust hefur þar skipt máli að þeir nutu leiðsagnar fyrsta flokks kennara, Eiríks Magnússonar fyrtrum bókarvarðar og fræðimanns í Cambridge. Eiríkur kemur fram á einum fundinum og lýsir starfi sínu; segist um þær mundir vera önnur kafinn við að kenna Ingólfi Arnarsyni: „Eg mun leitast við að veita honum þá undirstöðu í nýja málinu, sem þörf er á til þess að hann geti flutt erindi hér, ef hann óskar þess“ (II, s. 108). Ekki er þess þó getið að Ingólfr taki til máls á fundum Sálavarnar, en það getir annar dugmikill íslenskunemi, Skarphéðinn Njálsson.

Líkt og Gunnar, hefur Skarphéðinn snúið baki við heidnum hugsjónum og gerst góðmenni. Kappinn er þó ekki ólítkari sínu fyrra sjálfri en svo að hann hefur mikinn áhuga á því sem íslensk skáld hafa ort um hann og karlmannlega framgöngu hans í Njálsbrennu. Segist hann hafa komist í kynni við slík ljóð

jafnhliða námi sínu í nútíðarmálinu og spyr Soffanías í því sambandi: „Veizt þú nokkur deili á höfundi þessa aðdánlega kvæðis: „Skarphéðinn í brennunni“. Mig minnir að nafnið sé stafað svona: „Hannes Hafstein“. Ef hann er kominn til þessa heims, þá láttu mig vita það“ (III, s. 207). Soffanías tekur beiðninni ljúfmannlega og les fyrir Skarphéðinn á næsta fundi kvæði Hannesar Hafstein, Kristjánss Jónssonar og Gríms Thomsen sem byggð eru á efni úr Njálu. Skarphéðinn er augsynilega snortinn: „Við, sem komin erum í eilífa heiminn, finnum öll til sameiginlega og hvert fyrir sig, og að finna það að seinni tíðar skáld geti komist svona nærri tilfinningalífi okkar, eins og þessi þrjú skáld hafa gert, var okkur sannarlegt gleðiefni“ (III, s. 210).

Með hliðsjón af *Draumum* Hermanns Jónssonar er vart hægt að skilja við *Bréf frá Ingu* án þess að kanna hvaða mynd birtist þar af Höskuldi Hvítanes-góða. Erindi frá honum er prentað í öðru bindi ritraðarinnar, en auk þess minnst Gunnar, Bergþóra og Njáll á hann af og til. Vitnisburður þeirra er í samræmi við varðveitta gerð Njáls sögu og stangast þar af leiðandi á við persónulýsingu draummannsins Ketils úr Mörk á hinum kappsfulla heiðna Höskuldi. Þannig tekur Bergþóra fram að hann sé „sólþjört sál og okkur öllum til unaðar. Það er hin mesta blessun fyrir okkur að hafa alið hann upp“ (III, s. 223). Höskuldur staðfestir þessa lyndiseinkunn í erindi sínu en getur þess jafnframt að sumar framlíðnar sálir fylgi enn illum hugsunarhætti – ali til að mynda efnislega græðgi í brjósti – og séu því dæmdar til aldalangrar vistar á lægstu vitundarsviðum. Svo eru hinir sem stefna markvisst á æðri svið og hefjast þangað „vegna aukinnar sálaröfگی, sálarhreininleika og þekkingar á okkar guðlega lífslögmáli“ (II, s. 126). Sjálfur hafi hann, ásamt fösturförel drum sínum, fengið sitt fyrsta heimili á áttunda lífssviðinu, síðan hafi þau hækkað um tvö svið og njóti sífellt fullkomnari sælu og heimkynna í samræmi við það: „Mér hefur verið sagt að þeir menn, sem komu hingað löngu á undan okkur, og lifðu guðlegu lífi um líðnar aldir í hinum eilífa heimi, hafi ljómandi hallir, sem engin höll hins fyrra heims jafnast á við“ (II, s. 126–27). Hér er sem ameríski draumurinn hafi verið yfirfærður á andlegt svið, án þess þó að missa fyllilega sín efnislegu einkenni. Gófgustu og hreinustu sálirnar búa í himneskum Beverlyhæðum.

Nokkuð er um óbeinar vísanir af þessu tagi sem minna lesandann á að

aðstandendur Sálurvarnar í Winnipeg voru hluti af hinu þjóðrækna samfélagi Íslendinga í Vesturheimi sem beittu ýmsum ráðum til að halda sambandi við sín gömlu heimkynni, menningararfleifið og ættingja handan við hina miklu móðu Atlantshafsins. Á stundum virðist sem lýsingarnar á lífinu á Ukutu séu óbeinar, en þó og fyrst og fremst fegraðar myndir af lífinu í tæknivæddu iðnaðarsamfélagi Norður-Ameríku. Ágætt dæmi um þetta er lýsing Gunnars Hámundarsonar á þeirri arvinnu sem hann hefur með höndum fyrir handan, en hún er fölgín í því „að stýra afgjafa, sem notaður er við þung verk, eins og til dæmis við húsabyggingar og þess háttar“. Þó að byggingarefnið sé ekki eins þungt og á jörðinni þarf „lyftingar til þess að koma upp húsum, og fara þær fram með tilbúinni orku, sem framleidd er með lofstraumi, og til þess eru notaðar nokkurs konar dælar, sem aðskilja loftregundirnar“ (III, s. 149–50). Ekki þarf mikið hugarflug til að sjá fyrir sér slíkan byggingarverkamann, ættaðan úr Fljótshlóðinni, að störfum í miðborg Winnipeg þar sem byggingarkranar voru sannarlega á hverju strái á fyrri hluta þessarar aldar.

Tilraunafélagið Njáll

Árið 1950, sama ár og þriðja bindi *Bréfa frá Ingu* kom út í Winnipeg, gaf Tilraunafélagið Njáll út snotra bók í Reykjavík sem bar titilinn *Bergþórssaga*. Textann skrifaði Sigurjón Pétursson en frásögnina kvæðst hann byggja á 20 ára rannsóknnum sínum á framhaldslífi og skyggnilýsingum. Líkt og í þeim ritum sem fjallað hefur verið um fyrir í þessum kafla, koma Höskuldur Hvítanesgoði og Skarphéðinn þarna við sögu:

Eitt sinn, er Skarphéðinn var heima að vorlagi, kom skip mjög nærri landi.

Höskuldur Hvítanesgoði, bróðir Skarphéðins, sér skipið og sendi mann til hans og biður hann að koma með menn sína, til þess að athuga skipið, því það hreyfist ekki. Skarphéðinn kemur snemma morguns ásamt nokkrum mönnum. Höskuldur kemur til móts við hann með nokkra menn. En maður frá honum er að plægja þar nálægt með villtu nauði, sem gat haft það til að ráðast á menn. Það var illa tamið. Það losnaði eirthvað á því, svo að það fældist og maðurinn missir það, og hleypur það þangað, sem mennirnir standa. Þeir standa þar rétt hver hjá öðrum, bræðurnir, Höskuldur og Skarphéðinn, og voru að þrátta um það, hvað gera skyldi við skipið. Þeir voru ekki á eitt sáttir um það. Höskuldur vildi gefa

skipverjum frelsi og líf, en Skarphéðinn sagði, að það mætti alltaf nota mennina, og það segir fátt af einum.

En í því að þeir eru að ræða um þetta hleypur nauðið á Höskuld, og rekur hornin á hol í læri hans. Skarphéðinn brá við skjótt og hjó nauðið banahögg.

Höskuldur var borinn heim, og lézt hann skömmu eftir af sárinu, því að það var ekki hægt að græða það.¹⁹

Á meðan lesendur melta þetta afbrigði af dauða Hvítanesgoðans er ekki úr vegi að segja nokkur deili á Sigurjóni Péturssyni. Á yngri árum gat Sigurjón sér gott orð sem afreksmaður í íþróttum. Hann var Glimukappi Íslands frá árinu 1910 til 1919, Skautameistari Íslands árin 1910 og 1911 og meðal íslenskra Ólympíufara árin 1908 og 1912. Árið 1919 keypti hann klæðaverksmiðjuna á Álafossi í Mosfellssveit og rak hana af röggsemi það sem eftir var starfsveinnar. Leiddi hann meðal annars heit vatn til húshitunar að Álafossi, byggði sundlaug og rak þar íþrótaskóla. Þá var Sigurjón virkur í félagsmálum; einn af stofnendum Glimufélagsins Ármanns, Íþróttasambands Íslands, Félags íslenskra iðnrekenda, Náttúruvæðingafélags Íslands og Sálarrannsóknafélags Íslands, sem stofnað var árið 1918.²⁰

Tilraunafélagið Njáll, sem stóð að útgáfu *Bergþórssögu*, stofnaði Sigurjón árið 1919 ásamt fleira fólki sem áhuga hafði „á því að rannsaka af eigin raun, hvort komast mætti í áreiðanlegt og öruggt samband við hina horfnu vini, samtíðarmenn og aðra, er höfðu lifað hér sínu líkamlega lífi“. Var Sigurjón formaður félagsins frá upphafi, en kynni hans af spíritismanum höfðu hafist á árunum 1906 til 1910 fyrir milligöngu Indriða Indriðasonar, helsta miðlis gamla Tilraunafélagsins. Grundvallarskilyrði fyrir starfsemi Tilraunafélagsins Njáls var, að sögn Sigurjóns, „að þeir, sem hafa verið við tilraunirnar, hafa allir orðið að vera algjörir reglumenn á tóbak og áfengi og ekki mátt borða nema sérstakan mat“, en ávöxtur starfseminnar voru þær sannanir sem félagsmenn öfluðu sér um „starf, líf og tilveru okkar horfnu vina“.²¹


Áhugi Sigurjóns á lífinu handan grafar hafði dregið nokkurn dilk á eftir sér fjórum árum áður en *Bergþórssaga* kom út en þá átti hann þátt í því að Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður héldi til Kaupmannahafnar til að grafa upp jarðneskar leifar Jónasar Hallgrímssonar og flytja þær til Íslands. Frumkvæði Sigurjóns í málinu stafaði af þeirri vitneskju hans að skáldið vildi sjálf vera jarðsett

HETJAN OG HÖFUNDURINN

á heimaslóðum. Í viðtali í *Tímanum* á haustdögum 1946 sagði Sigurjón um þetta atriði: „Ég hafði [. . .] haft samband við Jónas Hallgrímsson og fleiri löngu dána menn í mörg ár. Maður ræður ekki hver kemur til manns og talar við mann. Og Jónas spurði mig, „hvort ég ætlaði að láta það verða að hann hvíldi áfram í danskrí moldu.“²² Eins og vikið verður nánar að í sjötta kafla tók málið óvænta stefnu þegar beinaleifarnar komu hingað til lands og urðu lyktrir aðrar en Sigurjón hafði séð fyrir.

Næstu umsvif hans sem rekja má til starfsemi Tilraunafélagsins Njáls var óvenjuleg sýning sem félagið stóð fyrir í Listamannaskálanum í Reykjavík sumarið 1948. Reyndar er nær lagi að tala um þrjár sýningar en eina. Í fyrsta lagi voru þarna myndir og munir sem áttu að sanna skaðleg áhrif salts, edíks, tóbaks og áfengis á heila manna (hér má greina vísbendingu um hvaða efni voru á bannlista Tilraunafélagsins). Í öðru lagi voru sýndir krossar og minjagripir gerðir úr Hekluhrauni, en gos í Heklu hafði hafist 1947 og sagði Sigurjón við opnun sýningarinnar að krossarnir hefðu verið steyptir „eftir leiðbeiningum, er skáldið Jónas Hallgrímsson hefði veitt sér í þakklætisskyni“, líkast til fyrir hans þátt í beinaflutningunum.²³ Loks mátti sjá á einum hliðarvegg skálan myndir úr „Njálu hinni nýju“, eins og tekið var til orða í fréttum af sýningunni, gerðar eftir fyrirsögn framliðinna og með aðstoð þeirra. Alls var um að ræða tuttugu og þrjár myndir, nokkrar þeirra voru af persónum sem koma fyrir í Njálu en flestar voru þær af persónum sem aðeins koma við sögu í „Njálu hinni nýju“. Flutti Sigurjón opnunargestum ágríp síðarnefndu sögunnar og er ljóst að hún er sama verk og kom út undir titlinum *Bergþórs saga* tveimur árum síðar.

Enda þótt gera verði greinarmun á skyggnilýsingum og draumum er *Bergþórs saga* ótvítrætt kvistur af sama meiddi og *Draumar* Hermanns Jónassonar. Söguviðið er í báðum tilvikum Ísland á fyrstu öldum byggðar og er markmið beggja frásagna að bæta þekkingu almennings á elsta tímabilinu í sögu þjóðarinnar. *Bergþórs saga* felur hins vegar í sér mun röttækari endurskoðun en draumar Hermanns. Titilpersóna sögunnar er Bergþór Gunnbjörnsson, norskur landnemi á Íslandi og fyrsti ábúandinn að Bergþórshvoli. Kona hans heitir Istíva og er af tyrknesku bergi brotin. Sýnit þeirra eru Höskuldur Bergþórsson Hvítanesgoði og Skarphéðinn Bergþórsson, en frásögnin hér að framan fjallaði



Gunnar Hámondarson, sonur Hámondar Granasonar. Íþróttakappi og vikingur. Var fjórði bóndi að Hlíðarenda og hafði þar íþróttaskóla.

Úr *Bergþórs sögu* (1950)

um þá bræður. Af öðrum lykelpersónum má nefna Ingólf Arnarson og Hallveigu Fróðadóttur konu hans, og hjónin Hallberu og Gunnar Geirmundsson, fyrstu ábúendur á Hlíðarenda.

Líkt og margar Íslendingasögur hefst *Bergþórs saga* í Noregi meðal væntanlegra landnema Íslands. Bræðurnir Bergþór og Geirmundur Gunnbjörnssynir eru að hreinsa skip föður síns. Ræða þeir meðal annars um Hall í Gerði, einn

af þrælum Gunnbjörns. Þykir Geirmundi lítið til mannsins koma en Bergþór bendir á að Hallur sé fræðimaður, fyrrum forystumaður eða prestur kristinna manna:

– Heyr á endemi. Þú berð þó vænti ég ekki samuð í brjósti með mönnum, sem hafa anduð á okkar trú, og fæðra okkar, – svaraði Geirmundur.

Bergþór mælti: – Veitst þú, hver var trú fæðra okkar? Eru ekki óyggjandi sannanir fyrir því, í klæðnaði okkar og fleiru, að við höfum fallið frá trú fæðra okkar og tekið upp heiðna siði. En sú ráðabreytni verður jafnan okkar ógæfa. Við höfum kastað trúnni á þann Guð, sem hefur skapað okkur og heiminn. Sönnun þessa er það, að við erum taldir hafa glögg einkenni Ísraelsmanna. Ég trú þvi, sem Hallur segir mér, því að skór okkar og skikkjur sanna orð hans. (s. 21)

Í þessu bili kemur Gunnbjörn, faðir þeirra, og segir að Ingólfur Arnarson, sem giftur er Hallveigu frænku þeirra, sé að búa sig til Íslandsferðar og ætli að slá eign sinni á landið. Geirmundur bregst við þeim fréttum með því að segjast vilja í víking. „Eigi má sköpum renna“, svarar Gunnbjörn og segist sjá fyrir að leiðir bræðranna muni brátt skilja. „En fari svo, að ykkur beri að landi því, er Ingólfur hefur numið, þá sýnið honum hollustu en ekki yfirgang“ (s. 22).

Í þessum fyrsta kafla *Bergþórssögu* eru kynnt tvö helstu stef frásagnarinnar; samskipti Ingólfs og Bergþórs annars vegar og átök kristni og heiðni hins vegar. Bergþór verður fyrir miklum áhrifum af Halli í Gerði og ferdalögum sínum í suðurvegi og þegar til Íslands kemur gerist hann málsvari krisrilegs bróðurkærleika og manngæsku. Ingólfur er hins vegar skapstyggur, stórhuga og drottunargjarn, fástheldinn á gamla heiðna siði. Sagan segir öðru fremur frá gagnkvæmum heimsóknum Ingólfs og Bergþórs og snúast umræður þeirra jafnan um samskipti heiðinna og kristinna manna á þessum fyrstu árum Íslandsbyggðar. Að þessu leyti reynir *Bergþórssaga*, líkt og erindin er berast Sálavörn, að leysa mótsögnina sem felst í því að tilheyra kristnu samfélagi sem hefur heiðnar persónur fornsagnanna á stali. Munurinn er sá að hér er sköpuð ný forsaga og gert út um átök heiðni og kristni áður en líf hinna sígildu söguhetja hefst.

Í inngangi *Bergþórssögu* segir Sigurjón að markmið sitt með útgáfunni sé að gefa „almenningi kost á því, að kynnast þeim forföðrum okkar, sem nöfn og sagnir hafa glatazt um. Starf þeirra hefur lifað með þjóðinni, en hefur verið

rangfært á ðra menn“ (s. 5). Fátt í upphafsköflum sögunnar minnir á fornar heimildir nema hvað grunnurinn virðist vera fenginn úr Íslendingabók og Landnámu, en eftir því sem á söguna líður bregður fyrir lýsingum sem taka svip af afmörkuðum köflum Njálu. Þetta á ekki síst við þegar Gunnar Geirmundsson á Hlíðarenda, bróðursonur Bergþórs (og langafi Gunnars Hámundarsonar), lætur að sér kveða. Gunnar er giftur Hallberu, hálfystur Ístrívu konu Bergþórs, og ber hún keim af Hallgerði langbrók í Njálu. Við skulum grípa niður í lýsingu á boði sem þau Bergþór og Ístríva efna til á Bergþórshvoli. Þar eru meðal gesta þau Gunnar á Hlíðarenda og Hallbera, Ingólfur Arnarson og Hallveig, auk Höskuldar Bergþórssonar og konu hans.

En svo bar við á Bergþórshvoli, að Höskuldur var í boðinu, ásamt konu sinni. Var skylda að sé sonurinn, sem átti að erfa héraðsstjórn, átti að sitja næstur föður sínum í veizlum. Bar konu hans að sitja við hlið manns síns. Þetta hafði verið sæti Gunnars bróðursonar Bergþórs og Hallberu konu hans. Voru þau einnig að þessari veizlu, því að Gunnar vildi hitra Ingólf að þessu sinni. En Hallbera vildi ekki sinna því, þótt Höskuldur væri búinn að festa sér konu. Settist hún í sitt gamla sæti og hafði setið þar og sett herðasjal sitt á stólríkina.

Ístríva mælti við Hallberu, að nú yrði hún að taka á móti konu Höskuldar og sýna henni þann sóma, er henni beri, þar eð Höskuldur væri sonur Bergþórs og næstur honum að virðingu. Yrði Hallbera nú að setta sig við það, að flytja sig neðar við borðið, því að Ingólfur yrði að sjá Bergþórs æðsta mann, sem væri Höskuldur. Út af þessu hafði orðið misklið á milli systrana áður, sem fyrr getur.

Hallbera reiddist því, að Ístríva skyldi ekki segja henni þetta áður en hún tók sér sæti. Einnig var þykkja í henni, af því að Gunnar skyldi ekki eiga að verða eftirmaður Bergþórs. Segir hún, að bezt sé, að þau hverfi alveg frá boðinu, því að þeim sé hvort sem er ætlað að hverfa. (s. 69)

Eins og í hliðstæðri veislulýsingu í Njáls sögu, þar sem Njáll, Bergþóra, Gunnar Hámundarson og Hallgerður koma við sögu (sjá s. 60 hér að framan), tekur Gunnar Geirmundsson upp hanskan fyrir gestgjafa sinn og vin en ólíkt því sem á sér stað í Njálu, þegar Hallgerður neitar að vera hornkerling að Bergþórshvoli, heldur þessi veisla áfram um hrið. Ingólfur og Gunnar sitja lengi að spjalli og býður Ingólfur Gunnari að flytja til Reykjavíkur þar sem honum stafi minni hætra af kristnum mönnum.

Að veislu lokinni slæst Ingólfur í för með Hallberu og Gunnari að Hlíðar-

enda. Á heimiliðinni kvartar Gunnar yfir framkomu konu sinnar á Bergþórshvoli. Svar Hallberu er hnitmiðað: „Svo lengi má sjóða, að sjóði upp úr“ (s. 77). Hún bætir því við að furdulegt sé hve Gunnar hafi miklar mætur á Bergþóri sem meti hann ekki meira en kotungspæll. Er hún helst á því að þiggja boð þeirra Ingólfs og Hallveigar um að setjast að á Laugarnesi í Reykjavík, „og getur þú þá stundað sjómennsku með Ingólfi“, segir hún við mann sinn (s. 77). Gunnar virðist ekkert yfir sig hrifinn af því að gerast útróðramaður fyrir sunnan og svarar: „Fögur ertu Fljótshlíð, og mun ég heldur biðja hel hér en flytja mig í burtu. Nú eru akrarnir tilbúnir til sáningar“ (s. 77). Þessi ástærjárnung til Fljótshlíðar er óneitanlega lík hinum þekktu orðum Gunnars Hámundarsonar í Njáls sögu: „Fögur er hlíðin svo að mér hefir hún aldrei jafnfögur sýnst, bleikir akrar en slegin tún“ (75. kafli). Þegar Gunnar Geirmundsson segist heldur biðja hel en flytja sig í burtu virðist hann aftur á móti undir áhrifum frá Jónasi Hallgrímssyni (góðvini Sigurjóns Péturssonar) sem orti í „Gunnarshólma“: „Gunnar vildi heldur biðja hel, / enn horfinn vera fósturjarðar ströndum.“²⁴

Helst eru það atriði af þessu tagi, þar sem *Bergþórssögu* slær saman við Njáluhéðina, sem fær eru um að vekja athygli lesenda. Auk orða Gunnars um fegurð Fljótshlíðar endurrítar höfundur *Bergþórssögu* þannig frásagnir Njáls sögu af ostarstuldi Hallgerðar og af vígi Gunnars. Hallbera lætur reyndar stela ostunum af kristnum nágrönnum þeirra, en líkt og í Njálu gengur Gunnar *Bergþórssögu* að eiginkonu sinni þegar hann sér hina stolnu osta á borðum á Hlíðarenda, slær hana og kveðst ekki vilja vera þjófnauttur. Sumarið þar á eftir hefna nágrannarnir sín; þeir sækja að Gunnari á Hlíðarenda einn daginn þegar húskarlar hans eru við vinnu á ökrum. Fellur Gunnar eftir harða viðureign. Bregður þá svo við að Hallbera tryllist þegar hún sér bónda sinn í valnum, „og kennir sér um, að hafa ekki farið úr á akrana og kallað húskarla til hjálpar, því að hún hafði nægan tíma til þess. Fannst henni alltaf rödd Gunnars hljóma við eyra sér, þá er hann bað hana að veita sér aðstoð“ (s. 105). Gengur ásókn þessi svo nærri Hallberu að hún flýr Hlíðarenda og fær að búa á Laugarnesi í Reykjavík hjá þeim Ingólfi. Af þessu má merkja að Hallbera í *Bergþórssögu* er kvaldari af samviskubiti en stalla hennar úr Njálu.

Eitt athyglisverðasta frávikið frá Njálu í þessari lýsingu er að Gunnar Geir-

mundsson skuli ekki biðja konu sína um hár í bogastreng. Eftir sem áður er vísað til slíkrar sögu í kjölfar kaflans um fall Gunnars, en þar má finna málsvörn Hallberu.

Hallbera hefur fengið þungan dóm fyrir framkomu sína við Gunnar. En lírum á ástæður hennar. Hún er fyrst og fremst kona komin hingað til landsins án síns vilja, og þó að Gunnar hafi gefið henni að nafninu til frelsi, þá er hún hjá honum alltaf sem þræll. Hún er tilfinningarik kona, alin upp að hærri tyrkneskra hástréarkvemma við skraut og finar hannyrðir. Hún verður að taka við stóru búii. Þó að Gunnar hafi verið harmdauði fyrir hreysti sína og karlmennsku, þá var hann henni enginn eiginnmaður. Hann var ónægðetinn við hana og hrottalegur og tók aldrei tillit til vilja hennar. Þó að hún hafi neitað að kalla húskarlana heim, þá var hún viðsýn og skörp manneskja og þær systur báðar. Þær elskuðu syni sína en ekki menn, sem var eðlilegt. Hallbera óttaðist, ef hún kallaði mennina heim og son sinn, sem með þeim var einnig, þá væri óséd, hver endir hefði á orðið. En hár í boga sinn þurfti Gunnar ekki. Það getur hver reynt, sem vill, að bogastreng úr konuhári er ekki hægt að gera í flýti, og Gunnar hafði öðru að sinna en eiga við það. (s. 106)

Hér er tekið undir það viðhorf til frásagnar Njálu af bogastrengnum sem fyrst kom fram í Hallgerðarkvæði Sigurðar Breiðfjörð, en í heild minnir þessi klausa á málflokkning verjenda Hallgerðar sem fjallað var um í síðasta kafla.

Bergþórssögu lýkur um það bil við upphaf Njáls sögu en samkvæmt fyrrennfanda verkinu er Bergþóra, eiginkona Njáls Þorgeirssonar á Bergþórshvoli, barnabarn Bergþórs, dóttir Skarphéðins og Aldísar konu hans. Hins vegar er hinn sígildi Gunnar Hámundarson sagður sonur Hámundar Granasonar, Gunnarssonar, Geirmundssonar, Geirmundar bróður Bergþórs. Ekki fer nein- um sögum af vígaferlum Gunnars og Skarphéðins yngri, heldur er látið í það skína að þar hafi fríðsamir menn verið á ferð, trúir sömu hugsjónum og Bergþór Gunnbjörnsson stóð vörð um við upphaf byggðar og Sigurjón Pétursson á tuttugustu öld. Þannig er þess sértaklega getið í niðurlagi *Bergþórssögu* að Gunnar og Skarphéðinn hafi rekið íþrótaskóla á bæjum sínum, rétt eins og Sigurjón getði á Álafossi á sinni tíð. Hér má greina sviþaða samsömun við endurbættar heitur Njálu og í erindum Sálarnar, en eins og frekar verður vikið að í lokakafla þessarar bókar hefur Gunnar á Hlíðarenda reynt Íslending- um hin fjölbreytilegasta fyrirmynd.

„Svo lengi má sjóða . . .“

Snemma í þessum kafla var rífað upp að Gunnar á Hlíðarenda vitradist Þorvaldi á Sauðanesi þegar hann var önnum kafinn við að yrkja rímu af hetjunni. Í draumafyrirlestur sínum lýsti Hermann Jónasson útliti nokkurra Njálupersóna eins og þær komu honum fyrir sjónir á meðan draummaður hans flurti Höskulds sögu. Enda þótt þær lýsingar séu nákvæmari en kveðskapur Þorvalds er ókosturinn við þær, rétt eins og persónulýsingar Njálu sjálfrar, sá að lesendur þurfa að breyta orðum í myndir í huga sínum og líklega verða þær myndir jafn misjafnar og lesendurnir eru margir.

Að þessu leyti hafa myndirnar sem Tilraunafélagið Njáll sýndi í Listamanna-skálanum sumarið 1948 sérstöðu. Þær virðast unnar með svipuðum hætti og myndir sem lögreglan lætur gera af glæpamönnum eftir fyrirsögn sjónarvotta. Mest er um einfaldar andlitsmyndir sem voru „teiknaðar af einum bezta listamanni þessa lands eftir skyggulýsingu sjáanda“, eins og komist var að orði þegar myndirnar birtust í *Bergþórssögu* árið 1950 (s. 4). Í ritdómi um bókina var Kristmann Guðmundsson skáld reyndar ekki sérlega hrifinn af þessum teiknara og sagði list hans ekki birtast með sannfærandi hætti í myndunum. Hins vegar væru þær „athyglisverðar frá öðru sjónarmiði en listarinnar“. ²⁵ Ekki er gott að segja hvað Kristmanni hefði þótt um ljósmyndir af fornköppum en slík mynd var einmitt birt í þriðja bindinu af *Brefjum frá Ingu* árið 1950 og er hún jafnframt forstöðumynd þessa kafla.

Ef spunnið er út frá þessum þræði má segja að verkin sem hér hefur verið fjallað um leitist við að bregða upp nákvæmari eða réttari myndum af persónum og viðburðum *Njáls sögu* en sagan gerir sjálf. Hvað sem okkur annars sýnist um þessar myndir bera þær vott um þau tók sem Njáluhefðin hefur haft á vitund Íslendinga (og Vestur-Íslendinga), en það er athyglisvert hvernig umrædd verk eru ekki aðeins í samræðu við einstaka kafla Njálu heldur einnig kvæði sem ort hafa verið út frá henni og skrif fræðimanna um söguna. Þau eru skýr og vissulega ýkt vísbending um að Íslendingar hafi í raun og veru aldrei hætt að (endur)skrifa Njálu; hér höfum við kynnst forleik, innskoti inn í söguna og framhaldi hennar, en líkt og drepið var á í síðasta kafla snúast kvæði skáldanna og túlkanir fræðimanna einmitt oft um að lesa á milli línanna, fylla í eyður og gera grein fyrir hugsunum og hvötum einstakra persóna.

Stillegur samamburður á umræddum verkum leiðir einna helst í ljós hve ágætlega rítfær Hermann Jónasson hefur verið. Texti *Draumna* hans fer að jafnaði næst hinum forna sagnastíl, þegar til þess er ætlast. Því til staðfestingar getum við rífað upp eftirfarandi ummæli:

„Nú skulum vér lúka málum vorum, Höskuldur.“

(Skarphéðinn í *Draumum*)

„Ukkar samlif er alveg sérstakt á allan máta.“

(Kári í *Ljóðum og Ræðum*)

„Svo lengi má sjóða, að sjóði upp úr.“

(Hallbera í *Bergþórssögu*)

Texti *Bergþórssögu* er ólíkastur gullaldarbókmenntunum hvað stíl snertir en það er ekki ljóst hvort slíkt eigi að skrifa á reikning Sigurjóns Péturssonar, viðkomandi miðils eða hinna dularfullu heimildamanna hans. Kristmann Guðmundsson ræðir þetta atriði í áðurnefndum ritdómi, segir rithöfundarhæfileika skrásetjara „ekki mikils virði, en það er nú í sjálfu sjer frekar meðmæli með bókinni þegar allt er á litrið“, textinn sjálfur hljóti að takmarkast við orðaforða og gáfnafar miðilsins.²⁶ Þannig virðist sérkennilegur frásagnarrámmi verksins (skyggulýsingarnar) leysa Sigurjón Pétursson undan persónulegri ábyrgð á þeirri „samsuðu“ sem þarna á sér stað.

Síðastnefnda atriðið, sem einnig á við um *Draumna*, *Ljóð og Ræður* og *Bref frá Ingu*, er einkar athyglisvert í ljósi þeirra hörðu viðbragða sem fornritaútgáfa Halldórs Laxness vakti á fimmta áratugnum. Fjallað verður nánar um þau viðbrögð í næstu tveimur köflum, en þau sýna að ýmsum Íslendingum stóð alls ekki á sama um hvaða meðferð fornritin fengu í ræðu og riti á fyrri hluta þessarar aldar. Í bókunum sem hér hafa verið til umræðu gafst hins vegar fullt svigrúm til að ummynda með frjálslegum hætti „höfuðverk“ íslenskra bókmennta. Ég hef ekki rekist á neinar heimildir um að Hermann Jónasson, Jóhannes Frímann, Soffanías Þorðelsson, Sigurjón Pétursson eða neinn annar, lífs eða liðinn, hafi setið undir ámæli stjórnvalda eða mátt sæta opinberri málshöfðun vegna aðildar sinnar að viðkomandi verkum. Fornritaútgáfa Halldórs Laxness dró hins vegar slíkan dilk á eftir sér.

Áður en skílist er við þennan flokk Njálubókmennta er nauðsynlegt að víkja stuttlega að færslunni frá hejrunni til höfundarins sem birtist okkur svo skýrlega í lokabætti réttarhaldanna yfir Hallgerði langbrók. Í fljótu bragði virðist þessi tilfærsla ekki hafa átt sér stað á meðal draumspakra manna og sjáenda á tuttugustu öld. Enda þótt *Draummar* Hermanns Jónassonar og *Bergþórsága* beri vott um það los sem komið var á hugmyndir manna um sannleiksgildi fornritanna gefa bæði þessi verk til kynna að sé setri Njálu saman hafi staðið sig svo illa að hann verðskuldi að nafn hans gleymist. En ekki voru allir á þeirri skoðun. Snemma árs 1959 birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* grein eftir Halldór Stefánsson undir titlinum „Höfundar Njálu“. Þar er bent á að gátan um höfund sögunnar sé enn „óráðin á fræðivísu þrátt fyrir ítarlegar og skarplegar athuganir vísindamanna og fræðimanna, hugmyndaauðgi og getspeki.“²⁷ Hins vegar, segir Halldór, búi dulheimar að baki skynheimsins og sé draumheimurinn meðal þeirra fyrrnefndu. Séu mörg dæmi um að gátur, sem ekki hafi fengist ráðnar í skynheimi og vökuvitund, hafi fengist ráðnar í dulheimi og draumvitund. Nefnir hann *Draumá* Hermanns í þessu sambandi en minnir á að þar hafi ekki komið fram hver eða hverjir hafi ritað Njálu. Nú vilji hins vegar svo til „að manni, sem hefur fjölþættar dulgáfur eigi síður en Hermann Jónasson, hefur birt á dulvísan hátt hverir hafi ritað Njálu, ekki einn maður heldur tveir. Þessi maður er Sigurður Jónsson, er sig nefnir Árness (sbr. Laxness)“.

Áður en Halldór greinir frá vitrun Sigurðar Árness – sem dregur viðurnefni sitt af æskustöðvum sínum í Árnessýslu – tekur hann feril hans í stuttru máli, segir frá gáfum hans, dulvísi og dulspeki. Kemur þar fram að Sigurður hafi ungu orðið var við skyggnigáfu sína en hún birtist jafnhliða í sýnum, heyrnum, hugboðum og draumföllum. Séstaklega er minnst á þær draumfærir Sigurðar sem urðu þannig að honum hafi þótt sem hann liði í lofti til fjarlægri staða „og fylgdu því að jafnaði sýnir og viðtöl við mannverur, sem fyrir voru á endimörkum farar“. Draumsýnin um höfund Njálu er einmitt af þessu tagi. Þegar Sigurður hafi verið búsettur í Neskaupstað hafi tveir fræðimenn verið að deila um hver væri höfundur sögunnar. Sigurður á að hafa skilið að hér væri um getgátur einar að ræða, en sjálfur hafi hann fengið brennandi löngun til að fá að vita hið rétta:

Þá var það eina nótt, að hann þóttist svífa í lofti suðvestur yfir landið. Ekki vissi hann um tilgang þessarar draumfarar. Kannadist hann við fjöll og jökla á hálendinu, og þegar hann bar suðvestur af því þekkti hann fjöllin á æskustöðvunum. Hann bar niður á holtið fyrir norðan tún í Skálholti, það sem staðurinn tekur nafn af. Hyggst hann nú ganga heim á staðinn, en í þeim svífum heyrir hann þyt að baki sér og samtímis er karlmanshendi rétt fram fyrir hann. Vissi lófi handarinnar að honum, sléttur og bjartur. Á lófanum var lettrað skýrum stöfum: Séra Leggur, og ártalið 1196.

Frá nafninu upp yfir úlftiðinn upp til handleggisins lá strik. Á handleggnum sá hann nafnið: Séra Ríta-Björn og ártalið 1206. Handleggurinn var blakkur og kom honum fyrir sjónir, sem hann væri roðinn sóti eða reykt.

Þessa sýn skildi Sigurður svo sem verið væri að birta sér hverir hefðu ritað Njálu. – Bar draumleidsian hann nú heim til Norðfjarðar aftur.

Halldór upplýsir að þessir tveir menn hafi verið kirkjuprestar í Skálholti á dögum Páls biskups Jónssonar (þess má geta að steinkista Páls fannst við uppgroft að grunni Skálholtskirkju árið 1954). Leggur (d. 1238) hafi verið sonur Torfa prests Þorvarðssonar sem getið sé um í Sturlungu, en Ríta-Björn (d. 1244) norðlenskur maður sem sé talinn hafa verið föstri Brands biskups Jónssonar. Segir Halldór ekkert því til fyrirstöðu né mæla gegn því að Njála hafi verið rituð í Skálholti á dögum Páls biskups. Miklu fremur megi færa til þess þær líkur að Páll biskup hafi verið alinn upp í Odda, en hvergi sé líklegra „að hinir harmsögulegu og stórfenglegu atburðir Njáls sögu hafi geymzt í minni og frásögn en einmitt þar“. Telur Halldór hugsanlegt að Páll hafi látið kirkjupresta sína skrá söguna eða fella saman í heild einstaka þætti sem áður hafi verið ritaðir í Odda. „Þannig hníga til eins vegar líkindi og dulvitrun.“ Þarf frekari vitna við?

4. KAFLI

Djarfasti aðili íslenska skólans



Sú útgáfa af Brennunjalssögu, sem hér kemur fyrir almennings-
sjónit, á því tvöfalda hlutverki að sinna, er ég áðan gat: vera í
senn góður gripur og nútímafólki aðgengilegur lestur. Kostn-
aðarmaður bókarinnar, herra Ragnar Jónsson, hefur lagt svo
fyrir, að ekkert skyldi til spara að gera útgáfuna sem vandadasta
eftir því sem föng eru á og geta íslenskra bókagerðarmanna
stendur til á þessu fyrsta ári lýðveldisins. Nokkrir ágætir lista-
menn voru til kvaddir að myndskreyta bókina, þeir málarar
Gunnlaugur Scheving, Snorri Arinbjarnarson og Þorvaldur
Skúlason, en titilsíðu og bókabindi teiknaði Ásgeir Júlíusson.
Ég þykist þess fullviss, að ýmsar teikningar, sem hér sjá fyrst
dagsins ljós, muni standa um aldur listræn afrek, jafnvið hin-
um ódauðlega texta sem þau voru sköpuð til að þjóna. Mynd-
um þessum, sem sumar hverjar eru gerðar undir áhrifum af
myndskreytingu íslenskra fornhandrita, lýsingunum, munu ís-
lenskir æskumenn venjast, og læra að unna þeim um leið og
hin gamla bók, nýjust allra bóka, er lesin, og þær munu geym-
ast til efri ára í hugum þeirra kærar minningar, óaðskiljanlegar
minningu sögunnar sjálfrar.

Halldór Laxness, úr *eftirmála Brennunjalssögu (1945)*

Í UNÐANFÖRNUM KÓFLUM hafa rógróin viðhorf Íslendinga til Njálu og söguhetja hennar verið skoðuð meðal annars í sérstöku ljósi skrifna Halldórs Laxness og Einars Ólafs Sveinssonar um söguna. Þeir hafa verið helstu fulltrúar þeirra óherfðbundnu viðhorfa sem ég kenni við höfundarhugtakið, en til þessa hef ég látið hjá líða að ræða um innbyrðis samband þessara æskuvina.¹

Eins og getið var um í inngangi, tilheyrði Einar Ólafur hópi fræðimanna sem hefð er fyrir því að kalla *Íslenska skólann* í fornsgagnarannsóknnum, en sá hópur vann meðal annars að útgáfum Hins íslenska fornritafélags undir forystu Sigurðar Nordal. Á undanförmum áratugum hefur töluvert verið skrifað um áhrif þessara fræðimanna á rannsóknir í íslenskum fræðum hér á landi og erlendis. Sérstaklega hafa menn hugað að forsendum þeirrar kenningar íslenska skólans að Íslendingasögur séu höfundarverk, hápunktur einstæðrar bók-
menntasköpunar Íslendinga á síðmiðöldum.² Að þeim forsendum verður nán-
ar vikið í sjötta kafla.

Samhliða þessari umræðu hafa ýmsir fræðimenn fjallað um viðhorf Halldórs Laxness til fornsgagnanna. Þannig talaði Steingrímur J. Þorsteinsson snemma um sonarhlutverk Halldórs gagnvart hinum fornu höfundum, þann vanda „fyrir atgervis- og afburðamann að eiga sér heimsfrægt foreldri“:

Hjá Halldóri Kíljan vil ég varla kalla þetta kapp eða metnað og allra sízt afbrýði-
semi. En það er ofur eðlilegt, að unglingur, sem finnur til ólmra krafa sinna, og
fullprosa maður, sem neytt hefur getu sinnar til mikillar listsköpunar, finni til
örðugrar aðstöðu, eins konar misréttis, jafnvel óbeinnar ögrunar af að sjá verk sín
og samtímans blikna í ofbirtu fornaldarfrægðar. Þetta verður ögrun til andstöðu,
ádeilu.³

Ástráður Eysteinnsson hefur nýlega útfært þessa hugmynd frekar, meðal annars með hljóðsjón af umdeildri fornsgagnaútgáfu Halldórs á fimmta áratugnum og

Svipuð viðhorf má finna í bréfum og greinum sem Halldór skrifaði um líkt leyti; í vinarbréfi til Einars Ólafs Sveinssonar frá 1923 segir skáldið til að mynda að það geti ekkert lært af Snorra Sturlusyni né íslenskum fornritum yfirleitt.⁸

Í þessum kafla verður aftur á móti einblínt á fornritaútgáfu Halldórs ennemma á fimmta áratugnum. Á þeim tíma fara kenningar íslenska skólans og hugmyndir Halldórs um hinar gömlu bækur saman í veigamiklum atriðum en þær ganga jafnframt gegn landlægrri trú Íslendinga á heimildargildi sagnanna. Vil ég því líta svo á að Halldór Laxness hafi um hríð verið einn af „aðilum“ íslenska skólans og í raun þeirra djarfastur.

Árið 1933 hófst útgáfustarf Hins íslenska fornritafélags með útgáfu Sigurðar Nordal á *Egils sögu Skallagrímssonar* í ritröðinni Íslensk fornrit. Ári síðar sendi Fornritafélagið frá sér *Laxdæla sögu* í útgáfu Einars Ólafs Sveinssonar og árið 1935 kom *Eyrbýggja saga* út undir ritstjórn Einars Ólafs og Matthíasar Þórðarsonar. Sama ár birtir Halldór Laxness örstutta blaðgrein þar sem hann mót-mælir því að íslenskir fræðimenn gefi fornsögurnar út með svonefndri samræmdri forni stafsetningu. Halldór segir að samanburður á útgáfu Fornritafélagsins og viðkomandi handritum leiði í ljós að hin samræmda stafsetning sé „jafnfrábrugðin stafsetningu hinna gömlu handrita einsog stafsetningu íslensks nútímamáls.“⁹ Að hans mati er það „sfandskapur“ við fornbókmenntirnar „að setja þær af stafsetningar-ástandum utan við lifandi ritmál þjóðarinnar, einsog það er á hverjum tíma“. Að vísu viðurkennir Halldór nauðsyn þess að gefa út stafréttar útgáfur og ljósprentanir handa fræðimönnum en hann krefst þess að almennar lestrarútgáfur verði ekki lengur keyrðar í dauðar viðjar „hót-fyndinna skólaspekninga“:

Samræmda stafsetningin, þetta hvímléiða málfræðinga-esperantó, hrindir lesand-anum frá sögunum, einsog allar dauðar reglur hljóta að gera, en með eðlilegri stafsetningu verður hverjum manni augljóst, sem les, að söguatillinn er ekki dauður bókskrafur, heldur okkar eigið mál, sem vér notum þann dag í dag, fagurt og lifandi nútímamál. (s. 123)

Máli sínu til stuðnings tekur Halldór dæmi af tveimur málsgreinum úr Íslend-

skáldsögunni *Gerplu* sem hann sendi frá sér árið 1952. Ástráður bendir á að þessi verk séu eins konar „þýðingar“ á fornsögnum og tengir hann þýðingar-starf Halldórs skemmtilegum en umdeildum kenningum bandaríska bók-menntafræðingsins Harolds Bloom um „óttann við áhrif“. Samkvæmt þeim einkennist gjörvöll bókmenntasagan af röð uppreisna – eins konar föðurmorða – þar sem yngri skáld misskilja áhrifaríka fyrrtinnara sína með skapandi hætti.⁴

Til þessa hefur hins vegar lítrið farið fyrir tilraunum til að setja kenningar og starf íslenska skólans í samband við viðhorf Halldórs til fornsagnanna og útgáfustarf hans. Árni Sigurjónsson drepur að vísu á samband Halldórs við þá Sigurð Nordal og Einar Ólaf í verki sínu *Laxness og þjóðlíf*, ekki síst ólíka afstöðu þeirra Sigurðar og Halldórs til íslenskrar bændamenningar, en viðhorf skáldsins til fornbókmenntanna ber þar lítt á góma.⁵ Jesse L. Byock, sem er gagnrýninn í garð Sigurðar Nordal og fylgismanna hans, hefur ennfræmur vitnað til írónískra kafla í skáldverkum Halldórs til að lýsa þeim hefðbundnu viðhorfum til sagnanna sem íslenski skólinn ögraði. Byock leggur hins vegar áherslu á að Sigurður og félagar hafi verið „á öndverðum meiði í pólitískum og menningarlegum skilningi bæði við vinstriisina á borð við Laxness og íhaldsmenn.“⁶

Þeir Árni og Byock beina sjónum sínum að íslenski menningarumræðu á þriðja áratugnum og fyrri hluta þess fjórða en á því tímabili talaði Halldór heldur háðulega um Íslendingasögur og þá þjóðerniskennnd sem þeim tengdist. Þannig hafa ýmsir vakið athygli á afstöðu höfuðpersónunnar í hinu sjálfsevi-sögulega verki *Heiman eg fór*, sem Halldór lauk við árið 1924, en hún segir meðal annars:

Menn þreytast ekki síður á að guma af ritsemiðunum fornu, sögum þeim er hér hafa verið skráðar í landi, og af flestu sagðar bera sem ritad hafi verið í heiminum. En um þær verður hver að segja fyrir sig. Ég fyrir mitt leyti hef ekki haft öllu óskemtilegra rit milli handa en Heimskringlu eftir Snorra Sturluson. [. . .] Um þá kafla í Íslendingasögum, sem eiga að skýra tilfinningar manna og einkenna sálarlíf, hlýt ég að jata að ég hef hvergi á neinn rekist sem að snildarbragði kærnist í hálfkvisti við smásögur eftir Hermann Bang og Alexander Kielland. Maria Grubbe eftir J.P. Jakobsen er miklu betra rit en Njála, þar höndlar miklu dýpri og listrænni andi efni og form.⁷

ingabók og Landnámbók, fyrst eins og þær líta út í handritum, síðan með samræmdri stafsetningu og loks með nútímastafsetningu.

Vár nú allt kyrrt um hrið. Ný bindi í ritröð Fornritafélagsins komu út eitt af öðru á tímabilinu 1935 til 1940 án þess að merkja mætti að gagnrýni Halldórs hefði borið tilætlaðan árangur. Haustið 1941 birtist svo fréttalíkingin í dagblaðinu *Vísir* um væntanlegar haustbækur Víkingsprents, bókaútgáfu Ragnars Jónssonar í Smára. Þar kom fram að í ráði væri „að gefa Íslendingasögurnar út í nýrri útgáfu, þar sem málið á þeim er fært í nútímabúning, og þurrtum ættartölulaglokum sleppt“.¹⁰ Þess var enn fremur getið að Halldór Laxness hefði verið fenginn til að annast útgáfu fyrstu sögunnar, sem yrði *Laxdæla saga*.

Gagnrýni Halldórs á samræmda forna stafsetningu frá árinu 1935 gefur tilefni til að álykta að útgáfu Víkingsprents haustið 1941 hafi beinlínis verið stefnt gegn útgáfu Fornritafélagsins. Slík ályktun gengur þvert á þá skoðun mína að Halldór hafi verið einn aðili íslenska skólans þar sem ritröðin Íslenzk fornrit er jafnan talin ein helsta afurð þess skóla. Á hinn bóginn hefur íslenski skólinn aldrei verið skilgreindur með hliðsjón af þeim stafsetningarreglum sem meðlimir hans studdust við í útgáfustarfi sínu. Þar eru aðrir mælikvarðar í gildi.

Þeir mælikvarðar hafa að vísu verið nokkuð á reiki, líkt og Jón Hnefill Aðalsteinsson rekur í nýlegri grein um íslenska skólann. Jón Hnefill bendir á að einkum hafi hugmyndir fræðimanna um það hver eða hverjir voru upphafsmenn íslenska skólans verið breytilegar:

Frá 1930 og vel fram yfir 1960 var íslenski skólinn talinn verk Sigurðar Nordals, en um miðjan sjöunda áratuginn verður breyting á, er Einar Ól. Sveinsson er kominn í forgrunn. Á áttunda áratugnum er Björn M. Ólsen vakinn upp í ritum fræðimanna, fyrst sem undanfari íslenska skólans, en síðar sem frumkvöðull hans og helsti upphafsmaður, en Sigurður Nordal verður eftirmaður Bjarnar, arftaki og loks lærisveinn.¹¹

Jón Hnefill segir þessa ósamkvæmni stafa af því að menn blandi íslenska skólanum saman við bókfestukenninguna sem þýski fræðimaðurinn Konrad Maurer lagði grunninn að á níújándu öld. Sjálfur gerir Jón Hnefill þann greinarmun að bókfestukenningin haldi fram hlut höfundu á sköpun íslenskra

fornbókmennta og sýni fram á *rittingis* milli einstakra fornsagna en íslenski skólinn leggi sérstaka áherslu á höfundana sem *skapandi listamenn*. Á þeirri forsendu að Björn M. Ólsen hafi líkt höfundunum við fræðimenn á borð við Gísla Konráðsson og Brynjúlf Jónsson frá Minna-Núpi en Sigurður Nordal lagt vinnubrögð Snorra Sturlusonar til grundvallar í umfjöllun sinni um höfundu Íslendingasagna, kemst Jón Hnefill að þeirri niðurstöðu að Björn hafi verið bókfestumaður en Sigurður sé hinn frumlegi upphafsmaður íslenska skólans. Skrefið frá þeim Gísla og Brynjúlfi til Snorra sé „furðu drjúgt skref“ (s. 126).

Þessari niðurstöðu mætti andæfa með tvennu móti. Annars vegar er unnt að leggja þyngrri áherslu en Jón Hnefill gerir á að Björn M. Ólsen skuli líkja listilegum samtölum í fornsögnum við besru samtölin í leikritum Shakespeares.¹² Hins vegar virðist umræðan bíta í skottið á sjálfri sér. Þegar Jón Hnefill segir skrefið frá Gísla og Brynjúlfi til Snorra furðu drjúgt kemur fram tiltekið mat á Snorra Sturlusyni sem listrænum höfundi sem á væntanlega eina meginót sína í skrifum Sigurðar Nordal sjálf. Mér þykir hins vegar athyglisverðara að þuga hvernig deilurnar um íslenska skólann sem slíkan eru fastar í víðtækari túlkunarhring: Hugmyndir okkar um það hverjir hafi verið aðilar skólans ráðast af skoðun okkar á hvaða kenningu skólinn hafði fram að færa, en sú skoðun ræðst aftur af mati okkar á því hverjir mótuðu kenninguna. Án þess að ég ætli mér að draga úr mikilvægi Sigurðar Nordal í þessu sambandi tel ég heppilegast að líta á íslenska skólann sem hreyfingu eða hefð. Slík hefð á sér ekki ákveðið upphaf né skýran endi heldur þróast í meðföllum íslenskra fræðimanna á fyrri hluta aldarinnar í togstreitu við víðtæknar hugmyndir almennings um sögurnar. Ef tengja á útgáfustarf Halldórs Laxness við þessa hefð er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvar kenning íslenska skólans var á vegi stöðd árið 1941 þegar tilkynnt var um væntanlega útgáfu Halldórs á *Laxdæla sögu*. Nærtækasti vitnisburðurinn um það er rit Sigurðar Nordal *Hrafnkatla* sem út kom árið 1940. Þar fullyrðir Sigurður, eins og frægt er, að Hrafnkels saga sé skáldskapur frá rötum, hún beri „að samsetningu, frásagnathætti og mannlýsingum öll einkenni ágættrar skáldsögu“.¹³

Jón Hnefill segir reyndar í grein sinni hæpið að telja *Hrafnkötlu* tímamóta- verk íslenska skólans því að þar sé „um einstaka rannsókn að ræða, sem

[Sigurður Nordal] varar við að draga af almennar ályktanir“. ¹⁴ Vissulega leggur Sigurður áherslu á að niðurstaða sín um Hrafnkels sögu eigi ekki við um Íslendingasögur almennar – rannsaka beri hverja sögu „sem gaumgæflegast út af fyrir sig“ (s. 70). Aftur á móti ræðir hann á lokasíðum bókarinnar vítt og breitt um kenningar íslenska skólans, metur árangur síðustu ára og leggur drög að óformlegri stefnuskrá fyrir þau ár sem í hönd fari. Sigurður segir þar meðal annars:

Þær rannsóknir á efni Íslendinga sagna, sem í raun og veru hefjast með ritgerð Konráðs Maurers um Hænna-Þóris sögu, var haldið áfram í svipuðum anda af Birni M. Ólsen (einkum í ritgerð hans um Gunnlaugs sögu), en nú er loks reynt að þoka áleiðis í samféllu í sambandi við útgáfur Hins íslenska Fornritafélags, – hafa jafnan sigt milli skers og báru. Á báðar hendur hafa verið skoðanir manna, sem vildu leysa viðfangsefnið á einfaldara [svo] hátt. Annars vegar hefur verið rógróin trú á traustleik og ágæti munnmælanna, hins vegar, einkum í seinni tíð, afneitun þess möguleika, að munnmæli geti varðveitt nokkurt sögulegt efni í tvær til þrjár aldir. (s. 77)

Sigurður segir að í formálum fyrir útgáfum Íslenzkra fornrita hafi „til þessa verið tekið miklu meira tillit til hinna gömlu skodana á sögunum, – skodana almennings á Íslandi og þeirra fræðimanna, sem leggja megináherzlu á arfsagnirnar, – heldur en sjónarmið hinna „kritisku“ sagnfræðinga“ (s. 78). Hann virðist ekki vera fullkomlega sáttur við þessa stefnu; annars vegar hafi útgefendur gert of mikið úr sagnfræði og þætti munnmæla í efni Íslendingasagna, hins vegar hafi „hlutfallslega verið allt of mikið af fornfræði í þessum útgáfum“ (s. 78). Sigurður skýrir þessa áherslu að nokkru leyti með vísan til bakgrunns og menntunar útgefendanna en þarna hafi matkaðssjónarmið einnig komið til greina: „Útgáfunar eru fyrst og fremst gerðar handa íslenskum almenningi og verða því að hafa hliðsjón af skoðunarhætti hans“ (s. 78).

Efirtektarvert er að lesa þetta gagnrýna mat Sigurðar á ritstjórnarstefnu sem hann átti sjálfur drjúgan þátt í að móta og hefur sett mark sitt á útgáfur Fornritafélagsins og rannsóknir ýmissa fræðimanna fram á þennan dag. ¹⁵ Orð hans gefa til kynna að viðamikil skrif íslenska skólans um höfunda Íslendingasagna, heimildir þeirra og samtíma hafi verið málamíðlun sem kom til móts við

sagnfræðilegan áhuga íslenskra lesenda. Þessum áhuga hafði aðeins verið beint (svo lítið bar á) frá hetjunni á söguöld að höfundinum og Sturlungaöld.

Árið 1940 þótti Sigurði hins vegar tímabært að stíga skrefið til fulls til hreinræktadrar bókmennta- eða fagurfræði:

Hér er á þessu stigi málsins um það að ræða að fá viðurkenndan réttinn til þess að beina athygninni að hinum lífandi kjarna sagnanna, leysa þær úr álagavörðjum rótróinnna hleypidóma. Það má kalla þetta krókaleið. Eg lít á það sem millibils-ástand í sögurannsóknunum, áfanga, sem varhugavert sé að hlaupa yfir. Krókur er stundum betri en kelda, og kemst, þó að seint fari. Önnur takmörk eru fram undan: að skipa fornsögunum á réttara stað í þroskaferli þjóðarinnar, – að gera sé sem ljósasta grein fyrir, hvað þær eru í raun og veru, því að það verður eitt höfuðaríði í þekkingu Íslendinga á sjálfum sér og sögu sinni fyrir og síðar, – og síðast, en ekki sízt, að greina á milli *ellibelgs sagnanna*, *hins dauða fróðleiks*, og *hinnar stungu sálar þeirra*: snilldarinnar í stíl og frásagnarhætti, mannalýsinganna, mannlýsinga, lífsskoðunarinnar, – að kenna mönnum að lesa þær með dýpra skilningi og sér til meira andlegs ávinnings. (s. 78–79)

Ef lítið er til þess hóps sem jafnan er kenndur við íslenska skólann virðist sem Einar Ólafur Sveinsson hafi orðið við þessu kalli Sigurðar Nordal í riti sínu *Á Njálshátt* árið 1943. Efnisyfirlit bókarinnar er svo til samhljóða forskrift Sigurðar fyrir fornritarannsóknir þar sem skilið er á milli hins dauða fróðleiks og „snilldarinnar í stíl og frásagnarhætti, mannalýsinganna, mannlýsinga, lífsskoðunarinnar“. Að loknum stuttum inngangskafli, sem ber titilinn „Ræturnar“, fylgja meginkaflar ritsins með titlunum „Listaverkið“, „Mannalýsingar“, og „Lífsskoðanir“. ¹⁶

Fróðlegt væri að rekja þessa þræði milli *Hrafnkœllu* Sigurðar og *Á Njálshátt* eftir Einar Ólaf frekar og tengja hugmyndir þeirra við þau átök sem voru á þessum tíma á milli ævisögulegrar rannsóknaræfingar í bókmenntum og svokallaðrar nýrýni. ¹⁷ Okkar biður hins vegar það verkefni að bera óopinbera stefnuskrá Sigurðar frá 1940 saman við þá fyrirætlun Víkingsútgáfunar „að gefa Íslendingasögurnar út í nýrri útgáfu, þar sem málið á þeim er fært í nútímabúning, og þurrum ættartölulanglokum sleppt“. Var þar ekki einmitt á ferðinni áþreifanleg tilraun til að „greina á milli ellibelgs sagnanna, hins dauða fróðleiks og hinnar stungu sálar þeirra“?

Þegar hugað er að þeim höfðu viðbrögðum sem fyrirhuguð útgáfa Halldórs Laxness á Laxdæla sögu hlaut, kemur ekki á óvart að Sigurður Nordal og aðrir aðilar íslenska skólans hafi sýnt varkárni í umgengni sinni við menningararfinn (sbr. orð hans „krökur er stundum betri en kelda“). Fréttin um áform Víkingsprents varð kveikja að frekari umræðum í dagblöðum og leiddi að endingu til þess að Alþingi samþykkti lög síðla árs 1941 sem kváðu á um einkarétt ríkisins á útgáfu íslenskra rita sem samín hefðu verið fyrir árið 1400 (löggin eru prentuð á s. 141 í þessari bók). Árti kennslumálaráðherra að úthluta leyfum til þeirra sem áhuga hefðu á að gefa út þessi rit; var Fornritafélagið eitt undanskilið þessu ákvæði. Halldór og samstarfsmenn hans, þeir Ragnar Jónsson bókaútgefandi og Stefán Ögmundsson prentari, brugðust skjótt við og gáfu *Laxdæla sögu* út með hraði, áður en löggin voru afgreidd á þinginu. Ári síðar gáfu þeir út *Hrafnkötlu*, í trássi við löggin og voru dæmdir fyrir tiltekið í lögregluértri Reykjavíkur. Var þeim gert að gjalda fjársektir, eða sitja að öðrum kosti 45 daga í fangelsi. Þeir áfrýjuðu dómnum til Hæstaréttar á þeirri forsendu að löggin sem dæmt var eftir brytu í bága við ákvæði stjórnarskrár um prentfrelsi.¹⁸ Á meðan málið var þar til meðferðar, vorið 1943, tókst þeim félagum að fá leyfi hjá Einari Arnórssyni, þáverandi kennslumálaráðherra (og fyrrum tengdafóður Halldórs), til að gefa út Njáls sögu. Alþingi brást að þessu sinni við með því að samþykka þingsályktun þar sem mælt var til þess að Bókaútgáfa Menningar- sjóðs og Þjóðvinafélagsins sendi frá sér aðra útgáfu af sögunni, til höfuðs útgáfu Halldórs. Þessi óvenjulega „bókmenntasaga“ er sviðsett með frumheimildum í næsta kafla, „Réttarhöldunum yfir Halldóri Laxness“.

Moldviðrið sem fornritaútgáfa Halldórs vakti á sínum tíma hefur gert mönnum óhægt um vik að sjá tengsl hennar við kenningar íslenska skólans. Nærtækara virðist að tengja hana þeirri gagnrýni sem málfar og stafsetning á skáldsögum og þýðingum Halldórs höfðu mátt þola á næstu árum á undan,¹⁹ sem og harðvítugum deilum skáldsins og Jónasar Jónssonar frá Hrífla,²⁰ en allt bendir til þess að Jónas hafi staðið að baki lagasetningunni 1941 og þingsályktunartillögunni um útgáfu á Njáls sögu rveimur árum síðar. Sjálfur hafði Jónas stórtækar hugmyndir um að Menningarsjóður stæði að útgáfu á Íslendingasögum um handa almenningi; áform Víkingsprents settu þar strík í reikninginn.²¹

Í þessu flókna samhengi má þó greina nokkra gilda hlekkj milli Halldórs og íslenska skólans.

Skýrustu vísbendinguna um jákvæð áhrif Sigurðar Nordal á fornritaútgáfu Halldórs er að finna í grein sem sá síðarnefndi skrifaði í *Tímarit Máls og menningar* haustið 1941, í kjölfar útgáfu sinnar á *Laxdæla sögu*. Þar ver Halldór útgáfuna og segir að við undirbúning hennar hafi hann meðal annars haft samráð við „ýmsa helstu menntamenn landsins og gáfumenn og ýmsa bezru málfraeðinga vora“. Hann nefnir sérstaklega nöfn tveggja fræðimanna í því sambandi, þeirra Jóns Helgasonar og Sigurðar Nordal, og bætir við: „hefur hinn síðari stutt mig að þessu verki með góðum ráðum“. ²² Í fullu samræmi við þær hugmyndir sem fram komu í ritgerð Sigurðar um Hrafnkels sögu ári áður, hafði Halldór einmitt gert lítið úr heimildargildi Laxdælu í formála sínum en lagt þeim mun meiri áherslu á söguna sem skáldverk:

Skáldi Laxdælu eru kunn öll meðul siðmenntaðs skáldskapar. Hornsteinar hans eru sem sagt forn yrkisefni godkennend djúprætt í kynstofninum. Yfir þau reisir hann síðan verk sitt af raunseftri þekkingu á mannlífi síns tíma, þrettándu aldar, og upphæfur þó söguna í hæðir rómantískrar skáldstefnu aldarinnar. Samfróðlega viðburði og persónur sníður hann auk þess frjálsliga í hendi sér og beygir undir lögmál skáldverks síns. Vinnubrögðin eru að því leyri ekki frábrugðin aðferðum bezru sagnskálda seinni tíma.²³

Þessi síðasta setning Halldórs ber nokkurn keim af þeim orðum Sigurðar að ef tækni Hrafnkels sögu væri borin saman við efnismeðferð frægustu bóksagna heimsbókmenntanna, svo sem *Michael Kohlhaas* eftir Heinrich von Kleist, kæmi í ljós að sagan væri, „þegar á allt er lítið, ein hin fullkonnasta stutta bóksaga (short novel), sem til er í heimsbókmenntunum.“²⁴

Önnur röksemd fyrir aðild Halldórs að íslenska skólanum felst í þeirri ákvörðun hans að gefa Hrafnkels sögu út árið 1942, líkt og til stuðnings við rannsókn Sigurðar Nordal frá 1940. Þessi tengsl eru innsigliuð með því að titill beggja verkanna er sá sami – Halldór nefnir útgáfu sína *Hrafnkötlu* – en eftir því sem ég kemst næst var sá titill almennt ekki notaður um söguna áður en Sigurður tók hann upp með riti sínu. Þegar *Hrafnkötlu* Sigurðar og *Hrafnkötlu* Halldórs hafa verið settar í þetta sambengi er freistandi að greina sambærileg

Skrill og venjulegir borgarar

Alþingi hefur tekið á sig ábyrgðina um, að fornríttin verði ekki gefin út í skriflútgáfu. Reymslan sýnir, að menn úr rithöfundastétt landsins standa að þessum skemmdarverkum og varð ekki trúað fyrir neinni verndun. Reyndin sýndi enn fremur, að meiri hluti fastra starfsmanna við norrænueld háskólans var líka lítill fallinn til að rísa gegn skriflútgáfum fornrítanna. En venjulegir borgarar landsins risu gegn hættunni, venjulegir borgarar í menntamálaráði skoruðu á ríkisstjórnina að hefjast handa um réttmætar aðgerðir. Og venjulegir borgarar á Alþingi samþykktu með yfirgnæfandi meiri hluta verndarlöggjöf vegna fornrítanna.

Jónas Jónsson, Rauðar stjórnur (1943)

tengsl á milli bókar Einars Ólafs Sveinssonar *Á Njálshúð* frá 1943 og útgáfu Halldórs á *Brennunjalssögu* frá 1945. Slik tengsl blasa raunar við í eftirmála Halldórs þar sem hann kvartar yfir því að meirihluti fræðimanna hafi byggt ófullnægjandi rannsóknir sínar „á þeim misskilningi, að Brennunjalssaga væri sagnfræðirit, reyndar mjög fátæklegt og valt“.²⁵ Eina undantekningin sé rit Einars Ólafs um söguna sem að sögn Halldórs er „samið af manni með nútíðarhugmyndir um bókmenntir og menntuðum sem vorum tímum sæmir“ (s. 416). Svo virðist sem Halldór hafi orðið fyrir umtalsverðum áhrifum frá þessum æskuvini sínum. Í eftirmála ræðir hann um þá „heimspeki“ eða „lífs-speki“ sem í sögunni birtist (s. 417–18), en í því orðalagi má greina bergmál frá umræðu Einars Ólafs um „lífs-sköðanir“ Njálshöfundar.²⁶ Halldór hrósar höfund sögunnar enn fremur fyrir stílsnilld, frásagnargáfu og fjölbreytta persónusköpun en um öll þessi atriði fjallar Einar Ólafur Ísarilega í bók sinni. Hvað eftir annað vísar Halldór til sögunnar sem skáldverks; „að því er málið snertir,“ segir hann meðal annars, eru fá eða ekkert íslenskt skáldrit „meira nútímarit en Brennunjalssaga“ (s. 415).²⁷ Slíkar athugasemdir og viðleitni Halldórs til að draga þessi nútímaeinkenni fram (með því að gefa söguna út með nútímafastsetningu án sagnfræðilegra skýringa, korta o.s.frv.) eru í samræmi við þá stefnu skrár íslenska skólans sem Sigurður Nordal sendi frá sér árið 1940. En jafnframt

er Halldór trúr þeirri sagnfræðilegu hefð sem einkennir formála Íslenskra fornríta þegar hann vekur athygli á að „vitaskuld sé bókin öll mikil heimild um menningarsögu þrettándu aldar“ (s. 415). Lesendur muni finna að auk annars endurspeglis *Brennunjalssaga* þá „tímamótaöld, sem skáldið lifir [. . .] og fall þjóðveldisins“ (s. 417).

Ég þykist nú hafa fært rök fyrir því að Halldór Laxness geti talist til íslenska skólans. Eftir er að skýra á hvern hátt hann var djarfasti aðili þessa hóps. Í því sambandi er nauðsynlegt að rífa upp þingsályktunartillögu sem Kristinn E. Andrésson, þingmaður Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalístaflöksins og náninn félagi Halldórs, flutti vorið 1943, fáeinum dögum áður en spurðist að Halldór hefði fengið tilskilið leyfi til að gefa út Njálssögu. Kristinn mæltist þar til þess að lögin frá 1941, sem tryggðu ríkinu einkarétt á útgáfu rita er samín hefðu verið fyrir 1400, yrðu felld úr gildi þar sem þau stönguðust á við stjórnarskrána. Tillaga Kristins fékkst ekki samþykkt. Hún var sett í nefnd og varð niðurstaða nefndarinnar að lögin frá 1941 skyldu biðna almennrar endurskoðunar á lögum um höfundarétt og prentarétt er staði fyrir dyrum.²⁸

Helsta afrek þingnefndarinnar var að leita álits í málinu hjá þremur háskólakennurum, þeim Árna Pálssyni sagnfræðingi, Birni Guðfinnssyni málfræðingi og Sigurði Nordal. Í skriflegu svari sínu til nefndarinnar sigldu þeir þremmingar klókindalega „milli skers og báru“; annars vegar gagnrýndu þeir útgáfu Halldórs Laxness á *Laxdæla sögu*, hins vegar drógu þeir í efa réttmæti laganna frá 1941. Gagnrýnin á útgáfu Halldórs byggðist á því að hann hefði víða breytt orðalagi sögunnar, felt niður einstakar setningar og kafla (m.a. sumar ættartölur) og endurraðað sumu.²⁹ Allar þessar breytingar töldu háskólakennarnir hafa spilt efni og yfirbragði sögunnar. Á hinn bóginn voru þeir jákvæðir í garð þeirrar tilraunar sem þarna hafði verið gerð. Þeir bentu á að varðveitt handrit fornrítanna væru sjálf afurðir breytinga sem ýmist hefðu bætt eða þjagað efni viðkomandi sagna. Af þessum sökum og öðrum höfðu þeir efasemdir um ágæti laganna frá 1941; einkum drógu þeir í efa að heppilegt væri að veita stjórn-mála- og embættismönnum lögsögu yfir útgáfu íslenskra fornríta: „Þyki nauðsynlegt að hafa eftirlit með útgáfu eldri rita, svo sem margir munu telja, virðist næst lagi, að það sé í höndum fræðimanna og rithöfundna, sem til þess væru

kvaddir og treysta mætti að þekkingu og smekkvísi“, sögðu kennarnar í niðurlagi og töldu sannilega ekki langt að fara eftir slíkum mönnum.³⁰

Nú er ekki að fullu ljóst hve mikinn þátt Sigurður Nordal átti í álitsgerð þeirra þremmanna. Í greinargerð sem Jónas frá Hriflu skrifaði eftir að ströfum þingnefndarinnar var lokið kemur fram að gagnrýnin í garð Halldórs hafi verið runnin undan rifjum þeirra Árna Pálssonar og Björns Guðfinnssonar; hins vegar hafi Sigurður lagt áherslu á að forritin hefðu stöðugt verið að breytast við afskrifir og sambærðlu heimilda.³¹ Mér þykir engu að síður sennilegt að Sigurði hafi þótt Halldór fara heldur frjálsglega með texta Laxdælu Þegar hann sagði í *Hrafnkötlu*-ritgerð sinni að greina þyrfti „á milli ellibelgs sagnanna, hins dauða fröðleiks, og hinnar stungu sálar þeirra“, vakti tæplega fyrir honum að ellibelgnum yrði kastað á gæ.

En hver urðu viðbrögð skáldsins við þessari gagnrýni? Í óbeinu svari sínu frá árinu 1943 þrætur Halldór fyrir að hafa „gert stórfeldar efnisbreytingar“ á Laxdælu.³² Hann finnur sig samt sem áður knúinn til að verja þá ákvörðun sína að fella efni úr sögunni. Þar segir hann að einhlítt virðist í almenningstúgáfum:

[. . .] að gera úrfellingar á ýmsum þeim atriðum textans, sem torveldar lestur bókanna eða felir frá þeim, a.m.k. í sumum fornbókum, svo sem lángrar ættartölur, innskotssögur óskyldar meginkjarna bókarinnar, sem höfundar eða afskrifar hafa af einhverjum ástæðum viljað láta fljóta með, og, í samræmi við það, allar síðari tilvísanir textans til atburða og persóna hinna úrfeldu staða. (s. 230)

Athyglisvert er hvernig Halldór dregur hér persónu „afskrifarans“ inn í umræðuna, en rétt er að minna á að fræðimenn hafa bæði fyrr og síðar byggt fornrítatúgáfur sína á úrvali úr mismunandi handritum, oftast á grundvelli eigin hugmynda um upprunalegan texta viðkomandi sögu.³³

Hvað *Laxdæla sögu* viðvíkur segist Halldór sannferður um að sagan hafi hvergi verið birt á jafn heildstæðu formi, „a.m.k. hvergi eins plastískt“ (s. 231). Hann kannast að visu við að ýmsar smærri villur hafi slæðst inn í útgáfuna en skýringuna segir hann þann mikla flýti sem hafður var við prentun hennar. Vegna yfirvofandi lagasetningar Alþingis hafi ekki gefist tími til að lesa prófark-ir nægjanlega vel og bera textann saman við þá útgáfu sem stuðst var við. Halldór viðurkennir loks að deila megi um réttmæti þess að gefa Íslendingasög-

ur út í sýttum útgáfum. Þær kunni að nýttast vel sem lesefni handa börnum og unglíngum en það sé eftir sem áður nauðsynlegt að gefa sögurnar út ósýttar á nútímamáli. Halldór fylgdi þeirri stefnu í þeim útgáfum fornsagna sem hann hafði umsjón með eftir 1941. Háskólakennararnir voru líklega ánægðir með þessa stefnubreytingu. Í sumarþyrjun 1943, þegar Hæstiréttur tók fyrir áfrýjun Halldórs Laxness, Ragnars Jónssonar og Stefáns Ögmundssonar vegna dómsins í lögreglurétti frá haustinu áður, voru þeir Sigurður Nordal, Árni Pálsson og Björn Guðfinnsson meðnir um að segja álit sitt á útgáfu Halldórs á *Hrafnkötlu*. Í þetta skipi var umsógnin lofsamleg. Þeir fundu að visu einn stuttan kafla sem fluttur hafði verið til, en að öðru leyti var „efni“ sögunnar óbreytt.³⁴ Sú dirfska gegnvar fornsögnum sem birst hafði í *Laxdæla sögu* Halldórs beið átakanna við *Gerplu*, rúmunum áratug síðar. Í millitíðinni birti hann *Íslandsklukkuna*, tímabundna sáttargjörð sína við fornbókmenntirnar og þjóðina.

Það sem hér hefur verið sagt um fornrítatúgáfu Halldórs Laxness varpar vitanlega aðeins ljósi á eina hlið hennar. Aðrir þættir hafa verið látnir liggja milli hluta, þar á meðal það gildi sem góð vinátta þeirra Jóns Helgasonar prófessors í Kaupmannahöfn hefur haft fyrir Halldór á þessum tíma. Í Jóni átti skáldið ómetanlegan fræðilegan bakhjarl þegar kom að útgáfu fornrítanna, skrifum um þau og ritun verka á borð við *Íslandsklukkuna* og *Gerplu*.³⁵ Hér hefði enn fremur mátt ræða nánar um bein og óbein skoðanaskipti Halldórs og Sigurðar Nordal um samræmda forna stafrsetningu. Reyndar virðast þeir hafa komist að eins konar málamiðlum um það snúna efni: Háskólakennararnir viðurkenndu í álti sínu vorið 1943 að nútímastafrsetning færi að sumu leyti nær forna málinu en hin samræmda stafrsetning; Halldór viðurkenndi jafnframt í grein árið 1944 að sú samræmda stafrsetning sem Sigurður hefði mótað fyrir útgáfur Íslenzkra fornrita væri merklíleg tilraun „af hálfu hugsandi Íslendinga“ til að móta mál-sögulega reglu, „viðtækari, nákvæmari, og meira í líkingu við gagnhugsað kerfi“ en sú samræmda stafrsetning danska fræðimannsins Wimmers sem stuðst var við í flestum öðrum útgáfum.³⁶ Þessi orð minna á að þeir sem stöðu að útgáfum Íslenzkra fornrita áttu sjálfir í eins konar „sjálfstæðisbaráttu“ við þá erlendu fræðimenn sem fengist höfðu við rannsóknir og útgáfu íslensku forn-ritanna. Ólíkt rithöfundinum Halldóri var fræðimaðurinn Sigurður bundinn

Píanistinn, höfundur Laxdælu

Er sem smillingurinn sé lengi að þreifa fyrir sér á hljómborðinu, og kemur niður á ýmis lög og lagabrot, sum rismikil, önnur dulúðug eða skopleg, en í lausu orsakasambandi innbyrðis, stundum jafnvel engu, en slær aðeins endrum og sinnum nokkra kontrapunktiska tóna höfuðtemans, sem ríkir þó leynilega yfir hug hans bak við öll önnur temu, unz það brýzt fram í seinni hluta verksins af óstöðvandi þunga og alhrifur höfund sinn. Þá sést, að allt hið fyrra verður sem langur, sumstaðar dálítið torfárin afliðandi háfjalls.

Halldór Laxness, úr formála Laxdæla sögu (1941)

af þeim leikreglum sem voru almennt í gildi á sviði textafræði og annarra skyldra fræðigreina á þessum tíma.

Þá er rétt að minna á að þau hörðu viðbrögð sem útgáfustarf Halldórs vakti, og við fáum skýrari mynd af í næsta kafla, voru nátengd illvígum deilum Jónasar Jónssonar frá Hríflu við vinstrisinnnaða listamenn upp úr 1940. Þær deilur voru meðal annars um úthlutun listamannaalauna og snerust að nokkru leyti um hugmyndir Jónasar um þjóðlega og óþjóðlega list.³⁷ Urðu þær líklega til þess að Halldór bæð listmálarana Gunnlaug Scheving, Þorvald Skúlason og Snorra Arinbjarnar um að myndskreyta *Brennunjalssögu*, en verk eftir Gunnlaug og Þorvald voru meðal þeirra sem Jónas sýndi á frægri myndlistarsýningu í Alþingishúsinu árið 1942 sem dæmi um klessustefnu í myndlist samtímans.³⁸ Halldór kom á stefnumóti milli þessara „úrkynjuðu“ listamanna og höfundar Njálu í útgáfu sinni og staðhæfði í eformála sínum að sumar myndanna ættu eftir að „standa um aldur listræn afrek, jafnvið hinum ódauðlega texta sem þau voru sköpuð að þjóna“.³⁹ Málsgreinar sem þessi leiða hugann að nýju að hugmyndum Haralds Bloom og Ástráðs Eysteinsonar um „órtann við áhrif“, samband rithöfunda við andlega fyrirrennara sína. Á fyrri hluta aldarinnar fólst „sjálfstæðisbarátta“ ýmissa framsækinna íslenskra listamanna einmitt í skapandi úrvinnslu á bókmenntahæðinni. Má í því sambandi vísa til tónverka Jóns Leifs og höggmynda Ásmundar Sveinssonar (hjá þeim er þó ef til vill eðlilegra að tala um „þrá eftir áhrifum“ en ótta).⁴⁰


Ástráður lítur svo á að í *Gerplu* hafi „Halldór Laxness þýtt frjálslega [. . .] ekki bara *Fóstbraðrasögu* heldur einnig verk eftir hinn stóra höfundinn í bókmenntasögu okkar, *Ólaf sögu helga* eftir Snorra Sturluson“.⁴¹ Sú glíma samræmist helst því stigi órtans við áhrif „þar sem stefnt er að persónulegum and-mikilleika, sem svari við mikilfengleik fyrirrennarans“, svo vitnað sé til lýsingar Blooms. Útgáfustarf Halldórs á fimmta áratugnum fellur hins vegar betur að fyrra stigi órtans við áhrif þar sem skáldið „fullkomnar“ verk fyrirrennara síns; „varðveitir inntak þess en gefur því aðra merkingu, líkt og fyrirrennarinn hafi ekki gengið nógu langt“.⁴² Samkvæmt þeirri hugmynd er „faðirinn“ sem Halldór glímdi við á þessu tímabili höfundarferils síns sá langi ærtleggur lærdra og leikra sem haldinn var þeim „misskilningi“, svo vitnað sé í Halldór, „að Brennunjalssaga væri sagnfræðirit“. Það má þó allt eins velta vöngum yfir því hvortt fyrirrennararit á þessu sviði hafi í raun verið „aðrir“ aðilar íslenska skólans sem höfðu fram að 1940 verið of ragir við að „beina athyglinni að hinum lifandi kjarna sagnanna“, eins og Sigurður Nordal komst að orði.

5. KAFLI

Réttarhöldin yfir Halldóri Laxness

„Alltaf fer hjör og maun þín skórnur
lengi uppi.“

„Nú skul' muna kinn-
Þrestinn. Aldrei hiofi jeg hvort þú
sagst langur eða stórnur.“



Alþýðublaðið segir, að nú standi yfir glíma mikil í Framsókn milli þeirra höfuðkempnanna Hermanns [Jónassonar] og Jónasar [Jónssonar frá Hriflu], og sé gamli maðurinn furðu sniðugur að koma með hina og þessa króka móti brögðum Hermanns. Er leiðinlegt að sá gamli skuli ekki hafa verið sér þessarar glímu sinnar meðvitandi, þegar Hermann varð kóngur forðum; þá hefði hann kannske sjálfur getað orðið kóngur í fyrsta og einasta sinn [...].

Úr Speglinum (1942)

HAUSTIÐ 1942 VORU Ragnar Jónsson bókaútgefandi, Stefán Ögmundsson prentari og Halldór Laxness kallaðir til yfirheyrslu í Lögreglurétti Reykjavíkur. Tilfnið var aðild þeirra að útgáfu á Hrafnkels sögu Freysgöda sem komið hafði út í Reykjavík struttu áður undir titlinum *Hrafnkatla*. Þótti sýnt að útgáfan bryti í bága við ársgamlan viðauka við eldri lög um prentrétt og höfundarétt. Sá viðauki hafði verið samþykktur á Alþingi vegna fyrirætlana sömu þremmninga um að gefa út Laxdæla sögu.

Textinn sem hér fer á eftir er unninn upp úr *Alþingistíðindum* og því sem þar segir um þessa lagasetningu og eftirmál hennar, svo og dómsskjölum úr Hæstarétti.¹ Vitnað er orðrétt í *Alþingistíðindi* og aðrar heimildir sé þess kostur og merkt með hornklofum ef orðum eða setningum er sleppt innan úr tilvitnunum eða við þær bætt. Kynningar þingforseta á ræðumönnum í efri og neðri deild Alþingis finnast að vísu ekki í prentuðum heimildum, enda þótt um slíkar kynningar hafi verið að ræða á sínum tíma, en á eftirfarandi síðum er þeim einkum ætlað að hafa upplýsingagildi. Úr dómsskjöllum hefur endursögn í óbeinni ræðu verið endurskrifuð í beinni ræðu, auk þess sem lögmáður ákærðu er látinn flytja málið þó að fulltrúi hans hafi lesið greinargerð lögmansins fyrir rétti.

Efnið er í heild beygt undir það dramatíska form sem valið er til framsetningar, til að mynda er málsmeðferð þingsins einfölduð verulega. Því fer sjarri að um tæmandi eða „hludlausa“ úrtekkt á þessu máli sé að ræða: Meginmarkmið þessa kafla er að varpa ljósi á þau viðhorf til Íslendingasagna sem Íslendingar, úr ólíkum þjóðfélagshópum og andstæðum pólitískum fylkingum, viðruðu opinberlega á árunum fyrir lýðveldisstofnun. Um leið eru hér rífið upp ein merkilegustu réttarhöld íslenskrar bókmenntasögu.

Dramatis personæ

<i>Arni</i> Jónsson frá Múla, ritsjóri	<i>Jónas</i> Jónsson frá Hríflu, skólasiðjóri
<i>Bjarni</i> Bjarnason, skólasiðjóri	<i>Jörundur</i> Brynjólfsson, bóndi
<i>Brynjólfur</i> Bjarnason, kennari	Kona, ritari Halldórs Laxness
<i>Einar</i> Arnórsson, dóms- og kennslumálaráðherra	<i>Magnús</i> Jónsson, guðfræðiprófessor
<i>Einar</i> Arnason, bóndi	<i>Pálmi</i> Hannesson, rektor
<i>Einar</i> B. Guðmundsson, hæstaréttarmálaflutningsmaður	<i>Einar</i> <i>Ragnar</i> Jónsson, útgefandi
<i>Einar</i> Ólgeirsson, ritsjóri	<i>Sigfús</i> Sigurthjartarson, ritsjóri
<i>Halldór</i> Kiljan Laxness, rithöfundur	<i>Stefán</i> Ögmundsson, prentari
<i>Helgi</i> Jónsson, héraðslæknir	<i>Sveinbjörn</i> Högnason, prestur
<i>Jakob</i> Möller, fjármálaráðherra	<i>Váldimar</i> Stefánsson, fulltrúi í lögreglurétti Reykjavíkur
<i>Jóhann</i> P. Jóseppson, kaupmaður og úngerðarmaður	<i>Þorsteinn</i> Þorsteinsson, sýslumaður
	<i>Þórður</i> Eyjólfsson, forseti Hæstaréttar

Fyrri hluti: Lög

1.1. Sakadómur Reykjavíkur 1942

(*Borð og stolar á sviði framarlega hœgra megin þar sem dómarafulltrúi situr ásamt ritara og vottum, auð vinnastúka fyrir miðju, dökkt tjald í bakgrunni. Vinstra megin fremst á sviði er litil prentvél í gangi, prentari tekur á móti örkum sem koma út úr vélinni og skoðar þær. Það er bókastafi við hlið vélar. Eftir að fulltrúi hefur barið dómarahamri ítrekað í borðið hœgra megin, drepur prentari á prentvél, um leið eru ljós slökkt vinstra megin.*)

Váldimar: Ár 1942, fimmtudaginn 17. september var lögregluréttur Reykjavíkur settur á skrifstofu sakadómara og var í forföllum sakadómara haldinn af fulltrúa hans *Váldimar* Stefánssyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Að halda réttarrannsókn um meint brot gegn lögum nr. 127, 9. desember 1941. Dómari leggur fram nr. 1 bréf dómsmálaráðuneysis dagsett 12. þessa mánaðar og nr. 2 eitt eintak bókarinnar „Hrafnkötlu“. Nr. 2 fylgir in originali en nr. 1. hijóðar svo: „Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Reykjavík, 12. september 1942. Jafnframt því að senda yður, herra sakadómari, eitt eintak af bókinni „Hrafnkatla“, sem nýlega hefir verið gefin út

hér í Reykjavík, er hérmeð fyrir yður lagt að hefja réttarrannsókn út af útgáfu bókar þessarar og höfða síðan mál gegn þeim Halldóri Kiljan Laxness, *Ragnari* Jónssyni og *Stefáni* Ögmundssyni fyrir brot gegn lögum nr. 127, 9. desember 1941.“ [Undir bréfið skrifar dómsmálaráðherra] *Jakob* Möller.

1.2. Alþingishúsið 1941

(*Þingjalla klingir, tjald lyftir, það birtir miðsviðs og að baki opnast sýn út um glugga Alþingishúss á stytta Jóns Sigurðssonar á Austurvelli með snjó á öxlum. Vinnastúka snjst og í ljós kemur tvöfalður ræðustóll þingsins. Þingforseti situr í efri stólnum, þingmenn koma í neðri stólinn utan úr sal eftir því sem við á. Dómarafulltrúi og vottar falla hins vegar í skugga. Lýsingin er beitt í skeiðingum milli sviða hédan í frá.*)

Jörundur: Fundur er settur í Neðri deild Alþingis 10. nóvember 1941. Á dagskrá er frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 13, 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt. Fyrstur tekur til máls framsögumaður, *Bjarni* Bjarnason, Framsóknarflokki, annar þingmaður Árneseinga.

Bjarni: Þetta frumvarp er flutt af menntamálanefnd Neðri deildar eftir ósk dóms- og kirkjumálaráðuneysis. Í lögum um rithöfundarétt og prentrétt frá 20. október 1905 er gerð grein fyrir rétti höfunda. Þar er tekið fram um eignarétt, útgáfurétt og rétt til þess að prenta rit sín á hvern þann hátt, sem höfundur óskar. Sami réttur nær og til málverka, stærðfræðiuppdrátta, landsuppdrátta og þess háttar. Höfuðatriði þessa frumvarps er það, að þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundarins, má ekki prenta rit hans, breytt að efni, málblæ og meðferð. Ef íslenzku fornritin eru gefin út, skal fylgt samræmdri, fornri stafsetningu, nema hvað handrit snerui, sem gefin skulu út stafrétt. Einnig er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi, að sé köflum sleppt úr riti, þá skuli þess greinilega getið á forsiðu titilblaðs.

1.3. Sakadómur Reykjavíkur 1942

(*Ræðustóll snjst, lýsing breytist og bakbjald fellur að nýju. Prentvél er horfin en í stað hennar kominn bekkur sem prentari situr á. Bókastafi óhreyfður.*)

Valdimar: Er það nafn yðar, Ragnar Jónsson, sem stendur á titilblaði rannsóknarskiðs nr. 2, bókarinnar „Hrafnkörtlu“? (*Réttarþjóinn nær í bók úr bókasafnanum vinstra megin og leggur fram fyrir vitnið.*)

Ragnar: Já, það er mitt nafn.

Valdimar: Hvernig tengist þér útgáfu þessarar bókar?

Ragnar: Ég er forstjóri Víkingsútgáfunnar og aðaleigandi prentsmiðjunnar Víkingsprents hf., þar sem „Hrafnkatla“ er prentuð, en bókin er afgreidd á vegum Víkingsútgáfunnar.

Valdimar: Hver er úrgefandi bókarinnar?

Ragnar: Við Stefán Ögmundsson, yfirrentari í Víkingsprenti, (*vísar til prentara*) erum úrgefendur. Við kostum útgáfuna og berum ábyrgð á henni að öllu leyti.

Valdimar: Hver er þáttur Halldórs Kiljans Laxness rithöfundar í þessari útgáfu? (*Sviðskeyting hefst, vitni er leitt á bekkinn vinstra megin á sviðinu, en dómsfulltrúi endurtekur spurningu sína.*) Hver er þáttur Halldórs Kiljans Laxness rithöfundar í þessari útgáfu?

1.4. *Alþingishúsið 1941*

(*Vitnastrúka snýst, þingmaður er í midri ræðu í ræðustól og talar ofan í síðustu orð dómsfulltrúa.*)

Bjarni: Tílefni þess, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur beðið menntamálanefnd að flytja þetta frumvarp, mun vera það, eftir því sem stendur í greinargerð frumvarps, að í ráði er að gefa íslensku forritin út með nútíma stafræningu, jafnvel stýtt og umrituð. En þetta er talið bæði óviðeigandi og viðsjárvert, og skulu þau samkvæmt þessu frumvarpi aðeins gefin út á samræmdu fornu máli.

Jörundur: Næstur tekur til máls Einar Olgeirsson, Sameiningarflokkur alþýðu, Sósiálistaflokkur, fjórði þingmaður Reykjavíkinga.

Einar O: Herra forseti! Ef maður væri í vandræðum með að vita, hvaðan þetta mál væri í raun og veru komið, þyrfti maður ekki annað en lesa 1. grein frumvarps til þess að sjá fangamark höfundar. [...] Það er svo undarlega að orði komizt í þessu frumvarpi, að auðséð er, að sá maður, sem upptökin á að

frumvarpinu, vill láta gerræði ráða í þjóðfélaginu. Þarna er verið að kippa burtu öllum skynsamlegum grundvelli undan prentfælsi, sem áður hefur verið ákveðið með lögum. Hvers konar gerræði er hér verið að fremja?

Jörundur: Næstur tekur til máls Pálmi Hannesson, Framsóknarflokkur, fyrsti þingmaður Skagfirðinga.

Pálmi: Ég geng þess ekki dulinn, að tílefni frumvarps er auglýsing, sem birtist fyrir nokkru í einu dagblaðinu hér, þar sem sagt var, að í ráði væri að gefa út Íslendingasögurnar á nútíðarmáli, en með slíku orðalagi er átt við það, að máli og setningaskipun sé breytt til þess, sem nú tíðkast í ræðu og riti. Hins vegar mun ekki verða deilt um, að ástæða sé til að sporna við því, að forritunum sé breytt eftir tízku hvers tíma.

Einar O: Það má segja, að ekki sé verið að fara smásmugulega í hlutina. Ef einhvern mann uggir, að hagsmunum hans stafi hættu af útgáfu einhvers rits, og sé hann nógu völdugur, getur hann fengið því framgengt með öruggum hætti, að allt upplag ritsins sé eyðilagt. Það má ekki einu sinni halda eftir einu eintaki handa bókasafni. Það eru bókabrennur sams konar og hjá Hitler, sem hér á að lögleiða. Er furðulegt, að slíkt skuli geta komið fram á Alþingi. Vitanlegt er, að tílefnið er ekki annað en það, að einum manni er illa við annan mann, hátrvirtum þingmanni Suður-Þingeyinga, Jónasi Jónssyni, er illa við helzta rithöfund þjóðarinnar, Halldór Kiljan Laxness, og þegar Jónas Jónsson heyrir, að Halldór Kiljan Laxness ætlar að gefa út Laxdælu með nútímafræsetningu, þá ásetur hann sér að koma í veg fyrir það. Fornbókmenntirnar mega ekki komast inn á heimilin, nema þá í túlkun Jónasar Jónssonar, eins og hún kemur fram í Íslands sögu hans.

1.5. *Sakadómur Reykjavíkur 1942*

(*Vitni leitt inn í ljósgeira á meðan þingmaður er að ljúka ræðu sinni, að öðru leyti er upphafið endurtekning á senu 1.3.*)

Valdimar: Er það nafn yðar sem stendur á titilblaði rannsóknarskiðs nr. 2, bókarinnar „Hrafnkörtlu“?

Halldór: Já, það er mitt nafn, Halldór Kiljan Laxness.

Valdimar: Hver var þáttur yðar í útgáfu þessari?

Halldór: Ég bjó bókina undir prentun, færði Hrafnkels sögu Freysgoða til nútíma stafsetningar og studdist aðallega við fyrri útgáfu Konráðs Gíslasonar á sögunni.

Váldimar: Gerðuð þér breytingar á sögunni?

Halldór: Nei, það voru engar breytingar gerðar á bókinni nema á stafsetningunni og á nafni hennar. Þá samdi ég formála bókarinnar.

Váldimar: Berið þér einhverja fjárhagslega ábyrgð á útgáfunni?

Halldór: Nei, alls enga. Ég og kostnaðarmennirnir (*vísar til þeirra Ragnars og Stefáns sem stíja á bekknum vinstri megin*) höfum þó í sameiningu, eins og fram kemur í formála mínum, gert ráð fyrir því, að ef einhver ágóði yrði af útgáfunni, skyldi hann renna í sjóð til varnar andlegu frelsi íslenskra rithöfunda.

Váldimar: Hafð þér fengið greitt fyrir störf yðar við útgáfuna?

Halldór: Nei, ég hef enga greiðslu fengið fyrir þau störf og er það óumsamið milli mín og kostnaðarmanna bókarinnar hvort ég fái nokkra þóknun yfirleitt. Ég hef hins vegar ákveðið, að ef ég fæ einhverja þóknun fyrir þau störf, þá skuli hún renna í nefndan sjóð til varnar andlegu frelsi íslenskra rithöfunda.

Váldimar: Hver átti frumkvæðið að útgáfu þessarar bókar?

Halldór: Ég man það ekki, en tel mjög líklegt, að ég hafi átt frumkvæðið. Ég ritaði um útgáfu Íslendingasagna með nútíma stafsetningu fyrir nokkrum árum og hef staðið að útgáfu Laxdæla sögu með nútíma stafsetningu.

Váldimar: Var yður kunnugt um það þegar þér bjugguð bókina undir prentun, að Hrafnkels saga Freysgoða er fornt rit?

Halldór: Jú, mér var kunnugt um það.

Váldimar: Vissuð þér hvort sagan er samin fyrir 1400?

Halldór: Nei, það veit ég ekki, en það má vel vera.

Váldimar: Var leyfis kennslumálaráðuneytisins aflið til útgáfu þessarar bókar?

Halldór: Nei, prinsipielt ekki.

Váldimar: Var yður, þegar þér störfuðuð að útgáfu bókarinnar, kunnugt um lög nr. 127, 1941 og ákvæði 2. greinar þeirra um að ríkið hafi einkarétt á að gefa út íslensk rit, sem samin eru fyrir árið 1400?

Halldór: Jú, mér var kunnugt um það.

Váldimar: Var yður þá ekki ljóst, að útgáfa bókarinnar væri brot gegn 2. grein nefndra laga?

Halldór: Nei. Ég tel ákvæði 2. greinar þessara laga brot gegn 68. grein stjórnarskrárinnar og því marktleysu. (*Síðasta orð bergmálar.*)

Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt.

1. gr.

Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingunum er svo hátt að, að menning eða tunga þjóðarinnar bríði tjón af. Eigi má heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni.

2. gr.

Hið íslenska ríki hefur eitt rétt til þess að gefa út íslensk rit, sem samin eru fyrir 1400. Þó getur ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar hefur Hið íslenska fornritafélag heimild til útgáfu fornrita.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum verða sektum 100–10000 króna, og óheimil rit skulu gerð upptæk, nema brot sé smávægilegt.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gætir þess, að lögum þessum sé framfylgt. Með mál út af broti á lögum skal fara sem almenn lögreglu-mál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og taka fyrirmæli þeirra til allra rita, sem út verða gefin eftir gildistöku þeirra.

Úr Alþingistjóndum (1941)

1.6. *Alþingishúsið 1941*

(*Sviðskeyting eins og í senu 1.4 nema hvað vitni stendur kyrr í vitnastúku sem sýst. Undir ræðu þingmanns beinist ljóskeila að bekennum vinstra megin þegar við á.*)

Bjarni: [M]eð ákvæðinu í 2. grein, ef að lögum verður, er loku fyrir það skotið, að einstakir menn geti tekið fornritin og gefið þau út á eigin kostnað, og sjálfum sér til hagnaðar. [— —] Nýlega er komin fram á sjónarsviðið nýr bókaútgáfandi, kaupmaður hér í bænum, sem hefur auðgætt mikið á að selja almenningi „margaríné“. En vegna verðlagsefirlits gat hann ekki lengur auðgætt á því. Hann fékk því í lið með sér sæmilega vinnufæra menn, sem meta það mikils að fá erfði sitt allvel borgað. Þeir fóru að gefa út bækur og völdu sér Íslendingasögur til þess, samkvæmt lýsingu, sem ég hef einhvers staðar lesið um fyrirhugað fyrirtæki í þessu sambandi. (*Bendir á Ragnar og Halldór, sem verið er að leiða að vitnabekk.*) Þessir menn vinna nú aðeins á fyrsta stigi þess skemmdarverks að telja ungu fólk trú um, að það eigi ekki að lesa forn málið, heldur þær bækur, sem birtar eru með þeirri stafsetningu, sem lögboðin er á hverjum tíma. Undantekningar megji þó gera, ef til séu möðins rithöfundar, þrátt fyrir það, að þeir afskræmi málið.

Einar O: Hátrvirtum 2. þingmaður Árnésinga, [Bjarni Bjarnason] minnst á sem aðalatriði, að Íslenska ríkið ætti eitt að hafa rétt til að gefa út fornritin. Finnst hátrvirtum þingmanni, að Íslenska ríkið hafi staðið sig svo vel við útgáfu fornritanna, að þetta beri að gera? [. . .] Svo kom hátrvirtum 2. þingmaður Árnésinga með mjög svo „skemmtilega“ sögu um mann hér í bænum, sem farinn væri að fást við bókaútgáfu. Sumum mundi nú finnast ógæðfellt að vera með getsakir um menn, sem ekki eiga þess kost að svara fyrir sig, — sumir hátrvirtir þingmenn, sem stökkva upp á nef sér jafnvel á lokuðum fundi út af slíku, af því að þeim þykir það ógæðfellt.

Bjarni: Þrátt fyrir það, að liðnar séu 7 aldir síðan Íslendingasögur voru ritaðar, eru margar þeirra hrein sigild listaverk, bæði að efni og búningi, fagur og fágætur vottur fornrar þjóðlegrar menningar, sem ástræða er til að mikið af. Mætti í þessu sambandi nefna sögur eins og Egilssögu, Njálssögu, Gunnlaugs sögu ormsrunu og síðast, en ekki sízt, Laxdælasögu. Sú bók er nú upp

gengin hjá fornritaútgáfunni. Halldór Kiljan Laxness er fenginn til að snúa henni í form nútímastafsetningar. Bókin er komin á markaðinn, og er nú borin út í stórum stöflum sem gjafabók. Bókin átti að skreytast með myndum. Ég hygg, að Tryggvi Magnússon hafi átt að yrkja söguhejurnar í myndum. En mikið lá við. Myndunum varð að fleygja, og að prentun var látið vinna nótt og dag, af ótta við, að Alþingi gripi inn í og kæmi í veg fyrir braskið. Hví varð Laxdæla fyrir valinu? Að líkindum vegna þess, að hún var uppseld hjá fornritaútgáfunni, og þess vegna meiri líkur fyrir eftirspurn og þar með vitanlega hagnaði.

Einar O: Það er annars skemmtilegt, þegar staðhæfingar rekast svo gersamlega á eins og hjá hátrvirtum 2. þingmanni Árnésinga í ræðu hans áðan. Hann sagði, að maður þessi hefði ekki hagnaðt mjög á smjörtlíki, — en ég gæti nú samt hugsað mér, að það væri mjög góður gróðavegur og betri heldur en bókaútgáfa [. . .]. Svo talar hann um, að þessi maður, sem hann nefndi, hafi gefið út Laxdælu, og að hún sé borin út sem gjafabók í bænum, en í hinu orðinu, að það sé hagnaðarvonin, sem þessum manni gangi til með útgáfunni. Ég á bág með að skilja, að þeir menn, sem vildu græða á bókaútgáfu, gerðu það með því að gefa mönnum stafla af þessum sömu bókum, sem þeir gefa út.

Bjarni: Og þó skal ég enn einu sinni taka fram, að ég tel þessa útgáfu ekki þannig, að ástræða sé til að hefjast handa gegn henni. En þeir, sem renna grun í, hvernig framhaldið verður, hljóta að stöðva þetta.

1.7. *Sabakdómur Reykjavíkur 1942*

(*Verjandi talar úr borðpóli sem sett hefur verið upp vinstra megin á sviði, ræðustóll Alþingis er látinn standa kyrr; Stefán, Ragnar og Halldór sitja enn á bekk sínum.*)

Einar B: Mál þetta, sem af valdstjórnarinnar hálfu er höfðað gegn þeim Einari Ragnari Jónssyni, Stefáni Ögmundssyni og Halldóri Kiljan Laxness fyrir brot gegn lögum nr. 127, 9. desember 1941, flyt ég sem skipaður verjandi. Leyfi ég mér að gera þær réttarkröfur, að skjólstæðingar mínir verði sýknaðir af öllum kærum og kröfum valdstjórnarinnar í málinu og að allur sakarkostnaður verði greiddur af almanna fé, þar með talin hæfleg málsvarnar-

laun til mín. [— —] Sýknunarkröfuna leyfi ég mér fyrst og fremst að rök-
 sýðja með tilvísun til 68. grein[ar] stjórnarskránnar. Tel ég að lög nr.
 127/1941 séu brot á þessu ákvæði stjórnarskránnar og séu því markleysa.
 Er það kunnara en frá þurfi að segja, að prentfrelsið er talið til þeirra
 réttinda, sem síst mega skerðast í lýðfrjálsu landi. Ef talið yrði, að lög númer
 127/1941 ættu stöð í 68. grein stjórnarskránnar, væri opnaður möguleiki
 fyrir hinn almenna löggjafa til þess að leggja slíkar tálmanir gegn prentfrelsi,
 að það í raun réttir mætti gera það að engu. [— —] Verði hinsvegar gegn von
 minni talið, að lög nr. 127/1941 eigi fulla stöð í ákvæðum stjórnarskránnar.
 ar, verð ég engu síður að telja, að sýkna beri skjólstæðinga mína. Í 2. grein
 laganna er tekið fram, að íslenska ríkið hafi eitt rétt til þess að gefa út íslensk
 rit, sem samin eru fyrir 1400. Til þess því, að um brot af hálfu skjólstæðinga
 minna geti verið að ræða, verða að liggja fyrir fullar sannanir um það, að
 Hrafnkels saga Freysoða hafi verið samin fyrir árið 1400. Nú er það
 hinsvegar svo, að slíkar sannanir mun tæplega vera unnt að fá, enda hefir
 mér skilist, að margir íslenskir fræðimenn haldi því fram, að sagan sé samin
 eftir árið 1400. Með tilvísun til þessa, verð ég einnig að krefjast sýknu í
 málinu.

1.8. *Alþingishúsið 1941*

*(Ljós á verjanda, dómanafulltrúa og vottum eru ekki deyfð. Út um glugga Alþing-
 ishússést að það er farið að rökkuva, stytta Jóns Sigurðssonar er þó upplýst.)*

Einar Á: Fundur er settur í Efri deild Alþingis 19. nóvember 1941. Boritz hefur
 frá Neðri deild þingsins frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 13, 20.
 október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt. Neðri deild samþykkti þetta
 frumvarp með breytingum með fimmtán atkvæðum gegn þremur fyrir í dag.
 Þar sem of skammt er liðið frá þriðju umræðu í Neðri deild þurfa þingmenn
 Efri deildar að greiða um það atkvæði hvort leyfð verði afbrigði vegna þessa
 frumvarps. Þeir sem vilja leyfa afbrigði segi já. (*Handauppretingar úti í
 salnum.*) Þeir sem eru því mótfallnir segi nei. (*Handauppretingar úti í
 salnum.*) Afbrigði eru leyfð með átta atkvæðum gegn tveimur, fimm þingmenn
 greiddu ekki atkvæði, einn var fjarstaddur. Verður þá gengið til umræðna.

Fyrstur talar Magnús Jónsson, Sjálfstæðisflokkki, fyrsti þingmaður Reykvik-
 inga.

Magnús: Mér er sagt, að ástæðan til þess, að frumvarp þetta er fram komið, sé,
 að um það fréttist, að það átti að fara að gefa út Laxdælu með breyttri
 stafsetningu, sem nú er komin út. Ég hef ekki séð þá útgáfu, en ég hef oft
 séð kafla úr Íslendingasögum í öðrum ritum og tilvitnanir færðar í nútíma-
 stafsetningu, og ég hef alltaf fyllt aðdáun á því, hvað málið er í raun og veru
 óbreytt. Maður getur næstum lesið langa kafla án þess að taka eftir því, að
 hét er komið hið forna mál. En það er einmitt hin forna stafsetning, sem
 hefur haldið við þeirri firru, að um tvö mál sé að ræða. Það má ekki fara með
 þetta eins og eiturlýf, sem bara er hægt að fá gegn sérstöku recepti. [...] Ég
 hefði kosið að tala miklu meira um þetta mál, en það kom hingað í deildina
 mér að óvörum. Mér datt satt að segja ekki í hug, að hátrvirt Neðri deild
 mundi gera svo lítið úr sér að fara að afgreiða málið. Það mátti ræða það
 fram og aftur og láta það svo biða. Ég held, að okkur takist ekki að vernda
 menningu okkar, ef hún er svo á heljarþröminni, að eitthvað ætti að geta
 komið fyrir til næsta þings, sem skemmdi hana til muna.

Einar Á: Næstur tekur til máls Árni Jónsson, Sjálfstæðisflokkki, 9. landskjörinn
 þingmaður.

Árni: Ég verð að taka undir það með síðasta ræðumanni, að málið er ekki svo
 úr garði gert, að gerlegt sé að afgreiða það. Það kann að vera hægt að breyta
 frumvarpinu til betri vegar, en nú er komið svo nærri þinglausnum, að það
 mun vera erfitt. Það er tekið fram í greinargerð frumvarps, hvert er tilefni
 þess, að það er fram komið. [...] Tilefnið mun vera það, að í því blaði, sem
 ég er við riðinn, birtist sú fregn, að í ráði væri að gefa út fornritin með
 nútímastafsetningu og jafnframt umrituð. Ég skildi þetta svo, að umrita ætti
 fornsögurnar á nútíðarmál, og það varð til þess, að ég skrifaði grein og gerði
 ráð fyrir, að svo kynni að fara, að ef hin fræga setning Guðrúnar Ósvífurs-
 dóttur: „Þeim var ek verst, er ek unna mest,“ yrði þýdd á nútímalslenzku,
 gæti hún orðið svona: „Auðvitað kynntist ég mörgum agalega sætum strák-
 um, þegar ég var ung, en til allrar bólvunar var ég langtrúkarlegust við þann,
 sem mér þótti vænst um.“ Tilkynningin um útgáfu þessa hafði líka farið í
 taugarnar á hátrvirtum þingmanni Suður-Þingeyinga, og það varð, sem

sjaldan skeður, að við vorum „á sömu línu“, en hvorugur hafði haft skap til að lesa tilkynninguna til grunna. Það kom í ljós, að það var ekki eins mikill háski á ferðum og við höfðum ætlað. Ég held samt, að það haf verið gott, að við skyldum misskilja þetta svo, því að ég er fullviss um, að greinar okkar hæstvirts þingmanns Suður-Þingeyinga hafa orðið til þess, að enginn bóka-útgáfandi lætur sig henda þá ósvinnu í næstu 100 ár að fara að þýða fornbókmenntir okkar á nútímaíslensku. Við ættum að taka upp þykkjuna fyrir það, að frumvarpið er fram komið, því að það er vantrausyftrifýsing á okkur. Við höfum vakið kritik og skapað almenningssalit, sem hvort tveggja verður beztra stoðin til að vernda okkar fornu rit.

Einar Á: Næstur tekur til máls fjármálaráðherra Jakob Möller, Sjálfstæðisflokki, 2. þingmaður Reykvikinga.

Jakob: Það er í rauninni aðeins sem þingmaður í hátrivirti Nedri deild, sem mér fannst ég verða að kveðja mér hljóðs fyrir hönd deildarinnar, vegna óviðurkvæmilegra orða hátrivirts 1. þingmanns Reykvikinga út af afgreiðslu deildarinnar á þessu máli. Og því óviðurkvæmilegri voru þessi ummæli, að það virðist sem hátrivtur þingmaður hafi ekki lesið frumvarpið, sem fyrir liggur. Ég veit ekki til þess og sé ekki í þessu frumvarpi, að með því sé bannað að gefa út fornitin með nútímastafsetningu. [— —] Með þessu frumvarpi er bara verið að girða fyrir að umskrifá fornitin á eitthvert mál annað en íslensku. Hvort þau eigi að vera með nútíma- eða fornri stafsetningu, sé ég ekki, að frumvarpið sé um. Það heimilar ríkissjórninni að setja það skilyrði, að á þeim sé samræmd stafsetning forn, en það er enginn áskilnaður um, að svo sé gert. En með þessu á að vera tryggt, að fornitin verði ekki afbökud í gróðaskyni.

Magnús: Ég man nú ekki, hvernig ummæli ég viðhafði um hátrivtra Nedri deild, en ég sagði víst eitthvað á þá leið, að mér þætti það vanvirða, hvernig hún afgreiddi þetta mál. Það var ekki meiningin að viðhafa neitt óþinglegt orð, en þetta er engan veginn í fyrsta skipti, sem Alþingi gerir sér vanvirðu með hreinni hégómalögjöf. Hæstvitur fjármálaráðherra taldi þennan dóm minn því ósanngjarnari sem ég hefði ekki lesið frumvarpið. En það stafar af þeirri þinglegu afgreiðslu, sem er þannig, að manni gefst ekki tími til að sjá málið. Annars er það eitt um þetta frumvarp að segja, að það er um mál, sem löggjöf á ekki að koma nálægt, fyrr en séð er, að slíkt sé brýn nauðsyn.

Jakob (úr seti sínu): Það á að byrgja brunnninn, þegar barnið er döttið ofan í *Magnús:* Er nokkur ástæða til að byrgja brunnninn, sem ekki er til? Er nokkur hætt á, að menn detti ofan í nokkurn brunnn? Þeir, sem því halda fram, eru bara að berjast við vindmyllur. Hvað er nú að ske í þessu máli svona ógurlegt? Hæstvitur ráðherra sagði, að það ætti að girða þau á dönsku og fornitin væru gefin út á öðru en íslensku. Þau hafa nú verið gefin út á öðrum málum. Og ég sé enga synd í því. Ætti ekki að banna að þýða þau á dönsku og ensku? Það er að skilja, að þau lifa aðeins á þessari fornu samræmdu stafsetningu. Það er ekki amalegt. Og það er um að gera að gefa þau út í þessum sama búningi. Annars er allt í voða. Þetta er það demalausasta vantraust á menningu okkar og tungu.

Einar Á: Næstur tekur til máls Þorsteinn Þorsteinsson, Sjálfstæðisflokki, 5. landskjörinn þingmaður.

Þorsteinn: Ég skal ekki tefja fyrir þessu máli með löngum umræðum. Ég vildi aðeins standa upp til þess að láta í ljós ánægju mína yfir, að frumvarp þetta er fram komið, og vona, að það fái fljóta afgreiðslu og verði samþykkt í þessari hátrivtu deild. Það sýslufélag, sem ég er við riðinn, hefur nú orðið fyrir því óláni að fá megin sögu sína, Laxdælu, gefna út með nýmóðins stafsetningu, formála-, registurs- og skýringalausa og alla meira eða minna skrumskælda, og ég segi fyrir mig, að ég vil ekki óska öðrum héruðum að lenda í sama foraðinu, og tel því rétt að stemma nú þegar á að ósi. Ég ætla ekki mikið að gagnrýna þessa úrgáfu, sem nú mun hafa valdið því, að þetta frumvarp kom fram. En hitt get ég sagt, að mér virðist þar vera ýmsu sleppt, t.d. þegar sleppt er ættarsamböndum og bólfestu manna. Mér þykir það eiga illa við og tel, að ekki sé rétt að fara þannig með forn, sígild heimildarrit. [. .] Það er búið að ráðast á sögu héraðs vors að þessu leyti, og ég vil ekki, þótt sumum kunni að þykja sætt sameiginlegt skipbrott, að þess háttar hendi aðra, en vil hins vegar forða öðrum héruðum frá slíku leiðindamáli.

Magnús: Ég get því miður ekki hugað hátrivtan 5. landskjörinn vegna Dala- manna. Ég veit ekki, hvort þeir spillast mikið á þessari úrgáfu. — En hvernig er það? Ætli Dalamenn lifi mikið á Laxdælu?

Þorsteinn (úr sal): Yfirleitt lifa menn ekki beinlínis á pappír.

Magnús: Það væri gaman, ef til væru einhverjar skýrslur um það, hvað fornbók-

menntirnar muni vera mikill partur af andlegri fæðu ungra manna á Íslandi. Mér sýnist þessi indæla nýja útgáfa fornitafélagsins fara upp í hillur, bæði lesin og ólesin, en það sýnir, að tæplega yrdi neinn jarðskjálfti, þó að fornitritin væru gefin út öðruvísi en hingað til. Hvernig hefur þjóðin komizt af á undanförnum öldum? Þessi rit hafa verið til í meira og minna ónákvæmum handritum. Hver öld hefur haft sína stafsetningu, og við höfum ekkert af frumstafsetningu þessara rita. [. . .] Hvernig hefur annars þjóðin bjargazt fram á þennan dag, ef menningin er öll í vöð, þó gefa ætti út vandaða útgáfu af fornitunum, en bara með stafsetningu vorra tíma? Ég veit ekki, hvernig Dalamenn hafa komizt af með allra handa skrumskælingar.

Jakob: Hátrvirtur þingmaður heldur áfram að tala um það, sem ekki er í frumvarpi, og gefur það ekki tilefni til þess að halda áfram umræðum. Það er hvergi bannað í frumvarpi að gefa út úrdrátt úr fornitunum. Það, sem hét er verið að gera, er aðeins það, að það á að koma í veg fyrir, að fornitritin verði afbókuð, og það er bezt að segja það, að þessar tillögur koma frá mönnum, sem skoða fornitritin sem helgan dóm, sem ekki megi misþjóða með því að gera hann að skriflæðu. [. . .] Það er fullkomin ásræða til þess að leggja hömlur á það að leyfa útgáfu fornitanna í þeirri mynd, sem birtist í hinni nýju Laxdælu. Ég veit ekki, hvernig mönnum líkaði það, að farið yrði að gefa út rit Páls postula á „Laxnessku“. Ég hygg, að mönnum félli það ekki.

Einar Á: Næstur á mælendaskrá er Brynjólfur Bjarnason, 1. landskjörinn þingmaður, Sameiningarflokki alþýðu, Sósíalístafllokki.

Brynjólfur: Það er dálítið einkennilegt við þessa umræðu, að höfuðfrumkvöðull þessa máls, hátrvirtur þingmaður Suður-Þingeyinga, [Jónas Jónsson,] skuli ekki gera grein fyrir málinu. Ég hefði þó gaman af að heyra röksemdir þær, sem þessi frumkvöðull málsins kynni að færa fram fyrir því. Hæstvirtur fjármálaráðherra hefur hins vegar tekið að sér vörn fyrir málið, þó að það sé nú naumast hægt að skilja upp eða niður í þeirri ræðu, sem hæstvirtur fjármálaráðherra hélt til þess að skýra þetta mál. Mér virtist ómögulegt að skilja, hver er höfuðtilgangur þessa máls, — jú, höfuðtilgangurinn sagði hann að vísu, að væri sá að koma í veg fyrir það, að fornitritin verði gefin út á einhverju afbókuðu máli, t.d. „Laxnessku“ eða á öðru skrifskældu máli. Hins

veggar álit ég ekki, að „Laxnesska“ sé neitt skrifskælt mál, — þvert á móti álit ég, að það sé bezta málið, sem nú er skrifað með okkar þjóð. Það getur því ekki verið tilgangur frumvarpsins fyrst og fremst að koma í veg fyrir notkun óvandaðs máls. [— —] Tilefnið til þess, að þetta frumvarp kom fram, er Laxdæluútgáfan og það, að hátrvirtur þingmaður Suður-Þingeyinga fékk út af því eitt af sínum viðurkenndu köstum og skrifaði: langa grein í Tímann um það að fara að gefa fornitritin út á því máli, sem talað væri af úrkasti þjóðarinnar. Ein ásræðan til þess, að hátrvirtur þingmaður fékk þetta kast, er sú, að honum er ákaflega illa við Halldór Kiljjan Laxness, sem sá um útgáfu Laxdælu, og er það því ekkert undarlegt, þó að þetta frumvarp kæmi fram. Hitt er öllu undarlegra, að annað eins plagg og þetta skuli vera tekið alvarlega af þinginu, nema það eigi að vera eins konar sárabætur handa hátrvirtum þingmanni vegna þess, að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum í stærri málum hér á þinginu. Ég trúi því a.m.k. ekki, að þetta frumvarp fari í gegnum þingið nema stærri pólitískar orsakir liggi til. En hvað sem því líður, þá held ég, að hátrvirt deild ætti að sjá sóma sinn í því að fella þetta frumvarp.

Einar Á: Frumvarpi er vísað til annarrar umræðu og menntamálanefndar.

1.9. Sakadómur Reykjavíkur 1942

(Dómarafulltrúi stendur við borðpúlt, ljós aðeins á honum og stytta Jóns Sigurðssonar utan við glugga Alþingishúss.)

Váldimar: Ár 1942, þriðjudaginn 17. nóvember var í lögreglurétu Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni, fulltrúa saka-dómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2405–2407/1942: Valdsjörnin gegn Einari Ragnari Jónssyni, Stefáni Ögmundssyni og Halldóri Kiljjan Laxness, sem tekið var til dóms 9. fyrra mánaðar: [— —] Um aldur Hrafnkels sögu Freysgoða er álit fræðimanna, sem kunnugt er að rannsakað hafi það atríði, á þá lund, að leggja þykir mega það til grundvallar í máli þessu, að hún sé samín fyrir 1400. Kennslumálaráðuneytið veitti eigi leyfi til útgáfu þessarar, enda var eigi um það sótt. Hinir kærðu hafa því með útgáfu bókarinnar brotið gegn ákvæðum 2. greinar laga nr. 127/1941. Eigi verður hinsvegar talið, að á ritinu hafi í útgáfu þessari verið gerðar neinar þær

breytingar, er varði við 1. grein nefndra laga. Af hálfu hinna kærdi er því haldið fram, að lög nr. 127/1941 brjóti í bág við ákvæði stjórnarskránnar um prentfælsi, og séu bror gegn lögnum því refsilaus. Á þetta verður ekki fallist. Réttur manna samkvæmt stjórnarskránni til birtingar á prenti er takmarkaður á ýmsa lund, m.a. af þeim reglum, sem á hverjum tíma gilda um eignarrétt á ritverkum og um útgáfurétt, en slíkar reglur . . .

1.10. *Alþingisþúsíð 1941*

(Dómanáfulltrúi stjórnar í miðri ræðu, ræðustóll Alþingis lýsist upp og þegar liður á senu lýsist upp vinnabekkurinn vinstra megin þar sem hinir ákærðu sitja enn.)

Einar Á: Fyrstur í annarrí umræðu tekur til máls Jónas Jónsson, Framsóknarflokkki, þingmaður Suður-Þingeyinga. Hann mælir fyrir hönd meirihluta menntamálanefndar.

Jónas: Ásræðan til þess, að farið var að hugsa um þetta efni nú, var það, sem hártvirtum 9. landskjörnum þingmanni [Árna Jónssyni] er a.m.k. kunnugt um, að í blaði, sem hann vinnur við, kom tilkynning frá einum duglegum iðnaðarforkölf í hér í bæ um, að hann ætlaði að gefa út Laxdælu. Þessi tilkynning gaf til kynna, að hann þýddi hana á eiginlega nýtt mál, og að vafasamt væri, að afturhaldssamt fólk sæti sig við þetta. Og það var eiginlega gefið í skyn, að það ætti að umskrifa Laxdælu á vissa tegund nútímamáls. Þá var það, sem hártvirtur 9. landskjörinn skrifaði mjög skarpa grein í *Vísir* á móti þessu, og ég skrifaði aðra grein um málið um sama leyti í annað blað. [. . .] Við hártvirtur 9. landskjörinn munum hvorugur telja okkur neitt sérstaklega snjalla út af þessum greinum. En eftir að þær voru skrifaðar, kom mótaldan gegn þessu, þannig að fólk sagði: Við getum þolað kommúnístum eitt og annað, en bara ekki þetta. [. . .] Eftir að þessi almenni mótgangur kom á móti því að fara að þýða Laxdælu á það mál, sem mætti kalla „ríkó“-mál, þ.e. lélegasta hrognamálið, sem talað er í okkar landi, þá breytti höfundurinn þessu. [. . .] En þó að það tækist í þetta sinn að afstýra þessu, undir pressu almenningálitsins, þá er enginn kominn til að segja, hversu lengi það helzt. Svo þegar þessi smjótíkisgrósseri, sem starfaði að þessari útgáfu, varð var við, að ríkissjórn var búin að biðja menntamálanefnd Neðri

deildar fyrir frumvarp um málið, þá breytir hann til, þannig að það er ekki gengið eins langt eins og í boðsbréfinu. Hins vegar hugsar hann sér nú að verða á undan þinginu – og varð það, með því að hann lét vaka nætur og daga til þess að hraða þessari útgáfu Laxdælu, og mun ég segja nokkuð um hans framgangsmáta í því efni. Í tilkynningu sinni segir hann, að þessi bók eigi að vera prýdd myndum eftir Gunnlaug Blöndal [svo]. En það var í þetta skipti eins og Ameríkumenn segja um það, þegar einhver maður fer hart, þá fari hann eins og þjófur fari í stolinni bifreið. Þannig var farið að um þessa

Samræmt göngulag fornt

(Greinargerð með samnefndu frumvarpi)

Í því margskonar harki og umröti, er yfir stendur, varð uppvíst því miður ei fátt um vorn þjóðræknisskort.

Sá menningararfur, sem oss var til varðveizlu sendur, er ekki hvað sízt hið þjóðlega göngulag vort.

Það tengdi oss saman sem heild í hugsun og verki og hafði að engu hvern nýjan og framandi sið. Það var stolt vort og dyggð, það var aðals og einkennis merki ónafngreinds stjórnmálaflokks, sem menn kannast við.

En, guð sé oss næstur. Það gerist margt hér á landi. Nú ganga menn *uppréttir*, jafnvel um hábjartan dag. Skal dotta í geðlausri deyfð, sem á sama oss standi? Skal draga í svaðið hið íslenska göngulag?

Nei, aldrei skal takast þeim ættjardarlausu bjánum, að eyða þeim siðferðismætti, sem hér stendur vörð. Áltúir skulu menn ganga! Og hoknir í hnjúnum! Og horfa með stilling og festu á íslenska jörð!

Það er skylda hvers leiðandi manns á verði að vaka til verndar, ef þjóðlegt einkenni í háska er statt. Ef Alþingi lætur nú mál þetta til sín taka, má telja, að til gagns hafi það verið saman kvatt.

Steinn Steinarr (1942)

útgáfu. Hún var prentuð á lélegan pappír, viðhafður lélegur prófarkalæstur, – bókinni var hroðað af. Það var eins og þjófur væri á ferð í stolinni bifreið. Það mátti ekki biða eftir myndunum, því að það mátti til að komast á undan Alþingi með þetta. Myndunum var sleppt og sagt, að það mætti gefa þær út seinna, – og þá sennilega líma þær inn í þar, sem þær ættu að vera.

Einar Á: Næstur tekur til máls Árni Jónsson, Sjálfstæðisflokkki, 9. landskjörinn þingmaður. Hann talar fyrir hönd minnihluta menntamálanefndar:

Árni: Háttvirtur framsögumaður meiri hluta menntamálanefndar, þingmaður Suður-Þingeyinga, hefur nú lokið máli sínu. Hann talaði um í ræðu sinni, að útgefandi, sem hann kallaði smjörlikiskarl og smjörlikisgróssera, hefði farið að eins og þjófur í bifreið, – held ég að hann hafi sagt . . .

Jónas (úr sah): Þjófur í stolinni bifreið.

Árni: . . . eins og þjófur í stolinni bifreið, þegar hann prentaði þessa bók og kom henni á markaðinn. En sá hraði, sem hér er hafður á afgreiðslu þessa máls nú, finnst mér ekki ósvipaður því, sem þjófur væri á ferðinni í stolinni bifreið. Og mér finnst, að þessi bílsjóri hafi geigað allviða í þessum seinasta akstri sínum. Ég tel, að þó að verið sé að hafa hér hrópyrði um þessa útgáfu, þá beri nánast að skoða þau sem afleiðingu af gremju bókaúgefanda í samkeppni á bókamarkaðinum. Vil ég mega skrifa þessa gremju háttvirts þingmanns Suður-Þingeyinga á þennan reikning. [– – –] Ég held, að okkur greini ekki á um það, að við viljum hvorugur láta draga fornþókmennir okkar í svaðið, eins og hann nefnir það, en ef þessi útgáfa, sem hér um ræðir, er ekki annað og meira en það, að stafræmingin er færð til nútímamálvenju, sé ég ekki, að það sé stórhættulegt, a.m.k. hafa ýmsir góðir menn ríðið þar á vaðið og ekki sízt þingmaður sjálfur. Ég hef hér fyrir framan mig grein eftir Arnór Sigurjónsson, sem birtist í blaðinu Þjóðólfi, þar sem segir frá því, að þegar þessi háttviri þingmaður var að gefa út kennslubækur sínar, tók hann einmitt kafla úr þessari bók, Laxdælu, og breytti ekki aðeins að stafræmingu, heldur einnig að efni til nútímamálvenju. Tel ég lítt stíja á honum, að segja, að aðrir dragi fornþókmennirnir í svaðið, þótt þeir fari líka leið og hann, og þó tæplega eins djarfá, í þessum sökum.

Jónas: Hvernig er svo þessi útgáfa? Ég ætla ekki að þreyta háttvirta þingmenn seint á kvöldi með mörgum orðum um það. En í formálanum fyrir þýðing-

unni er talað um „kontrapunkta“ og „temu“. Ég get hugsað mér, að næst verði talað um, hvar kontrapunkturinn hafi verið í Guðrúnu Ósvífsdóttur eða Kjartani eða Bolla. En auk slettanna í formálanum er verið að gefa það í skyn, að Laxdæla sé skáldskapur. Það er hvortki meira né minna en að Laxdæla á öll að vera lygi.

Einar Á: Næstur tekur til máls Magnús Jónsson, Sjálfstæðisflokkki, 1. þingmaður Reykvíkinga.

Magnús: Háttvirtur þingmaður kom nú inn á svo margt, t.d. að Laxdæla ætti öll að vera lygi. Ég veit nú ekki, hvort það liggur fyrir að ræða, hvað mikið er satt af því, sem háttvirtur þingmaður kallaði lygi. Sigurður Nordal hefur sýnt fram á, að Hrafnkels saga sé skáldsaga, og menn greinir á um það, hvað mikið af Íslendingasögnum sé skáldskapur og hvað raunverulegir atburðir.

Jónas: Það, sem ég held, að háttvirtur 1. þingmaður Reykvíkinga sé ekki búinn að átta sig á, er, að meiri hluti þjóðarinnar og meiri hluti þingsins, eins og hann kom fram í háttvirtri Neðri deild, þar sem kommúnistar höfðu sömu afstöðu í þessu máli eins og háttvirtur 1. þingmaður Reykvíkinga, er alvara með að láta ekki draga þá dýrgripa þjóðarinnar sem fornritin eru niður í saurinn. Ég ætla aðeins að benda háttvirtum 1. þingmanni Reykvíkinga á það, að hann og ég og menn okkur snjallari hafa reynt að fá handrit að bókmennntum okkar flutt hingað heim frá Kaupmannahöfn. En hversu miklu fremur ættum við þá ekki að halda í heiðri anda bókmennntanna, sem fölginn er í þeim myndum, sem í fornritum okkar koma fyrir augu lesandans? [– – –] Háttvirtur 1. þingmaður Reykvíkinga segist treysta því, að dómgreind manna verði nægileg til forsjár í þessum efnum. En ég vil spyrja þennan háttvira þingmann: Er nokkur sérstök ástæða til þess með þessar sérstöku bókmennntir, sem við erum stoltir af og höfum barizt harðri baráttu til að reyna að fá handritin að inn í landið, að fara að hjálpa til að gefa þær út á skrifmáli? Það er hægt fyrir þessa andlegu vesalinga, sem eru á því stigi að vilja skrifa á skrifmáli, að semja eitthvað sjálfir fyrir götulyðinni; en það íslenska mannfélag yfirleitt er alls ekki upplagt fyrir þess konar bókmennntir.

Einar Á: Síðastur á mælendaskrá, áður en frumvarpið kemur til atkvæða, er Brynjólfur Bjarnason, 1. landskjörinn þingmaður, Sameiningarflokkki alþýðu, Sósíalístaflokkki:

Brynjólfrur: Það var víst háttvirtur 2. landskjörinn þingmaður, [Sigurjón Á Ólafsson,] sem var hræddur um það, að þau ósköp gætu komið fyrir, að Njálu yrði gefin út á svipaðan hátt og Laxdæla, ef þessi lög yrðu ekki afgreidd áður en þessu þingi væri slitið. — Nú vil ég spyrja: Ef þessu útgáfufyrirtæki, sem hefur gefið út Laxdælu, dyrti í hug að gefa út Njálu og fengi Halldór Kiljan Laxness til að sjá um útgáfuna, mundi þá kennslumálaráðuneytið leita álitrs heimspekiðeldar háskólans og fara eftir því, ef tillögur heimspekiðeldar væru með því, að þessi útgáfa yrði leyfð, sem ég efa ekki að yrði? Nú skulum við segja, að háttvirtur þingmaður Suður-Þingeyinga fengi kast og kannski taugaáfall. Hvað mundi hæstvirtur kennslumálaráðherra gera við hann? Ætli hann mundi ekki stinga upp í hann sykurmola og banna útgáfuna, þó að heimspekiðeld háskólans mælti með henni.

Einar Á: Frumvarpið verður þá tekið til atkvæða. Þeir sem eru samþykktir segi já (*hendur á loft*). Þeir sem eru andvígir segi nei (*hendur á loft*). Frumvarpið er samþykkt sem lög frá Alþingi með níu atkvæðum gegn fjórum.

1.11. Sákadómur Reykjavíkur 1942

(*Dómarsfulltrúi heldur áfram með ræðu sína, en lýsing í þingsal helst óbreytt og þingforseti stendur kyrr í ræðustól.*)

Valdimar: . . . með því, að eigi verður heldur talið, að lögin fari í bág við ákvæði stjórnarskrárinna um verndun eignaréttar og atvinnufrelsis, verður niðurstaðan sú, svo sem áður greini, að lögin hafi fullt gildi. [. . .] Því dæmist rétt vera: Kærðu, Einar Ragnar Jónsson, Stefán Ögmundsson og Halldór Kiljan Laxness, greiði hver 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 45 daga í stað hverrar sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlauan skipaðs verjanda þeirra, hrm. Einars B. Guðmundssonar, kr. 300.00. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

(*Fundarhamur skellur, myrkur nema hvað Jón Sigurðsson er enn vel upplýstur.*)

Hlé

Annar þáttur: Ólög

Brynjólfrur (gengur fram í ljósgeira á sviðsbörnin): Nú vil ég spyrja: Ef þessu útgáfufyrirtæki, sem hefur gefið út Laxdælu, dyrti í hug að gefa út Njálu og fengi Halldór Kiljan Laxness til að sjá um útgáfuna . . .

2.1. *Alþingishúsið 1943*

(*Samá svið og í þetti 1.1. nema hvað snjó er horfnn af öxulum Jóns Sigurðssonar.*)

Jóhann: Fundur er settur í Neðri deild Alþingis 12. apríl 1943. Fyrir fundinum liggur þingsályktunartillaga um útgáfu á Njálssögu. Fyrstur tekur til máls fyrir hönd flutningsmanna, Helgi Jónasson, Framsóknarflokkki, fyrsti þingmaður Rangæinga.

Helgi: Herra forseti. [. . .] Eins og þessi þingsályktunartillaga ber með sér, fer hún fram á það að skora á ríkisstjórn að sjá um og greiða fyrir því, að menntamálaráð og Þjóðvinafélagið gefi Njálssögu út nú á þessu ári í vandanri heimilisútgáfu handa félagsmönnum sínum. [. . .] Ég skal nú rekja orsakir þessarar þingsályktunartillögu. Þegar kom fram á árið 1941 var það auglýst í dagblaðinu *Vísir*, að í ráði væri að gefa út nýja útgáfu af Laxdælasögu með breyttri stafsetningu, fældar yrðu niður allar ættartölur o.fl. Strax þegar þetta varð hljóðbært, mætti það mikilli mótspyrnu, bæði í blöðum og manna á milli. Það mun nú svo með okkur Íslendinga, að við erum fátækir og fámennir, og við eigum lítinn veraldaraud, en við eigum einn auð, það eru fornbókmenntir okkar. Það mun vera nær eins dæmi, að svo fámenn þjóð sem við erum eigi slíka gimsteina sem fornritin eru. Það er þess vegna viðkvæmt mál, ef nú ætti að fara að gefa út fornrit okkar breytt að efni og málfari frá því, sem þau hafa áður verið. [— — —] Það er auðséð, að þetta var gert til þess að græða á því fé, en ekki til þess að auka gildi Íslenskra bókmennta. Nú skeður það einkennilega fyrirbrigði, að fyrir fáum kvöldum er það auglýst í úrvarpinu, að nú eigi að fara að prenta Njálu. Það er sama útgáfufyrirtækið og sami maðurinn, sem stendur fyrir þessari útgáfu og stóð fyrir útgáfu Laxdælu. Það vakti þó meiri undrun, að menntamálaráðuneytið hafði veitt leyfi til þessarar útgáfu, þrátt fyrir lagasetninguna frá 1941 og þrátt fyrir það að útgáfa Laxdælu hafi verið fordæmd af kennurum við

notrænuðeild háskólans, sem eru í þessum efnum dómbærastir allra Íslendinga.

Jóhann: Næstur tekur til máls háttvirtur dóms- og kennslumálaráðherra, Einar Arnórsson.

Einar A: Herra forseti. – Við þingsályktunartillöguna, sem hér liggur fyrir á þingskjali 690, er í sjálfu sér ekkert sérstakt að athuga. Ég hef í sjálfu sér, ekkert á móti því, að Njálssaga sé gefin út á þessu ári í vandaðri heimilisútgáfu handa félagsmönnum Þjóðvinafélagsins. En þingsályktunartillagan er dálítið óákveðin. Það er skorað á stjórnina að greiða fyrir því, efur því sem þarf, að menntamálaráð og Þjóðvinafélagið gefi Njálssögu út. Hér er ekki fengin nein greinargerð fyrir því, hvernig tillögumenn hugsa sér, að greitt verði fyrir þessu. Hugsa þeir sér það með sjáframlögum? Ef það er leyfi til þess að gefa Njálssögu út, stendur væntanlega ekki á því leyfi. [. . .] Ég held ég þurfi ekki að tala meira um tillöguna á þingskjali 690. Hún vekur í sjálfu sér ekki neinar deilur milli mín og framsögumanns, en það eru bæði í greinargerð tillögunnar og í ræðu hátrvirts 1. flutningsmanns ýmis atriði, sem ásæða er fyrir mig að tala um og svara, því að þar eru ýmsar ákætur á hendur mér. Réttara sagt, það er ákæra á hendur mér fyrir að hafa gefið tilteknum manni, Halldóri Kiljan Laxness, leyfi til að gefa út Njálssögu.

2.2. Heimili Halldórs Laxness 1943

(Ljóskeila á borð og skrifboð á sviði framfarlega vinstra megin, þar sem vitnabekkur var í fyrri þætti. Kona situr þar við ritvél. Halldór gengur fram og aftur, er með handskrifjafð uppkast að bréfi í höndum.)

Halldór (les fyrir bréf): 24. mars, 1943. [Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarmálflutningsmaður.] Samkvæmt tilmælum yðar, og reyndar fyrst og fremst í þágu míns sjálfs, skal ég gera hér grein fyrir nokkrum atriðum afstöðu minnar til hæstaréttarmáls nr. 118/1942, svokallaðs „Hrafnkötlumáls“. Það er misskilningur á grundvallarhugtökum, að íslenska ríkið, eða nokkurt annað ríki, geti helgað sér með einkarétti copyright á bókum, hvort heldur þær hafa verið samdar á Íslandi eða á einhverju öðru landi, og hvort þær hafa verið samdar fyrir eða eftir eithvert tiltekið ár eða öld. Þetta stríðir ekki

aðeins á móti öllum grundvallaratriðum, bæði í samþjódlegri copyright-löggjöf og copyright-löggjöf einstakra landa, heldur gegn heilbrigðri skynsemi, enda löggjöf um slíkt óframkvæmanleg í verk; því jafnvel þótt öllum Íslendingum sé bannað að gefa út tilteknar bækur, getur hvaða útlendingur sem er, og Íslendingar utanlands, gefið út hinar sömu bækur og látið selja þær eða dreifa þeim á annan hátt hér innanlands, – sem reyndar hefur viðgengizt um flestar útgáfur íslenskra fornbókmennta til þessa dags. [. . .] Um bækur þær, sem tilgreindar eru í 2. grein laga nr. 127, 1941, er því að svara, að íslenska ríkið á engan sannanlegan copyright fremur en önnur ríki, t.d. Brasíla eða Júgóslavía, af neinni af þessum bókum; það á ekki einu sinni nothæf handrit af þeim, því síður frumrit af neinni þeirra. [– – –] Ákafi löggjafans haustið 1941 að setja lög þessi, sem af frumkvöldi þeirra voru bæði í ræðu og riti yfirlýst nokkurskonar privat- og persónuleg hefndarráðströfun gegn einum manni út af allt öðrum sökum, var svo mikill, að synjun fékkst fyrir því, að leitað væri álits Háskóla Íslands og sérfróðra manna um málið, og allt kapp lagt á að fá þau samþykkt (þau voru samþykkt með allskonar afbrigðum til að hraða þeim sem mest) áður en bæði alþingismenn og almenningur fengi ráðrúm til að átta sig á, hvað var verið að gera. Fyrst nú, 1943, fékkst því framengt, að Alþingi kveddi til vísindamenn að segja álit sitt um þessa lagasetningu, og voru valdir þeir Árni Pálsson prófessor, Björn Guðfinnsson lektor og Sigurður Nordal prófessor. Niðurstöður álitsgerðar þeirra eru í öllum atriðum í samræmi við skoðanir þær, sem ég hef haldið fram um málið, bæði á prenti og fyrir rétti.

2.3. Alþingisbúið 1943

(Ljóskeila enn á Halldóri sem fylgist með ræðuhöldum á þingi og er í næstu serum í óbeinni samræðu við flutningsmann tillögu.)

Helgi: Ég vil nú, með leyfi hæstvirts forseta, lesa hér upp álit það, sem þessir menn hafa gefið út um Laxdæluútgáfu Halldórs Kiljans Laxness: „A. Meðferð máls. Við samamburð á þessari útgáfu og útgáfu þeirri, er hún byggist á, kemur í ljós, að fjölmörgu því máli, sem á engan hátt verður talið til staðsetningar, er breytt: a. Ýmiss konar breytingar eru gerðar á orðmyndum.

b. Orðum er sleppt. c. Orðum er bæt inn. d. Skípt er um orð. e. Orðaröð er breytt. f. Bætt er inn heilum setningum eftir útgefandann. Á fundi menntamálanefndar hinn 22. þessa mánaðar voru færð mörg dæmi þessu til sönnunar, og teljum við þarflaust að endurtaka þau hér, enda auðvelt hverjum þeim, er nennir, að ganga úr skugga um þau. Hins vegar viljum við taka það fram, að við teljum allar þessar breytingar til skemmda á máli og stíl sögunnar. B. Meðferð efnis. Meðferð sögunnar er á þá leið, að stórfelldar efnisbreytingar hafa verið gerðar á henni: a. Einstökum setningum er sleppt. b. Heilum kóflum er sleppt, t.d. á einum stað 5. kapitulum. c. Einstakar setningar eru færðar til. d. Kaflar eru færðir til. e. Samdar eru setningar inn í textann, þar sem útgefanda hefur þótt nauðsyn til þera. Allar þessar breytingar rýra stórlega efnis sögunnar og breyta svip hennar, svo sem gerð var grein fyrir á fyrrnefndum fundi. Þrátt fyrir það, að Laxdæluútgáfan hefur fengið þennan dóm, og þrátt fyrir það, að þessi útgáfa er búin að fá dóm í undirrétti, þrátt fyrir þetta allt saman, þá veitir hæstvirtur dómsmálaráðherra þessum manni nú leyfi til þess að fara að gefa út Njálssögu. Það er að vísu rétt, að hæstvirtur dómsmálaráðherra hefur ekki brotið lög, en með þessu hefur hann traðkað á vilja Alþingis og mikils meiri hluta þjóðarinnar, það þóti ég að fullyrða.

2.4. Heimili Halldórs Laxness 1943

Halldór: Ég leyfi mér að vitna hér í niðurstöður þessara fræðimanna upp úr álitserð þeirra, sem þeir hafa samkvæmt tilkvaðningu Menntamálanefndar Efri deildar lagt fyrir Alþingi um málið: „Við teljum það mjög óviðurkvæmilegt, að hið íslenska ríki hafi eitt rétt til þess að gefa út íslensk rit, sem samin eru fyrir 1400, eða veita leyfi til þess. Samkvæmt því ákvæði mætti kennslumálaráðherra t.d. banna fræðimönnum á Íslandi að gera stafréttar útgáfur fornra handrita. Við teljum ekki rétt, að ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, skeri úr um, hverjar breytingar á ritum séu með þeim hætti, „að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af.“ Engin trygging er fyrir því, að þeir, sem með þau mál fara, hafi skilyrði til að dæma um slíkt af nægilegri þekkingu. Við teljum ekki rétt að löghelga neina þá „samræmda“ stafsetn-

ingu, sem höfð hefur verið í útgáfum íslenskra fornrita fram að þessu. Engin þeirra samræmist til neinnar hlítrar framburði þeim, sem tíðkaðist á ritunar-tíma sagnanna, né heldur til neinnar hlítrar uppruna orðanna. Stafsetningin frá 1929 stendur t.d. í sumum efnum nær upprunanum en stafsetningin á íslenskum fornritum [. . .]. Þyki nauðsynlegt að hafa eftirlit með útgáfu eldri rita, svo sem margir munu telja, virðist næst lagi, að það sé í höndum fræðimanna og rithöfunda, sem til þess væru kvaddir og treysta mætti að þekkingu og smekkvísi.“ Þetta eru sem sagt niðurstöður vísindamannanna Árna Pálssonar, Björns Guðfinnssonar og Sigurðar Nordals í álitserð þeirra til Alþingis.

2.5. Alþingishúsið 1943

Einar A: Þótt Halldór Kiljan Laxness hafi gefið Laxdælu út með þeim hætti, sem hvorki ég né flutningsmenn samþykkjum, og þó að hann hafi gefið út Hrafnkötlu án þess að fá leyfi til þess, þá er spurning, hvort á þeim grundvelli er hægt að leggja bann við, að hann gefi fleiri sögur út. Nú hefur hann lögin, og eftir 1. grein má ekki gera breytingar, sem valdi því, að efnis, blær eða málfæri breytist að svo og svo miklu leyti, en ég get ekki gengið inn á að leggja bann á mann fyrir verk, þótt honum hafi yfirsézt.

Helgi (ræðumaður bendir á Halldór til að leggja áherslu á orð sín): Það er ekki hægt að vænta þess, að þessi maður, Halldór Kiljan Laxness, þó að hann geti, fari nokkuð betur með Njálssögu heldur en hann fór með Laxdælu 1941 þrátt fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf þá. Sú yfirlýsing sýnir það ótvítrætt, að það er ekki hægt að treysta honum.

Einar A: Ég tel, að almenningssálitíð og fræðimennirnir eigi að fella sinn dóm um útgáfu þessa verks, eins og það, hvort skáldsaga er vel samin, kvæði vel orðað, jörð vel setin og svo framvegis. Við leggjum ekki bann á útgáfu ljóðabókar, þótt höfundurinn hafi áður gert sig sekan að því að gefa út leirburð. Við leggjum ekki bann á mann að sitja jörð, þótt það hafi orðið horfellir hjá honum. Hann er dæmdur af dómstólunum eða almenningssálitínu, þangað til hann bætir ráð sitt. Bann við framkvæmdum liggur við að lögum, ef hægt er að telja þær hættulegar lífi og limum manna, eins og að

láta algerlega óhæfan skipstjóra stýra skipi eða vankunnandi bílstjóra stýra bíl. En að banna að gefa út bækur samræmist ekki löggjöf og hugsun manna í landi, þar sem talið er, að fullt ritfrelsi og málfrelsi sé. Við sinnum því máli, þegar þar að kemur.

Helgi: Ég veit, að eins og nú er komið, er ekki hægt að stöðva þetta verk. Það var á valdi ráðherra, en hann hefur ekki gert það. En það er eitt, sem hægt er að gera, og það er það, sem farið er fram á í þessari þingsályktunartillögu, og það er, að á þessu ári verði gefin út ný útgáfa af Njálu, eins og við viljum hafa hana og eins og þjóðin vill hafa hana, en ekki skrumskælda eins og. Laxdælu.

2.6. *Heimili Halldórs Laxness 1943*

(Halldór er hettur að lesa fyrir bréf og svör máli sínu beint til þingmanns sem er í ræðustól.)

Halldór: Lög eins og þessi setja sérstakan ómenningarblett á okkur Íslendinga í augum siðmenntaðra grannþjóða, þar sem ofstjórnartiltektir af þessu tagi mundu vera óhugsanleg fyrirbrigði. Ég hef líka óyggiandi vitneskju um það, að „lög“ þessi hafa vakið hina mestu furðu hjá fræðimönnum og rithöfundum erlendis, en sem betur fer hefur herkvíin í Evrópu forðað okkur frá því, að þetta hneyksli hafi spurzt almennt á Norðurlöndum. Í tilfelli eins og þessu, þar sem löggjafanum hefur orðið skyssa á, er það hlutverk æðri réttar að forða landinu frá að verða viðundur í augum heimsins. *(Þingmaður stígur niður úr ræðustól og fær sér seti í sal. Halldór svyr sér smám saman fram í sal.)* Það er að visu opinbert leyndarmál á Íslandi, að löggjöf þessi er einvöðungu sett til höfuðs einum manni; en það er ákaflega varasamt vegna heiðurs landsins að láta það spyrjast um heiminn á alvörutímum eins og þessum, að íslenzkur rithöfundur, sem hefur þekkt nafn erlendis, sé dæmdur til fangelsunar fyrir jafn óskiljanlegar og fáránlegar sakir – mér skilst af undirréttardómi hvorki meira né minna en til 45 – fjórutíu og fimm – daga! Um sektargreiðslu í jafn þýðingarmiklu prinsípáli, þar sem grundvallaratriði lýðfrjálsrar stjórnarskrár Íslands eru í tafi, er, eins og gefur að skilja, ekki að ræða af minni hendi.

2.7. *Alþingisbúsið 1943*

(Þingfórseti slær fundarhamri niður undir síðustu orðum Halldórs.)

Jóhann: Það hefur komið fram tillaga um að vísa málinu til nefndar.

Helgi (úr sal): Ég tel óþarft að vísa málinu til nefndar, og það yrði sama og að svæfa málið.

Jóhann: Næstur tekur til máls, fyrir hönd flutningsmanna tillögunnar, Sveinbjörn Högnason, Framsóknarflokki, þingmaður Vestur-Skaftafelllinga.

Sveinbjörn: Hæstvirtur ráðherra segist ekki vilja leggja bann á menn, þó að þeim hafi áður mistekizt. Hér er um annað að ræða. Hér er um að ræða að leyfa mönnum ekki að eyðileggja góð verk eftir aðra höfunda. Hvaða leirskáldi mundi leyft að gefa út og „lagfæra“ ljóð Matthíasar, Hannesar, Jónasar? *Einar A:* [Ég held] að þessi ágeðu rit okkar, bæði Njála og önnur, komist aldrei í mikla hættu af því, þótt einhverjir einstakir menn gefi ritin út. Sú einasta hættu, sem yfir þeim vofir, er, að handritin farist, líkt og í brunanum mikla 1728. Hitt er engin hættu, þótt þau séu illa gefin út. Það hefur komið fyrir áður, að Íslendingasögurnar hafa verið illa gefnar út og meira að segja mjög illa, en smekkur almennings hefur ekkert breytt við það. Það er eins og með heilaga ritningu. Það hafa verið gerðar á henni breytingar, en hún hefur ekki beðið tjon við það [. . .].

Gunnars saga hin meiri

Gunnar vildi heldur „go to“ hel en heima vera á fósturjarðar ströndum, þar hafði hann skotið hafisbjörn og sel, hámera-stóð og æðarkollu á söndum. Lífandi-dauður lengi bæði og vel lék 'ann sér glatt með himinbornum öndum. Í Vesturheimi þoldi 'ann þrautael, þrældóm og skort, með ótal fleiri löndum. „Hugjúfa“ samt ég sögu Gunnars tel.“

Kálmr, úr bréfi til Einars P. Jónssonar ritstjóra (1930)

Sveinbjörn: Hæstvirtur ráðherra sagði, að heilög ritning hefði staðið af sér stafsetningarbreytingar. Það er rétt, en ég veit um eina útgáfu af heilagri ritningu, sem er ekki til fyrirmyndar og ríkisbiskup Hitlers hefur leyft að gefa út, svo að fjallræðunni er alveg snúið við. Það er mannskemmdarverk og guðlast. Eins má fara með bókmenntaperlur okkar. Því er ekki að neita, að nútímarithöfundar gera það af ásetningu að hneyksla lesendur. Menn, sem eru færir um að skrifa ljómandi fallega kafla, setja inn á milli ýmislegt til skemmda, til að reyna að halda mönnum vakandi og auka söluna. Það er þekkt fyrirbrigði um allan heim og sérstök tækni í útgáfustarfsemi. Ég er sannferður um, að þessi nýja útgáfustarfsemi, hvað snertir Íslendingasögurnar, er tekin viljandi til að hneyksla og auglýsa. Og sannið til, Halldór Kílján Laxness heldur þessu áfram. Það kemur eitthvað til smekkbæis í Njálu.

2.8. Hæstiréttur 1943

(Ljós slóðekt fyrir miðju sviði, en kveikt hægra megin á sviði þar sem nú stendur veglegt dómanapúlt, íslenski fáninn hangir fram á púltið. Ljóskeila á Halldór Laxness, Ragnar Jónsson og Stefán Ögmundsson vinstra megin á sviði. Þeir standa við sama vinnabekk og notaður var í lögrehlutri.)

Þórður (slær niður hamri): [Dómur Hæstaréttar í máli nr. 118/1942, valdstjórnin gegn Einari Ragnari Jónssyni, Stefáni Ögmundssyni og Halldóri Kílján Laxness:] Bókin Hrafnkatla, sem mál þetta er af risið, er endurprentun Hrafnkels sögu Freysoða, aðallega útgáfu Konráðs Gríslasonar frá 1847, en fylgt er málmyndum íslenzkrar tungu, eins og hún nú er rituð, og stafsetningarreglum þeim, sem boðnar eru í auglýsingu dóms- og kirkju-málaráðuneytisins 25. febrúar 1929. [. . .] Halldór Kílján Laxness hefur á tilbilaði bókarrinnar lýst sig útgéfanda hennar, en kostnaðarmenn eru þeir Einar Ragnar Jónsson og Stefán Ögmundsson. Samkvæmt 3. grein tilskipunar um prentfrelsi frá 9. maí 1855 ber útgéfundinn Halldór Kílján Laxness einn refsiaþyrgð, ef til refsingar væri unnið samkvæmt 1. grein laga nr. 127/1941, og bet þegar af þeirri ástæðu að sýkna kerðu Einar Ragnar og Stefán af kæru valdstjórnarrinnar, að því er þá grein varðar. *(Ragnar og Stefán sejst á bekkinn, Halldór stendur einn eftir.)*

2.9. Alþingishúsið 1943

(Enn hefur dimmt úti fyrir gluggum Alþingishúss, flóðljós lýsa upp Jón Sigurðsson.)

Jóhann: Tillega hártvirt 5. landskjörins þingmanns um að vísa þingsályktunartillögu til menntamálanefndar og fresta umræðu og þá felld með 18 atkvæðum gegn 12. Næstur á mælendaskrá er Einar Olgeirsson.

Einar O: Herra forseti. [. . .] Hártvirtur þingmenn Rangæinga báðir og hártvirtur þingmaður Vestur-Skaftfellinga virðast líta svo á, að Njála sé einhver einkaeign þeirra og hætta stafi af því, er einstakir menn gera ráðstafanir til þess að koma þessu riti til allrar þjóðarinnar. Njála er einhver mesti helgidómur í bókmenntum okkar, og mér er ráðgáta, hvers vegna þessir hártvirtu þingmenn eru að flytja jafnfráleita tillögu og þessa hér. [. . .] Það er vel, að hæstvirtur menntamálaráðherra hefur nú veitt undanþágu frá þessum vitlausu lögum, sem sett voru um þessi efni í fyrra, og gefið leyfi til þess, að Njála megi koma út á nútímalslenzku. Í fyrsta skipti, sem Njála var gefin út á Íslandi, þá var hún á nútímastafsetningu. Ég er hissa á þessum páfatruar-mönnum hér, að þeir skuli ekki vilja uppræta þessa Njálu, og þá með sömu aðferðum og fyrirmynd þeirra, Hitler, notar, að brenna hana. [— — —] Það er einkennilegt, hvað þessir menn eru mikið fyrir að bannfæra allt og alla. Það hefur legið við undanfarin ár, að rit sumra íslenzkra skáldsagnahöfunda yrðu bönnuð hér. Hártvirtum þingmanni Suður-Þingeyinga fannst sjálfsgert að banna útgáfu á ritum Halldórs Kíljáns hér á Íslandi, heldur ættu þau að koma út í Moskvu. Það, sem fyrir þessum mönnum vakir, hlýtur að vera, að þeir vilji leggja hömlur á prentfrelsið í landi þessu.

2.10. Hæstiréttur 1943

(Sama svið og í senu 2.8, nema hvað Halldór Laxness stendur einn í ljóskeilunni vinstra megin á sviði.)

Þórður: Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið fengin umsögn kennara heimspékiðeldar Háskóla Íslands um meðferð efnis og máls í útgáfu þeirri, sem kært er út af. Segja þeir, að í útgáfunni sé aðeins á örfáum stöðum vikið frá orðalagi handrita og í smávægilegum atriðum, en reyndar að þarflausu.

Einn smákaflí sé fluttur til; en engum kafla sleppt. Sagan sé að efni allsendis óbreytt í útgáfunni og ekki breytt að meðferð né málblae, svo að neinu skipti, nema að því er til áðurnefndra orðabreytinga, málmýnda og stafsetningar kemur. Í 1. grein laga nr. 127/1941 segir, að þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða ríkhöfundar, megi ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð né málblae, ef breytingunum er svo háttað, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Eigi megi heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni. Þar sem útgáfa bókarinnar Hrafnkötlu með þeim hætti, er áður greinir, þykir ekki brjóta í bág við ákvæði greinar þessarar, þá ber einnig að sýkna kærða Halldór Kiljan Laxness af kærnu valdsjónmarinnar, að því er til þeirrar greinar tekur. (*Halldór fer sér seti.*)

2.11. *Alþingishúsið 1943*

(*Á meðan á umræðum stendur fljuga berflugvélar yfir nokkrum simum og trufllu ræður þingmanna, flóðljós á Jóni Sigurðsynni breytast í leitandi ljóskeilur loftvarnararljósa.*)

Jóhann: Næstur tekur til máls Sigfús Sigurhjártarson, Sameiningarflokkki alþýðu, Sócialistaflokkki, 8. þingmaður Reykvíkinga.

Sigfús: Nú kynnuð þið að spyrja: Hvað er það, sem fær þessa menn til þess að gera sig að athlagi með því að standa að þessari óþörfu, meiningarlausu þingsályktunartillögu. Það þarf ekki að fara í grafgötur um það. Flutningsmenn [...] kunna ekki hlutverk sín betur en það, að þeir koma upp um sig í síðari hluta greinargerðar sinnar, sem ég ætla að lesa upp, með leyfi hæstvirts forseta: „Njála er, eins og kunnugt er, talin eitthvert hið dásamlegasta listaverk að stíl, efni og málsmeðferð, sem nokkru sinni hefur verið fært í letur á íslenzku. [...] Vér, sem Njálu unnum, viljum með þessari þingsályktun sjá svo um, að þjóðinni gefist kostur á að eignast hana í ódýrri og vandaðri útgáfu, þar sem ekki finnst fingraför þeirra manna, sem allt vilja draga niður í sorpið og jafnvel þyrma ekki okkar dýrmætustu listaverkum eins og Njálu frá þeim örlögum.“ Já, þessir virðulegu bókmenntafrömuðir ætla að frelsa Njálu frá þeim örlögum, að menn, sem allt vilja draga niður í sorpið, fari höndum um hana. Og hvað er þetta sorp? Það er það, að nokkrir

menn hafa fengið áhuga á að gefa út Njálu og önnur fornit. Það heitir á máli flutningsmanna að draga bókmenntirnar niður í sorpið að gera þær aðgengilegar fyrir íslenzka alþýðu.

Jóhann: Næstur tekur til máls Helgi Jónasson, fyrir hönd flutningsmanna tillögunnar.

Helgi: Ég hef aldrei heyrt eins skemmilega vitleysu eins og ræðu hártvirts síðasta ræðumanns. Ef maður hefði ekki vitað, hvað hann var að tala um, hefði verið erfitt að skilja það. Okkur, sem stöndum að þingsályktunartillögu, kallaði hann fjendur menningarinnar, en tillagan er einmitt um að koma út eins vandaðri útgáfu af Njálu og frekast er kostur á, sem á að fara inn á fjöldu íslenzkra heimila. Þetta er allur sjandskapurinn við íslenzka menningu. Þetta er okkar sekt.

Sigfús: Þeir hafa lært af læriföður sínum, hártvirtum þingmanni Suður-Þingeyinga, sem á síðustu árum hefur batizt markvisst fyrir því, – og það má hann eiga, að hann er markvisst –, að ungir menn í alþýðuskólum landsins fengju ekki að nema erlend tungumál, samanber baráttu hans fyrir því að gera alla okkar alþýðuskóla að menningarsnaðum stofnunum, þar sem ekki væri annað kennt en spak með höndum og fótum út í loftið. Enda er það svo, að þessi lærifaðir lýsti yfir því, að við þyrftum að gera hér á landi í smáum stíl það, sem gert hafði verið í Þýzkalandi í stórum stíl. Ég þarf ekki að lýsa, hvað hann á við. Einu sinni var Þýzkaland menningartland, og þá var ekki talað um, að við þyrftum að gera í smáum stíl það, sem þýzka þjóðin gerði í stórum stíl. Fyrst þegar nazisminn hafði þurrkað burt menninguna af þjóðinni, fór hann að tala um, að það þyrfti að gera það sama. Hvað var Hitler að gera í stórum stíl? Hann var að taka meistaraverk Heines og verk eftir Einstein og láta brenna á báli. Hann lét brenna á báli það dýrmætasta og beztu, sem þýzka þjóðin hafði eignast á þessu sviði.

Helgi: Nei, það er ekki af þessu, sem hártvirtur þingmaður hefur reiðzt, heldur af hinu, að hann og hans flokksmenn eru búnir að vinna sér fyrirflitningu og skömm hjá fjöldu þingmanna og mönnum utan þings. [...] Reiði sócialistanna stafar af því einu, að þeir þjuggust við, að þetta yrði gróðafyrirtæki, það var gert til þess að græða á því –, en ef þjóðin fær nýja og vandaða útgáfu af Njálu, skerðist gróðinn.

Sigfría: Það er ekki heldur viljavert, þegar þrýðilegustu þingmenn leika hlutverk fífla. Það er dapurlegt, þegar einn maður getur komið því til leiðar, sem vitandi vits berst gegn andlegri heilbrigði og þjóðarmenningu. Það finna þingmenn og vilja ekki svara til saka, ganga út, ef á þetta er minnst. Tómu stólarinn hérna vitna fyrir hönd þessara hátrvirtu þingmanna, sem blygðast sín fyrir að hafa látið gerast að fíflum og ganga nú út. Sú venja hófst, þegar þingmaður Suður-Þingeyinga hóf baráttu sína gegn Sósíalistasflokknum, að þingmenn gengu út til að heyra ekki ræður sósíalista, til að þurfa ekki að horfast í augu við þá, sem þeir sögðust í yfirlýsingunni frægu vera ofgóðir til að sitja með á þingi, en í rauninni skömmuðust þeir sín fyrir að vera fífl.

Jóhann (hringir þingþjöllú): Ég vil biðja þingmann að stilla orðum sínum í hóf, get ekki unað því, að þingmenn séu kallaðir fífl í annarri hverri setningu.

Sigfría: Ég þakka forseta þessa undirstrikun, sem hann hefur gefið orðum mínum. [...] Þó að ég viti, að í nótt muni meiri hluti þingmanna rétta upp hendur með tillögunni, sem þingmaður Suður-Þingeyinga hefur sagt þeim að samþykka, eru þeir farnir að finna, að þeir eru á rangri braut. Þeir vita, að áður en langir tímar liða, munu Íslendingar veita forritunum verðugan sess og búa þau vel í hendur almenningi. Við förum að dæmi Breta, sem hafa gert ágætari útgáfur og sýttu texta snjöllustu rita sinna frá fyrri öldum handa barnaskólanemendum. Við förum að dæmi Þjóðverja, sem hafa gefið út handhægar smáútgáfur snillinga sinna til nota fyrir unglinga og í barnaskólum. Það er augljóst, að í staðinn fyrir lesbækur þær, sem stjórn ríkisútgáfu námsbóka réttir að 8–9 ára gömlum börnum og virðast miðast við það að gera þau leið á öllum lestri og menningarstarfi, eiga þau að fá fallegar útgáfur aðalkaflanna úr Laxdælu, Njálu, Eglu og fleiri snilldarrita okkar, þrýddar og litaðar fögrum myndum. Þá mun það sannast, að börn okkar unna Íslendingasögnum, lesa þær og skilja. Jafnframt verða til útgáfur handa fullorðnum, þar sem engu er sleppt né breytt, en nútímastafsetning hófð. Í þriðja lagi verða útgáfur handa fræðimönnum með fornri stafsetningu og fræðilegum formálum eftir menn eins og Sigurð Nordal, þótt hann sé nú talinn hafa þá viðleitni helzta að draga sögurnar ofan í sorpið. Ljóðskáld okkar og tónskáld eiga eftir að skapa ódauðleg verk úr Íslendingasögnum. Svo mjög sem ég hlakka til að sjá börnin lesa sögurnar, hlakka ég mest til að koma inn

í söngleikhús, þar sem snillingar framtíðarinnar eiga eftir að túlka hugsanir söguhetjanna, færa þær í nýtt form, sem fjöldinn skilur. Við eigum eftir að eignast málverk af skilnaði Kolskeggs og Gunnars og fleiri minnisstæðum atburðum sagnanna. Og ekki mundi þar við sitja. Myndhöggvarar kæmu einnig fram á sjónarsviðið og festu sögurnar í málm og stein. Menningar-ífrandskapur Jónasar Jónssonar mun liða undir lok, en íslensk menning mun lifa, og sögurnar munu lifa. Þær munu verða eign íslensku þjóðarinnar, hvers manns barns, þó að Alþingi geri í nótt og kannske oft síðar einhverjar veikar tilraunir til að fela þessar bækur fyrir þjóðinni.

Helgi: Það var gaman að hlusta á, hvernig hátrvirtur síðasti ræðumaður hefur lesið greinargerð eins og viss persóna les biblíuna: „Öllu snúið öfugt þó / aftur og fram í hundamó.“ [...] Ég hef yfirleitt ekki vitað það fyrir en í dag, að svona náíð samband væri á milli Sósíalistasflokksins og þessarar útgáfu-starfsemi. Ég hef ekki vitað annan eins skollaleik og þessar umræður, því að við flutningsmenn viljum gera það sama sem sósíalistar segjast vilja gera: að koma út vandaðri almenninguútgáfu af Njálu, og það verður gert.

Jóhann: Nú verður gengið til atkvæðagreiðslu um þingskjal 690, þingsályktun-artillögu um útgáfu á Njálssögu. Tillagan er svohljóðandi: „Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða fyrir, eftir því sem þarf, að Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið gefi Njálssögu út nú á þessu ári í vandaðri heimilisútgáfu handa félagsmönnum sínum.“ Þeir sem eru með tillöggunni segi já (*hendur á loft*). Þeir sem eru á móti segi nei (*hendur á loft*). Já sögðu 17, nei sögðu 10. Tillagan er samþykkt.

2.12. Hæstiréttur 1943

(*Ljós á þingsal dofna smám saman nema hvað flóðljós standa á Jóni Sigurðssyni, ljóskæla er á auðum vitnabeke vinstra megin og á dómara í þluti hægri megin á sviði.*)
Þórður: Samkvæmt 67. grein stjórnarskrárinnar skal vera prentfrelsi hér á landi, en þó svo, að menn verða að bera ábyrgð á prentuðu máli fyrir dómstólum. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða. Ákvæði greinarinnar takmarkast að vísu af því, að áskilja má mönnum höfundarétt að ritum og meina öðrum útgáfu ritanna, meðan sá réttur helzt. En rök þau, sem að því hníga og byggjast á nánnum, persónulegum hagsmunum höfund-

ar, liggja ekki til grundvallar fyrirælum 2. greinar laga nr. 127/1941. [. . .] Þau fyrirmáli eru sett til þess fyrir fram að girða fyrir það, að rit, sem greinin tekur til, verði birt breytt að efni eða orðfæri, eftir því sem nánar getur í lögunum. Með því að áskilja ríkinu einkarétt til birtingar rita þessara og banna á þann hátt öðrum birtingu þeirra, nema að fengnu leyfi stjórnvalda, hefur verið lögð fyrirfarandi tálmun á útgáfu ritanna, sem óheimil verður að teljast samkvæmt 67. grein stjórnarskrárinnar. Verður refsing því ekki dæmd fyrir brot á ákvæðum 2. greinar laga nr. 127/1941. Því dæmist rétt vera: Kærðu, Einar Ragnar Jónsson, Stefán Ögmundsson og Halldór Kílján Laxness, skulu vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði [. . .].

Tjalditð

Epilogue

Þess skal getið, að leikslókum, að aðeins tveir af þremur dómurum Hæstaréttar, þeir Þórður Eyjólfsson og Ísleifur Árnason, stóðu á bak við niðurstöðuna í Hæstaréttarmáli nr. 118/1942, valdstjórnin gegn Einari Ragnari Jónssyni, Stefáni Ögmundssyni og Halldóri Kílján Laxness. Gizur Bergsteinnsson skillaði sérátkvæði, en samkvæmt álitu hans brutu lög nr. 127/1941 ekki gegn ákvæðum stjórnarskrár. Vildi Gizur að ákærðu yrðu fundnir sekir um að hafa brotið gegn 2. grein laganna og dæmdir í 400 króna sekt eða 15 daga varðhald.

Útgáfa Menningar sjóðs og Þjóðvinafélagsins á *Njáls sögu* kom út undir ritsjórn Magnúsar Finnbogasonar lýðveldisárið 1944. Útgáfa Halldórs Laxness á *Brennirjals sögu* kom út ári síðar, eins og áður er getið. Á næstu árum voru fleiri íslensk fornrit gefin út, bæði á vegum Ragnars Jónssonar og Menningar sjóðs og Þjóðvinafélagsins. Bein afskipti Alþingis, ríkisstjórnar og dómstóla af þessu útgáfustarfi voru hins vegar úr sögunni.

6. KAFLI

Snorrabraut – Kjarvalsstaðir



Snorrafrimerki hafa nú verið gefin út, líklega til ágóða fyrir nýja pósthúsið eins og yfirleitt öll frimerki á síðari árum. Er Snorri þar í úlpunni af Thorvaldsen og með húfuna af Wagner, svo ekki linnir þjófnadinum í sambandi við karlhræið, þótt hann sé nú búinn að vera drepinn og dauður í 700 ár.

Úr Speglinum (1941)

„JÆJA, HVER ER svo höfundur Njálu?“ Ósjaldan hef ég verið ávarpaður með þessum hætti á undanförunum árum þegar áhugi minn á sögunni hefur komið til tals, svo sem í fermingarveisium og jólaboðum. Þetta er sú spurning sem Íslendingar telja eðlilegt að menn glími við í Njálurannsóknnum á okkar dögum; það virðist orðið brýnna að hafa skoðun á þessu álitæfni en líkamsburðum Gunnars á Hliðarenda, meintrí sekt Hallgerðar langbrókar eða trúverðugleika frásagnarinnar af sættum Flosa og Kára. Ástæðan er að deilur um hver hafi skrifað Njálu blossa reglulega upp í dagblöðum og eru þau skrif væntanlega meðal þess helsta sem almenningur hefur lesið um söguna á undanförunum árum.

Sunnudagspistlar Matthíasar Johannessen ritsjóra í *Morgunblaðinu* blésu eldi í glæður þessarar umræðu sumarið 1997. Þar fjallaði Matthías um Sturlu Þórðarson (d. 1284), bróðurson Snorra Sturlusonar, sem höfund Njálu en þá skoðun hafði hann áður rökraði í lokakafla *Bókmenntaþátta* sinna árið 1985.¹ Meðal þeirra sem risu upp til andmæla var Sigurður Sigurmundsson frá Hvítholti sem hélt því á lofti að Þorvarður Þórarinnsson (d. 1297) frá Valþjófsstað í Fljótsdal hefði skrifað söguna. Sigurður hafði gert þeirri tilgátu nokkur skil í bókinni *Sköpun Njálssögu* árið 1989 en helsti talsmaður hennar á fyrri hluta aldarinnar var Barði Guðmundsson sagnfræðingur, sem nánar verður vikið að hér á eftir.²

Í slíku samhengi hefði þessi kafli vel getað verið helgaður leitinni að höfundum sögunnar, en það er ærinn starfi að gefa yfirlit um helstu kenningar manna á þeim vettvangi.³ Vísast hefði þá verið við hæfi að slá botninn í umræðuna með minni eigin tilgátu sem ég hef mótað til að standa ekki á gati í fjölskyldubóðunum. Ég ætla hins vegar að liggja á þeirri tilgátu þar til í lokakafla bókarinnar og láta að mestu hjá líða að meta svör annarra við því hver hafi skrifað Njálu. Raunin er sú að mér virðast svörin við þessari spurningu ekki eins áhugaverð

og spurningin sjálf; það að mönnum þyki svo brýnt að bera kennsl á höfundinn. Því hyggst ég skoða hvernig þessi þáttur í viðtökum sögunnar er hluti af viðtækari þróun, en hún felst í því að höfundarhugtakið er orðið miðlægt í íslenskri bókmenntaúræðu, höfundurinn er „samnefniari íslenskrar menningar“ svo notað sé orðalag Helgu Kress.⁴

Beinast liggur við að tengja aukið vægi höfundarins hér á landi sambærilegri framvindu í öðrum vestrænum löndum. Í grein sinni „Tilurð höfundarins“ sýðst Þröstur Helgason við kenningar franska fræðimannsins Michels Foucault um það efni, en að mati Foucaults er hugmyndin um höfundinn sem upphaf og miðju skáldskaparins aðeins um tvö hundruð ára gömul, nátengd aukinni einstaklingsvitund og breyttum skilningi manna á eðli tungumálsins og hlutverki bókmenntanna í samfélaginu. Þröstur heimfærir þessa sögusýn á íslenska bókmenntasögu og segir þá meðal annars:

Aður litu menn á ritum texta sem endurgerð eða túlkun á eldri textum, heilagri ritningu eða fornum sögum og kvæðum. Talað var um að *setja saman* bækur. *Sturlunga* getur þess til dæmis að Snorri Sturluson hafi fengið við þá iðju. Ekki er talin ástæða til að nefna bækurnar en orðalagið á vel við *Heimskringla* því Snorri setti hana að nokkru leyri saman úr eldri konungasögum. Langt fram á átjándu öld þótti ekkert tiltökumál að nota texta annarra skálda á þennan hátt; skáldin voru hvort sem er ekki álitin upphafsmenn verka sinna. Um og eftir aldamótin 1800 breyttist þetta viðhorf. Skáld tóku að mótmæla því að textum þeirra væri breytt og sumir úrgefendur fóru að leggja áherslu á að birta texta skálda í upphaflegri mynd. Á sama tíma vöknudu hugmyndir um að textinn væri afsprengi ímyndunarafis skáldsins.⁵

Fróðlegt er að skoða deilurnar um fornritaútgáfu Halldórs Laxness í þessu ljósi. Hjá báðum fylkingum er höfundarhugtakið í brennidepli. Halldór ögrar við teknum skoðunum með því að fjalla um sögunar sem höfundarverk (afsprengi ímyndunarafis skáldsins) en er gagnrýndur fyrir að hafa ekki umgengist þær sögur sem slíkar (brotið gegn höfundarrétti þjóðarinnar, m.a. með því að breyta texta Laxdælu).⁶

Aukið vægi höfundarins, á Íslandi sem erlendis, á sér einnig sínar sálrænu orsakir; höfundarnafnið hefur sérstakt gildi fyrir þá sem taka það sér í munn. Í grein sinni um samband Halldórs Laxness við fornsögunar, sem ég hef áður

vitnað til, notfærir Ástráður Eysteinnson sér hugmyndir Foucaults um slíkt höfundargildi, en í þeim felst meðal annars að höfundurinn sé eins konar stofnun, það er „trygging fyrir allskyns reglufestu, eignarhaldi á vissum hlutum [og] áhrifum á aðra“.⁷ Ástráður telur til dæmis að Íslendingar hafi oft upplifað það sem harmleik að eiga ekki höfunda að Íslendingasögum sínum og segir: „Mér óar við tilhugsuninni um alla þá vinnu sem farið hefur í að eltað við þessa drauga, höfund *Njálu* og kollega hans. En auðvitað er slíkt púl ofast afleiðing mikillar þrár eftir að nálgast verkið, eða öllu heldur merkingaruppsettu þess“ (s. 171–72).

Enda þótt umræða fræðimanna og rithöfunda beri skýrastan vott um vaxandi vægi höfundarins má einnig finna ýmis „hlutbundin“ merki um þessa þróun hér á landi frá þessari öld. Þjóðargrafiturinn á Þingvöllum er ágætt dæmi um það. Ríkissjórn Íslands lét gera grafitinn í samráði við Þingvallanefnd og var Einar Benediktsson skáld jarðsettur þar fyrstur árið 1940. Engar reglur voru þá settar um hverjir skyldu fá þar hinsu hvílu en árið 1945 var flutt lagafrumvarp þar sem lögð voru drög að slíkum reglum. Árti fyrsta grein laganna að vera svohljóðandi: „Ríkið heldur við og verndar sérstaklega grafit á Þingvöllum fyrir íslenska afburðamenn, konur og karla.“⁸ Í bráðabirgðaákvæði með frumvarpinu var svo mælt til þess að ríkissjórnin léti flytja jarðneskar leifar Jónasar Hallgrímssonar frá Danmörku til Íslands og jarðsetja þær við hlið Einar Benediktssonar. Frumvarpið kom reyndar aldrei til afgreiðslu en engu að síður voru bein Jónasar grafin upp í Kaupmannahöfn ári síðar og jarðsett á Þingvöllum á fæðingardegi skáldsins, 16. nóvember, árið 1946. Ekki hafa aðrir „afburðamenn“ verið jarðaðir í grafitinum síðan en það er eftirtekrartvert að legsteinarnir sem þar standa skuli báðir vera reistir yfir höfðum „höfunda“.

Í þessum kafla verður fjallað um fleiri slík áþreifanleg höfundartákn. Með þeim langar mig að sýna hvernig þær breytingar sem hér hafa verið til umræðu setja mark sitt á hversdagslíf Íslendinga. Jafnframt beinist athyglin áfram að ferli Halldórs Laxness, en svo virðist sem með Nóbelsverðlaunum hans árið 1955 hafi fengið endanleg staðfesting á gildi höfundarins fyrir íslenska menningarsögu.

Söguslóðir á mölinni

Árið 1948 voru gerðar breytingar á nöfnum fáeinna gatna í Reykjavík. Fram að því hafði Hringbraut legið frá Skúlagötu réttislaus að Grandanum, en nafn hennar var arfleifð hugmyndar um að ein gata skyldi umlykja byggð borgarinnar. Lega slíkrar hringbrautar, sem á sér fyrirmynd í ýmsum stórborgum Evrópu, var sýnd á uppdrætti árið 1920 og síðar, lítið breytt, í borgarskipulaginu frá 1927–28.⁹ Ör vöxtur borgarinnar kallaði á endurskoðun þessa skipulags. Á fjórða áratugnum sprengdi byggð í Norðurmýri ramma Hringbrautar að austanverðu og á fimmta áratugnum reis ný byggð á Melunum, sunnan Hringbrautar. Vegna þessarar þróunar fór byggingarnefnd Reykjavíkur þess á leit við nafnnefnd borgarinnar að hún gerði tillögur að gatnaheitum í stað Hringbrautar.

Í svarbréfi nefndarinnar frá 20. febrúar 1948 er lagt til að leggurinn milli Eiríksgötu og Egilsstötu, sem var hluti Hringbrautar, verði kallaður Þorfinnsgata, þaðan og vestur að sjó fái nafn Hringbrautar að halda sér en gatan meðfram sjónum að Grandagarði sé nefnd Ánanaust. Ennfremur er farið fram á að „austasti hluti Hringbrautar verði nefndur Snortbraut, en þar eru til beggja handa hverfi með formmannanöfnum“.¹⁰ Tillögurnar voru samþykktar af byggingarnefnd og setja enn mark sitt á gatnakerfi höfuðborgarinnar. Af þessum nýju nöfnum þykir mér nafn Snortbrautar athyglisverðast. Eins og fram kemur í bréfinu til byggingarnefndar stendur nafngiftin í nánu sambandi við þau götuheiti sem fyrir voru í hverfinu. Gatan sket Grettisgötu og Njálsgötu og á stefnumót við Skarphéðinsgötu, Bergþórugötu, Flökagötu, Egilsstötu og Eiríksgötu. Þótt nafnanefndin gefi í skyn að Snortbraut viðhaldi þannig hefð gatna „með formmannanöfnum“, sem mótað hafði á fyrstu áratugum aldarinnar, ber heiti hennar jafnframt vitni um færsluna frá hetjunni til höfundarins sem áður hefur borið á góma í þessari bók.

Líkt og rakið var í fyrsta kafla hafði táknrænt gildi hetjunnar ekki alltaf verið hið sama í huga Íslendinga. Þar má greina a.m.k. tvö meginstef. Annars vegar var hetjan snemma skilgreind og metin með hliðsjón af mannkostum sínum, ekki síst líkalegu atgervi. Síðar varð hún einnig holdgerving þeirrar efnahagslegu og á köflum pólitísku gullaldar sem átti að hafa ríkt hér á landi á fyrstu öldunum eftir landnáám. Sú gullöld var að vissu leyti tákn eða draumsýn um nýja gullöld, væntanlegt sjálfstæði og velmegun þjóðhollra Íslendinga. Þessir

tveir þættir hetjuskaparins renna saman í einn farveg hjá ungmennafélagshreyfingunni um síðustu aldamót. Hún leggur sig ekki aðeins fram um að ala upp glæsilega íþróttamenn, sem stíga glímu og stínga sér til sunds, heldur einnig og ekki síður að efla þjóðernisvitund félagsmanna. Í stefnuskrá Ungmennafélags Akureyrar frá árinu 1906 segir til að mynda:

Vér viljum reyna að vekja æskulýðinn af hinum þunga svefni hugsunarleysis og sljóleika fyrir sjálfum sér, til einingar og framsóknar, vekja lífandi og starfandi ætjardarást í brjóstum íslenskra ungmenna, en eyða flokkahatri og pólitískum flokkadrætti.¹¹

Bókmenntalega birtingarmynd þessara viðhorfa má greina hjá Héraðs-sambandinu Skarphéðni sem var stofnað sumarið 1911 af ungmennafélögum á Suðurlandi, upphaflega undir nafninu Íþróttasambandið Skarphéðinn.¹² Skarphéðinn Njálsson, sem samkvæmt Njáls sögu er „mikill maður vexti og styrkur, vígur vel, syndur sem selur, manna fóthvatastur, skjótráður og öruggur, gagnorður og skjótorður en þó löngum vel stilltur“, verður þar með opinber fyrirmynd æskufólks í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Þegar götum í Reykjavík eru gefin nöfn persóna úr Íslendingasögum á þessum sama tíma er að nokkru leyti verið að staðfesta stöðu hetjunnar í íslenskrri þjóðarvitund. Þó er gagnlegt að gera greinarmun á göttunum vestan Snorrabrautar og þeim sem liggja austan hennar, í Norðurmýri. Næst miðbænum rekumst við á Ingólfsstræti sem er elst af þeim götuheitum borgarinnar sem tengjast elsta tímabilinu í sögu þjóðarinnar. Gatan er nefnd eftir landnámsmanninum Ingólfi Arnarsyni, fyrsta húsbóndanum í Reykjavík, en nafnið var samþykkt árið 1880. Á fyrstu þremur áratugum þessarar aldar eru síðan samþykkt allmörg götuheiti sem tengjast norrænni goðafræði (Nönnugata, Lokastígur, Njarðargata og fleiri) og á sama árabili eru skírðar þær götur sem draga nöfn sín af hetjum Íslendingasagna. Af þeim eru Grettisgata og Njálsgata elstar; þær tóku að byggjast á fyrstu árum aldarinnar. Egilsgata er hins vegar í yngsta hópnum. Nafn hennar, ásamt nöfnum Leifsgötu og Eiríksgötu, var samþykkt árið 1932.¹³

Ég hef ekki getað aflað mér heimilda um hvaðan tillögur að þessum götuheitum komu. Hefðin hefur væntanlega skapast smátt og smátt eftir því sem

borgin strækkaði til austurs. Þegar lítið er á kort af þessu svæði veður athygli hvernig götur Njálupersóna endurspegla tilteknar aðstæður úr sögunni. Þannig fer lítið fyrir Bjarnarstíg á bak við Káratíg, rétt eins og raunin er með Björn úr Mörk að baki Kára Sölmundarsonar í frásögn Njálu.¹⁴ Á sama hátt má sjá samræmi í því hvernig Njálsgata og Bergþórugata liggja hlið við hlið, áþekkt Njáli og Bergþóru í Njálsbrennu. Hugmyndin með þessari óvenjulegu endurritun Njáls sögu í skipulagi höfuðstaðarins var hugsanlega að treysta samhengið á milli frjálsræðishefjanna góðu og íbúa Reykjavíkur. Þeir síðarnefndu áttu vart kost á öðru en að feta í fótspor fedranna, eftir gangstéttum í austurbænum, vonandi á vit nýrrar gullaldar sjálfstæðis og reinsar.

Áður en lengra er haldið, yfir í Norðurmýri, skal minnt á að þorri Íslendinga virðist hafa tekið Íslendingasögurnar trúanlegar allt fram á þessa öld. Þarna voru á ferðinni sigild, forn heimildarit, sögur tiltekinnna staða og ætra. Vafalítið eru margar ástæður fyrir þessu viðhorfi. Í fyrsta kafla kynntumst við skýringu Halldórs Laxness á barnalegri bókmenntaskynjun hins barbaríska heila, en ég vil einnig vekja athygli á ágætri kenningu Björns M. Ólson um þetta efni. Björn bendir á í háskólafrýrlesturum sínum á öðrum áratugi aldarinnar að flestir landsmenn hafi á fyrri tíð alist upp í héruðum þar sem einhverjar sögur eiga sér stað. Þeir hafi því átt auðvelt með að sviðsetja einstaka atburði í raunverulegu landslagi. Síðan hafi þeir fært veruleikafíkingu sögusviðsins yfir á alla frásögnina og jafnvel bókmenntageininna í heild sinni.¹⁵ Þannig hafi vitnisburður Njáls sögu og Egils sögu þótt jafn óvæfengjanlegur og tilvist fjallsins Þríhrynings í Rangárvallasýslu og Brákarstunds í Borgarfirði.

Í þessu samhengi má benda á hvernig íslensk fornleifafræði miðaði framan af einkum að því að staðfesta vitnisburð einstakra Íslendingasagna. Sigurður Vigfússon, drifjörður í starfi Hins íslenska fornleifafélags á síðustu áratugum nítjándu aldar, kom þar mikið við sögu. Hann stundaði rannsóknir víða um land; gróf meðal annars gryfjur á Bergþórshvoli árin 1883 og 1885 í leit að ummerkjum Njálsbrennu. Adolf Friðriksson lýsir þessum uppgrefti Sigurðar með skemmtilegum hætti í grein um sannfræði íslenskra fornleifa:

Hann gróf þar nokkrar holur og fann það sem hann taldi vera sótuga og brennda rafta og eldsprungna steina. Hann fann einnig eitthvert hvítt og torkennilegt efni og sendi í greiningu til efnastrarfshússins við konunglega búnaðarskólann í Kaup-

mannahöfn. Tilgáta um að hér væri fundið skýr Bergþóru komst á kreik. Eftir miklar rannsóknir á hinu „ejendommelig stof“ var niðurstaðan óljós, en talið mögulegt að þetta væru leifar af einhvers konar mjólkurafurð, hugsanlega skýri eða osti. Þorsteinn Erlingsson skáld og áhugamaður um fornfræði skrifaði Sigurði bréf og fagnaði þessari uppgötvun. Hann sagði: „Berji þeir það nú fram bólváðir asnarnir að Njála sje róman og að brenna Njáls á Bergþórshvoli sje tilbúningur og þjóðsaga.“ Þetta „er sá besti skýrspónn sem Ísland hefur átt og hefur það þó átt margan góðan.“¹⁶

Rannsóknarstarf Sigurðar Vigfússonar má túlka sem tilraun til að rýna í frumtexta fornsögunnar: íslenskt landslag, bæjarstæði, örnefni og forna þingstaði. Slíkur lestur var í fullu samræmi við trú manna á sannleiksgildi Íslendingasagna. Ritun þeirra var þar skýrt aðgreind frá hinni eiginlegu sköpun. Guð almáttugur, eða hvert það af sem stjórnaði framrás mannkynssögunnar, hafði í öndverðu skapað glestum heitjunum lífshlaup á sögusviði íslenskrar náttúru. Vonast var til þess að landið geymði í skauti sínu upprunalegar heimildir um hina sígildu atburði.

Frá þessu sjónarhorni er freistandi að túlka val á götuheitum í Reykjavík sem tilraun til að endurskapa landslag fornþókmennanna á mölinni. Þangað lá líka straumurinn. Árið 1901 voru átta af hverjum tíu Íslendingum búsettir í dreifbýli, 70% vinnuafis starfandi við landbúnað. Árið 1940 bjuggu aðeins 35% landsmanna í dreifbýli, fjöldinn hafði flust í þéttbýliskjarna meðfram ströndum landsins. Mestur varð vöxturinn í Reykjavík. Árið 1901 voru bæjarbúar 6.700 eða 8,5% þjóðarinnar, árið 1940 hafði myndast þar vísir að borg með um 40.000 íbúum sem var þá tæpur þriðjungur þjóðarinnar.¹⁷ Í þessu umröti höfðu menn þungar áhyggjur af framtíð íslenskrar menningar. Flestum þótti brýnt að varðveita þjóðlegar hefðir og skapa samhengi milli fortíðar og framtíðar, sveita og bæjar. Hins vegar var tekist harkalega á um hvernig best væri að tryggja þetta samhengi.¹⁸


Deilurnar um útgáfu Íslendingasagna sem sviðsettar voru í síðasta kafla eru glöggæt dæmi um þessi átök. Eitt af því athyglisverðasta við þessar deilur er þó að flestir aðilar málsins virðast einhuga um að það sé „naudsynjamál þjóðernis og þjóðarþroska, að sögurnar séu vel lesnar og vel virtar“, svo vitnað sé í formála Vilhjálmis Þ. Gíslasonar að þeirri útgáfu *Njáls sögu* sem Alþingi stóð að sjálf lýðveldisárið¹⁹ Görtuheit eins og Njálsgata og Egilsata þjónuðu þessum

sama málstað. Enda þótt börrin sem ólust upp í Reykjavík þekktu ekki staðhætti í Borgarfirði eða á Rangárvöllum könnuðust þau að minnsta kosti við nöfn þeirra Egils og Njáls. Á Njálsgötu gengu þau ennfremur fram á Ölgertð Egils Skallagrímssonar og nýlenduvörustunina Njálsbúð.

Með þetta veganesti getum við haldið austur fyrir Snorrabraut, eða Hringbraut eins og hún hét á þessu tímabili. Árið 1935 setti Pétur Halldórsson borgarstjóri á laggirnar nefnd „er hefði það verkefni að gera tillögur um nöfn á nýjum götum og torgum, eftir því sem byggingarnefnd óskaði.“²⁰ Hinn 17. desember 1936 lagði nefndin fram hugmyndir að nöfnum á nýjum götum í Norðurmýri. Í ályktun nefndarinnar segir meðal annars:

Vér höfum valið götunum nöfn eftir fornaldarmönnum, af því að götur með samskonar nöfnum liggja að þessu hverfi á tvo vegu. Næst Njálsgötu eru 2 nöfn úr Njáls sögu, þá 4 nöfn úr landnámi Ingólfs og síðast 5 nöfn úr Laxdælasögu. Inn á milli er skotið nafni Flóka.²¹

Hér er viðhaldið þeirri hefð sem skapast hafði við nafngifur gatnanna vestan við Norðurmýri. Skarphéðinsgata liggur til austurs og svo suðurs frá skikanum sem er á milli Bergþórugötu og Njálsgötu og ber þannig landfræðilegan vott um að Skarphéðinn var sonur Bergþóru og Njáls. Gunnarsbraut liggur aftur á móti hornrétt út frá Njálsgötu, þvert yfir Skarphéðinsgötu. Þetta skipulag gerir vegfarendum í raun kleift að fylgja söguþræði Njálu frá syðri enda Gunnarsbrautar til norðurs – það er Gunnars saga – og síðan til vesturs eftir Skarphéðinsgötu, Njálsgötu og Bergþórugötu í átt að frásögninni af þeim Kára og Birni úr Mörk í síðasta hluta sögunnar (sjá kort). Á svipaðan hátt er séð til þess að vegfarendur geti fylgt söguþræði Laxdælu eftir Auðarstræti – ígildi landnáms sögu Auðar djúpúðgu í upphafi verksins – að Bollagötu, Guðrúnargötu, Kjartansgötu og Hrefnugötu, það er ástar- og deilumálunum í síðari hluta sögunnar. Það er engin tilviljun að Guðrún skuli liggja hér á milli Kjartans og Bolla, en sem kunnugt er greinir menn enn á um hvorn þeirra hún eigi við þegar hún segist hafa verið þeim verst sem hún unni mest. Hins vegar er athyglisvert að Hallgerður kemst ekki á gatnakortið, ekki frekar en til hnattarins Ukutu sem við heimsóttum í þriðja kafla.



Gönguleið um austurbæ Reykjavíkur sem miðast við söguþræð Njálu.

Göturnar sunnan og vestan Skarphéðinsgötu – Karlagata, Víflsgata, Mána-gata og Skeggjagata – bera nöfnin úr landnámi Ingólfs, en Flókagata er kennd við landnámsmanninn Hrafn-Flóka. Segist nefndin í bréfi sínu hafa tekið Flóka fram yfir Naddodd viking vegna þess að nafnið Naddodds-gata er óþjált og fram yfir Garðar Svavarsson vegna þess að nafnið Garðars-gata er of keimlíkt

Garðastræti og Garðavegi. Með vissum hætti loka þessar síðastnefndu nafngiftir þeim ramma landnámsmanna, goðmagna og persóna Íslendingasagna sem byrjaði að mótaast í gatnakerfi Reykjavíkur með nafni Ingólfsstrætis árið 1880.

Reyndar mætti halda því fram að endurritun Íslendingasagna í gatnakerfinu sé óbein staðfesting þeirra breyttu viðhorfa sem kennd eru við íslenska skólann í fornsagnarannsóknunum. Eins og rakið var í fjórða kafla höfnuðu Björn M. Ólsen og sporgöngumenn hans „náttúrulegu“ sambandi sagnanna við veruleikann. Þess í stað líktu þeir ritun einstakra sagna gjarnan við byggingu og smíði. Þannig segir Sigurður Nordal í bók sinni, *Hrafnkötlu*, að hann hafi snemma komist á þá skoðun að varðveittur texti Hrafnkels sögu ætti söguhöfundur að þakka „síðustu steypu sína og fágun“.²² Halldór Laxness tekur enn skýrar til orða í efirmála við útgáfu sína á *Brennivegisögu*, þar sem hann dáiðist að því hvornig höfundurinn tengir ólík yfirkisefni saman í frásögninni og skapar þannig einstakt „byggingarverk, sem í mörgu hefur svip af goðneskum borgum samtíðar ar hans“.²³ Lesendum ætti að vera orðið ljóst að Reykjavíkurborg samtíðar þeirra Sigurðar og Halldórs hafði í sumu svip af Íslendingasögum, ekki síst Njáls sögu og Laxdæla sögu. Hér að framan lét ég að því liggja að götuheitum með fornmannanöfnunum hafi verið ætlað að sjá til þess að Reykvíkingar fetuðu bókstaflega í fótspor feðranna, þeirra Grettis og Njáls, en í ljósi myndmáls íslenska skólans má þó allt eins gera því skóna að borgarbrúar sem byggðu sér þak yfir höfuðið í austurbænum á fyrri hluta þessarar aldar hafi óbeint verið að fylgja-fordæmi hinna miklu byggingarmeistarar sem „steypu“ Íslendingasögur á þrettánda öld.

Nú er loks tímabært að meta nafngift Snorrabrautar árið 1948. Frá því að Björn M. Ólsen flutti háskólafrýtlestra sína um Íslendingasögur á öðrum áratugi aldarinnar höfðu aðilar íslenska skólans orðið æ óhræddari við að fjalla um Íslendingasögur sem höfundarverk. Hugmyndir þeirra mættu eftir sem áður vissri andstöðu hjá almenningi, ekki síst meðal þeirra sem bjuggu á „náttúrulegum“ söguslóðum og litu á sögurnar sem sagnfræðilegar heimildir um einstök héruð, ættir og býli. Þau viðhorf komu vel fram í umræðunum um fornritaútgáfu Halldórs Laxness á Alþingi. Andspænis slíkri gagnrýni lagði Sigurður Nordal áherslu á að listrænir eiginleikar sagnanna myndu vege upp það sem þær glötuðu sem heimildarit. Hann skrifar í riti sínu *Hrafnkötlu*: „Um

þjóðernismetnaðinn er það að segja, að í skarð þess, sem kann að saxast á hróður vígamanna og kraftamanna söguvaldar, koma nýir afreksmenn, sem hingað til hefur verið skotið í skuggann: höfundar sagnanna. Er skaði að þeim skiptum?“²⁴

Vissulega var nokkur skaði að þeim skiptum meðan ekki tókst að bera kennsl á þessa andlegu afreksmenn. Erfitt gat reynst að hampa hefju sem ekki átti sér nafn, sögu eða andlit. Það er að nokkru leyti sem viðbragð við þessari kreppu sem fræðimenn og leikmenn hefjast handa við að leita uppi höfunda einstakra Íslendingasagna. Með þeim hætti gat umræðan haldið áfram að snúast um sagnfræði og höfðað þannig óbeint til þeirra sem leggja vildu trúnað á sögurnar. Munurinn fólst einkum í því að Íslendingasögurnar voru nú lesnar sem sagnfræðilegur vitnisburður um menningu og líf manna á þrettánda öld, ekki síst þá sem höfðu smíðað hina bókmenntalegu dýrgripa.

Eins og ég gat um í upphafi kaflans var sérstakt kapp lagt á að finna höfund Njáls sögu og fór Barði Guðmundsson sagnfræðingur þar framlega í flokki. Hann færði rök fyrir því í fjölda ritgerða að Njála væri eins konar lykilsaga (dulbúin sagnfræði) Sturlungaaldar sem rituð hefði verið af Þorvarði Þórarins-syni frá Valþjófsstað í Fljótsdal.²⁵ Ýmsar fleiri tilgátur komu fram en skemmtilegustu röksemdafærsluna á þessu sviði átti vafalítið Helgi Haraldsson bóndi á Hrafnkelsstöðum. Í blaðagrein sem birtist í *Tímanum* 9. apríl 1948, sex vikum eftir að nafnanefnd Reykjavíkur lagði til nafn Snorrabrautar, vísar Helgi hugmyndum Barða um höfund sögunnar á bug en segir þess í stað að Snorri Sturluson kunni að vera höfundur Njáls sögu. Því til staðfestingar bendir hann á að Snorri hafi verið alinn upp í Odda á Rangárvöllum, en líklegt megi teljast að ritaðar og munnlegar heimildir um atburði Njálu hafi verið honum þar tiltrékar. Helgi segir í niðurlagi:

Ég veit að fræðimennirnir vilja ekki viðurkenna Snorra sem höfund Njálu. En það er annað, sem þeir hafa oft viðurkennt, og það er, að Snorri hafi borið höfuð og herðar yfir alla snillinga á Norðurlöndum á sinni tíð. Ef hann er ekki höfundur Njálu, þá er þetta ekki rétt, því að þá er annar, sem stendur honum jafnfætis.²⁶

Líkt og Helga grunaði voru fræðimenn ekki ginnkeyptir fyrir þessari kenningu. Hún ber engu að síður vott um þann sess sem Snorri hafði um þetta leyti meðal

íslensku þjóðarinnar og jafnaframt þá breytingu sem orðið hafði frá því að talað var um að hann hefði „sett saman“ bækur. Nafntogaður höfundur Heimskringlu, Snorra-Eddu og hugsanlega einhverra Íslendingasagna er nú orðinn mesti snillingur Norðurlanda og er sem slíkur kjörinn fulltrúi allra nafnlausu höfundanna, ekki síst þar sem hann var talinn sameina nákvæmni sagnfræðingsins og listfengi skáldsins. Hann var, með öðrum orðum, táknmynd þeirrar merkingaruppþrettu sem var að flestu leyti fjarverandi eða óáþreifanleg þegar rætt var um íslenskar fornþéttir.

Þessa túlkun á táknrænu gildi Snorra Sturlusonar má meðal annars finna í grein sem Kristinn E. Andrésson skrifaði í *Tímarit Míls og menningar* árið 1941 undir fyrirsögninni „Reisum Snorrahöll“, en tilefni greinarinnar var sjö hundruð ára ártíð Snorra. Kristinn segir þar meðal annars: „Nafn Snorra Sturlusonar bregður ljóma á allan okkar veg, hann er gunnfáni okkar í dag og mun fylgja okkur í stríði komandi kynslóða, eitt bjartasta tákni íslenskrar menningarþrár, hin sterka taug í sögu og örlögum Íslands [. . .].“²⁷ Stílblöggöfin minna á ætjarðarskáldskap níjándu aldar. Múmurinn er sá að hér er rætt um menningarþrá fremur en sjálfstæðisþrá; sagnaritarinn í Reykholti hefur tekið við hlutverki eldri afreksmanna. Sama áherslubreyting birtist í tillögu nafnnefndar Reykjavíkur um nafn Snorrabrautar. Þar er nýrri heitju bókmennasögunnar tryggður víðeigandi virðingarsess í gatnakerfinu. Snorri liggur nú eins og „sterk taug“ í gegnum hverfi sögupersónanna og tengir það saman. Samkvæmt þessu nýja skipulagi eiga frásagnir af landnámi Ingólfs (Skeggjagata, Mánagata, Karlagata), Íslands (Flólagata) og Grænlands (Eiríksgata), sem og hetjum söguldar (Egilsgata, Grettisgata, Njálsgata, Bergþórugata, Skarphéðingsgata), allar upptök sín hjá höfundinum, gunnfána þjóðarinnar.

Til frekari staðfestingar er ekki úr vegi að upplýsa hverjir sátu í nafnnefnd Reykjavíkur frá og með stofnun hennar árið 1935, en það voru þeir Pjetur Sigurðsson háskólaritari, Ólafur Lárússon prófessor í lögfræði og síðast en ekki síst Sigurður Nordal.²⁸ Sigurður var, eins og fram hefur komið, einn áhrifa- og mestu bókmenntrafæðingur Íslendinga á þessum tíma og átti mikinn þátt í að marka stefnu íslenska skólans með kennslu sinni og útgáfustarfi. Hann hafði enn fremur lagt sitt af mörkum til að hefja Snorra Sturluson upp á háan stall höfundarins hér á landi, fyrst í bók sinni um Snorra frá 1919 og síðar í

inngangi að útgáfu sinni á *Egils sögu Skallagrímssonar* árið 1933 þar sem hann leiðir rök að því að Snorri sé höfundur sögunnar. Starf Sigurðar Nordal í nafnnefndinni tekur væntanlega af allan vafa um sambandi milli gatnaheita Reykjavíkur og kenninga íslenska skólans.

Sú breytta áhersla í túlkun Íslendingasagna sem hér hefur verið lýst – frá leit að skryti Bergþóru til leitar að höfundi Njáls sögu – átti sér margvíslegar orsakir. Við gerum byrjað á því að setja hana í einfaldað sögulegt samband við pólitíska þróun á Íslandi á fyrri hluta aldarinnar. Þegar fullveldið var í höfn árið 1918 höfðu Íslendingar ekki lengur þörf fyrir frjálsræðishetjurnar góðu, a.m.k. ekki í sama skilningi og áður. Menn höfðu þá þegar hafist handa við að skilgreina gullöldina að nýju, sem tímabil glæsilegrar menningar og bókmenntaafreka á þrettándu öld. Sú gullöld varð enn fremur draumsýn um nýja menningarlega gullöld lýðveldisins Íslands þar sem listsköpun og fræðimennska skyldu sett í öndvegi. Samkvæmt þeim sjálfsskilningi var öflugt menningarlíf í samtímanum forsenda þess að þjóðin gæti í raun kallast sjálfstæð.

Jafnframt bjuggu vissar þjóðernispolítískar ástæður þarna að baki. Bandaríski fræðimaðurinn Jesse L. Byock hefur bent á hvernig umfjöllun íslenska skólans um Íslendingasögur sem höfundarverk var liður í viðleitni Íslendinga til að ná þessum bókmennnum, með beinum og óbeinum hætti, úr höndum Dana, Svía og Norðmanna sem „höfðu í meira en öld feltt forníslenska texta inn í eigin þjóðararf [. . .] sem afurð sameiginlegrar sagnahefðar og sögu“.²⁹ Þeim mun óvitræðari höfundarverk sem sögunnar töldust vera (fremur en afurðir samnorrennar munnlegrar menningararfleifðar), þeim mun „íslensktari“ urðu þær jafnframt.

Síðast en ekki síst tengdist sú þróun sem hér hefur verið lýst leit íslenskra menntamanna og listamanna að sjálfsmynd við hæfi, ólíkri þeirri sjálfsmynd sveitasamfélagsins sem hafði verið viðtekin hér á landi um aldir. Í greininni „Mikið skáld og hámenntaður maður“ ræðir Helga Kress þetta arði í sambandi við áhuga íslenska skólans á höfundum fornþéttmenntanna. Í skrifum fræðimannanna, segir Helga, sé þessi höfundur „karlmaður, menntamaður, höfðingi og heimsborgari“.³⁰ Honum sé, sem bókmennntalegum málkvarða, stefnt „gegn margröddun og munnlegri hefð alþýðumenningar. Með þessu byggja fræðimenn íslenska skólans upp sjálfsmynd sína sem menntaðir íslenskir

karlmenn, tilheyrandi menningu á heimsælikvarða“ (s. 97). Þessi sjálfis-myndasköpun birtist meðal annars í þeirri tilhneigingu Halldórs Laxness að ræða um eldri viðhorf Íslendinga til Njálu sem barnskap og þeirri áherslu sem Halldór og fjölmargir samtímamenn hans leggja á hinar svonefndu myrku aldir Íslandssögunnar. Um leið slá þeir sjálfa sig til riddara; stíga fram sem hinir „upplýstu“ fulltrúar nýrrar gullaldar.

Í framhaldi af þessum hugleiðingum er viðeigandi að glugga að nýju í grein Kristins E. Andréssonar um Snorrahöll. Þar segir:

Er við minnumst Snorra Sturlusonar, felst í afreikum hans hvöt og eggjan til okkar og samtímans að vinna íslenzkri menningu allt það gagn, er við megum, skapa úr lífsreynslu þjóðarinnar ný menningarverðmæti, sem eigi varamlegt gildi, fullgera í minningu hans eitthvert það verk, er sé lífandi, sýnilegt ták þeirrar menningarþrár, sem alla tíma lifir með þjóðinni.

Með fögnuði getum við viðurkennt, og það er okkar mesta gleði, þegar við minnumst Snorra nú, að Ísland nútímans hefur unnið menningarlega sigra, sem eru fornöldinni fullkomlega samboðnir. (s. 102–103)

Því til stuðnings minnst Kristinn fræðimanna „allt frá Sveinbirni Egilssyni til Sigurðar Nordals, sem dýpkað hafa skilning okkar á hinni fornu menningu“ og skálda „allt frá Jónasi og Bjarna til Stephans G. Stephanssonar og Einars Benedíkssonar, Gunnars Gunnarssonar og Halldórs Kíljans Laxness, er glætt hafa samfélagslíf og samvitund þjóðarinnar, skapað henni ný dýrmæt listaverk og vakið nýja trú á hæfileika hennar“ (s. 103). Ennfremur nefnir Kristinn listmálara, myndhöggvara, hljómlistarmenn og vísindamenn. Hugmyndin með Snorrahöll er að skapa þessum hópi – þessum samtímahetjum – vettvang til starfa. Höllin á að verða „heimili íslenzkrar listar og jafnframt hagnýt bygging yfir ýms söfn þjóðarinnar, sem nú eru á hrakbólum. [– – –] Hún á að vera sýnilegt ták þess, að Íslendingar líta á sig sem sjálfstæða þjóð og gera kröfur til, að aðrar þjóðir geri svo“ (s. 105–106).

Snorrahöll var ekki reist, enda þótt söfnin og starfsemin sem Kristinn E. Andrésson ræðir um hafi hægt og bítandi verið að eignast þak yfir höfuðið. Til bráðabirgða eignuðust Reykvíkingar Snorrabraut. Að baki bjó draumur íslenskra menntamanna um að ryðja beina og breiða braut til nýrra menningar-afreka.

Hetjan snýr heim

Í ljósi umræðu Kristins E. Andréssonar um Snorrahöll liggur beint við að spyrja hvaða merkingu Nóbelsverðlaunin í bókmenntum höfðu fyrir Halldór Laxness, stöðu hans í íslenski bókmenntasögu og sjálfsm mynd íslensku þjóðarinnar. Var Nóbelshátröfin í Stokkhólmi ekki einmitt sá atburður sem menn höfðu séð fyrir sér við endann á „Snorrabraut“? Árni Sigurjónsson svarar þeirri spurningu afdráttarlaust játandi í inngangi að verki sínu *Laxness og þjóðlífið* þegar hann ræðir um táknrænt gildi Halldórs fyrir íslensku þjóðina:

Sú endurreisn sem hafin var af mönnum á borð við Baldvin Einarsson og Jón Sigurðsson hlaut sína fullhustu á Þingvöllum árið 1944. Merkið sem Jónas Hallgrímsson hélt á loft rúmum hundráð árum áður var borið til sigurs haustið 1955 þegar íslenskt skáld hlaut Nóbelsverðlaun.³¹

Samkvæmt þessum söguskilningi var Íslandssagan ekki aðeins að *gerast* árið 1944 og 1955; í einhverjum skilningi var hún að *ræstast*.

Þegar hugað er að merkingu Nóbelsverðlaunanna fyrir orðspor Halldórs Laxness þá er fróðlegt að bera þau neikvæðu viðhorf til hans, sem fram komu á Alþingi á fimmta áratugnum, saman við stöðu skáldsins í þjóðarvitundinni nú á dögum. Maður á bágt með að sjá núverandi þingmenn þjóðarinnar nota orðið „Laxnesska“ sem skammmaryði, hvað þá að telja Halldór til þeirra manna „sem allt vilja draga niður í sorpið“.³²

Hvað stöðu Halldórs í íslenski bókmenntasögu snertir þá er vissulega umhugsunarefni hvernig sú saga væri skynjuð og skrifuð öðruvísi ef einhver annar íslenskur rithöfundur hefði fengið verðlaunin á sínum tíma, til að mynda Gunnar Gunnarsson eins og jafnvel kom til álita, eða einhver kvenhöfundur, til dæmis Ragnheiður Jónsdóttir. Hins vegar virðast árangursrík átök Halldórs við bókmenntahefðina leggja grunninn að höfundargildi hans í samtímanum. Ástráður Eysteinnsson ræðir þetta efni í áðurnefndri grein um samband Halldórs við fornsögurnar, en þar beinist athyglin sérstaklega að þeirri margþætту endurritun sem fólst í *Gerplu*:

Þótt einhverjir verði til að sjá í *Gerplu* afskræmingu íslenskrar arfleifðar hlýtur Laxness nú sívaxandi viðurkenningu sem einmitt sá höfundur er rísi hæst til móts

við hina fornu og háleitu hefð. Þremur árum eftir að *Gerpla* kemur út hlýtur Halldór Laxness Nóbelsverðlaunin, m.a. fyrir að endurreisa íslenska frásagnarhefð, svo sem segir í rökstuðningi sænsku akademíunnar. Halldór er ekki fráherfur þessu samhengi í Nóbelsræðu sinni: „Sá hlutur sem mér þykir mest um vert, þeirra sem mér hafa að höndum borið um þessar mundir, það er að sænska akademían skuli af hinu mikla áhrifavaldi sem henni er léd, hafa nefnt nafn mitt í sambandi við hina ókunnna meistara fornsagnanna íslensku.“³³

Þessi tilvitnun í Halldór rifjar upp umræðu Kristins E. Andréssonar um þá menningatlegu sigra nútímans sem væru „fornöldinni fullkomlega samboðnir“. Með verðlaunapeningi sínum fær Halldór Laxness tvöfaldan gæðastimpil; íslensku sagnameistaranna og sænsku akademíunnar.

En það má líka velta vöngum yfir því hvers þjóðin hefði farið á mis ef enginn hefði enn hlotið nafnbótina „Nóbelsverðlaunahöfundur“. Til að leita svars við þeirri spurningu langar mig að hverfa um strund frá skrifum fræðimannanna og vitna þess í stað í áður óbirt bréf sem afásystur minni barst frá Svþjóð í desembermánuði árið 1955. Sendandinn var Ragnar Jónsson í Smára, útgefandi Halldórs, en hann var þá staddur í Stokkhólmi ásamt fleiri Íslendingum til að samgledjast skáldinu við afhendingu Nóbelsverðlaunanna. Í bréfinu, sem ber yfirskriftina „Reisubókarkorn“ (líkt og greinasafn Halldórs frá árinu 1950), lýsir Ragnar ferð sinni til Stokkhólms og því sem fyrir augu hans hefur borið þar.

Ítarlegust er lýsingin á sjálfri Nóbels hátúðinni, en hún er tvískipt: Verðlaunin eru afhent síðdegis við hátúðlega athöfn í Konserthúsinu í Stokkhólmi en um kvöldið er haldin veisla fyrir úrvalda gesti í ráðhúsi borgarinnar. Ragnar skrifar meðal annars um veisluna:

Margar stuttar ræður voru fluttar, staðið upp, sungið, skálað og húrrað. Fyrstu aðalræðuna flutti Laxness, stórkostlega ræðu, sem greip mig svo að ég flaut út í tárur og nokkur högl sá ég hlaupa ofan kinnarnar á Jóni Helgasyri prófessor, sem sat við næsta borð. Ræðunni var tekið með óstöðvandi hrifningu. Síðan kom hver ræðan af annarri, yfirleitt ágætur ræður, þó Laxness bæri af, enda voru menn á einu máli um það. [...] Ég var barmafullur af lifandi sólskini [...]. Það sem vitanlega hitaði mér fyrst og fremst um hjartaræturnar var sú staðreynd að Ísland, [...] íslensk þjóð og saga var hér miðpunkturinn. Hátúðin var þessu landi til heilla og sóma og þess representant bar af öðrum mönnum hér að glæsímennsku,

kurreisi og menntun og allir skildu í einni svipan að þetta var merkilegt land og merkilegt fólk.³⁴

Eins og sjá má er bréfið skrifað í hita augnablikksins og maður spyr ósjálfrátt: Svarar ekki Ragnar í Smára hér í eitt skipti fyrir öll hvað Nóbelsverðlaunin merkja í huga Íslendingesku?

Orð hans vekja reyndar viss hugrenningatengsl við ummæli Jóns Hreggviðssonar sem ég vitnaði til í upphafi fyrsta kafla, en Jón kvaðst þess albuinn að senda kónginum og greifunum handrit íslenskra fornsagna „til sannindamerktis að hér á Íslandi hafi þó einusinni verið til fólk.“³⁵ Líkt og hjá bóndanum á Rein má skynja hjá Ragnari gamalkunna blöndu kokhreysti og vanmáttarkenndar sem er svo rík í þjóðarsálinni; þrá okkar Íslendinga, fyrr og síðar, eftir að fá staðfestingu útlendinga á að Ísland sé merkilegt land og Íslendingar merkilegt fólk. Margt bendir til að slíkt þrá hafi fylgt þjóðinni lengi, að hún hafi ekki aðeins lítað þau viðhorf alþýðumanna til fornitanna sem Halldór lýsir í *Íslandsblukkunni*, heldur jafnvel búið að baki þegar sögurnar um hinar fornu hetjur voru upphaflega sagðar og síðan skráðar. Í mörgum Íslendingasögum og Íslendingaþáttum er greint frá utanferðum íslenskra manna, ýmist kappá eða skálda, samskiptum þeirra við konunga og jarla, virðingum þeirra við danskar, sænskar og norskar hirðir og loks svo til ófrávikjanlegri ferð þeirra aftur heim, til Íslands.³⁶ Hetjan er að sumu leyti skilgreind með þessum hætti, hún er að vísu ekki með blátt blóð í æðum fremur en aðrir Íslendingar en stendur erlendur fyrir mönnum hvergi að baki.

Snemma í Njálu segir þannig af utanferð bræðranna Kolskeggs og Gunnars á Hlíðarenda. Eftir að hafa farið í víking í Austurveg og fengið þar mikið herfang halda þeir á fund Haralds konungs Gormssonar í Danmörku. Haraldur tekur Gunnari vel, lætur hann reyna ýmsar íþróttir við menn sína og sannfærist fljótt um að óviða muni fást hans jafningi. „Konungur bauð fá Gunnari kvonfang og ríki mikið ef hann vildi þar staðfestast“ (31. kafli). Gunnar kveðst hins vegar fyrst vilja halda til Íslands að hitra frændur sína og vini og skiptast þeir þá á gjöfum í kveðjuskyrni. „Gunnar gaf konungi langskip gott og marga dýrgripa aðra er hann hafði fengið í hernaði. Konungur gaf honum tignarklæði sín og glófa gullfallaða og skarband, og gullhnútar á, og

okkar gengu fyrir konunga, og skildi ég nú betur en áður að slíkar heimsóknir voru færðar í letur af skáldum.³⁷

Nú er að vísu ljóst að Halldór vildi fremur líkjast höfundum forn sögunnar en hetju hennar, en eins og samantalið Ragnars í Smára leiðir í ljós er ekki svo einfalt að skilja hetjuna og höfundinn að. Höfundurinn er að sínu leyti „afreksmaður“ sem tekur við hlutverki hetjunnar og gengur inn í þau mynstur sem henni fylgja. Fram að árinu 1955 var þessi „hlutverkaleikur“ reyndar augljósari í tilvikum ýmissa annarra íslenskra listamanna en Halldórs, einkum þeirra sem farið höfðu utan og reynt að hasla sér völl í Evrópu.³⁸ Hér mætti til dæmis nefna rithöfunda á borð við Jóhann Sigurjónsson, Guðmund Kamban og Gunnar Gunnarsson sem skrifuðu á dönsku en allir fengust þeir í einhverjum mæli við endurvinnslu á íslenskum forn sagnaefni.³⁹

Til að skýra samþættingu hetju og höfundar frekar og öðlast jafnframt betri sýn á Nóbels hátíðina langar mig að draga fram bók sem Jónas Jónsson frá Hríflu ritstýrði og skrifaði að drjúgum hluta um aðra hátíð, *Snorrahátíð 1947–48*. Bókin kom út árið 1950 að tilhlutan sátskrá Snorraneftdar, sem Jónas veitti forystu, og geymir opinbera söguglugga á hátíðahöldum sem fram fóru í tengslum við afhjúpun á tveimur afsteypum af sryttu norska myndhöggvarans Gustavs Vigeland af Snorra Sturlusyni. Önnur afsteypan, sem var þjóðargjöf Norðmanna til Íslendinga, var afhjúpuð í Reykholti sumarið 1947 en hin í Bergen ári síðar.

Jónas hefur umfjöllun sína með því að benda á að lengi vel hafi enginn hirt um ritfræð Snorra Sturlusonar. Hann segir síðan: „En eftir að lærdómsmenn, einkum erlendir, tóku að sinna forritum Íslendinga, var Heimskringla þýdd á norsku og varð, við hlið heilagrar ritningar, sú bók, sem er hjartfölgnum öllum almenningi í landinu.“ Glæsimyndir Heimskringlu úr norsku þjóðlífi fornaldar hafi reynst norsku þjóðinni „hin örugga leiðarstjarna“ í baráttu fyrir frelsi og sjálfsræði, allt frá endurreisn konungsdæmisins 1814 fram á ár þýskrar hersetu í stöðri heimssrygð og í þakklætisskyni hafi Norðmenn smátt og smátt unnið Snorra „viðurkenningu í heimi vestrænnar menningar fyrir það, að hann væri einn af mestu sagnfræðingum allra alda.“⁴⁰ Heima á Íslandi hafi „þessi snillingur“ hins vegar lengi átt erfitt uppdráttar. Það sé ekki fyrir en með riti Sigurðar

hatt gerskan“ (31. kafli). Á heimleiðinni hafa þeir bræður vetursetu í Noregi hjá Hákonni jarli Sigurðarsyni, sem er fús að gifta Gunnari frændkonu sína, en þegar hann kveðst vilja sigla heim, eftir sem áður, gefur konungur Gunnari mjöl og við til fararinnar. Þegar til Íslands kemur ríður Gunnar til þings ásamt mönnum sínum og er tekið fram að þeir hafi verið „svo vel búnir að engir voru þeir þar að jafnvel væru búnir og fóru menn út úr hverri búð að undrast þá“ (33. kafli).

Það er freistandi að bera þessa lýsingu Njáls sögu saman við Nóbels sögu Halldórs Laxness haustið 1955. Þar gerast hlutirnir reyndar ekki í sömu tíma-röð og hjá Gunnari. Þannig hefst saga Halldórs á því að hann kemur siglandi heim til Íslands í byrjun nóvember, fljótlega eftir að niðurstaða sænsku akademíunnar liggur fyrir, og er hann hylltur af löndum sínum við það tækifæri. Engum sögum fer af klæðaburði manna þá. Hins vegar hefur Ragnar í Smára mörg orð um hve gestir á Nóbels hátíðinni í desember eru glæsilega búnir, virðulegir sænskir prófessorar með „sínar glæsilegu dekorasjónir“ og frú Auður Laxness „falleg í sínum glæsilega kjól, mér liggur við að segja stórfalleg“.

Þetta var stórfengleg fest, sem Svíar einir kunna að stofna til. Það eitt að sjá hundrað þjóna koma eins og fjárrektor á Íslandi ofan hlið var hrifandi, maturinn náttúrulega eins og fegursti skáldskapur og allir þessir skrautlegu búningar, jafnvel orðurnar og bordarnir hrífa mann þegar manni finnst þetta þjóna góðum tilgangi.

Meginviðburðurinn er að sjálfsgöðu afhending sjálfra verðlaunanna en líkt og í forn sögunni tekur Íslendingurinn við virðingargjöf sinni úr hendi konungs, í þessu tilvikum sænska konungsins. Í „Reisubókarkorni“ sínu lýsir Ragnar afhendingunni í fáum orðum, en í grein sem hann birti í *Morgunblaðinu* á aðfangadag árið 1955 dvelur hann við þennan atburð og setur hann í (bókmennta)sögulegt samhengi:

Halldór gekk síðastur fyrir konung og hafði þar lengsta viðdval. Því miður veit ég ekki hvað þeirra fór á milli. Þeir töluðu báðir fremur lágt, en sjá mátti á tilburðum þeirra að skilnaði að vel hafði farið á með þeim, og voru kveðjur Halldórs allmiklu tilkomumeiri en hinna og virtist konungur vel kunna að meta það. Komu mér í hug ýmsar myndir úr sögunum þar sem sagt er frá því er landar

Hinn frækni hirðmaður

Gunnar Gunnarsson er frægðarhugsjón Íslendinga holdi klædd, eftirmynd forníslendingans, höfðingjasonur er tekur sér ungur fari með óþekktum kaupmanni, stígur á land á ókunni strönd, lendir í ýmsum hrakningum þar til hann stendur einn dag í mikilli höll frammi fyrir háseti konungs, leggur honum höfuð sitt í skaut, gerist konungi handgenginn, vinnur með honum óendanleg afrek, er mesta heiða er sögur fara af allt til Miklagarðs, stökkvir hersveitum óvina á flötta, gengur í hauga eftir gulli, hleður skip sín gersemum, er í kærleikum við drottningu eða næstum kvæntur systur konungs þegar hann vetur einn, hirð allri til undrunar, tekur ógleði mikla er ágerist unz kemur upp úr dárnum að hann þráir út til Íslands og halda honum engin bönd, heitord né kóngsríki, og leysir konungur hann þá út með miklu fé og fríðu fóruneyti og drottningin dregur gullhring á hönd hans, og Íslendingurinn, hinn frækni hirðmaður konungs, sezt að búi heima í sveit sinni.

Sjöli sa er Gunnar gekk á hönd er konungur listarinnar. Honum hefur hann unnið öll sín afrek og hlotið frægð að launum.

Kristinn E. Andrésson, „Skáldið Gunnar Gunnarsson“ (1949)

Nordal um ævi og afrek Snorra að eiginleg vakning í þá átt að heiðra minningu hans hefjist hér á landi. Bygging menntaseturs í Reykholti tíu árum síðar hafi verið frekari áfangi á sömu braut, en ljóst er af lýsingu Jónasar að hann telur hina vel heppnuðu Snorrahátíð 1947 hátind þessarar vakningar. Snorri Sturluson hefur öðlast þann sess á Íslandi sem honum ber, en líkt og í tilvikum þeirra Gunnars á Hlíðarenda og Halldórs Laxness kemur upphæðin að einhverju leyti að utan.

Hér var reyndar um töluvert viðkvæmt mál að ræða, þar sem mörgum Íslendingum þótti nóg um hve djærfr Norðmenn höfðu verið við að eigna sér Snorra Sturluson og verk hans. Í grein sem Sigurður Nordal, einn meðlimur Snorraneúndarinnar, skrifaði um Snorra árið 1941 ber síðastnefnda atriðið á góma:

En um Heimskringlu er því svo háttað, að hún hefur um langan aldur verið svo samgróin norsku þjóðlífi, að öllum þorra Norðmanna og jafnvel þeim mennta-

mönnum þar á landi, sem eru ekki sérfræðingar í norrænum fornmenntum, kemur sjaldan annað til hugar en hún sé norskt rit, þó að þeir viti, að höfundur hennar hafi átt heima á Íslandi. Vér Íslendingar höfum vitanlega stórhneykslazt á þessu, hvenær sem vér höfum orðið þess varir, og lítum á það sem freka ásælni eða annað verri.⁴¹

Í þessu ljósi rútkuðu Íslendingar afhjúpunina á stytta Vigelands sem opinbera viðurkenningu norsku þjóðarinnar á að Snorri hefði vissulega verið íslenskur höfundur og að Heimskringla væri hluti íslenskra bókmennta, jafnvel þótt hún tilheyrði efnislega norskum þjóðararfi. Þá hugsun má lesa milli línanna í ræðu sem Ólafur Thors forsætisráðherra flutti þegar hann bauð velkominn þann stóra hóp Norðmanna sem hingað kom á Snorraráttíð 1947. „Þér færið oss fagra gjöf og kærkomna“, segir Ólafur en slær síðan þennan varnagla: „Það er að sönnu svo, að hvortki er nokkur þess umkominn að gefa Íslendingum Snorra Sturluson, né heldur að flytja hann heim í áttthaganna. Snorra höfum vér alltaf átt og hér hefur hann dvalið síðustu sjö aldirnar.“⁴² Með afneitun sinni er forsætisráðherrann í raun að vanda um við Norðmenn og viðurkenna jafnframt að þeir séu óbeint að skila Snorra, ekki ósvipað því og þegar Danir skiluðu Íslendingum handritunum rúmum tveimur áratugum síðar. Höfundurinn er að koma heim.

Með hliðsjón af þeim Gunnari á Hlíðarenda og Halldóri Laxness eru skilin á milli heitunnar og höfundarins reyndar skemmilega óljós í tilvikum Snorra Sturlusonar. Hann er í senn persóna fornþóknemntanna (hann kemur fram sem ágjarn og slóttugur höfðingi í Sturlungu) og einn af fáum nafnkunnum höfundum þeirra. Jónas frá Hríflu fjallaði sértaklega um þetta tvíþætta eðli Reykholtbóndans í ræðu sem hann flutti við afhjúpun stytunnar í Reykholti og birtu í *Snorraráttíð 1947–48* undir hinum afdráttarlausa titli: „Tvær þjóðir þakka höfundu Heimskringlu fyrir liðveizlu hans í undangenginni frelsisbaráttu“:

Fordæmin frá gullöld Norðmanna og Íslendinga kveiktu í hugum fólksins heiða frelsisþrá og framfarahug. Norðmenn hafði dreymt um nýtt konungdæmi. Íslendinga dreymdi um endurborið þjóðveldi. Báðar þjóðirnar hafu séð drauma sína rætast. Nýtt tímabil frelsis og þróttmikillar menningar er hafið í báðum löndum.⁴³

Snorraháttíð er samkvæmt þessari lýsingu eins konar innsigli, afhjúpunin á stytta Snorra „söguleg nauðsyn“, svo aftur sé vitnað til Jónasar, „táknræn um þjóðlega endurreisn, fengið frelsi og ævarandi bróðurlega sambúð Norðmanna og Íslendinga“ (s. 99). Til grundvallar liggur sú sígilda sögusýn sem einkenndi *Íslandsögu* Jónasar (gullöld-niðurlægning-endurreisn) og við höfum kynst bæði hjá Halldóri Laxness og Kristni E. Andrésyni.

Merkingin sem Jónas gefur Snorraháttíð er endurgerð með ýmsum hætti í bókinni um hátíðina. Þegar ritinu er flett vekur sérstaka athygli sá fjöldi ljósmynda sem þar er að finna, en auk mynda frá vettvangi í Reykholti og í Bergen er hér um að ræða andlitsmyndir af um þrjátíu Norðmönnum og fimmtíu Íslendingum sem komu við sögu hátíðarinnar. Og það er tilkomumikill hópur. Undir einstökum myndum má meðal annars lesa titlana forseti, krónprins, ráðherra, þingmaður, skáld, myndhöggvari, borgarsjóri, prófessor, biskup, vegamálastjóri, lögreglustjóri, skrifstofustjóri, yfirögregluþjónn, söngvari, rafmagnsstjóri, byggingarmeistari, tónskáld, forsjóri, fornfræðingur, stærðfræðingur og jarðfræðingur. Þarna er einnig mynd af Albert Guðmundssyni knattsþyrnukeppa sem skoraði bæði mörk Íslands í tapleik gegn norskum úrvalsflokki. Þetta eru fulltrúar þeirrar þjóðlegru endurreisnar sem Jónas fullyrðir að hafi átt sér stað í löndunum tveimur, afreksmenn samtímans. Það er hins vegar athyglisvert að þarna eru aðeins tvær konur og báðar norskar; önnur er skáldkona, hin er eiginkona myndhöggvarans Vigelands.

Í einhverjum skilningi hafa Snorraháttíð, eins og hún er endursköpuð í bók Jónasar frá Hríflu, og Nóbelsháttíðin í bréfi Ragnars í Smára sömu merkingu, þá merkingu sem einn af heimildamönnum Þjóðminjasafnsins fann í Íslendingasögunum og lýsti svo: „Fyrst og fremst stolt yfir að vera Íslendingur“ (þp 11250). En jafnframt er þetta stolt sambætt þeirri tvíraðu afstöðu Íslendingssins til hins erlenda konungvalds sem margar Íslendingasagna glíma við og viðamikil konungasagnaritun Íslendinga á miðöldum er til marks um.⁴⁴ Handan hinnar kokhraustu sjálfstæðisþrár má greina vissa lotningu fyrir bláu blóði, jafnvel eftirsjá. Konungurinn er þrátt fyrir allt mælikvarðinn á glæsileika hins íslenska afreksmanns. Til marks um þessa tvíraðu afstöðu má hafa lýsingu Jónasar frá Hríflu á norska ríkisarfanum og framgöngu hans í Reykholti:

Meðan konungsefni flurti ræðuna, var hugur hins mikla mannfjölda tengdur við orð hans og athöfn. Skildu Íslendingar þá, hvers vegna Ólafur konungsson er svo vinsæll heima í sínu landi. Norrænn, bjartur yfirlitum, drengilegur, fastlyndur og lofar ekki öðru en því, sem hann ætlar að efna. Að lokinni ræðunni skylði konungsefni afhjúpa styttna. Gengu aðrir ræðumenn niður nokkur lág þrep að grasvellinum. En Ólafur konungsefni er íþróttamaður frá blautu barnsbeini. Gerði hann sér hægt um hönd og stökk léttilega niður af stéttinni. Ekki kenndi þar yfirlætis, því að hreyfingin var gerð svo hjóðlega og með svo miklum mjúkleik, að þeir, er viðstaddir voru, þykjast ekki hafa séð íþróttamannslegri framgöngu. Sveipaði konungsefni nú hvíta lindútknum af styttnu.⁴⁵

Þessi vettvangs- og mannlýsing kallast á við fornar konungasögur, en hún afhjúpar frekar höfundinn og þjóð hans en þann sem fjallað er um. Til samanburðar langar mig til að vitna aftur í „Reisubókarkorn“ Ragnars í Smára, en þar er einnig lýst konungi og þrepum:

Þó ég sé ekki mikill dýrktari kóngi eða þjóðhöfðingja eru tvö atvik frá gærkvöldinu einmitt mjög ofarlega í hug mér. Einn þeirra sem fékk nobelsverðlaunin var Sví, lækni, ég held í lömunarveiki. Hann er sjálfur ákaflega bækláður, líklega lamaður, hann má heita ógöngufær. Þó fóst honum það sæmilega að ganga upp og niður tröppurnar til þess að taka á móti virðingarskjólinum af kónginum. Og þegar hann gekk tvö eða þrjú þrep upp til þess að flytja ræðu sína í ræðúsinu mátti sjá að hann tók tröppurnar með miklu átaki og struddi sig við ræðustrólinn. En er hann ætlaði að stéga niður var eins og hann misti máttinn og væri að falla er sjálfur konungurinn er sat þar við borð beint á móti hentist upp til hans og greip hann í fangð og leiddi hann til sætis. Ásgeir okkar hefði látið kall falla en boðist til að reisa hann upp til þess að fá meira úr þessu tilvalda rækfæri til að sýna góðvild og húmanisma. En hér kom þetta alveg spontant. Tilfinningarnar hlupu með manninn svo fallega að engin hugsun, vafi, komst að til þess að eyðileggja skáldskap lífsins.

Í þessu ljósi virðist Nóbels saga Halldórs Laxness kenna okkur að íslenskum afreksmönnum geti ekki aðeins hlotnast sæti við háborð konunganna heldur séu konungarnir sjálfir bara menn.

Bæði Snorraháttíð 1947 og Nóbelsháttíðin 1955 féllu fullkomlega að þeirri mynd sem íslenskir menntamenn höfðu verið að móta af íslenski menningu og sjálfum sér innan hennar á fyrri hluta þessarar aldar; Nóbelsverðlaunin voru

líkt og síðasta svykkið í stóru þússluspíli. En þetta er ekki mynd án mótsagna eða innri átaka. Enda þótt höfundurinn (höfundur Njálu, Snorri Sturluson, Jónas Hallgrímsson, Gunnar Gunnarsson, Halldór Laxness, . . .) sitji í öndvegi, er tekst á um hver eigi umráðaréttinn yfir honum og þar með yfir íslensku þjóðinni. Eitt merkilegasta dæmið um slík átök eru beinaflutningar Jónasar Hallgrímssonar.

Líkt og fram kom í þriðja kafla var Sigurjóni Pétursyni á Álafossi sérstakt kappsmál að flytja skáldið heim og er ólíklegt að þein Jónasar hefðu komið hingað til lands haustið 1946 ef ekki hefði verið fyrir dugnað hans. Hins vegar hafði Jónas frá Hríflu einnig mikinn áhuga á þessu efni; hann var lengi formaður Þingvallanefndar og annar tveggja flutningsmanna lagafrumvarpsins árið 1945 þar sem mælt var til þess að jarðneskar leifar skáldsins yrðu fluttar heim. Ólíkt Þingvallanefnd vildi Sigurjón Pétursson að þeinin hvíldu í fæðingarsveit Jónasar Hallgrímssonar í Öxnadal. Gekkt málið svo langt að Sigurjón, sem tók á móti þeinunum á hafnarbakkanum í Reykjavík haustið 1946, ók með þau upp á sitt eindæmi í vörubíl norður á land og gerði ráðstafanir til að þau yrðu jarðsett að Bakka í Öxnadal. Yfirvöld gripu hins vegar í taumana áður en til þess kæmi, létu flytja þeinin aftur suður og jarðsetja þau á Þingvöllum. Þetta óvænta millispil Sigurjóns varð samt til þess að miklar umræður urðu um málið og sendu Norðlendingar og samtök rithöfunda og náttúrufræðinga frá sér bréf og yfirlýsingar þess efnis að rétt hefði verið að jarða Jónas fyrir norðan.⁴⁶ Allir aðilar gerðu sitt tilkall til höfundarins en stjórnvöld réðu ferðinni.

Halldór Laxness blandast óbeint inn í þetta mál. Á árunum 1940 og 1941 hafði hann ráðist harkalega á formála sem Jónas frá Hríflu hafði skrifað fyrir útgáfur á ljóðum efir Einar Benediktsson og Jónas Hallgrímsson og tengt áhuga Jónasar á þjóðargrafitnum. Í grein sinni um útgáfuna á ljóðum Jónasar Hallgrímssonar skrifar Halldór meðal annars:

Og til að fríða samvizku sína gagnvart því efirmæli, sem biður hans, vill Jónas frá Hríflu reyna að draga fjöður yfir hið blinda hatur sitt til lifandi skálda með því að gerast sjálfjörinn forseti í helheimum, nokkurs konar Mæcenas framliðinna skálda, líkmaður þeirra og grafari, herra yfir þeinum, sem eru orðin að dufti. Hann er mestur necrophil (líkvinur) allra Íslendinga. En því miður eru það álög

á þessum óhamingjusama stjórnmálamanni, að allt, sem hann kemur nálægt, verður skoplegt.⁴⁷

Árið 1948 dró Halldór svo beinamálið sundur og saman í hæði í *Atómstöðinni*. Hann gat ekki fremur unnt Jónasi frá Hríflu að ætla að eigna sér listaöldið góða en Jónas gat unnt Halldóri og „kommúnistum“ að ætla að eigna sér íslenskar fornsögur með útgáfu þeirra.

Hliðstæð átök áttu sér stað um Snorra Sturluson. Hinn 23. september 1941 stóð íslenska Snorranefndin fyrir sérstakri afmælishátíð í Reykholti í tilefni af sjö hundruð ára ártíð Snorra. Upphaflega hafði verið gert ráð fyrir að Snorra-stytta Vigelands yrði afhjúpuð þennan dag en síðari heimsstyrjöldin hafði komið í veg fyrir það (í bili var látið nægja að birta mynd af styttnni á íslenskum Snorrafrímærkjum). Vínstrisinnuðum menntamönnum þótti lítið til þessarar afmælishátíðar koma enda tengdu þeir hana umdeildu menningarstarfi Jónasar frá Hríflu. Kristinn E. Andrésón minnst á hátíðina í grein sinni um Snorrhöll; vill hann gera það heyrinkunnugt „að þegar minningarhátíð er haldin um Snorra Sturluson af hálfu hins opinbera, virðist þess hafa verið vandlega gætt, að skáldin og rithöfundarnir fengu þar hvergi að koma nærri.“⁴⁸ Halldór Laxness drepur einnig á hátíðina í grein sinni um útgáfu Jónasar frá Hríflu á ljóðum Jónasar Hallgrímssonar:

Skemmst er og að minnast hinnar afkátalegu einkahátíðar Hríflu-Jónasar á dánardegi Snorra, þegar dregnir voru til Reykholts nokkrir kaupþýslumenn og einhverjir yfirmenn héðan úr bönkunum, vegagerðarsjóri, vitaverkfræðingurinn, yfirmaður rafmagnsstöðvarinnar og nokkrir prestar, hálfsveltir þar einn dag og látnir hlusta á nokkra Tímakjallara velta upp úr alþingismanninum, þar á meðal dálitla lofðyrð um veggerðarsjóra og rafmagnsfræðing fyrir að hafa lagt símavir gegnum hæð á sama hátt og Snorri Sturluson gróf jarðgöng gegnum hól. Þannig hafa allar athafnir þessa manns um langt skeið verið einn óþrotlegur skopleikur.⁴⁹

Loks má geta þess að Snorrarahátíðin 1941 varð tilefni að ljóði Steins Steinarr „Ný för að Snorra Sturlusyni“ sem hefst á orðunum „Það dimmir enn af þínu banablóði“ og geymir þetta erindi: „Í rökkrið kalt og reimt mín augu stara: / Hér rennur blóð þess manns, sem dýrast kvæð. / Og enn í kvöld ég sé með svíkráð fara / sjö tugj þekktara manna í Reykholts hlað.“⁵⁰ Skrif þeirra Kristins,

að rífa upp þau viðbrögð sem fréttin um Nóbelsverðlaun Halldórs Laxness vakti í *Morgunblaðinu* haustið 1955. Víanlega flurti blaðið lesendum sínum þessa frétt á forsiðu og fékk ennfremur Kristján Albertsson til að skrifa nokkrar línur um Halldór af þessu tilefni, „vegna þess að með ritdómi sínum um Vefarann mikla frá Kasmír í Vöku 1926, varð [Kristján] fyrstur manna til að kvæða upp úr um það, að með þessari bók hefði Ísland eignast nýtt stórskáld“. Í grein sinni ræðir Kristján fallega um helstu verk skáldsins og þátt hans í endurnýjun tungunnar, en hann gefur hrósi sínu svohljóðandi fyrirvara:

Morgunblaðið hefur beðið mig að samfagna skáldinu á þessum degi. Við sem ekki erum samherjar hans í stjórnmálum myndum gera það af enn heilli hug ef nokkurri viðlit væri að gleyma því, að skáldið hefur um langt skeið af miklu kappi notað penna sinn til framdráttar hinum versta málstað í íslensku þjóðlífi á síðari tímum, og oft með þeim hætti, að miklu skáldi var síst sómi að því. Um leið og við samfögrum skáldinu í dag skal það skýrt tekið fram, að með því er ekkert aftur tekið af fyrri áfélisdómum um sitthvað í ritstörfum hans og framkomu í málefnum þjóðar sinnar. Semska Akadémían hefur vafalaust viljað heiðra elzru bókmenntaþjóð norðursins um leið og hún heiðraði Laxness. Því miður mun mörgum þykja, sem sá heiður hefði verið enn vafalausari, ef skáldið hefði ekki skrifað jafn-smekklæusa og rangindafulla sögu um Ísland nútímans og Atómstöðina.⁵⁴

Í þessu samhengi íslenskrar stjórnmálaumræðu er freistandi að bera heimkomu Halldórs Laxness 1955 saman við komu Snorra Sturlusonar til Reykjavíkur átta árum áður. Í síðara skiptið var höfundinum ekki snúið frá vegna verkfalls og ekki var móttökunefndin á hafnarbakkanum skipuð fulltrúum íslensku borgaraflokkanna. Þess í stað voru það oddvitar Alþýðusambands Íslands og Bandalags íslenskra listamanna sem óskuðu Halldóri til hamingju með Nóbelsverðlaunin í bókmenntum. Hetja þeirra og höfundur var kominn heim.

Gullfætur krónunnar

Og árin líða. Menningarhetjur íslensku þjóðarinnar festa sig í sessi og verða smám saman almenningseign. Á Snorrahátið sem haldin er í hátíðasal Háskóla Íslands sumarið 1979, í tilefni af því að 800 ár eru liðin frá fæðingu Snorra

Halldórs og Steins eru til marks um að þótt ólíkar fylkingar þjóðarinnar virtust sammála um mikilvægi Snorra sem sameiningartakns var tekið harkalega á um hver hefði yfirráðin yfir þessu tákni.

Litlu máttí muna að þeir pólitísku flokkadrættir sem hér bjuggu að baki stæðu í vegi fyrir því að líkneski Snorra kæmist á leiðarenda í tæka tíð fyrir hátíðahöldin sumarið 1947. Stytta var flurt sjóleiðis hingað til lands með norska skipinu Lyru en þegar það kom til hafnar stóð svo á að verkamenn í Reykjavík og Hafnarfirði voru í verkfalli. Dagsbrúnaarmenn neituðu að skipa upp farmi Lyru, þar á meðal stytta Vigelands. Ásakanir gengu á báða bóga. Verkfallsmenn voru sakaðir um manndómsskort í blöðum borgaraflokkanna en *Þjóðviljinn* sakaði ríkisstjórnina um að hafa látið flytja Snorra-styttuna til Reykjavíkur beinlínis til að svívirða reykvíska verkamenn.⁵¹ Að lokum sigldi Lyra með styttna aftur til Bergen þangað sem varðskiptið Ægir sótti hana og flurti til Akraness sem var utan verkfallssvæðisins, en í milli tíðinni hafði verkfallið verið leyst.⁵²

Enda þótt *Þjóðviljinn* færði lesendum sínum síðar jákvæðar fréttir af dagskrání í Reykholti og birri meira að segja þakkarorð á norsku daginn sem stytta Snorra var afhjúpuð, fer ekki á milli mála að Snorrahátið var hátíð ráðandi borgarastéttar á Íslandi. Hvorki Steinn Steinarr, Kristinn E. Andrússon, Halldór Laxness né aðrir fulltrúar þess hóps vinstri-sinnaðra listamanna og stjórnmálamanna sem þeim var nákomnastur áttu aðild að hátíðinni. Ljósmyndir þeirra voru ekki á meðal þeirra 50 ljósmynda af Íslendingum sem birtust í bókinni *Snorrahátið 1947–48*. Í Snorranefnd sátu einungis fulltrúar borgaraflokkanna, þeir Ólafur Thors, Stefán Jóhann Stefánsson og Jónas frá Hríflu, ásamt skólasjórn Reykholtskóla og svo reyndar Sigurði Nordal. Hann getur talist óbeinn fulltrúi þeirra afa sem Jónas hafði staðið í stappi við á umliðnum árum. Sigurður hafði skrifað undir eins konar ákæruskjal listamanna á hendur Jónasi sem sent var Alþingi árið 1942 og lent í harðvítugum blaðadeilum við Jónas í framhaldi af því.⁵³ Áhrif Sigurðar á störf Snorranefndarinnar voru hins vegar ekki meiri en svo að þrátt fyrir að vera helsti sérfræðingur þjóðarinnar í fornbokmennntunum og Snorra Sturlusyni tók hann ekki opinberlega til máls í tengslum við Snorrahátið 1947.

Af þessum sjónarhóli, þar sem spurningin er hver eigi höfundinn, er fróðlegt

Sturlusonar, er Halldór Laxness fenginn til að minnast afmælisbarnsins. Ræðunni lýkur Halldór á þessum orðum:

Til er á erlendu máli orð sem heitir *souverain*, súveren, – franskt upphaflega. Þetta orð er haft um keisara og páfa, en ekki vanalega konunga. Maður sem lýst er með þessu orði hefur vald til að segja hverjum sem er fyrir verkum, einnig konúngum; en tekur ekki við skipun frá neinum. Einginn nema maður af þessari gráðu skrifar bók einsog Ólafs sögu ens helga.⁵⁵

Þvílíkt er gengi höfundarins orðið í orðræðunni. En hvað um önnur og jarðbundnari svið menningarinnar?

Árið 1995, fjórtú árum eftir fagnaðinn mikla í Stokkhólmi, er 2000 króna seðill settur í umferð hér á landi. Á seðlinum er mynd af Jóhannesi Kjarval listmálara og verkum hans. Seðlabankinn óskar reyndar eftir því að einnig verði gefin út 100 króna mynt, en viðskiptaráðherra telur ekki ráðlegt að hefja slátt á henni í bili. Hafir er eftir honum í *Morgunblaðinu* að það sé „mikill stöðugleiki í íslensku efnahagslífi og gengi íslensku krónunnar stöðugt. Því er ekki vilji fyrir því að gera breytingar sem huglægt séð gætu gert að verkum að fólki fýndist gjaldmiðillinn verðminni.“⁵⁶ Nú er fremur fátítt að þeir sem eiga hlut að stjórn íslensks viðskiptalífs bendi með þessum hætti á mikilvægi huglægra þáttra í þróun efnahagsmála. Í umræðu um þau efni eru efnahagsveiflur einfallega skýrðar með reikningsformúlu þar sem úflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða ræður mestu um útkomuna. Augljóslega hefur ýmislegt fleira áhrif á þessum vettvangi, þar á meðal hugarfar almenningis. Þannig má búaast við að spásögn hagfræðinga um efnahagskreppu sé líkleg til að draga úr viðskiptum milli manna og ýta þar með undir (eða skapa) væntanlegan samdrátt.

Mar viðskiptaráðherra á áhrifum 100 króna myntar leiðir þannig hugann að því hvernig peningamál, líkt og tungumál, byggjast á samkomulagi um merkingu eða gildi. Peningar eru tákni sem greina má að í *tákennynd* – þá ímynd sem mynt eða seðill taka á sig í huga okkar – og *tákennið* – þá hugmynd sem við gerum okkur um verðgildi táknyndarinnar.⁵⁷ Verðlagsþróun veldur breytingum á tákniðinu en táknyndin helst óbreytt. Slíkt þróun er hliðstæð þeirri breytingu sem verður á merkingu einstakra orða í tímans rás, en er þó ofast örrari. Svo virðist sem sambengið á milli táknyndar og tákniðs ráði hvort

hagstæðara er að slá táknið í málmi eða prenta það á pappír. Snemma árs 1995 þýkir Seðlabankanum tímabært að staðfesta minnkandi gildi 100 krónanna með útgáfu myntar, en viðskiptaráðherra vill halda í seðlinum. Hann gerir sér ljóst að 100 króna seðill og 100 króna mynt eru tvær ólíkar táknyndir sem hafa ekki endilega sama táknið.

Ýmsir fræðimenn sem fjallað hafa um táknerfi tungumálsins á síðustu áratugum benda á hvernig orðin vísa fullt eins hvert á annað og til áþreifanlegs veruleika. Flestir kannast við að hafa slegið upp óræðu orði í orðabók, fundið annað jafn illskiljanlegt orð og þannig koll af kalli, þar til vísað var aftur á orðið sem var tilefni leitarrinnar. Að fenginni slíkri reynslu mætti ætla að traust manna á tungumálinu sem merkingarkerfi bilaði og þögnin breiddist út. Sú er þó ekki raunin. Enda þótt orðunum bregðist bogalastin andspærnis einstökum tákniðum, trúum við því flest að tjáning okkar feli í sér einhverja varanlega, æðri merkingu. Í þessu sambandi hafa táknafræðingar stundum rætt um yfirskilvitlegt táknið mannegra tjáskipta, tryggingu þess að tungumálið haldi gildi sínu.

Ef lítið er til táknerfis peninganna blasir áþekkur veruleiki við. Samkvæmt almennum skilgreiningum gegna peningar þrífættu hlutverki; þeim er ætlað að vera (a) almennur *gjaldmiðill*, (b) *verðmæli* og (c) *verðmætageymir*. Þegar þessi þrískipting er skoðuð nánar rekumst við um í svipuðum túlkunarhring og þegar við blöðum í orðabókinni. Peningum, sem *gjaldmiðli*, má skipta fyrir einhver önnur verðmæti (svo sem rjúkandi heitan tebolla á kaffihúsi), en að baki þeim verðmætum búa hliðsræð viðskipti með afurðir (telauf) og vinnu (þess sem lagar te). Á öllum stigum slíkra viðskipta rekumst við aftur á peninga, ef ekki í hlutverki gjaldmiðils, þá að minnsta kosti sem *mælikvarða* á verðgildi vinnu eða afurðar. Þegar til á að taka er ekki að fullu ljóst hvar þau verðmæti, sem unnt er að *gemma* á formi peninga, er í raun að finna.

Aðskilnaður peninga og „verðmæta“ á sér langa þróunarsögu. Framan af var mynt vegin og metin sem málmur (gull eða silfur); það var ekki fyrr en á síðari öldum að efnivíður myntarinnar slitnaði að fullu úr tengslum við verðgildi hennar. Sláandi dæmi um táknað gildi íslenskrar myntar á þessari öld er að framleiðslukostnaður einseyringsins var á tímabili 22 aurar.⁵⁸ Seðlaugáfu var öðruvísi farið. Lengi vel var hún tengd gullforða viðkomandi ríkis, svokölluð-

anlegur hluti hans er geymdur í byggingu Landsbankans við Austurstræti sem sýnd er á mynd á bakhlið 5 króna seðilsins. Táknaer tryggging fyrir gildi þessara seðla felst hins vegar í Upplýsingastarfi Jóns Eiríkssonar (og hugsanlega met-orðum hans við erlenda hirð), sjálfstræðisráttu Jóns forseta, íslenskum landbúnaði (fjárhópur á 100 krónunum), fiskveiðum (Vestmannaeyjahöfn á 50 krónunum), að ógleymdri hinni „sögulegu“ íslensku náttúru (Gullfoss á 10 krónunum og Þingvellir á 500 krónunum).

Táknaerenn gullfótur íslensku seðlanna breyttist lítið á næstu áratugum þó að táknaerenum vísunum fjölgaði. Í seðlaröð Landsbanka Íslands–Seðlabankans frá 1960 birtist Íslandssagan í hnotskurn. Fyrsti íslenski merkismaðurinn, landnámsmaðurinn Ingólfur Arnarson (eða öllu heldur sryttan sem stendur á Arn-arhóli), er á framhlið 5 króna seðlanna en á bakhlið þeirra má sjá Bessastaði, bústað þess Íslendinga í samtímanum sem komst næst því að fara í fót Dana-konungs. Svipaða sögulega vídd finnum við á 1000 króna seðlinum þar sem Þingvallamynd er á bakhliðinni og mynd af Alþingishúsinu á framhliðinni. Í hóp Jóns Eiríkssonar og nafna hans Sigurðssonar hafa bæst þeir Magnús Steph-ensen konferensráð og landfógeti, og Tryggyi Gunnarsson, fyrsti bankasjóri Landsbankans. Kunnuglegur fjárhópur er á ferð á bakhlið 100 krónanna en á framhlið þeirra er mynd af Hólum í Hjaltadal, ný tilvísun til þjóðkirkjunnar og menntastofnana lýðveldisins. Meiri áhersla er þó lögð á íslenskar fiskveiðar: Reykjavíkurbúnaði er á bakhlið 10 króna seðilsins, á framhlið hans eru skip að veiðum skammt undan Dyrhólaey; á framhlið 25 krónanna er yfirlitsmynd af Ísafirði (tvö skip eru á siglingu um hafnararmynnið) og á bakhliðinni er höfnin í Vestmannaeyjum kjaftfull af fiskiskipum. Þessir seðlar gefa til kynna að tákna-erann gullfót íslensku krónunnar sé helst að finna á fiskimiðunum umhverfis landið.

Áherslan á fiskveiðar er aukin í nýrri seðlaröð Seðlabanka Íslands sem sett var í umferð á árunum 1963 til 1971, en hér skýtur „höfundurinn“ einnig upp kalli. Seðlarnir eru óbreytir frá röðinni árið 1960 nema nú bættast við 500 króna seðill með mynd af Hannesi Hafstein ráðherra og skáldi og 5000 króna seðill með mynd af framkvæmdaskáldinu Einari Benediktssyni. Á bakhlið þess fyrrnefnda er nærmynd af íslenskum sjómönnum að störfum um borð í fiski-skipi. Þeir eru að hala inn net og ef grannt er skoðað má sjá tvo þorska fasta í

um gullfæti, í vörslu seðlabanka. Telst gullfótur virkur ef unnt er að innleysa úrgefna seðla með gulli í ákveðnu föstu hlutfalli. Á fyrri hluta aldarinnar voru ákvæði um að þetta hlutfall skyldi vera 3/8 hér á landi, en samkvæmt núgild-andi lögum (nr. 36, 1986) er aðeins rætt um að Seðlabanki Íslands eigi „gjald-eyrissvarasjóð er nægi til þess að tryggja fjárlánsviðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við“.

Mér virðist að gullfótur, eða önnur tryggging prentaðra seðla, samsvari hug-myndinni um yfirskilvitlegt táknaer tungumálsins. Enda þótt ekki hafi verið gert ráð fyrir að menn legðu hversdagslega leið sína í höfuðstöðvar viðkomandi seðlabanka til að leysa til sín gullklumpana sem þar voru geymdir, átti vitundin um tilvist þeirra að efla traust almennings á gildi seðla og myntar. Hér koma annars konar tryggingar þó einnig við sögu og má til hægðarauka kalla þær *táknaerann gullfót seðlaúrgáfunnar*.

Fyrstu íslensku peningaseðlarnir, sem úrgefdir voru af landsjóði árið 1886, voru með vangamynd af þáverandi þjóðhöfðingja landsins, Kristjáni IX.⁵⁹ Nærveru hans var að öllum líkindum ætlað að staðfesta gildi peninganna í viðskiptum. Táknaerenn gullfótur íslensku krónunnar fyrstu áratugin var semsé-danska krúnan; líta má svo á að hún hafi tryggt þann hluta seðlamagns sem enginn gullfótur var fyrir í bankahvelfingum. Danakonungur var þó ekki einn um að auka trúverðugleika íslenskra seðla fyrsta kastíð. Á bakhlið 50 króna seðilsins í seðlaröðinni frá 1886 er til dæmis fjallkonamynd (boldangskven-maður með fugl á öxlinni, sverð í annarri hendi, stjórnaerskrána í hinni og stjórnu fyrir ofan höfuðið). Sambærilegar fjallkonur hvíldu við vanga eða bak Danakonungs á mörgum seðlanna fram á fjórða áratuginn, líkt og til marks um náð samband Íslands og Danmerkur. Þá verða hins vegar þáttaskil í peninga-úrgáfunni sem tengjast fullveldi Íslands og vzentanlegu sjálfstræði.

Árið 1929 hóf Landsbanki Íslands úrgáfu á fyrstu seðlaröð sinni. Á fyrstu seðlunum hélt Danakonungur stöðu sinni á framhliðinni en frá og með miðj-um fjórða áratugnum leystu brjóstrmyndir af tveimur íslenskum merkismönnum hann af hólmi. Jón Eiríksson konferensráð er á framhlið 5 krónanna og 50 króna seðlanna frá árunum 1935 og 1936 og Jón Sigurðsson forseti er á framhlið 10, 100 og 500 krónanna frá árunum 1934, 1935 og 1944. Gullfótur þessara seðla, sem og þriðju úrgáfu sömu raðar frá 1948, er alíslenskur. Ápreif-

möskvum þess. Í forgrunni er hins vegar rafknúð spíl sem léttir sjómönnum störf. Svo virðist sem tæknipróun hafi hér bæst við aðrar táknrænar tryggingar íslenskrar seðlaútgáfu. Þetta viðhorf er ítrekað á 5000 króna seðlinum sem er með mynd af Sogsvirkjun á framhliðinni en á bakhliðinni streymir óbeislud orka Detrifoss. Þessi seðill sýnir hvernig hagnýta megi þann gullfót sem táknerður var með mynd af Gullfossi á 10 króna seðlinum frá 1934. Þegar á heildina er lítið virðist táknrænn gullfótur þessarar nýju seðlaraðar búa í náttúruauðlindum Íslands og staðfastri framfaratru. Merkmennirnir á framhlið seðlanna horfa fram á veginn.

Seðlaröðin sem nú er í umferð á rætur að rekja til myntbreytingarinnar árið 1981 þegar tvö núll voru skorin aftan af íslensku krónunni. Í samræmi við þessa styttingu urðu breytingar á táknrænum gullfæti krónunnar. Verðmætin í hafinu kringum landið, sem áður voru táknuð á 10, 25 og 500 krónunum, birtust nú á framhlið myntarinnar, allt frá 10 aorum til 5 króna peninganna. Þar eru myndir af fisktegundum sem flestar má nýta til manneldis (höfrungarnir á 5 krónunum eru helsta undantekningin). Á nýju seðlunum má hins vegar greina allt aðrar áherslur en áður; merkmennirnir á framhlið þeirra horfa ekki lengur fram á veginn heldur um öxl, til fornra hefða og íslenskra menningarverðmæta.

Áður en seðlaröðin frá 1981 er skoðuð nánar er rétt að minna á að persónurnar á framhlið seðlanna eru eins konar staðgenglar konungsfjölskyldunnar sem við Íslendingar höfum aldrei eignast. Leiða má líkur að því að heitur fornsagnanna hafi helst uppfyllt þennan skort á fyrri tímum. Jakob Benediktsson hefur bent á að í *Crymogæu* Arngríms lærða hafi lofgjörð fornfægra Íslendinga á borð við Gunnar á Hliðarenda komið í stað umfjöllunar um erlenda þjóðhöföngja í sambærilegum erlendum sagnfræðiritum.⁶⁰ Hins vegar er eftirtektarvert að engri slíkri heitu var treyst til að leysa Danakonung af hólmi á íslensku seðlunum frá fjórða áratugnum. Hérjurnar urðu að setta sig við að mynda aðeins óopinberar íslenskar konungsfjölskyldur á íslenskum spílum Tryggva Magnússonar sem gerð voru í tilefni af Alþingishátíðinni árið 1930. Sjálfsræðisheitan Jón Sigurðsson kom í þeirra stað á peningaseðlunum og hefur haldið lykilstöðu sinni upp frá því. Hann er ekki aðeins á framhlið a.m.k. eins seðils síðari seðlaraða heldur er vangamynd hans notuð sem vatnsmerki.

Skýringin á fjarveru Íslendingasagnahetja á seðlunum kann að felast í vaxandi áhuga manna á höfundum sagnanna, en á meðan þessir höfundar voru að mestu ókunnir var erfðleikum bundið að sýna mynd þeirra á seðlunum. Helsta undantekningin er Snorri Sturluson en jafnvel þótt ákveðið hefði verið að veita honum virðingarsess á einhverjum seðlinum var ekki til nein mynd af honum á fjórða áratugnum sem Þjóðin bar óvirkæt kennsl á og styðjast mátri við. Nokkunnin á stytta Einars Jónssonar af Ingólfi Arnarsyni á 5 króna seðlinum árið 1960 endurspeglar þetta vandamál. Mergurinn málsins virðist eftir sem áður vera að þeir sem tóku ákvarðanir um myndir á íslenskum seðlum frá 1934 til 1971 litu ekki til bókmenntaarfsins þegar þeir skilgreindu táknrænan gullfót íslensku krónunnar.

Árið 1981 einbeittu menn sér hins vegar að bókmenntunum. Á 10 krónunum er mynd af Arngrími Jónssyni lærða, Guðbrandur biskup Þorláksson er á 50 krónunum og prófessor Árni Magnússon á 100 krónunum. Þeir þremmingar bera vitni um endurreisn íslenskrar bókmenningar á sautjándu og átjándu öld. Afrek Arngríms lærða fólst meðal annars í ritum þeim sem hann skrifaði á latínu, upphaflega að áeggjan Guðbrands biskups til að andæfa ranghugmyndum útlendinga um Ísland. Baðstofumyndin á bakhlið 10 krónanna, sem byggð er á þekktri teikningu Auguste Mayer frá nírtjándu öld, er til marks um samband Þjóðarinnar við arf sinn; þrúðbúið heimilisfólk hlýðir á húsléstur. Auk áhrifa sinna á Arngrím var Guðbrandur einn af frumkvöðlum íslensks prentverks (samanber bakhlið 50 króna seðilsins) og festi lúterskan rétttrúnað í sessi með útgáfu sinni á guðsorði og sálum. Árni Magnússon var loks hinn mikilvirki handritasafnari og fræðimaður sem forðaði bókmenntaarfinum frá glörun, eins og fræðast má um í *Íslandsklukku* Halldórs Laxness. Í samhengi þessatar þrenningar fær Jón Sigurðsson nýtt yfirbragð á 500 króna seðlinum. Hann er reyndar enn í hlurverki sjálfstæðishejunnar (þarna má finna litla teikningu af Lærða skólanum þar sem Þjóðfundurinn var haldinn 1851) en myndin á bakhlið seðilsins, sem sýnir Jón við skrifborð sitt hlaðið bókum, minnir okkur á að hann starfaði löngum að forritaútgáfu og rök sín í sjálfstæðisbaráttunni sótti hann gjarnan í sjóð bókmenntanna.

Af þeim fjórum seðlum sem gefnir voru út árið 1981 þykja mér 100 krónurnar athyglisverðastar. Hér má greina eins konar framhald á færslunni frá

hetjuni til höfundarins. Á seðlinum hefur höfundurinn horfið í skuggann af fræðimanni síðari alda, þeim sem varðveitir og rannsakar fornþókmennitírnar. Ein ástæða þessarar áherslubreytingar er væntanlega sú að Árni Magnússon er ekki aðeins þekktur með nafni, heldur hafa varðveist af honum myndir sem hægt var að styðjast við þegar seðillinn var hannaður. Höfundurinn er þó ekki alveg horfinn af sjónarsviðinu. Fúlkskeggjuð tákmynd hans er að störfum á bakhlíð 100 krónanna og í bakgrunni má sjá árangurinn af starfi hans: lýsingu og texta úr miðaldahandriti.

Önnur ástæða fyrir dálæti mínu á 100 krónunum tengist þeirri orðræðu sem spunnist hefur um fornþókmennitírnar og íslenska menningu almenn á þessari öld. Flestir hljóta að kannast við hve tamt okkur Íslendingum er að líkja þókmennitírnar við dýrgrip. Oftast er um stírdnað myndmál að ræða sem við veitum hversdagslega enga athygli (á undanförmum síðum hafa lesendur rekið á orðasambönd á borð við „þókmennitaarfur“, „menningarverðmæti“ og „sjóður þókmennitanna“), en þess eru einnig dæmi að menn beiti slíkum samlíkingum um með markvissum hætti. Hér mætti rífa upp ræðuna sem Helgi Jónasson flutti á Alþingi vorið 1943 þar sem mælt var með útgáfu hins opinbera á Njálssögu. Helgi sagði meðal annars:

Það mun nú svo með okkur Íslendinga, að við erum fátækir og fámennir, og við eigum lítinn veraldaraud, en við eigum einn auð, það eru fornþókmennitírnar okkar.

Það mun vera nær eins dæmi að svo fámenn þjóð sem við erum eigi slíka gímsteina sem fornritin eru.⁶¹

Þegar útgáfan leit dagsins ljós, ári síðar, mátti rekast á sams konar orðræðu í inngangi Vilhjálmis Þ. Gíslasonar. Þar voru Íslendingasögur sagðar vera „meðal mestu og beztu verðmæta íslenskrar menningar“, en af þeim væri Njála ekki aðeins stærst og yfirgripsmest, heldur einnig „auðugust á margan hátt“.⁶²

Hugmyndin um þókmennitírnar sem verðmæti birtist enn fremur í gagnrýni Helga Jónassonar á útgáfu Halldórs Laxness á *Laxdale sögu* frá árinu 1941. Helgi gagnrýndi Halldór meðal annars á þeirri forsendu að sagan hefði verið prentuð á lélegan pappír og frágangur verið óvandaður. Markmið aðstandenda útgáfunnar hefði augljóslega verið að græða á henni, en ekki „að auka gildi“ íslenskra þókmennitírnar.⁶³ Helgi virtist telja nauðsynlegt að varðveita eða jafnvel

auka „gildi“ fornþókmennitírnar með vönduðum útgáfum. Afskipti Alþingis helguðust að nokkru leyti af þeirri skoðun að hér væri um þjóðararf að ræða, sameign þjóðarinnar. Ópinberri útgáfu á Njálu var ætlað að tryggja viðtæka dreifingu þessa arfs og koma í veg fyrir að einkaaðilar („smjörlikiskartlar“ á borð við Ragnar í Smára) gætu gert sér Gunnarshólma að féþúfu.

Myndin af handritinu á bakhlíð 100 krónanna er eftirtektarverð í þessu samhengi. Seðillinn raungerir hugmyndina um þókmennitírnar sem menningarverðmæti. Það blandast væntanlega engum hugur um að þessi vasauzgáfa íslenskra fornrita – 100 króna seðillinn – náði óvenju mikilli útbreiðslu; hún rataði í hendur flestra Íslendinga, að mestu óháð efninum þeirra og aðstæðum. Á hinn bóginn dofnað hér sá greinarmunur sem hefur hingað til verið gerður á „æðri“ verðmætum þókmennitírnar og menningar og „saurugu“ sviði peninganna. Og þar sem fornsögurnar urðu hluti af tákmynd seðilsins voru þær dæmðar til að glata gildi sínu á þessu formi; verðbólgan á þær smám saman upp. Þó að viðskiptaraðherra vildi ekki leyfa Seðlabankanum að slá 100 króna mynt snemma árs 1995 var þess skammt að bíða að mynd af enn einni fisktegundinni velti handritsbrotinu úr sessi: 100 króna mynt er nú á hverju strái en seðillinn er óðum að verða safngripur.

Haustið 1984 gaf Seðlabankinn út 1000 króna seðil, viðbót við seðlaröð nýkrónunnar. Við sama tækifæri var slegin 10 króna mynt, en 10 króna seðillinn með Arngrími lærða féll fljótlega úr leik. Ef stjórnmálshósti hefði



Höfundur Njálu að störfum?

haldið áfram á þeirri braut sem mörkuð var með seðlumum árið 1981, þar sem rakin er saga bókmennningar í landinu frá því á dögum Arngríms og Guðbrands (10 og 50 krónurnar) til miðrar níjándu aldar (500 krónurnar), hefði mátt búast við mynd af einhverjum tuttugustu aldar arftaka Árna Magnússonar og Jóns Sigurðssonar á sviði íslenskra fræða eða bókmennna á 1000 krónunum, til dæmis Sigurði Nordal. Þess í stað var horfið aftur til sauþjándu aldar og teiknuð mynd af Brynjólfi biskup Sveinssyni (eða manni sem ætla mætti að líkist honum). Í samræmi við táknrænan gullfót fyrir seðla er Brynjólfur að lesa í bók á framhlið seðilsins, enda mikill áhugamaður um fornbókmenntirnar og gömul handrit.

Á bakhlið seðilsins er efniviðurinn hins vegar annar. Á líttilli mynd í hægra horni er sýnt innsigli á hring sem Brynjólfur ku hafa átt, en á hringnum mótar fyrir mynd af Maríu mey með barnið. Á miðjum seðli sjáum við síðan tvær teikningar af þeirri Skálholtskirkju sem Brynjólfur lét reisa. Kirkjan var með glæsilegstu byggingum á Íslandi frá því að sögur hófust og lengi fram eftir öldum. Þegar túlka á táknrænan gullfót þessarar bakhliðar kemur að minnsta kosti tvennt til greina. Við getum annars vegar lagt áherslu á gullna arfleifð kristinnar kirkju sem vissulega er einnig vísað til á 50 króna seðli Guðbrands biskups (og á eldri seðlaröð með mynd af Hólum í Hjaltadal). Hins vegar getum við lagt áherslu á hina reisulegu byggingu á bakhlið seðilsins sem er reyndar mun dæmigerðari fyrir Ísland á okkar tímum en hefð í húsagerð hér á landi fyrr á öldum. Er ef til vill verið að vísa til þeirra fjármuna sem festir hafa verið í húsakosti þjóðarinnar á síðustu áratugum, ekki síst íburðarmiklum opinberum byggingum (s.s. Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Perlungu og húsi Seðlabanka Íslands)?

Næst komum við að 5000 króna seðlinum sem gefinn var út árið 1986. Hann markar ný tímamót í íslenskrí seðlaútgáfu því þar kemst fyrsta konan á blað, líkt og til marks um að kvennabaráttan hafi loks borið árangur á efnahagsviðinu. Sú úrvalda er að vísu hvorki Hallgerður langbrók né Steinunn Finnsdóttir, heldur Ragnheiður Jónsdóttir (1646–1715), ein þriggja eiginkvenna Gísla biskups Þorlákssonar (hinar tvær og biskupinn standa baksviðs hægra megin við Ragnheiði á framhlið seðilsins). Á bakhliðinni kynnir hún dugnað kvenna fyrir þjóðinni, það er að segja dúkasaum vinnukvennanna sem

hún leiðbeinir, væntanlega í samræmi við fyrirmæli úr bókinni sem hún heldur á. Á báðum myndunum er Ragnheiður í hefðbundnum búningi velmegandi húsmæðra. Auk tilvísana til handavinnuhefðarinnar (myndirnar er byggðar á gripum af Þjóðminjasafni), má gera sér í hugaflund að þarna birtist okkur skýrt tákmynd hinnar hagsýnu húsmóður. Ragnheiður er að þessu leyti endurbætt fjallkona, að vísu nokkuð karlmannleg, með barðastóran þípuhatt og prestslegan kraga.

Þegar 2000 króna seðillinn komst í hendur landsmanna um mitt ár 1995 mátti enn á ný greina breytta áherslu í skilgreiningu á táknrænum gullfæti íslensku krónunnar. Samhengið við fyrri seðla er margþætt. Þarna er loksins tekið skrefið fram til tuttugustu aldarinnar sem maður átti von á í kjölfarið á 500 krónum Jóns Sigurðssonar. Jóhannes Kjarval ber vott um að ný gullöld glæsilegrar menningar hafi gengið í garð á tuttugustu öld, hann er einn af stóru „höfundunum“ í menningarsögu okkar – „súveran“ íslenskrar myndlistar. Á hinn bóginn er, líft og á 1000 króna seðlinum, vikið af vegi bókmennnaarfsins og haldið til móts við þau íslensku málverk sem tengjast hvað sterkast hugmyndum okkar um peningaleg verðmæti og yfirskilvitlegar víddir íslenskrar náttúru.

Ég gat þess hér að framan að virkur gullfótur hafi jafnan verið í vörslu seðlabanka. Athugun okkar gefur til kynna að táknrænn gullfótur geti verið í vörslu annarra. Þannig var táknrænn gullfótur íslensku seðlaraðarinnar frá 1961–1971 í höndum þeirra sem stjórnuðu nýtingu náttúruauðlinda (landbúnaði, fiskveiðum og virkjunarframkvæmdum). Táknrænn gullfótur peninganna sem við handfjótulum um þessar mundir er hins vegar tvískiptur. Verðmíni hluti hans, gullfótur myntarinnar, er geymdur í hafinu umhverfis landið. Gullfótur seðlanna er hins vegar varðveittur í Snorrabólum samtímans, einkum á Árnastofnun og í Þjóðminjasafni. Með útgáfu 2000 króna seðilsins bætust Listasafn Íslands og Kjarvalsstaðir í þennan hóp, sem og aðrir þeir aðilar sem eru svo lánsamir að eiga gjaldgeng verk eftir Kjarval.

Sem sagt, ekkert um frægt fólk í sveitinni og ekki bara það meira að segja afar fátítt að fræg persóna láti sjá sig þar. Fræg-asti gesturinn og án efa sá eftirminnilegasti í manna minnum var náttúrulega Halldór Kiljan Laxness; hér undanskil ég gestinn dularfulla sem einhver fylltítti að væri Guð, en ef út í það er farið, þá hafa sumir raunar hneigst til þess upp á stökastið að setja samasemmerki milli Halldórs og Drottins.

Jón Kalman Stefánsson, Sumarið bakvið brekkuna (1997)

EF ÍSLAND SAMTÍMANS væri vetrvangur rannsókna erlendra áhugamanna um stöðu og þróun munnlegrar sagnahefðar hér á landi má slá því föstu að skrásettur yrði flokkur þjóðsagna þar sem söguhetja að nafni Halldór Laxness (sem er, vel að merkja, önnur persóna en einstaklingurinn Halldór) gegndi lykilhlutverki. Sumar þessara sagna væru komnar nokkuð til ára sinna og mætti jafnvel finna á prenti, en svo væri sérstakur „hringur“ sagna sem vörpuðu ljósi á persónuna á efri árum. Baksvið þeirra er sorgleg hrörnun ellinnar, sjúkdómur sem legst á huga manna en lætur líkamann að mestu ósnortinn. Og þó eru þessar sögur allra sagna skemmtilegastar og einkum sagðar í hópum þeirra sem vænst þykir um skáldið og verk þess.

Þessar þjóðsögur hafa líklega marghátaða merkingu. Að vissu leyti bera þær vitni um að gagnrýnin umfjöllun um Halldór og verk hans hefur verið í eins konar biðstöðu; umræðan hin síðari ár mótaðist óneitanlega af því að hann var enn á meðal okkar án þess að geta svarað fyrir sig. Flest það sem sagt var og skrifað opinberlega um skáldið var lofgjöf til þjóðardýrlings; hann er fjallið eina. Munnlegu sagnahefðina, hina villtu óopinberu orðræðu, má þá skoða sem náttúrulegt viðbragð safnaðarins við helgihaldinu, sem „Lokasennu“ okkar daga; ef menn geta ekki hlegið að guðum sínum er næsta víst að þeir hafi týnt trúnni. Það sérkennilegasta við þessar sögur er þó hve fullar þær eru af þeim húmor sem er ríkjandi í bestu verkum skáldsins og hve táknrænar þær eru, svo til óafvitandi. Í raun og veru beinist hláturinn sem þær vekja síst að þjóðsagna- persónunni Halldóri. Þegar grannt er skoðað fjalla þær, sumar hverjar, um íslenskt menningararástand á ofanverðri tuttugustu öld, jafnvel þau kaflaskil sem þar hafa þegar átt sér stað, undir yfirborði hinnar skráðu sögu. Færslan frá hetjunni til höfundarins er að baki, við höfum verið að búa okkur undir nýja tilfærslu, frá höfundinum til þess sem koma skal.

Hér er lítið dæmi: Ein þjóðsagan segir að ung gangastúlka á Reykjalandi hafi

verði að þvo einum sjúklinganna. Hann litur skyndilega á hana í forundran og spyr: „Erð þér portkona?“ Þegar stúlkan kemur fram í kaffistofu til hjúkrunarkennanna spyr hún þær í grandaleysi hvað orðið portkona merki. Þær spyrja hana hvers vegna hún vilji vita það. „Æ . . . hann spurði mig að þessu, gamli maðurinn inni á stofu 111 . . . þessi sem fékk Óskarinn.“

Höfuðpersóna þessarar frásagnar er vitanlega gangastúlkan unga. Ummæli hennar gefa til kynna að ferill Nóbelskáldsins verði á vitorði færri Íslendinga á næstu öld en á þessari. Þau vekja líka grun um að nýjar kynslóðir geti átt í erfiðleikum með að lesa verk Halldórs, þar sem fyrnd orð (þar á meðal portkona) og orðartilræki eru mýmörg og stafsetning óvenjuleg. Skólaútgáfum þessara verka fylgja nú orðskýringar. En megum við vænta þess í framtíðinni að röttækur íslenskur rit höfundur taki sig til og gefi *Íslandsklukkuna* út í nýrri og styttri útgáfu, „þar sem málið á henni er fært í nútímabúning“?

Fögur er hlíðin

Áður en vikið verður nánar að þeim tímamótum sem við stöndum á, án þess að vita almennilega hvað í þeim felst, vil ég líta um öxl og taka í fljótu bragði saman það sem ég hef verið að segja með ýmsum hætti á stöðum þessarar bókar. Við höfum flett ljóðabókum og fræðiritum, lesið frásagnir íslensks alþýðufólks af eigin uppeldi, brugðið okkur á miðilsfundi og þingfundi, verið viðstödd réttarhöld og Nóbelshátið, gengið um götur Reykjavíkur og grúskað í seðla-veskjum. Nú skulum við ímynda okkur að við séum að hlýða á gamla hljóðritun.

Í segulbandasafni Ríkisútvarpsins er geymd uppraka með lestri Halldórs Laxness á þremur ljóðum sem skáldið valdi til flutnings árið 1964. Ljóðin eru hvert frá sinni öldinni; brot úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar, „Gunnarshólmi“ Jónasar Hallgrímssonar og „Söknuður“ eftir Jóhann Jónsson. Í ljósi þeirrar sögu sem rakin hefur verið í fyrri köflum er túlkun Halldórs á „Gunnarshólma“ sérstaklega athyglisverð. Hið þekktu ljóð Jónasar öðlast þarna laxneskt yfirbragð, ef svo má að orði komast. Halldór vinnur vísitandi gegn hrynjandi kvæðisins: hann les setningarluta fremur en hverja ljóðlínu fyrir sig, er óhræddur við að slíta lesturinn í sundur með óvæntum þögnum og lesa

misjafnlega hratt. Og þegar hann ber fram líurnar: „Hjer vil ég una ævi minnar daga, / alla sem guð mét sendir“ þá heyrir maður að gvuð er skrifaður með vaffi.

Annað orkar þó jafnvel enn sterkar þegar hlýtt er á þennan lestur Halldórs í fyrsta skipti, en það er sú einstaka menningarsögulega „samlagning“ sem þarna á sér stað. Fremsti skáldsagnahöfundur Þjóðarinnar les ljóð eftir ástsælasta ljóðskáldið um nafntogðustu söguhejuna. Vart er hægt að hugsa sér áhrifaríkari birtingarmynd af samhenginu í íslenskum bókmenntum en þessa sjö mínútna upptöku. En hver eru áhrifin sem lestur Halldórs vekur, hver er summan úr dæminu: Gunnar Hámundarson + Jónas Hallgrímsson + Halldór Laxness? Svörin við slíkri spurningu verða vitanlega jafn mörg og hlustendurnir en hér verða lögð drög að svari sem tekur mið af færslunni frá hejgunni til höfundarins og breytilegum hugmyndum manna um íslenska gullöld.

Byrjum á hejgunni. Kveðskapur í Njáls sögu, kappakvæði fyrri alda og fleiri heimildir benda til þess að Gunnar á Hlíðarenda hafi haft svipað gildi í vitund íslenskra lesenda framan af og fjölmargar aðrar fornar heitur. Gunnar er hafinn á stall vegna líkamlegs atgervis og hetjulegrar framgöngu þegar hann var veginn. Hann er ennfremur söguleg persóna í flestra huga, glæsilegur fulltrúi þeirrar gullaldrar sem Íslendingasögur þóttu lýsa.

Snúum okkur þá að Jónasi. Í „Gunnarshólma“, sem birtist fyrst í *Fjölni* árið 1838, stígur fram endurbætt útgáfa af hejgunni á Hlíðarenda. Gunnar er að vísu ennþá göfug söguleg persóna í meðförum Jónasar en hann er ekki lengur „vigmóður“, svo vitnað sé í vísu Þorkels Elfaraskálds um vörn Gunnars úr sögunni sjálfri. Nei, hann er hinn íslenski ættjarðarvinur, maðurinn sem vill „heldur biða hel, / enn horfinn vera fósturjarðar ströndum“. Jónas tekur stuttan kafla úr flókinni ævisögu hejunnar úr Njálu, gefur honum klassískt form og rómantískt yfirbragð („við bleikan akur rósin blikar rjóða“) og segir síðan blákalt: „So er Gunnars saga“? Í öðru þekktu kvæði Jónasar, „Íslandi“, sem birtist í fyrsta árgangi *Fjölnis*, kemur Gunnar á Hlíðarenda einnig við sögu í nafnarunni: „Par komu Gissur og Geir, Gunnar og Héðinn og Njáll.“³ Í því kvæði má sjá hvernig gullöld goðaveldisins hefur pólitíska merkingu hjá Jónasi. Hún er í hans huga tími fjálsræðishejuna góðu, sjálfstæðra Íslendinga sem réðu ráðum sínum á alþingi á Þingvöllum.

Reyndar er Jónas ekki fyrsta íslenska skáldið sem veður sérstaka athygli á orðum hetjunnar: „Fögur er hlíðin.“ Þar fer fyrir séra Gunnar Pálsson sem orti sítt „Gunnars kvæði“ í kringum 1756. Presturinn tekur að vísu öll helstu æviatriði nafna síns á Hlíðarenda í kvæðinu en þetta er upphafið:

Fögur er nú Fljótshlíð,
fyrir eg aldrei sá,
að hún væri eins fríð
yfir að sjá.
Akurlöndin eru bleik, blíð
með blómagan há
túnin slegin væn, víð,
sem verða má.
Helzt því aftur heim rið
en hvergi frá.⁴

Línur úr þessu upphafsferindi mynda leiðarstef síðari erinda. Hér er að vísu litlu bætt við ræðuna sem Gunnar Hámondarson flytur um hlíðina fögru í Njálu, en kvæðið bendir til þess að þegar um miðja átjándu öld hafi móttast jarðvegur fyrir þá mynd af hetjunni á Hlíðarenda sem Jónas Hallgrímsson fullkomnaði í „Gunnarsbólma“. En það er fyrst hjá Jónasi sem orðin „fögur er hlíðin“ fá ónýtrett merkinguna „Ísland er fagurt“.

Áður en skilist er við Jónas er rétt að vekja athygli á því að þeir Gunnar á Hlíðarenda renna saman í eina persónu í „Gunnarsbólma“. Það er með vissum hætti Jónas sjálfur sem segir í kvæðinu: „Sá eg ei firr so fagran jarðargróða“, eins og raunar í ýmsum fleiri kvæðum sínum. Á svipaðan hátt virðist manni að samkvæmt þeim hefðbundna íslenska söguskilningi sem mótaður var í ritum Jóns Jónssonar Aðils og Jónasar Jónssonar frá Hríflu séu Jónas Hallgrímsson og nokkrir samtímamenn hans í raun og sannleika frjálsræðishetjurnar góðu, mennirnir sem frelsuðu tunguna og þjóðina undan dönskum áhrifum: „Þar komu Sveinbjörn og Jónas, Tómas, Konráð og Jón.“

Nú líður og bíður og smátt og smátt verður sú túlkun á breytni Gunnars sem Jónas Hallgrímsson kynnti í „Gunnarsbólma“ að sjálfstæðu tákni í þjóðarvitundinni, eins konar „mýtu“ um hvað það er að vera Íslendingur.⁵ Við getum staldrað við á ritsisjórn dagblaðsins *Tímanis* vorið 1942. Jónas frá Hríflu er að

skila inn nýrri grein, framlagi í harðvítuga ritdeilu sína við Sigurð Nordal. Tilefni deilunnar voru afskipti Jónasar, sem þá var formaður Menntamálaráðs, af íslenskum menningarmálum og mótmæli listamanna og menntamanna gegn þeim. En skoðanaskiptin urðu fljótt mun persónulegri; þeir Jónas og Sigurður létu sig ekki muna um að sálgreina hvor annan. Í þessari nýju grein nýr Jónas Sigurði því um nasir að hafa ætlað nokkum árum fyrir að segja upp starfi sem prófessor í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands og taka við kennarastöðu í Noregi þar sem hærri laun voru í boði. Jónas kvæðst hafa átt hlut að því að hækka laun prófessorsins hér heima en þykir sem Sigurði sé lírill sómi að málinu. Jónas skrifar: „Gunnar á Hlíðarenda vill heldur deyja á Íslandi en þola legðar fyrir lítilsjörlega hækkun á mánaðarlaunum.“⁶ Jónas lumbrar hér á andsræðingi sínum með mýtunni um Gunnar á Hlíðarenda; á milli línanna má lesa eittraðar efasemdir um ætjarðarást og jafnvel þjóðernisvitund virtasta fræðimanns þjóðarinnar í íslenskum fræðum.

Lesanda þessarar bókar ætti að vera ljóst að slíkar efasemdir voru í hæsta máta óvildeigandi. Eitt af því sem Sigurður Nordal og félagar hans í hinum svokallaða íslenska skóla í fornsagnarannsóknnum höfðu afrekað á þessum tíma var að endurskilgreina gullöldina sem áður var nefnd. Eins og fyrir sagði dró Jónas Hallgrímsson upp mynd af þjóðveldistímanum sem pólitískri gullöld sjálfstæðra Íslendinga; Jón Jónsson Aðils klappaði sama stein upp úr aldamótunum 1900. Þá fór hins vegar að liða að því að Ísland yrði fullvalda og síðar sjálfstætt ríki. Þörf var á nýju pólitísku markmiði fyrir þjóðina til að sameinast um og íslenski skólinn var með lausnina á reiðum höndum. Hann færði gullöldina einfaldlega fram um þrjú hundruð ár eða svo, frá þjóðveldistímanum til þess tíma þegar gullaldarboókmennirnir voru skapaðar. Áherslan færir frá hetjum til höfunda fornsagnanna; höfundur Njálu verður fyrirferðarmestur í umfjöllun Íslendinga um söguna. Jafnframt er boðuð ný gullöld íslenskrar menningar á tuttugustu öld, þar sem skáld, fræðimenn og listamenn eiga að gegna lykilhlutverki.

Og hér komum við að Halldóri Laxness. Líkt og Jónas Hallgrímsson gefur hann þjóðinni sína eigin útgáfu af Njálu árið 1945 sem stenst kröfur tímans; hún er með nútímastafsetningu og myndskreytt af framseknum íslenskum

málurum. Í eftirmála er Halldór að mestu leyri samstíga kenningum íslenska skólans, hann leggur þar áherslu á að sagan sé mikið listaverk eftir snjallan rithöfund. Og líkt og Jónas hafði runnið saman við þá mynd af Gunnari á Hlíðarenda sem hann dró upp í „Gunnarshólma“, rennur Halldór á næstu áratugum saman við þá menn sem hann telur aðalpersónur íslenskrar menningarögu: Snorra Sturluson og hina óþekktu höfunda fornsagnanna. Nóbelsverðlaunin sem Halldór tekur á móti í Stokkhólmi í desembermánuði 1955 innsigla þennan samruna, sú gullöld bókmenntasköpunar sem hér hafði staðið fyrir á öldum er aftur gengin í garð.

Því hefur nýtt merkingarlag bæst við „Gunnarshólma“ þegar við heyrum Halldór túlka túlkun Jónasar á orðum Gunnars um hlíðina fögru. Áherslan hvílir ekki lengur á merkingunni „Ísland er fagurt“. Halldór les „Gunnarshólma“ og segir: „Hér er fagur og áhrifaríkur skáldskapur á ferðinni“.⁷ Það er þó ekki þar með sagt að fyrri túlkanir á Gunnari á Hlíðarenda hafi verið numdar úr gildi. Hugmynd mín um menningarsögulega samlagningu felur í sér að öll þau merkingarsvið sem hér hefur verið rætt um eru virk samtímis. Þegar við hlýðum á upplestur Halldórs skynjum við að Gunnar á Hlíðarenda var mikill kappi (eins og honum er lýst í kvæðskap fyrri alda), þátttakandi í sjálfstæðisbaráttunni (við hlíð Jónasar Hallgrímssonar) og áhrifarík persónulýsing mikils skálds (höfundur Njálu, Jónasar eða Nóbelskáldsins sjálf, eftir því hvernig á það er litið).

Öll þessi svið litast af hinni þjóðernislegu túlkun; þau fylla Íslendinginn stolti yfir því að vera Íslendingur – (karl)maður með (karl)mönnum – og gefa honum efnivið til að skynja eða skilgreina hvað í því felst. Þessu til staðfestingar má vitna í rit Matthíasar Johannessen *Njála í íslenskum skáldskap* sem út kom árið 1958. Matthías ræðir um prósaljóð úr *Þorpinu* eftir Jón úr Vör sem ber einmitt titilinn „Fögur er hlíðin“ og segir meðal annars:

Svo mikilvægu hlutverki gegnir sagan orðið í íslenzkri menningu og frelsisbaráttu, að hún stendur sem æðsta tákni þeirra drauma, sem þjóðin lætur sig dreyma um land sitt og sögu: Ef á Njálu er minnt, vita allir, við hvað er átt. Og „fögur er hlíðin“ merkir aðeins eitt: Þá dýpsru og sönnustu ætjarðarást, sem til er. Það er skoðun mín, að í kvæði Jóns úr Vör hafi Njála og höfundur hennar unnið sinn stærsta sigur, ef sú tilgáta er rétt; að bókin sé m.a. skrifuð í þeim tilgangi að glæða

„Ég tékka á Bergi“

Ég vildi hoppa af hestbaki,
horfa mót friðu hliðinni,
segja: „Eitt er víst að ég fer hvergi,
verð eftir hérna og tékka á Bergi.
Akramir bleikir og túnin slegin.“
Ég bara get það engan veginn.
Grasið er grænna hinu megin.

Davíð Þór Jónsson, úr dægurlagatextanum „Hinu megin“ (1988)

ást Íslendinga á landi sínu. Hún er sá öxull, sem kvæðið snýst um, en þó má heita, að hún komi vart við sögu. Svo sterk er hún orðin, svo máttug; þar sem hún er, þar er hjarta fólksins. Og í hjarta fólksins er hlíðin, landið.⁸

Arthylisvert er hvernig Matthías leggur þessi þrjú orð hejrunnar, „Fögur er hlíðin“, og Njálu sem heild að jöfnu og gefur í skyn að höfundur sögunnar hafi einmitt ætlað sér að smíða íslensku þjóðinni mýtu um hennar innsta eðli. En var sú raunin?

Nú eru orð Matthíasar fjörutíu ára gömul. Væntanlega leggur samtíðin nýja merkingu í hin fleygu orð Gunnars á Hlíðarenda. Til marks um það mætti draga fram nýlega heilsíðuauglýsingu frá einni öflugustu stórmarkaðskeðju landsins. Auglýsingin bar yfirskriftina „Fögur er hlíðin – og frábær eru tilboðin“ og kom því meðal annars á framfæri að verðið á ýsu í raspi hefði um stundarsakir tækað úr 598 krónum í 439 krónur kílóíð.¹⁰ Annað dæmi um örlog Gunnars á Hlíðarenda í neylusamfélagi nútímans finnum við í blaðapistli sem Ragnhildur Vigfúsdóttir skrifaði fyrir fáeinum árum um herferð samgönguráðuneytisins „Ísland, sækjum það heim“. Ragnhildur kallar pistilinn „Fögur er hlíðin“ og slær botn í hann með þessum orðum:

Ég held að það muni koma þeim Íslendingum sem ákveða að ferðast um eigið land skemmtillega á óvart hve margt er hægt að gera sér til dundurs og skemmtunar á ferðalagi innanlands. Fjölbreytni í ferðapjónustu hefur vaxið gífurlega og því er aldrei þessu vant ástæða til að taka undir með Gunnari á Hlíðarenda,

Halldóri Blöndal og öllum þeim sem erftit hafa átt með að yfirgefa bæjarhlaðið og hvetja Íslendinga til að ferðast um eigið land.¹¹

Hér hefur Gunnar á Hlíðarenda runnið saman við samgönguráðherrann; hann er orðinn líðtækur starfsmaður í markaðssetningu íslenskrar ferðapjónustu.

Höfundurinn sem söguhetja

Íslenskir listamenn okkar daga eiga í tvöfaldri glímu við fortíðina. Færslan frá hejrunni til höfundarins er um garð gengin, en nú er jafnan um a.m.k. tvo höfunda að ræða. Sá sem vill takast á við menningararfleiðina verður jafnframt að takast á við þá túlkun hefðarinnar sem Halldór Laxness og kynslóð hans hefur skilað af sér. Ljóð Sigurðar Pálssonar, „Höfundur Njálu“, er lýsandi fyrir þessa stöðu. Þar er ekki minnst á þær söguhetjur sem fylltu hundruð Njáluljóða um aldir. Félagsskapurinn sem höfundur Njálu fær í þessu ljóði eru annars vegar jórtrandi kýr og fjögur kálfar (ómeðvitaðir um framtíð sína sem skinnhandrit) og hins vegar íslenskur tuttugustu aldar málarí:

Það var í árdaga

Það var gúman í árdaga

Verðandi höfundur Njálu

kom gangandi niður túnið

Það var ekki búið að skíra fjallið

Kýrnar jórtruðu og biðu

þolinmóðar eftir Scheving

Kálfarnir léku sér

Höfundur Njálu staldrar við

rennir augum upp fjallið


og skírir fjallið

Hvessir síðan augun

hvessir augun

á kálfana¹²

Eins og fram kom í kaflanum um Halldór Laxness og íslenska skólann var Gunnlaugur Scheving einn þeirra þriggja málara sem myndskreyttu útgáfu Halldórs á *Brennunjálssögu* árið 1945, en annað dæmi um tvöfalda glímu samtíðarinnar við fortíðina er að sú útgáfa var einmitt söguhetjan í samnefndri kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar (þess sem fékk næstum Óskarinn). Myndin, sem gerð var árið 1980, er um tuttugu mínútur að lengd og framvindu- unni má lýsa svo: Í upphafi sést hvar hendur opna bókina og fletta henni, síðu fyrir síðu. Myndskreytingarnar í þessari útgáfu auðveldla þeim áhorfendum sem þekkjá söguna að fýlgjast með því hvernig hinni þöglu frásögn vindur fram í textanum – annarleg tónlist er leikinn undir. Eftir um það bil átta mínútur, við kaflann sem segir frá brennunni á Bergþórshvoli, þagnar tónlistin. Bókin sést frá öðru sjónarhorni, lesandinn í myndinni (það er að segja hendurnar sem hafa haft það hlutverk að fletta) kveikir á eldspýtu og leggur eld að síðunum. Næstu átta mínútur brennur bókin, á hjóðrásinni hjójma afbakaður trommutaktur, klukknafláttur og ómannleg öskur. Síðustu fjórar mínúturnar er sjónarhorninu breytt á nýjan leik, það er þögn, myndin af brennandi *Brennunjálssögu* hverfur í sortann.¹³



Úr kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, *Brennu Njáls sögu* (1980).

Líklega áttu myndskreytingarnar í útgáfu Halldórs Laxness stærstan þátt í því að Friðrik Þór kaus að brenna hana fremur en hina fræðilegu útgáfu Einars Ólafs Sveinssonar á sögunni sem upphaflega kom út í ritröð Fornritafélagsins árið 1954. Það hefði þó að sumu leyti verið betur við hæfi að sjá útgáfu hans í endurvinnslu Friðriks Þórs. Frá útkomu hefur hún í raun þjónað hlurvetki frumtexta Njáls sögu; flestar síðari útgáfur og þýðingar byggjast á henni, en að auki eru rit og ritgerðir Einars Ólafs um söguna, handrit hennar og höfundar-einkenni svo yfirgripsmikil og áhrifarík að vart er hægt að fjalla um þessi efni nú án þess að taka tillit til þeirra. Þessar staðreyndir, sem og vinsell útvarpslestur Einars Ólafs á sögunni er út hefur komið á hljóðsnældum, leggjast á eitt við að ýta undir þá tilfinningu í samtíðinni að höfundur Njálu heiti Einar Ólafur Sveinsson. Þetta er að minnsta kosti það svar sem ég gef í jólaboðum og fetringarveislum þegar ég er spurður hver hafi skrifað söguna.

Meðal þeirra fræðimanna í samtímanum sem ögrað hafa Einari Ólafi, Sigurði Nordal og þeirri túlkunarleið sem þeir eru fulltrúar fyrir er Helga Kress, en viðhorf hennar hafa fylgt okkur í þessari bók sem áminning um að sagan af hetjunni og höfundinum er saga af karlmönnum, sögð af karlmönnum um karlmennskuna. Í rannsóknnum sínum hefur Helga hlýtt eftir þöggðuðum röddum um kvenna í ritmenningu karlvaldsins og vakið jafnframt athygli á að skáldskaparhefð íslenskra kvenna var lengst af munnleg hefð sem einkenndist oft af háði og uppreisn gegn karllegum gildum. Afstaða Helgu til fornsagnanna er að sumu leyti áþekkt þeirri afstöðu sem fram kemur í *Gerplu* Halldórs Laxness; Helgu sýnist reyndar að í ýmsum Íslendingasögum megi þegar finna þá skopfærslu herjuhugsjónarinnar sem fólst í verki Halldórs.¹⁴ Jafnframt má greina í skrifum hennar óbeint framhald þeirrar gullaldarhugsunar sem einkennt hefur viðtökur fornsagnanna frá því á dögum Arngríms lærða.¹⁵ Munurinn er sá að gullöldin í verkum Helgu er tímabil þeirra norrænu munnennta sem blómstruðu áður en hin karllega bókmenning þöggaði niður aðrar raddir, ekki síst skáldskap kvenna.

Hugmyndin um forna gullöld kvennamenningar liggur enn fremur til grundvallar einni af merkari skáldsögum íslenskum frá síðari árum, *Gunnlaðar sögu* eftir Svövu Jakobsdóttur. Þar er meðal annars unnið með frásögnina af því þegar Óðinn stal skáldamíðinum af Gunnlóðu, en til þeirrar goðsagnar er vísað

í eddukvæðum og Snorra-Eddu. Hjá Svövu er þessi atburður táknrænn fyrir valdarán karlmanna í samfélagi er áður hafði lotið forsjá kvenna. Sagan lýsir tilraunum nútímastúlkunnar Dísar og síðar móður hennar til að endurheimta ker Gunnlaðar, sem geymt er á Þjóðminjasafni Dana, en keríð verður margrætt tákni skáldskapar, valda og þeirrar virðingar fyrir náttúru og lífi sem samtímann skortir tilfinnanlega.¹⁶

Á undanförmum áratugum hafa íslenskir kvenrit höfundar endurheimt ker Gunnlaðar með táknrænum hætti. Alfrún Gunnlaugsdóttir, Fríða Á. Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Nína Björk Árnadóttir, Steinunn Sigurðardóttir, Svava Jakobsdóttir, Vigdís Grímsdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir eru meðal þeirra mörgu kvennafna sem tengjast höfundarhugtakinu í íslenski þjóðarvitund á okkar dögum. Að auki hafa íslenskir kvenbókmenntafræðingar bent á að meðal kynslóða eldri höfunda hafi einnig verið hæfileikaríkar konur sem eigi skilið að verkum þeirra sé gefinn gaumur. Í ljósi hinnar kampakátu umræðu sem átti sér stað um miðja þessa öld um „snillingana“ Snorra Sturluson og Halldór Laxness er sláandi að lesa nýlega greiningu Dagnýjar Kristjánsdóttur á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur fyrir fullorðna og viðtökum þeirra. Ljóst er að Ragnheiður var meðal vinsælastu prósa höfunda landsins á sjötta áratugnum „en í opinberri orðræðu um bókmenntir var eins og hún væri ekki til.“¹⁷ Dagný lýsir ennfremur menningarástandinu hér á landi á árunum 1945–1967 og bendir meðal annars á þögn „samkomulag“ menningarumræðunnar um „að engar bókmenntir kvenna ná máli“ (s. 388). Afleiðingarnar af þessu mati og öðrum hömlum sem á konur voru lagðar voru meðal annars það þunglyndi sem Dagný finnur í verkum Ragnheiðar og fleiri kvenhöfunda á þessu tímabili.

Ég hef látið að því liggja að höfundurinn, líkt og hetjan fyrrum, hafi að nokkru leyti komið í stað hins íslenska konungs sem við höfum aldrei átt. Er þá nema eðlilegt að spurt sé: „En hvar er drottningin?“ Ljóst er að íslenskir menntamenn töldu hana ekki leynast meðal hérlendra kvenhöfunda um miðja þessa öld. Hins vegar virðist sem ýmsir Íslendingar hafi litið á sjálfar bókmenntirnar sem hinn kvenlega mótleikara. Drottningarnar í því drama báru nöfn eins og Hrafnkatla, Grettila, Laxdæla og Njála. Það segir sína sögu að síðastnefnda heitið er orðið víðurkennt kvenmannsnafn. Í þjóðskrá má finna

fáeinar konur sem heita Njálu, þeirra á meðal er ein sem ber nafnið Bergþóra Njála. Annars sést þessi kvengerving fornsögunnar hvergi skýrar en í þings-álykrunartillögunni um útgáfu hins opinbera á *Njáls sögu* frá 1943 en í álitserð með henni segir:

Vér, sem Njálu unnum, viljum með þessari þingsályktun sjá svo um, að þjóðinni gefist kostur á að eignast hana í ódýrri og vandaðri útgáfu, þar sem ekki finnir fingraför þeirra manna, sem allt vilja draga niður í sorpið og jafnvel þyrma ekki okkar dýrmætustu listaverkum eins og Njálu frá þeim örlögum.¹⁸

Myndmálið gefur til kynna að hér sé verið að fordæma freklega saurgun hreinnar meyjat.

Drottningarnar við hlið Halldórs Laxness eru af öðru tagi. Þegar Ragnar í Smára lýsir Nóbels hátíðinni í „Reisubókarkorni“ sínu árið 1955 segir hann að Auður Laxness sé „orðin drottningin í danssal konungsins“ og þegar frú Vigdís Finnbogadóttir hyllir Halldór á átræðisafmæli hans þakkar hún honum meðal annars fyrir að hafa kennt Íslendingum að sjá drottningu í hverri konu „hvort sem hún heitir Salka Válka, Ásta Sóllilja, Snæfríður, Uglya, Úa [. . .].“¹⁹ Sextán ára búseta Vigdísar á Bessastöðum er annars helsta staðfesting þess að sá tími er liðinn að sameiningartákn íslensku þjóðarinnar séu fyrst og fremst karlkyns.

Samt sem áður eru margir þeir tuttugustu aldar karlmenn sem hér hefur verið fjallað um öðum að öðlast eilíft líf, sem líkneski eða stofmanir. Stytta af Ólafi Thors er framan við ráðherrabústaðinn í Reykjavík og brjóstmynd af Jónasi frá Hríflu við húsnæði menntamálaráðuneytisins (áður Sambands húsið) við Sölvhólsögötu. Stofnun Sigurðar Nordals er starfrækt við Þingholtsstræti og fyrir fáeinum árum var stofnað til bókmenntaverðlauna Halldórs Laxness (eins konar framlangingar á Nóbelsverðlaunum Halldórs sjálfs). Boðuð samvinna menntamálaráðuneytis og bókaútgáfunnar Vöku-Helgafells á þeim vettvangi varð reyndar tilefni til umræðna á Alþingi þar sem spurningin var meðal annars hver ætti höfundinn Halldór Laxness. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði við það tækifæri:

[. . .] Ég vek athygli ráðherra á því, þegar farið verður að setja þær reglur sem gilda munu um þessi verðlaun, að handritasamkeppni á vegum eins forlags með styrk af opinberu fé er til þess að mismuna forlögum. Það skekkir samkeppnisröðu

forlaga á markaðnum. Hvaða ungur rithöfundur sem er að byrja á ritvælinum vill ekki fá verðlaun sem kennd eru við sjálfri höfuðskáldið Halldór Kiljan Laxness? Verði þetta handritasamkeppni mun hún laða til sín handrit allra efnilegustu byrjendanna og þau munu öll fara inn í eitt tiltekið forlag, en önnur forlög munu ekki fá til sín nein handrit. Þetta mundi skekkja verulega samkeppnisröðu bókaútgefenda í landinu sem er mjög varasamt fyrir ríkið að geta og sérstaklega nú þegar forlögín eiga öll í akveðnum erfðleikum vegna samdráttar í þjóðfélaginu og þar af leiðandi í bóksölu og á bókamarkaði.²⁰

Ólafur Ragnar Grímsson tók undir þessi orð Ingibjargar Sólrúnar, sagði yfir- gnæfandi líkur á því „að þetta tiltekna forlag, sem er að vísu mjög gott og virðulegt forlag, dragi til sín rjómann af ungum rithöfundum og þannig sé ráðuneytið að skekkja samkeppnisröðu aðila í útgáfu á Íslandi“ (d. 8896). Enda þótt reynslan hafi sýnt að áhyggjur þeirra Ólafs Ragnars hafi verið óþarfar, segja orð þeirra sína sögu um höfundargildi Halldórs Laxness í sam- tímanum. Þau kallast líka skemmtilega á við þær þingumræður sem urðu um fornritaútgáfu Halldórs á fimmta áratugnum.

Í upphafi þessarar bókar var vakin athygli á nafngift bændahallarinnar, Hótelis Sögu, sem er líkt og borgaralegt albrigði af Njáls sögu eða öðrum þeim Íslendingasögum sem þjóðin lifði og hræðist í um aldir. Jafnframt hefur verið minnst á nýlenduvörverslunina Njálsbúð við Njálsögötu og Héraðsambandið Skarphéðin. En nú er öldin önnur. Fimleikafélagið Gerpla er starfrækt í Kópavogi, við Sólvallagötu í Reykjavík býður söluturninn Gerpla upp á úrval selt- grætis og myndbanda og fyrir skömmu bárust þær fréttir að nýuppgerð hótelherbergi á Hótel Lofleiðum myndu bera nöfn Halldórs Laxness, Steins Steinarr og fleiri nútímahöfundu. Þetta þarf þó ekki að merkja að hinar fornu hetjur menningarsögunnar gleymist alveg: Á alþjóðlegri vikingahátíð í Hafnarfirði er efnt til samkeppni um háprúðustu konuna undir slagorðinu „Hall- gerður '97“. Hliðarendi er grillskáli á Hvolsvelli en þar er einnig starfrækt sögusetur með sýningu um vikingaöld og Njáls sögu. Og á Svinafelli í Örfæm er rekin sorpbrennstuðin Brennu-Flooi.²¹ Eldurinn sem þar brennur er not- aður til að hita vatn í sundlaug heimamanna. Hvað Snorra Sturluson áhræfir þá frétti ég síðast af honum við ólöglegar veiðar í Smugunni. Norska strand- græslan gerði sig líklega til að færa hann til hafnar.

Þegar Halldór Laxness kom siglandi heim til Íslands, í fyrsta skipti eftir að tilkynnt var að hann fengi Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1955, hylltu þúsundir manna hann á hafnarbakkanum – „fóru menn úr hverri búið að undrast hann“, líkt og segir um heimkomu Gunnars á Hlíðarenda í Njálu. Jón Leifs, forseti Bandalags íslenskra listamanna (og höfundur Sögusinfóniunnar), hélt ræðu og það sama gerði Hannibal Valdimarsson fyrir hönd Alþýðusambands Íslands. Halldór svaraði fyrir sig og sagði meðal annars:

Um leið og ég þakka alþýðu Íslands þá vil ég enn einu sinni fara með ofurlitla tilvitnun sem ég hef stundum haft tækifæri til að fara með aður um skáld sem hefur sent ástmei sinni ljóð, ljóðasýrpu, og þegar hún þakkar honum fyrir þau þá segir hann þessi orð í ljóðum: Þakka þú mér eigi fyrir þessi ljóð, það varst þú sem gafst mér þau öll saman áður.²²

Halldór og íslenska þjóðin, skáldið og ástmei hans. Þessi myndlíking er nauðsynlegt bakland fyrir aðra þjóðsögu af hinum aldna höfundi sem nú hefur kvatt okkur. Sagan segir að fyrri eiginkona Halldórs hafi hitt hann við eirthvert opinbert tækifæri, ef til vill á hátíðarsamkomu í Þjóðleikhúsinu í tilefni af afmæli hans. Höfðu þau ekki sést um langa hríð. Hún gengur til hans og segir kumpánlega: „Sæll, Dóri.“ „Þekkjumst við?“ spyr hann á móti. „Láttu ekki svona, við vorum einu sinni gift.“ „Það var og,“ segir hann þá eftir stutta umhugsun, „og var það gott hjónaband?“ Þetta er óneitanlega skemmtileg saga, en er hugsanlegt að innst inni fjalli hún ekki um tvær rosknar manneskjur í anddyri leikhússins heldur samband höfundarins við íslensku þjóðina? Um margra áratuga skeið hefur hún speglað sig í verkum hans en nú við aldhvörf, þegar hún ber sig upp við hann, þá spyr hann: Hvað, þekkjumst við? Láttu ekki svona, við vorum einu sinni gift, segir þjóðin. Og höfundurinn spyr á móti: Og var það gott hjónaband?

VIÐAUKI

Reisubókarkorn Ragnars í Smára

Ragnar Jónsson bókaútgefandi skrifaði Sigríði Jónsdóttur eftirfarandi bréf frá Stokkholmi í desembermánuði árið 1955. Bréfið er hér birt eilítið stutt með góðfúslegu leyfi ættingja þeirra Ragnars og Sigríðar.

1. dagur

Flugvélinni hafði seinkað, svo við komum ekki til Hafnar fyr en eftir miðnætti. Það var þessvegna kominn 8. desember. Í gamladaga meðan við vorum fátækir og urðum enn að keppa við erlend flugfélög, fékk maður heitan mat, kóniak og hverskonar kræsingar um borð í íslensku flugvélunum. Nú fær maður hangikjöt, kaldar kartöflur og kaffilögg, ofast hálfkald, maturinn naumur en kaffi eða te eins og maður óskar eftir. Þetta eru nú framfarirnar á þessu sviðinu.

Ég kom því til Hafnar mjög hungraður og dreif mig inná Atlantic-Palace og bað um smurt brauð og bjór. Það fékk ég og var það útlátíð af svipaðri rausn og hjá Valgerði á Kolviðarhóli í mínu ungðæmi. 100 gráðu jass hljómaði fyrir vitunum og ein fonguleg svertungjakona dansaði vitan dans á meðan. Var hún mjög fátæklað, sem betur fór því hiti var mikill inni og fólk í góðri stemningu. Hún gekk svo á milli borðanna eftir hvern dans og bauð gestunum að þreifa á sér til þess að sannfærast um að hún væri gerð af holdi og blóði, en ekki tuskubrúða eins og hjá Láru miðli.

Ég dreif mig síðan heim á hótél Richmond og lagðist til svefnis.

2. dagur

Hjörleifur vakti mig og við fórum að fá okkur morgunbita. Ég fór til Jóns Helgasonar og drakk þar mikið kaffi með hjónunum og þeirra mörgu gestum, stúlkukindum frá Íslandi, sem munu hafa verið þarna í leit að atvinnu, menntun eða karlmönnum, líklega öllu þrennu.

Ég tók Jón með ofaná Árnasafn og fór sjálfur til Jóns Stefánssonar. Hann var stórskemmtilegur að vanda. Sagði mér frá samveru sinni með Kiljan á Gullfossi og margt af þeirra samræðum. Ég drakk molasopa, skoðaði myndirnar, sem ég þekkti nú flestar sæmilega og kvaddi. Ég hitti Hjörleif aftur og við fengum okkur að borða og

þutum síðan útá flugvöll til móts við Ólöfu og Sigurð Nordal, sem ég hafði talað við í síma frá Jóni og ákvaðum við að verða saman til Stockhólms. Við Sigurður höfðum nóg að rabba á leiðinni [yfir] sundið. Ferðin tók alls rúma þrjú tíma.

Á flughöfninni kom gamall kunningi Svend Jansson á móti okkur með blitt bros og fæðminn opinn. Hafði hann frétt um ferðir okkar, líklega frá Jóni Helgasyni, og var hann kominn akandi alla leið utan úr Saltsjöbaden, þar sem hann býr til þess að ná okkur til sín strax um kvöldið í mat. Gaman var að hirta Jansson, ég kynntist honum lítilsháttar í Reykjavík fyrir um 20 árum og hefi stundum sent honum línu og bækur síðar og fengið frá honum mörg elskuleg bréf. Dásamlegur maður, sem unnið hefir Íslandi ómetanleg gagn, ekki bara með því að kynna verk Halldórs, heldur ýmsu öðru. Hann kvaddi okkur fljótlega vegna þess að hann átti eftir að ljúka við að þýða ræðu Halldórs er hann ætlaði að flyrja við móttöku Nóbelsverðlaunanna.

Ég sat svo á rabbi með Sigurði Nordal þangað til við fórum í kvöldmatinn. Hjá Jansson voru fyrir Helgi Briem og kona og dóttir, Magnús Kjartansson, Birgir litli sonur Lillu Möller, sem nú er einhverskonar ritari hér. Kona Janssons er mjög geðug, mun hafa verið allsleip íþróttakona og er nú dálitrið af henni dregið, eins og manni, sem er að ljúka maraþonhlaupi. Mjög er konan þó geðug. Þau eiga 4 dætur. Undir borðum voru umræður fjöru og umræðuefni bókmenntir og önnur menningarmál á Íslandi. Kom heim á hotelið skömmu eftir miðnætti og lagðist til svefnis undir þunnum teppum og vaknaði öðru hverju hálfkaldur.

Við búum hér á sama hotelinu H.K.L., Sigurður Nordal og Helgi. Grand Hotel er stærsta hotelið og talið það finasta á Norðurlöndum. Við Sigurður mældum í gær leiðina frá lyftunni, ég til vinstri að mínu herbergi, hann til hægri handar að sínu og reyndist hvor leið vera um 140 metrar. Í miðju hotelinu er The Royal Wintergarden, geysiflott veitingahús og er glerpak yfir og í miðjum söllum er tünblettur og blóm ræktuð allan veturinn. Hotelið er gamaldags en ákaflega vandað, en ekki finst mér neitt sérlega dýrt hér að búa eða borða.

3. dagur

Ég fór á færur klukkan sjö því nú stóð til að fara ofan á járnbrautarstöð að taka á móti Halldóri, sem væntanlegur var með næturlestinni frá Höfn. Birgir Möller og Helgi Briem fóru með ásamt Pusette og hans konu (Pusette þessi er sonur gamla Pusette, sem var í Reykjavík og er starfsmaður í utanríkisráðuneytinu). Við komum nokkru áður og var [ég] kynntur fyrir Wessén prófessor, þeim sem halda á aðalræðuna fyrir Klíjan á morgun og Hjalmar Gullberg, sem er meðlimur í Akademiinni og þekkt samskrá skáld, sem ég hefi birt mörg ljóð eftir í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar. Ég átti langt samtál við Gullberg og þótti mér það mjög ánægjulegt.

Svo kom Laxness og hans kona og fylgdist allt í bili af blaðamönnum og tugum ljósmyndara. Það var smelt af okkur mörgum myndum. Svo fórum við heim á hótél og

þar hafði Halldór blaðamannafund í einum samkomusál hótelsins og sat ég þar til gamans meðan hann skrafaði við fuglana, sem einkum höfðu áhuga fyrir húsinu hans og pólitík. Síðan sat ég góða stund hjá þeim uppi á herbergi þeirra, Auður sýndi okkur kjólaná, sem hún ætlaði að skarta í. En svo kom einhver skarfur frá sjónvarpinu og þá hljóp ég inn til mín.

Ég brá mér nú út að kaupa smáhluti sem ég hafði lofað að hafa með heim og fór svo beint til Nordals og við röbbuðum það sem eftir var dagsins framað mat og borðuðum síðan saman. Ekkert annað frásagnarvert bar fyrir mig.

Sviarnir eru alveg eins og ég vissi, ákaflega leiðinlegir fólk, þurt og strambið og áhuglaust um allt nema hinn aumasta hégóma. Ég mundi fyrirfara mér ef ég væri skyldaður til þess að lifa með svona leiðindafofki. Undantekningar eru að sjálfsögðu hér eins og annarsstaðar. Tveir kunningjar mínir í Svþjóð Hallberg og Jansson eru fagaðir sjentilmenn og elskulegar manneskjur, enda uppaldir á Íslandi.

4. dagur

Jæja nú er þessi mikli dagur að renna upp. Ég brá mér augnablik inná herbergi til Halldórs og var hann að búa sig undir að fara á generalprufu. Toppliðið ásamt nóbelsmönnum koma saman og hafa sérstaka æfingu á seremoniunum. Svo ég tók mig til og gerði það sama, færði mig í kjólskyrtuna, vestið og kjólinn og reyndist allt í lagi nema flibbinn, sem vitanlega var hálfu númeri of litill og engir flibbhnappar. Nú er einn kvenmaður á hlaupum fyrir mig að elta uppi þessa þarfahluti og lofa ég guð af miklum eldmóði fyrir að hafa rekist inn til Halldórs og fengið ábendingu um að athuga mín skartplögg.

Birgir Möller hringdi og sagðist mundi sækja mig. Ég hafði boðið til miðdegisverðar með mér hér á Grand hótél nokkrum mönnum og þeirra konum og brá mér nú niður í veitingasalina til þess að láta búa okkur fallett borð og fór svo upp til Sigurðar og skröfudum við saman til klukkan tólf að við fórum í matinn. Niðri beið Helgi Briem með orðu, sem honum var falið að afhenda Peter Hallberg og vorum við allir tilnefndir vitundarvottar að þessum heiðri. Þarna var saman komið við eitt borð Sigurður Nordal og Ólöf, Ásta og Jón Helgason, Stína og Peter Hallberg, Jansson og svo Auður og Halldór. Þóttist ég hafa veitt vel að ná saman í einn stað utan Íslands svo góðum hóp Íslendinga. Margt skemmtilegt bar á góma og sátum við að borðum þangað til Halla Bergs, privataritari Halldórs kom og aðvaraði okkur. Ef við hefðum hugsað okkur að taka þátt í Nóbelsátíðinni væri hver síðastur að snúa sér að því að komast á staðinn. Við náðum samt í skyndi í ljósmyndara og fengum mynd af höpnum.

Ég þaut upp og byrjaði að klæða mig en strax kom í ljós að engir skyrtnuhappar voru komnir og ný flibbinn líka of litill og gafst ég upp á að koma þessu saman og neyddist til að hringja á kvenmann til þess að aðstoða mig. Eftir miklar þrængingar hafði kvensan þó hengt þetta allt á mig og skil ég enn ekki hvernig hún fór að því, enda gerir það

ekkert til, því hátíðin er á enda og allir lafir á mér enn. Ég vaktaði Halldór og Auði síðasta hálf tímann áður en ég fór og var Auður falleg í sínum glæsilega kjól, mér liggur við að segja stórfalleg. Síðan var lagt á stað og eftir tæpa klukkustund vorum við sest á þann hátíðlega stað þar sem þessi mikli heimsviðburður átti að fara fram. Glæður varð ég er til annarar hliðar sat prófessor Jansson en hinu megin Peter Hallberg.

Athöfnin fór fram í Konserthúsinu, sem mér er sagt að taki yfir 2000 manns í sæti, hljómsveitinni var komið einhverstaðar bak við á gallarínu því á orkesterplássinu sátu æðstu menn samskrá háskóla með sínar glæsilegu dekorasjónir en fremst voru enn að sæti, til vinstri fyrir nóbelprisarana og hinu megin fyrir þá, sem ræður áttu að halda fyrir þeim. Á mínúttunni kl. 16,30 stígu fram tveir skrautklæddir menn og blésu í lúðra og að því loknu lék hljómsveitin en inn gekk konungur og hans fylgdarlið og stóðu að sjálfsgöðu allir upp. Þá lék hljómsveitin Polona og áður en henni lauk komu píslarvottarnir allir inn og settuast í sín sæti eftir að hafa bukkað sig djúpt fyrir kóngi og hans liði og síðan okkur hinum.

Þá steig fram á ræðupallinn ríkismarskalkurinn Ekeberg og hélt ræðu. Hann talaði fremur lágt og veit ég enn ekki til fulls hvaða erindi hann átti við okkur, en það mátti þó sjá og heyra að þessi maður átti mikið undir sér og að allir aðrir vissu það líka. Karl var virðulegur og virtust aðallega eiga að tryggja það að nafn gamla púðurframleiðandans, Nóbels, lækkaði ekki í verði. Þá lék hljómsveitin lokabátt Esdúr sínfóníu Mozarts og var það ekki mjög mikill Mozart, enda gerði það ekkert til, fólk var að hugsa um annað og ég líka.

Þá var enn blásið í þá háværu lúðra og haldin ræða fyrir gestum kvöldsins, hverjum af öðrum og endað á Laxness, en á milli leikin hljómsveitartónverk. Prófessor Wessén talaði fyrir Laxness og endaði með stuttu ávarpi á íslenzku. Hver fyrir sig gekk að ávarpinu loknu fimm tröppur niður til konungsins til þess að taka á móti sínum skjólum og stóðu allir upp meðan afhendingin fór fram og var mikið bukkad, klappað. Athöfnin var geysihátíðleg og mun reynast öllum ógleymanleg. Auðséd var að fólk leit á Halldór sem aðalmanninn, þó var sænska lækninum fagnað mikið enda var framkoma hans ákaflega manneskjuleg. Að lokum sungu allir Du gamla, du fría með hljómsveitinni.

Þetta sem fram fór í konserthúsinu er eiginlega fremur inngangur að hátíðinni en hátíðin sjálf, því hún fer fram í ráðhúsinu, hinni stórkostlegu og fögru byggingu, sem sumir kalla fegursta í Evrópu en er að minnsta kosti ein hin fegursta bygging er kirkjur eru ekki meðtaldar og fegursta salirnir í Vatikaninu. Þangað voru hinir úrvöldu fluttir í sérstökum bílum. Í gyllta sal ráðhússins var komið fyrir borðum fyrir yfir 700 manns til borðs. Borðin voru fremur mjó og setið allþröngt. Eftir endilangri hliðinni var háborð fyrir konunglega gesti, hina æðstu úr diplómatium heimsins og nóbeltmennina og þeirra frúr. Síðan var komið fyrir um 20 borðum yfir þveran salinn og handskrifad nafn hvers eins við hans sæti.

Ég hafði til borðs konu þýska forleggjara Halldórs, unga konu um fertugt, líklega þó fremur 45 ára, laglega og þótrí henni mikill vegur sinn að hafa til borðs originalforleggjara Halldórs eins og ég var kallaður eftir þetta. Frúin var kommúnísti, talaði eins og kjafnakvörn. Maðurinn hennar sat hinu megin við borðið, og virtist sætum yfirleitt þannig fyrir komið, nema á móti mér sat prófessorsfrú Montgomery, mælsk kona og tók sig allhátíðlega, þó ég léti ekki eftir henni að gera það sama. Allir sem til annars náðu kynntu sig allrækilega með handabandi og náðu þeir kærleikar sex sæti útrá til beggja handa, svo hver maður var kominn inni ofsalega klíku, sem kepptist um að rífa mann í sig. Þó gerði kona austurþýska forleggjara Halldórs aðallega kúr til mín, hún hélt ég væri yngri en ég reyndist, því ég var ákaflega vandlega rakaður, nýþveginn og greiddur, en hennar maður virðist hafa átt bara vonda rakvél eins og Þórbergur og var rauður og blár. Ég dansaði síðar um kvöldið einn dans við þessa frú og kom þá í ljós, sem mig hafði grunað að hún var allaléitin þó hún kæmi úr „sælunni“ fyrir austan. Til hinnar handar mér var prófessorsfrú frá Gautaborg, um fimmtugt, geðug kona og greind, sem vissi mikið um Ísland og sama reyndist um hennar mann, sem sat á móti.

Stór hljómsveit lék undir borðum og stúdentakór söng seinni partinn. Meðal annars lék hljómsveitin íslensk þjóðlög. Eg veit eina baugalínu öfl. Margar stuttar ræður voru fluttar, staðið upp, sungið, skálað og hútrað. Fyrstu aðalræðuna flutti Laxness, stórkostlega ræðu, sem greip mig svo að ég flaut út í tárurum og nokkur högl sá ég hlaupa ofan kinnarnar á Jóni Helgasyri prófessor, sem sat við næsta borð. Ræðunni var tekið með óstöðvandi hrifningu. Síðan kom hver ræðan af annarri, yfirleitt ágætar ræður, þó Laxness bæri af, enda voru menn á einu máli um það.

